




C. C. Maury.

-Lærtoja - hald

14to
2.027
han
(Jac)

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS

1818—1918

MINNINGARRIT



REYKJAVÍK

PRENTSMIDJAN GUTENBERG

1919—1920

1919—1920

104685

Tildrög og upphaf safnsins.

Svo má að orði kveða, að hin fornu fræði fedra vorra væru erlendum þjóðum gersamlega hulin fjársjóður, þar til kemur fram á 17. öld. Þá eru ýmsir lærðir Íslendingar uppi, sem með ritum sínum og handritasöfnunum beina atbygli lærðra manna erlendra að hinum auðgu bókmentum ritaldarinnar íslenzku, svo sem þeir Arngrímur Jónsson »lærði« (1568—1654), vinur rúnafræðingsins Óla Worms, Þorlákur biskup Skúlason á Hólum, Brynjólfur biskup Sveinsson, hinn lærði safnari íslenzkra fræða, sem sendi Friðreki konungi III. hið stórmerka handrit »Flateyjarbók« að gjöf ásamt fleiri ágætum handritum, Þormóður Torfason fornfræðingur (1636—1719), er fluttist til Noregs, varð þar konunglegur sagnaritari og reit þar meðal annars eftir íslenzkum handritum sögu Noregskonunga. En bókmentirnar íslenzku bárust ekki eingöngu til móðurlandsins Noregs, heldur fluttu einnig ýmsir fræðavinir íslenzkir til annara Norðurlanda og breiddu þar út þekkingu á fornum fræðum íslenzkum og höfðu þangað með sér ýms íslenzk handrit, svo sem Jón Jónsson Rúgmann (*Mono-syllaba Islandica*, Ups. 1676) og Guðmundur Ólafsson, er báðir fóru til Svíþjóðar og unnu sér þar hylli sænskra fræðimanna, er þá voru farnir að sækjast eftir íslenzkum handritum. En þó er mest um vert för Árna Magnússonar til Kaupmannahafnar 1683, því að hann gerðist þar prófessor í heimspeki og fornfræði árið 1701, en ári síðar hefjast ferðalög hans um Ísland með Páli lögmanni Víðalín í þarfir jarðabókarinnar íslenzku um frek 10 ár (1702—1712) og samtímis hið ótrauða starf hans við söfnun gamalla bóka og bréfa, skinnhandrita og

pappirshandrita, sem alt fór til Kaupmannahafnar og nú er varðveitt í hinu svo nefnda Árna Magnússonar safni. Söfn eru lykill þekkingar og fróðleiks, og vist er um það, að þetta ágæta safn hefur meira aukið þekkingu erlendra sem innlendra á fornum íslenskum fræðum en nokkuð annað, sem gert hefur verið þeim til frama á liðnum öldum, og vakið upp margan góðan vininn þjóð vorri til verndar og styrktar meðal erlendra þjóða.

Eftir því sem fram liðu stundir, sáu Norðurlandabúar og aðrar þjóðir af germönskum kynstofni æ betur, hvilik gullnáma hin fornu íslenzku sagnarit, eddurnar og skáldakvæðin voru fyrir þekking á fortíð þeirra, en sú uppgötvun ól aftur hjá mörgum mætum mannum hlýtt hugarþel til lands vors og þjóðar, sem fóstað höfðu slíkan fróðleik og geymt hann í miðaldanna myrkri. Áhrif hinna fornnorrænu íslenzku fræða fóru með tímanum sívaxandi og í lok 18. aldar og byrjun 19. aldar er svo komið, að þau eru tekin að setja mót sitt á ýmsa andlega skörunga, skáld og vísindamenn, á Norðurlöndum, svo sem þá Esaias Tegnér, Adam Öehlen-schläger og N. F. S. Grundtvig, Fjónbúana R. Chr. Rask (1787—1832), C. Chr. Rafn, N. M. Petersen og R. Nyerup. Þá má og nefna P. E. Müller o. fl. Þá voru og enskir ferðamenn í (lok 18. aldar og) byrjun 19. aldar farnir að venja komur sínar til Íslands, rita ferðasögur héðan og dreifa því myrkri, sem hvíldi yfir landi voru og þjóð. Þannig ritaði Eb. Henderson ferðasögu um dvöl sína hér í landi 1814—1815, G. S. Mackenzie aðra um ferðalag sitt hér 1810 (Edinb. 1811. 4to) og W. J. Hooker þá þriðju um för sína hingað árinu áður, 1809 (Lond. 1813). Þjóðverjar vöndu að vísu lítt komur sínar hingað um þær mundir, en þó höfðu þeir þá fyrir all-löngu eignast ferðabók um Ísland eftir Joh. Anderson borgmeistara í Ham-borg (Nachrichten von Island, Hamb. 1746) og 20 árum síðar reit próf. C. D. Eggers í Kaupmannahöfn Íslands lýsingu sína á þýzka tungu (Be-schreibung von Island, Kopenh. 1786). Jarðvegurinn var þannig smám saman búinn undir hinn mikla vöxt, sem forn-íslenzkt fræðinám tók meðal erlendra þjóða, þegar fram leið á 19. öldina, og því hugarþeli til lands og þjóðar, sem það nám skapaði, á Landsbókasafn Íslands að þakka tilveru sína, því að hefðu ekki erlendir fræðimenn gerzt forvigismenn þess

fyrirtækis, þá eru allar líkur til, að stofnun þess hefði dregið um langan aldur, ef til vill allt þar til Ísland fékk fjárforræði, eftir öðrum framkvæmdum að dæma í þarfir íslenzkrar menningar um þær mundir.

Hugmyndin um stofnun almenns bókasafns á Íslandi mun fyrst skjállega komin fram frá Þýzkalandi, þótt óljós væri í byrjun og í sambandi við annað efni, en það skal tekið fram, að hin fyrstu tildrög til stofnunar Stíftisbókasafnsins (síðar Landsbókasafnsins) eru eigi svo skýr, sem skyldi, og veldur því aðallega, að Hafnardeild hins íslenska Bókmentafélags, sem þá var nýmyndað og kemur svo mjög við sögu bókasafnsins fyrstu ár þess, varð fyrir því slysi að missa í eldi aðfaranótt þ. 25. dags septemberm. 1847, þegar geymsluhús þess nr. 4 við Gammelstrand brann, tvær bréfabækur félagsins, er náðu yfir árin frá 1816 til maímánaðar 1840 og flestöll bréf þess og reikninga með fylgiskjölum til 1840, tvær dagbækur o. fl. (sbr. Skirni 1848. Skýrslu og reikninga 1842, bls. 8—13). Ræður því að líkindum, að margt hefir farið þar forgörðum, sem snerti uppruna og tildrög safnsins. En meðal þess, sem varðveitt hefir, er bréf eitt merkilegt (Ísl. Bmf. 41 fol.) frá aðalritara (generalsekretær) hins konunglega vísindakademis í München á Bæjaralandi, Friedrichs Schlichtegrolls, til Sjálandsbiskups dr. Münters, dagsett 28. dag ágústmánaðar 1817. En Münter biskup var fróður maður í mörgum greinum, hafði áhuga á fornum norrænum fræðum og átti meðal annars allgott fornmyntasafn. Í bréfi þessu (sbr. fskj. I) hvetur hann til, að stofnað verði félag í Kaupmannahöfn og Reykjavík til viðreisnar íslenskum bókmentum, bókasafn o. fl. En með því að bréf þetta lýsir hugarþeli manns þessa svo vel í garð Íslendinga og er að mörgu leyti merkilegt, en hins vegar eigi allir læsir á þýzka tungu, er rit þetta sjá, læt eg hér fylgja þýðing af því á íslenzku:

»München, þ. 28. d ágústm. 1817.

Til herra dr. Münters, biskups yfir Sjálandi og riddara af Dannebrogordunni.

Háttvirtí vin!

Í meira en ár hef eg oft verið að hugsa um nokkuð, sem mundi geta orðið heilladrjúgt, ef það yrði framkvæmt. Og svo að eg byrji þegar á efninu, þá er hugsun mín sú, að stofnað verði félag til eflingar og aðstoðar vísindunum á hinu fjarlæga, merka, fornfræga Íslandi.

Eg hef við og við í viðræðum við einn vin minn, látið hugsun þessa í ljós, það er vinur okkar beggja, hinn lærði og ljúfi Kramer, etazráð, frá Kil, þegar hann dvaldi hér í München í fyrra haust, eða öllu heldur í bókasafninu okkar. Hann tók hugsun þessari svo feginsamlega, að það hefði löngu átt að hafa knúð mig til að framkvæma hana, en daglegar lífsannir og margs konar tálmanir hafa ekki leyft mér það til þessa dags. En nú skal ekki lengur við svo búið standa.

Eg minnst nú æskudaga minna, þegar eg kyntist yður í Gotha og Göttingen; sjálfur gekk eg þá hugfanginn veginn að helgidómi visindanna og skemti mér með samvistum við hið fróða, gáfaða og hugþekka ungmenni, sem bezlu heillum var lengra áleiðis komið á þessum helgistig (via sacra) og seiddi mig til sín með fagurri fyrirmynd — eg minnst þeirra daga, þótt nú liggi á milli mín og þeirra veraldarsaga með hryðjuverkum sínum og afreksverkum, illviðris- og sólskinsdögum, og læt mynd yðar bera mér fyrir hugskotssjónir og virðulega og blessunarrika starfsemi yðar nú á dögum, — er auk þess einmitt nú sérstaklega hrifinn, eftir samtal mitt við hinn ágæta landa yðar [N. M.] Petersen um yður sjálfan og óskir mínar, — eg sný mér því til yðar með hjartað fult af fornvínáttu og mikilli virðingu, heiðraði vinur, og færi nú í fyrsta sinn í letur áður nefnda hugsun mína, og ber hana undir yður. Þér eruð maður til að rækta þetta frækorn og láta það dafna, ef þér teljið það þess virði.

Visindin eru alstaðar til blessunar, en vanti hina margvíslegu og óháðu iðju þeirra, þá verða jafnvel aldingarðar að illgresisreitum. En tignarlegust verða þau ásýndum, þegar þau bera menn, sem eiga við óblitt loftslag og mjög þröng kjör að búa, á vængjum hugsananna yfir til fjarlægra landa og tíma, hugga þá í nútíðarhöli þeirra kenna þeim að vinna sigur á náttúrunni og hjálpa þeim til að ná herra menningarstigi á ísbreiðum og jöklum, en þeim eftirlætisbörnum náttúrunnar hlotnast, sem baða í rósum í himinblíðunni.

Fyrir löngu hafði Ísland, þótt fjarlægt og fátækt sé, vakið eftirtekt mína og aðdáun í þessum greinum. Frá þeim tímum, er mikill hluti þeirra landa, sem nú ljóma í ljósi visindanna, voru sokkin niður í siðleysi, hljóma þaðan [þ: frá Íslandi] hinir helgu söngvar eddnanna yfir til vor, og þar voru fyr en í mörgum miklu björgulegri löndum reistar hallir til verndar hinum milda lampa kristninnar. Og þar sem eigingirni og sællífi í auðgari löndum, því miður of fljótt, tókst að spilla hinni einföldu kenningu, þá hélt hún uppi við rætur Heklu meiri trygð við alvöru sína og auðmýkt en í hinum sólþjórtu héruðum Ítalíu og Spánar, svo að þar þurfti fárra breytinga við til að nálgast aftur hinn háleita forna einfaldleik fagnaðarboðskaparins, þegar farið var að hreinsa af kirkjunni viðbætur siðlausra tíma.

En einkum barst mér fyrir hugskotssjónir hið virðulega islenzka ástand, — þessi kyrláta nægjusemi, þessi trygga rækt við bæði goðbornu systkinin, trúbrögðin og visindin, og hið háa stig sannrar menningar á þessu undursamlega eylandi, sem hinn ágæti Breti

Mackenzie lýsir svo grandgæfilega. Eg geng í huganum inn í litla húsið islenzka prests-ins, sem er tryggilega varið gegn snæfoki; ég sé hann við lesborðið sitt, sokkinn niður í beztu rithöfunda fortíðar og nútíðar, sé, hvernig hann ferðast um Grikkland og Austurálfu og Ítalíu að fornu og nýju og svalar fróðleiksfýst sinni, eins og andrikur fræðimaður, sem er að gæða sér á bókmentaperlunum í einhverri af höfuðborgum Norðurálfunnar; — ég sé dómarann, vörð laganna, umbodsmann stjórnarinnar, vera að stytta sér vetrarkvöldin löngu við lestur fræðiritla, sem embættisbræður hans í mestu menningarlöndunum alls ekki lita við lengur fyrir ótal andvana dægrastyttingum og svo nefndum skemtunum; — margan bóndann um jólaleytið með latneskan sagnritara fyrir framan sig, sem hann hefur fengið að erfðum, vera að endurnæra rólegan og styrkan anda á kjarngóðri andlegri fæðu; — hinn virðulega biskup eyjarinnar, hvernig hann á hátíðisdögum hvetur kennarana og sjálfan æskulýðinn í kirkjunum og skólunum til rækilegra bóknámsiðkana, og sýnir þeim, að þær eru ótæmandi lindir gleði og rólegrar hamingju, og gengur á undan þeim með góðu eftirdæmi.

Það er vel skiljanlegt, að fræðimaður á Íslandi, sem tekur vísindunum með miklu meiri innileik en annarstaðar tíðkast í álfunni, sé einnig miklu þakklátari þessum heilladísunum. Þær eru honum mestan hluta ársins einkalind skemtunar og gleði; hávaði dagsins raskar ekki hugró hans, hvorki þyturinn og málæðið í dagblöðunum né hin breytilega viltfirring rithöfundanna snerta hann í hans sægyrta landi, né heldur æði sigurvegarans, sem keyrir herskara sína yfir jörðina og fótum treður heillir rikja og heimila; eins og æðri andi litur hann niður á stjórnarfarslegar og bókmentalegar hreyfingar í fjarlægum ríkjum og löndum, en athafnir stjórnmálamanna vorra og fræðimanna, sem oft eru svo fyrirlitlegar, berast honum ekki fyr en þær eru orðnar að sögu og losnaðar við heiflúðgar ástríður.

Og þó — hve örðugur gerist aðgangurinn að mentabrunninum þeim manni, sem nýtur þar alls síns yndis!

Þegar ég svo er að reika um margan ónotaðan bókasal í Þýzkalandi, hugsa ég til minna kæru Íslendinga, hversu fljólt þessi ónotaði dýrgripur, sem hér er algerlega úr gildi genginn, mundi ná því þar aftur! Og sama er að segja um allan þann bóka fjölda, sem fleygt er út á uppboð hjá oss; væru þær þangað komnar, mundi þeim þegar í stað verða haldið til haga og verða notaðar.

Og hvað getur geymt þarna, í þessum kyláta króki jarðarinnar, handa eftirkomendunum, sem verða kann í hers höndum, ef stormar geisa aftur um lönd Norðurálfunnar, sem vel getur að horið, eins og nú hefur nýlega að óvörum raun á orðið fyrir sakir æðisgenginnar metorðagirndar eins manns! Þarna lengst norður á Thule eiga vísindin að gera sér hæli, sem vera kann að lifi hinar ágætustu stofnanir annarstaðar í álfunni. —

Svona hér um bil voru hugsanir þær, heiðraði vinur, sem stundum vöktu fyrir

mér, þegar næturkyrðin og einveran opnar hugskot vor fyrir hugljúfum draumum. Eg hugsaði mér enn fremur, að margir af rithöfundum vorum mundu láta af hendi rakna nýútkomin rit sín, að margir bókmentavinir mundu senda þangað tvítök úr söfnum sínum eða verkfæri í þarfir eðlisfræði, stjarnfræði og því um líkt, svo sem nokkurskonar sálugjöf, og mundu gleðjast í anda yfir fögnuði þeim, sem verða myndi norður þar, þegar staður væri fenginn öllu þessu til tryggrar geymslu framvegis.

Og hvernig myndu hins vegar náttúrufrábrigði þessa undursamlega eylands, — sem vakið hafa svo sterka athygli allra vísindavina, þar sem svo margar gátur eru enn óráðnar og svo margar rannsóknir enn ógerðar eftir nýrri og betri þekkingu á náttúruvísindunum, — hve miklu dýpri mundu þá verða rannsóknir þessara náttúrufrábrigða og nákvæmari þekking vor á þeim, þegar rannsóknarandinn þar [nyrðra] fengi næring og tæki fengjust til að hagnýta oss árangurinn af þeim! Þetta eyland, sem þegar í húmi fornaldarinnar iðkaði vísindin — eins og gamlar eyjar yfirleitt eru frægar fyrir í sögu mannkynsins — þessi eyja, sem gat þá Finn Magnússon og [Eggert] Ólafsson, sem gaf oss — þótt undrum sæti — hinn mikla líkansmið Thorvaldsen, sem nú er virtur og í hávegum hafður í Róm af listfræðingum allra þjóða, — þetta eyland mun einnig framvegis gefa oss fleiri stórhöfðingja í bókmentum og listum, ef vér örvum og hvetjum þær gátur, sem þar búa, og húum þeim tæki í hendur.

Með þetta fyrir augum hef ég hugsað mér það, er nú skal greina: Vér stofnum Societas Islandica [Íslenskt félag] með aðalstöð og stjórn í Kaupmannahöfn, og verðið þér, minn lærði háttvirtí vinur, að gerast formaður hennar. Stjórnarnefnd félags þessa útvegar húsnæði í Kaupmannahöfn, þar sem geyma má, eins og í tryggu forðabúri, það, sem meðlimir félagsins ætla safninu á Íslandi, og tekur hún að sér að koma því við tækifæri þangað á tryggan hátt. Allir, sem vilja vera í félagi þessu, sendi burðargjalds-laust til Kaupmannahafnar einhverja bókagjöf, er þeir gefa Íslandi, og lýsi sig búna til að gefa fleiri gjafir við tækifæri.

Á Íslandi skal stofnuð samkyns Societas literaria [Bókmentafélag] undir forystu biskupsins. Félagið stofnar viðtækt safn, er hafi að geyma bókasafn í öllum vísindagreinum, söfn í náttúrufræði og eðlisfræði, fornfræði og listum. (Smám saman verður einnig stjórnuturn settur í samband við safnið, efnasmiðja og grasgarður). Tilgangur félagsins er ekki einungis að auðga þessi söfn og stofnanir, heldur einnig að rannsaka nákvæmlega í öllum greinum eðlisfar og sögu eyjarinnar og birta þær rannsóknir.

Bæði félögin skiftast á skýrslum reglulega eftir hvern ársfjórðung, sendingum o. s. frv.

Félagið í Kaupmannahöfn gefur árlega út á latínu eitt hefti eða lítið bindi af skýrslum um vöxt og viðgang beggja félaganna, Annales societatis Islandicae, Fasti o. s. frv.; skulu þar skráð nöfn meðlima og einnig gefenda, svo og allar þær smágreinir, er snerta sameiginlegan tilgang þeirra.

Í ýmsum borgum Þýskalands (og annarstaðar í Norðurálfu) myndast smáflokkar manna, sem taka á móti bókagjöfum handa Íslandi gegn móttökuskirteini og ráðgast þeir svo við stjórnarnefndina um, hvernig hægst verði að koma þeim til Kaupmanna-hafnar í geymslubúr safnsins.

Þetta er lauslegur uppdráttur af mynd þess félags, sem ég óska að stofnað verði, félags, sem ællazt er til að byrji með lítið og ekki mun gefa nokkurn höggstað á sér eða átyllu til árása fyrir tortrygna umsátursmenn eða illkynjaðan róg, jafnvel ekki fyrir útgefendur Allemanniu sálugu, hve vel sem því kann að farnast.

Hugmynd þessa og uppkast fel ég svo yður á hendur, háttvirtu vinur; sé, hún ein-hvers virði, þá verður það fyrst viðurkennt af yður og lærðum félögum yðar og síðan mun ekki verða skortur á lifandi hluttekningu; þá mun jafnvel yðar hágöfgi konungur, sem með heimsókn sinni í Vínarborg hefur getið sér þann ódauðlega heiður meðal beztu þýzkra landa minna að vera talinn einhver hinn göfgasti, velviljaðasti og marg-fróðasti einvaldi, þá mun hann einnig líta örvandi auga niður á stofnun vora, sem stofnuð er af heilum hug til heilla hinum fjarlægustu börnum hans.

Líði yður vel, ágæti vinur! Í einu af bréfum yðar mintust þér enn með ánægju heimsóknar yðar í München fyrir þrjátíu árum. Komið þér nú einu sinni aftur og sjáið, hverjum stakkaskiftum hún hefur tekið undir viturri og föðurlegri stjórn vors elsk-aða konungs Maximilians Josephs. Það eitt, sem göfuglyndi Hans Hátignar hefur gert fyrir fornmyntafræðina, myndi nægja til að veita einhverjum mesta núlifandi sérfræð-ingi í þessari grein fornfræðinnar margar ánægjustundir og ánægjudaga og launa ferðavolkið.

Með beztu heillaóskum

Friedrich Schlichtegroll.«

Í bréfi þessu kemur berlega fram, að það, sem aðallega hefur vakað fyrir Schlichtegroll, er félagshugmyndin, með tveim deildum, annari í Kaup-mannahöfn og hinnari á Íslandi, svipað eins og í Bókmentafélaginu, sem þá var nýstofnað (1816), en að öðru leyti var hugmynd hans miklu viðtækari, því að hún náði ekki eingöngu til bókmenta og bókasafns, heldur ætlaðist hann til, að hér yrði stofnað allsherjar gripasafn (museum) í náttúruvísind-um, fornfræði og listum, eða fjölvisinda- og fjöllistastofnun, sem vaxið gæti og dafnað í friði hér úti í norðurhöfum fyrir utan öngþveiti og róstur meginlandsins. Napoleonsófriðurinn mikli var þá nýlega af staðinn og höf-undinum mun hafa verið í fersku minni, hvernig keisari Frakka fór yfir löndin sem logi yfir akur og rændi og ruplaði kjörgripum og jafnvel heil-

um listasöfnum frá sigrudum óvinum. Með það fyrir augum verður þessi geymsluhugmynd og friðunar oss skiljanlegri, þótt kynleg kunni að virðast í fljótu bragði. Höfundur bréfsins var gerður heiðursfélagi Bókmentafélagsins í viðurkenningar skyni fyrir hugsjónir hans, en árangur þeirra sá hann engan, því að hann andaðist skömmu síðar.

Bréf þetta virðist, eftir því sem ráða má af því, sem eftir er og eldurinn hefur eirt af skjölum og bréfum Hafnardeildarinnar frá þessum tímum, hafa mætt góðum undirtektum hjá Múnter biskupi. Einnig líkur til, að bréfitarinn hafi skrifað þeim Íslendingunum Grími Thorkelin etazráði, prófessor Birgi Thorlacius og Finni prófessor Magnússyni um þetta áhugamál sitt, því að geymzt hefur (Ísl. Bmf. 41 fol.) bréf til þessara 4 manna dags. 17. d. jan. 1818 frá háskólaráðinu (Malling, Rothe, Engelstoft, Mynster), sem sýnir, að þeir hafa allir í sameiningu þ. 24. nóv. 1817 ritað því um þetta efni (sbr. Minn. Bmf. Rv. 1916, bls. 79—80). Á bréfi háskólaráðsins er litið að græða. Það gleðst að vísu yfir að hafa fengið »nýja sönnun fyrir því, hve mikla athygli Ísland vekir nú á tímum meðal lærðra manna á Pýzkalandi«, og telur »mjög æskilegt, ef sá árangur gæti orðið af fyrirætlunum herra v. Schlichtegroll, að þetta land, sem væri svo merkilegt í mörgum greinum, öðlaðist nauðsynleg tæki til vísindalegra framkvæmda«. Það er og sammála honum um, að aðaldeildir félagsins séu bezt settar í Kaupmannahöfn og á Íslandi, og »ef til vill« geti hið kgl. isl. lands-uppfræðingarfélag með breyttu fyrirkomulagi orðið miðstöð þessa félagsskapar, og »er samdóma um«, að »eitt þeirra bókasafna, sem óskast stofnuð, væri haganlegast að setja í samband við lærða skólann á Bessastöðum, því að þar kæmi það að beztum notum«. Þá minnst háskólaráðið einnig á, að ef til vill gæti að því rekið, að stofnaður verði annar (nýr) lærður skóli á Íslandi [fyrir norðan?], auðvitað sé það enn óráðið og verði samningsmál milli ráðsins og rentukammersins, en ef svo færi, að skólinn yrði stofnaður, þá væri mjög æskilegt, að félagið styrkti hann til að koma upp álitlegu bókasafni.

Hér er þannig alt á huldu nema vilji ráðsins til að nota væntanlegt bókasafn félagsins í þarfir lærða skólans og fleiri skóla, ef stofnaðir yrðu, og í stað eins allsherjar-safns er hér alt á tvístringi. Einn eða tveir latínuskólar — auðvitað hvor í sínum landsfjórðungi — eiga að fá bókasafnið,

til að létta á skólaútgjöldunum, hið deyjandi Landsuppfræðingarfélag á að lifna við og verða miðstöð félagsskaparins, og á gripasöfnin er að eins lauslega minzt í almennum orðatiltækjum.

Í »Samkomubók« Hafnardeildar Bókmentafélagsins, sem hefur komið ósködduð úr brunanum, er þess getið, að á fundi félagsins 26. dag febrúarmánaðar 1819 hafi prófessor Finnur Magnússon lagt fram bréf frá hr. v. Schlichtegroll »viðvikjandi stiftun bókasafns o. s. frv. á Íslandi«, og er það að líkindum sama bréfið til Münters biskups, sem hér birtist í þýðingu (sbr. fskj. I.). Svar upp á bréf þetta segir fundarbókin að F. Magnússon hafi einnig lagt fram á sama fund, frá Münter biskupi, etazráðunum Thorkelin og Thorlacius og próf. F. Magnússyni og ennfremur bréf til þessara sömu manna frá v. Schlichtegroll dags. 16. dag ágústmánaðar 1818 »með fleirum hér til heyrandi skjölum«. Að lokum gefur svo próf. Finnur Magnússon fundinum »til kynna, að þeir nefndu menn [v: Münter, Thork., Thorl. og F. M.] vildu fela félaginu á hendur nauðsynlega umsjón téðs bókasafns« o. s. frv., en »félagið játaði sig vera viljugt til að taka á móti öllum þeim bókum, er gefnar væru af Íslands vinum í Þýzkalandi, með þakklátsemi, og koma þeim til skila, nær félaginu eí orðsakast kostnaður þar af; uns endileg ákvörðun gjörist um stiftsbókasafn á Íslandi, gelur það ei frekara svar gefið«.

Bréf þau og skjöl, sem fundargerðin nefnir, eru nú glötuð, en auðlesíð er í eyðurnar. Fyrirtækið var Íslendingum of vaxið. Fjórmenningarnir gefast upp og fela Bókmentafélaginu málið, eða réltara sagt þá hlið þess, sem að bókasöfnunum laut og þeir hafa talið helzt framkvæmilega og að lokum sofna þessi viðtæka hugsjón vinveitts útlendings í höndunum á háskólaráðinu og rentukammerinu í Kaupmannahöfn.

En bókasafnshugmyndin var ekki þar með dauð, því að um þessar mundir var nýr maður kominn til sögunnar, sem einnig hafði hugkvæmt að koma almennu bókasafni á laggirnar á Íslandi og vann að því verki um því nær hálfa öld með öllum þeim dugnaði, þrautseigju og hagsýni, sem honum var svo eiginleg í hverju því, sem hann færðist í fang. Þessi maður var lieutenant og cand. jur. (síðar konferenzráð) Carl Christian Rafn (f. 16. dag janúarm. 1795, d. 20. dag októberm. 1864). Með því að

hans er allrækilega minzt á öðrum stað í riti þessu, skal hér ekki farið út í æfisögu hans, heldur einungis rakin, svo sem unt er eftir ófullkomnum heimildum, afskifti hans af Stiftisbókasafni Íslands í 47 ár, en afskifti þessi eru svo viðtæk og þýðingarmikil fyrir safnið, að svo má að orði kveða sem lýsing þeirra sé um leið að miklu leyti æfisaga sjálfs safnsins um því nær hálft hundrað ára.

Í »Samkomubók« (= fundabók) Hafnardeildar hins íslenska Bókmentafélags er fundarskýrsla dags. 30. dag marzm. 1818 — tæpum 2 árum eftir að félagið var stofnað — og er Rafns þar fyrst getið með þessum orðum:

»Lieutenant Rafn cand. jur. var fyrirsleginn [o: borinn upp] áður af stud. Gunnlaugi Oddssyni með 20 rbdla s. v. [o: silfurverðs] árlegu tillagi til að verða félagsins meðlimur; var því næst safnað atkvæðum um, í hverja röð lima hann koma skyldi og vildi þá atkvæðafjöldi, að hann verði þess orðulegur limur, hvartil hann þannig er valinn. Frá honum var og framlagt bréf til félagsins, hvari hann æskir, það seti nefnd manna til að yfirvega, hvörnig alment bókasafn verði bezt stíft á Íslandi, með fylgjandi lista yfir ýmsar bækur, er nokkrir þegar vilja gefa til þessa augnamiðs. Félagið ályktaði, að honum skyldi lást í ljósi þess þakklæti og undir eins tilkynnst, að hér um skyldi skrifað verða til deildarinnar á Íslandi.«

Bréf Rafns til Hafnardeildarinnar (fskj. II) hefur líklega farið í brunanum, en hann hafði einnig afritað það í dagbók sína yfir árið 1818 (sbr. B. Gröndal, Breve fra og til C. C. Rafn Kh. 1869 bls. 81—82) og þar hefur það geymzt. Í bréfi þessu segir Rafn, að í mörgum stiftum Danmerkur séu komin á fót opinber bókasöfn fyrir frjáls samskot manna á milli og sum þeirra séu á skömmum tíma orðin allálitleg, svo sem stiftisbókasafnið á Fjóni, sem sé orðið yfir 11 þús. bindi á 4 árum. Tilgangurinn sé auðvitað að bæta úr bókaskorti í nytsömum fræðum úti um land, en þessi skortur hljóti að vera enn tilfinnanlegri á fjarlægju landi sem Íslandi og nauðsynin því enn meiri þar á stiftisbókasafni. En með því að mark og mið Bókmentafélagsins sé að auka mentun á Íslandi, þá snúi hann sér til þess og óskar, að það taki að sér forystuna í þessu máli og kjósi nefnd til að undirbúa stofnun stiftisbókasafns á Íslandi, efla til samskota, veita þeim mótöku o. s. frv. Sjálfur býður hann 20 bækur þá þegar, en lofar meira

framvegis frá sér og öðrum — en það loford efndi hann dyggilega, eins og síðar mun sagt verða. Forseti deildarinnar Bjarni sekreteri Thorsteinson, síðar amtmaður í Vesturamtinu, þakkaði Rafni í nafni félagsins fyrir »göfuga viðleitni, lillögur og tilboð« í þessu efni í bréfi dags. 31. dag marzmánaðar sama ár og skýrði honum frá ályktun félagsfundar daginn áður, að skrifað skyldi deildinni í Reykjavík og henni falið að ræða málið við stiftisyfirvöldin og aðra hlutadeigendur þar nyrðra. Að síðustu lofar hann að láta Rafn þegar vita, er eitthvað gerist í málinu (fskj. III). Síðan skrifar forseti Reykjavíkur deildinni 14. dag aprilmánaðar sama ár bréf um þetta efni, sem er lagt fram á fundi í Reykjavíkurdeildinni 27. júlídag sama ár (sbr. fundabók deildarinnar) og var þar »ályktað að skrifa stiftisyfirvöldunum og, eftir að svar er fengið frá þeim, að skrifa þar um deildinni í Kaupmannahöfn«. Af bréfi Árna Helgasonar til Geirs biskups Vidalíns dags. 18. ágústdag 1818 (fskj. IV) sést, að félagið hefur samdægurs (27. júlídag) skrifað stiftisyfirvöldunum um bókasafnsmálið, en dregið fyrir þeim að svara, að líkindum meðfram vegna fjarveru Castenschiolds stiftamtmanns, er þá var erlendis, og því hefur Árni Helgason tekið það ráð, er komið var fram yfir miðjan ágústmánuð, að snúa sér beint til Geirs biskups, sem hann taldi málið mest viðkomandi, og spyrjast fyrir hjá honum, »hvort ei mundi ráð til að Bókmentonum yrði móttaka veitt og sú ráðstöfun gerð, sem tilhlýðileg er bæði í tilliti til bókanna geymslu og líka brúkunar«.

Geir biskup Vidalín varð einkar vel og röggssamlega við þessari fyrirspurn í bréfi til deildarforsetans dags. 28. dag ágústmánaðar, fól forseta að bera Rafni innilegt þakklæti sitt og landa sinna fyrir tilboð sitt og kvaðst samdægurs hafa skrifað kanselliinu og beiðzt samþykkis þess og fjárstyrks til að útbúa herbergi handa bókunum á loftinu í Reykjavíkur dómkirkju, sem hann kvaðst hafa beztu vonir um að fengist (fskj. V).

Í registrinu við bréfabók Geirs biskups er þessi dagur, 28. ágústd., talið stofnunardagur Stiftisbókasafnsins (»Stiftsbibliotheket funderet«) og má það til sanns vegar færast, þar sem biskup landsins fyrir hönd stiftisyfirvalda þá meðtekur fyrsta visi safnsins fyrir hönd landa sinna og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til húsnæðis útvegunar fyrir bækur þær, sem Rafn þá þegar hafði safnað.

Bréf það til hins konunglega danska kansellis, sem Geir biskup nefnir í bréfi sínu til deildarforsetans og prentað er með öðrum fylgiskjölum aftan við rit þetta (fskj. VI) er í bréfabók biskupsdæmisins dagsett 11. septemberdag 1818. Hefur biskup því líklega gert uppkast að bréfinu þann 28. ágústd. en dregið að fullgera það, þar til hann gæti fengið áætlun um kostnað við útbúnað kirkjuloftsins. Í byrjun bréfsins kvartar biskup fyrst yfir hinum þröngu húsakynnum sínum og biskupsskjalasafnsins og vikur svo að bókasafnsmálinu, skýrir frá gerðum Rafns og bókmentafélagsins í því efni og kveðst hafa álitid »óviðurkvæmilegt að hafna svo kærkominni gjöf«, sem Rafn hafði að bjóða, og »hvergi væri nauðsynlegri en á Íslandi, þar sem ekkert opinbert bókasafn væri til og bráðum heldur ekki nokkurt merki-legt einkabókasafn«. Biður hann um, að útbúið verði hæfilegt húsnæði fyrir stiftisbókasafn og skjalasafn biskups á dómkirkjuloftinu, kveðst hafa átt tal við Ole Peter Möller kaupmann og borgara í Reykjavík um kostnaðinn, en hann hafði þá lokið viðgerð þeirri á dómkirkjunni, sem honum var á hendur falin með konungsúrskurði 17. marsdag 1817 — en með því að hann væri ferðbúinn af Íslandi, hefði hann ekki haft tíma til að gera áætlun yfir kostnað við herbergja útbúnaðinn, sem biskup telur varla munu fara fram úr 800 ríkisdöllum, og hafi hann því beðið Möller kaupmann að semja og afhenda áætlunina í Kaupmannahöfn næsta vetur.

Hingað til hafði þannig alt gengið mjög greiðlega, einkum þegar tekið er tillit til, hve örðugar og strjalar samgöngur voru á þeim tímum milli Íslands og Danmerkur. Rafn hafði þegar við inntöku sína í bókmentafélagið gert bókasafnshugmyndina að áhugamáli sínu og með vanalegum dugnaði og snarræði látið skamt vera milli orða og athafna, báðar deildir bókmentafélagsins höfðu brugðizt vel og rösklega við áskorun Rafns til þeirra að taka bókasafnsmálið að sér og Geir biskup Víðalín hafði meðtekið gjöf Rafns með innilegu þakklæti, sem forseti Hafnardeildarinnar tjáði honum bréfliga (fskj. VII), og gert það, sem í hans valdi stóð, til að útvega safninu húsnæði. En þegar kemur til kasta dönsku stjórnarvaldanna, fer að þyngja undir fæti; virðist útbúnaðarkostnaðurinn á kirkjuloftinu hafa verið þeim þyrnir í auga og þau horft í nýjan kostnað við kirkjuviðgerðinni nýafstaðinni. Verður nú dráttur á framkvæmdum þar til í maí-

mánuði 1820, er Hafnardeild Bókmentafélagsins sendir þeim Geir biskupi og stiftamtmanni v. Moltke með bréfi dags. 9. maídag 1820 tvo kassa af gjafabókum til safnsins frá Rafni og fleirum, og þakkar Geir biskup ástsamlegast gjöfina í bréfi dags. 2. d. septemberm. 1820 til Hafnardeildarinnar (fskj. IX), fyrst og fremst Rafni og öðrum gefendum og svo félaginu fyrir ómakið og flutningskostnaðinn og stúdent (síðar háyfirdómara) Þórði Sveinbjörnssyni, sem séð hafði um umbúnað og flutning bókanna á skipsfjöl (sbr. fundargerð Hafnardeildarinnar 27. apríld. 1820). Reyndar komu bækurnar ekki til Reykjavíkur fyrir en á áliðnu sumri 1820, því að skipstjórinn hafði af vangá skipað þeim upp í Keflavík, og þegar til Reykjavíkur kom, þá var ekkert húsnæði til fyrir þær, fyrir en í miðjum september, er stiftamtmaður lét þeim í té húsnæði til bráðabirgða í stiftamtmannshúsinu (fskj. IX). Sjá má af bréfi Bjarna Þorsteinssonar til Rafns dags. 3. marzdag 1819 (fskj. VIII), að hann hefur óttast drátt á málinu hjá kanselliinu, því að hann segir þar berum orðum, að hann »sé hræddur um, að kansellið, að því er til útgjalda kemur, feli málið fjármálafulltrúunum, sem kynnu að fresta því um lengri tíma, en æskilegt væri«. Sjálfur kveðst hann munu reyna að koma í veg fyrir að svo fari, að því er til sinna kasta komi, en þar sem svona sé ástatt, óski hann helst, að bókasendingunni frá Fjöni verði frestað um hríð, því að hann vilji ógjarna, að bækurnar verði sendar til Íslands, meðan ekki sé ráðið fram úr húsnæðisvandrunum. Forseti Hafnardeildarinnar hefir þannig sjálfur, vegna húsnæðisleysisins í Reykjavík, fengið frestað sendingu bókanna, en hins vegar má að öllum líkindum þakka áhrifum hans og góðri milligöngu við kansellið, að drátturinn varð ekki lengri á málinu erlendis en raun varð á og vel mátti við una eftir ástæðum, því að undirboðsþing var haldið ári síðar í Reykjavík, þann 20. og 31. júlídag 1820, á útbúnaði herbergja á dómkirkjuloftinu fyrir bókasafnið og biskupsskjalasafnið, og varð áður nefndur Ole Peter Möller lægst bjóðandi með 840 rbd. boði, sem rentukammerið taldi í skýrslu sinni 3. apríldag 1821 hið minsta boð, sem fást mundi (Rentek. Relat. og Resol. Prot. 1821, A. Nr. 120). Þann 11. dag aprílmánaðar 1821 kom svo út konungsúrskurður um að fela Möller kaupmanni að útbúa húsnæði á dómkirkjuloftinu handa stiftisbókasafninu og skjalasafni biskupsembættisins á Íslandi fyrir 840 ríkis-

dali í silfri, er greiða skyldi úr fjárhirzlu konungs (sbr. Lovsaml. f. Ísland VIII. bd., 232. bls.). Í Klausturpóstinum árið 1822, bls. 36—37, er þessa konungsúrskurðar getið og jafnframt kansellibréfs yfirvaldanna með þessum orðum: »Cancelliebréf (til stiftamtmanns og biskups) dags. 28. apríl, sem birtir Konungs úrskurð þ. 11. s. m. að Konungurinn veiti 840 rbd. reiðu silfurs til þess að á Reykjavíkur Dómkirkju Lopti afþiljuð verði hentug geymslulopt með hyllum, bæði fyrir Íslands Biskups Embættis skjala og Stiptsbókasöfnin.« Er hér að líkindum átt við skýrslu rentukammersins 3. apríldag, með því að ekki er kunnugt, að nefnt kansellibréf sé til eða hafi verið ritað (sbr. Lovs. f. Ísl. VIII. bd. 232. bls. aths. neðanmáls).

Meðan á þessu stímabraki stóð og eins meðan verið var að útbúa geymsluloftið í dómkirkjunni, hélt Rafn stöðugt og kappsamlega áfram að safna bókum handa safninu og peningagjöfum. Í skýrslu þeirri handa velgerðamönnum safnsins, sem hann lét prenta í Kaupmannahöfn 1826, er yfirlit yfir þær bækur, sem safninu höfðu bælt, frá því hann byrjaði að safna árið 1818 og þar til skýrslan var samin, og sést á henni, að því nær tveim þriðju hlutum allrar bindatölunnar hefur verið safnað af honum eða alls 918 bindum af samtals 1545 bindum (Hafnardeildinni höfðu safnast á sama tíma 324 bindi og safninu sjálfu í Reykjavík 219 bindi), enda auglýsti hann jafnan árlega í Íslenskum sagnablöðum og danska blaðinu »Nyeste Skilderie af Kjöbenhavn« allar þær gjafir, sem safninu áskotnuðust, og í skýrslu sína 1826 lét hann einnig prenta nöfn allra velgerðamanna safnsins og bindatölu þá, sem hver þeirra hafði gefið og aðrar gjafir til safnsins. Með þessum hætti hélt hann vakandi og glæddi áhuga manna, erlendra sem innlendra, á stofnuninni. Og hann lét ekki þar við sitja, heldur notaði hann jafnan hvert tækifæri til að minna hina fjölmörgu kunningja sína og vini, heima fyrir og síðar erlendis, á tilveru safnsins í bréfum sínum til þeirra, og skrifaði einnig og sendi út um Danmörku fjölmörg samskotabréf til ýmissa manna, sem honum virtust líklegir til að láta eitthvað af hendi rakna. Sýnishorn af einu slíku bréfi, dags. 1. júlíð. 1822, er í bréfasafni því hinu mikla, snertandi bókasafnið í Reykjavík og amtsbókasafnið í Færeyjum (Lbs. 485 4to.), sem dóttir hans, ungfrú Dagmar, afritaði með dótturlegri rækt og sendi Landsbókasafninu að gjöf með bréfi dags. 4. febrúard.

1890¹⁾ (fskj. X). Skorar hann þar á menn til gjafa eða fá aðra til að gefa bækur, landabréf eða peninga, segir, að Bókmentafélagið annist sendingarnar til Íslands, og að skilagrein sé gerð árlega og opinberlega fyrir öllum gjöfum.

Á þenna hátt hélt Rafn bókasafnsmálinu fram á leið vakandi, meðan tregast gekk hér heima fyrir og hjá dönskum stjórnarvöldum, og tvisýnt var, hvort húsnæðisleysið ekki myndi verða banamein fyrirtækisins. En bókmentafélagið studdi hann og dyggilega, annaðist heimflutning allra bóka-sendinga til safnsins með góðfúsri hjálp ýmissa kaupmanna (Jacobæus & Simonsen o. fl.), sem fluttu bækurnar kauplaust til Reykjavíkur, lét einnig á sinn kostnað binda inn ýms rit fyrir safnið, og greiddi framan af ýmisleg önnur útgjöld þess (sbr. Íslenzk Sagnablöð 1820 56. bls.), eftir að prófessor Finnur Magnússon hafði fengið fundarleyfi til þess hjá Hafnardeildinni til bráðabirgða.

Í Skýrslu Rafns um Stiftisbókasafnið pr. 1826 í Kaupmannahöfn eru, eins og áður er um getið, taldir upp allir bókagefendur safnsins og tala gjafabókanna til ársins 1826; skulu nú hér taldir upp nokkrir gefendur, þeir er gefið hafa 10 eintök eða fleiri, og eru þeir þessir:

	Bindi
H. Hátign konungurinn.....	13
Árna-Magnússonar nefndin	10
Aagaard, J. A. cand jur.	17
v. Abrahamson, J. N. B. major R. D.	10
Arnesen, Páll rektor [Ísl.]	14
Bloch, magister og undirbókavörður	20
v. Büllow, I. geheimekonf. R. E. & S. K. etc. (70 rbd. í peningum og)...	29
Colding, N. bóksali	36
Fahnöe, H. C. stud. theol.	15
Fleischer, G. bóksali í Leipz. (fyrir tilstilli barúns de la Motte Fouqués)	25
Helgason, Þorsteinn stud. theol. (auk þess safnað 15 bd.)	10
v. Hoppe, F. kammerherra	20
v. Hoppe, P. F. amtmaður og settur stiftamtmaður	69

1) Í handritasafni Landsókasafnsins (nr. 657 4to.) er einnig önnur gjöf frá henni, safn af bréfum Rafns um kgl. norræna Fornritafél. o. fl.

	Bindi
Knudsen, H. stud. jur.....	30
Lengnick, cand. jur. lieutenant	40
Magnússon, Finnur, prófessor	32
v. Moltke, geh. konf. R. E. S. K. etc.....	28
v. Moltke, E. C. L. stiftamtmaður í Álaborg	18
Popp, H. F., lieut. og prentari.....	25
Poulsen, bóksali.....	58
Rafn, C. C. lieut.	83
Reedtz, H. C. kammerjunker	78
Rønne, B. F. prestur í Lyngbye	25
Seidelin, A. kapteinn og prentari	40
Sveinbjörnsson, Þórður sýslumaður	17
Teilmann, A. C. de, kammerjunker	43
Thaarup, Chr. cand. phil.	16
Vidalin, Geir biskup	23
Winther, R. klæðskeri	34
Winther, skurðlæknir	52
Honoré, lyfsali í Fredericia	12
Jacobsen, R. kennari við borgaraskólann	28
Magofsky, djákni í Sandager	38
Rammeskov, P. kaupmaður	17
Ónefndur	15
Barchmann, kancelliráðsfrú	25
Gräbert, verzlunarfulltrúi (commissioner).....	13
Rasmussen, H. kórdjåkni og kennari í Assens (einnig safnað 77 bd.) ...	37
Briem, Jóhann G. cand. theol. (auk þess safnað 68 bd.)	32
Quistgaard, I. C. yfirkennari í Slagelse.....	16
v. Schlepegrell, major, í Slagelse	17

eða samtals 1180

bindi frá 41 gefanda, en alls eru á skrá Rafns 134 gefendur og bindin alls 1545, og vist er um það, að megnið af þessum gjöfum hefur safninu áskotnast fyrir tilhlutun og tilstilli Rafns, enda stóð hann í bréfaviðskiftum við marga hina merkari menn meðal Dana, og var einnig sem lieutenant og cand. jur. mörgum kunnugur bæði meðal embættismanna og í hernum. Það er því sannarlega ekki að ástæðulausu, að Finnur Magnússon í islenzkum Sagnablöðum (1819 og 1920) telur töluverðar »bækur fyrir tilstilli þessa

heiðursmanns (o. Rafns) gefnar bæði hér (o. í Kmh. og á Fjóni) og segir »fyrsta grundvöll« safnsins »lagðan af vorum heiðraða félagsbróður herra lieutenanti Rafn«.

Pegar fram liðu stundir, sá Rafn, að ekki var svo heppilegt sem skyldi að fela Hafnardeildinni ókeypis alla þá fyrirhöfn, sem móttöku gjafabókanna, umbúningi og flutningi til Íslands var samfara, því að í stjórn þess urðu oftlega mannaskifti, sem í öðrum félögum, ýmsir fyrstu styrktarmenn safnsins fóru úr stjórninni og deildinni og hurfu heim til Íslands, svo sem hinn ötuli formaður félagsins Bjarni amtmaður Thorsteinson, Þórður Sveinbjörnsson, síra Þorsteinn Helgason o. fl.; nokkrir aðrir urðu embættismenn hér og þar út um sveitir og bæi í Danmörk; í stað þeirra komu svo nýir menn og var jafnan undir hælinn lagt, hvernig þeir mundu reynast, og óvíst, hve lengi menn mundu borgunarlaust vilja taka að sér talsvert umstang og fyrirhöfn, af einskærum áhuga á málefnum. Þess vegna er það, að Rafn tekur á fundi Hafnardeildarinnar 1824 einn að sér að veita framvegis öllum gjafabókum, er safninu kynnu að bætast, viðtöku og annast umbúnað og flutning þeirra til Reykjavíkur. Þenna þýðingarmikla starfa annaðist hann svo endurgjaldslaut í 40 ár, alt til dánardægurs, og má það telja hið mesta happ fyrir safnið, að Rafn, svo áhugasamur og ötull maður, skyldi verða framkvæmdarstjóri safnsins erlendis um svo mörg ár, því að þannig var þá alt ráð safnsins erlendis komið á eins manns hendur, stofnanda þess, sem unni því af alhuga og studdi það af alefli, eins og hann hafði lofað í upphafi. Þessi nýja afstaða Rafns til safnsins gaf honum einnig hið bezta tækifæri til að vita jafnan, hvernig högum safnsins var háttað heima fyrir á Íslandi, enda skrifuðust stiftisýfirvöldin og hann jafnan á um allar þarfir þess og greiddi Rafn jafnan úr öllu því, sem framkvæma þurfti fyrir það erlendis, og varð þegar í byrjun hinn þarfasti milliliður milli danskra stjórnarvalda og stofnana annars vegar og stiftisbókasafnsins hins vegar. Árið 1822 sendir konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn kanselliinu fyrstu gjöf sína til safnsins, eftir að stiftisýfirvöldin höfðu bréflaga æstkt stuðnings danskra stofnana (Langebek: Scriptores rerum Danicarum, 7 bd.), og yfirbókavörðurinn, konferenzráð Moldenhawer, hefur þá þegar góð orð um að styrkja eftir mætti að vexti og

viðgangi safnsins með því að senda því, sem öðrum opinberum bókasöfnum, tvítök af bókum, sem konunglega bókasafnið mætti missa (sbr. Lovsaml. f. Isl. VIII. bd. 381. bls., kansellibr. 10. des. 1822). Mun það að líkindum vera þessi gjöf meðal annars, sem átt er við í Ísl. sagnablöðum 1823, 53.—54. bls., er þau segja: »Það er oss sönn gleði, að stiftisbókasafnið í Reykjavík nær góðum þroska af náð konungs, en tilhlutun ríkisins stjórnarráða og landsins háyfirvalda . . .« auk þess segist forseti [v. Finnur Magnússon] hafa fengið vitneskju um, »að safninu muni á þessu sumri [1823] hlotnast stórgjafir af konungi og ýmsum almennum lærdómsefna-nefndum«.

Loforð Moldenhawers um tvítökin endurtekur svo, að Moldenhawer látnum, yfirumsjónarmaður konunglega bókasafnsins tæpum tveim árum síðar, leyndarráðherra Mallings, og kveðst munu hafa stiftisbókasafnið í hyggju, þegar skrásetning tvítaka og endurskoðun þeirra sé lokið (sbr. Lovsaml. for Isl. VIII. bd. 581.—582. bls., kansellibréf 2. okt. 1824). Þess ber og að minnast með þakklæti, að Árna Magnússonar nefndin sýndi safninu þegar í byrjun þá velvild að gefa því eitt eintak af hverri forlagsbók, sem hún átti (sbr. Ísl. sagnabl. 1826, 57.—59. bls.).

Um dönsk stjórnarvöld er það satt bezt að segja, að þau höfðu á síðari undirbúningsárunum, áður en fult skipulag var komið á safnið, reynzt holl í garð þess og kansellið verið góður miðill milli stiftisyfirvaldanna og hinna dönsku stjórnarnefnda og stofnana um bænir þær, er stiftisyfirvöldin höfðu fram að bera um gjafir bóka, kostaðra af opinberu fé, og fleira, eins og kansellibréfin í Lovsaml. for Isl. frá árunum 1821—1826 bera ljósan vott um. En hitt leynist engum, er tínið saman það, sem til er hér og þar á slitringi um aðdragandann að stofnun safnsins og allra fyrstu uppvaxtarár þess, að höfundur þess, Rafn, er aðalkrafturinn, hreyfivélin, sem kemur öllu af stað, hið sívakandi athugula auga og hin starfandi hönd, sem öllu heldur í horfinu fram á leið. Hann lætur bera sig fram 30. d. marsm. 1818 til upptöku í Bókmentafélagið með háu árstillagi (20 rd.) og samtímis tilkynna bréf frá sér, svo sem áður er frá skýrt, með ósk um, að félagið setji nefnd manna til að »yfirvega, hvernig alment bókasafn verði bezt stíft á Íslandi«, og hefur þá þegar bókagjafir á boðstólum. Síðan heldur hann ótrautt áfram gjafasöfnun til þessarar stofnunar árum saman erlendis og

rekur hennar erindi í hvívetna og alstaðar með þeirri aðstoð Hafnardeildar Bókmentafélagsins, að hún annast móttöku og afgreiðslu bókagjafanna til Íslands, á ársfundum félagsins gefur hann ætíð skýrslu um bókagjafir sínar og annara til safnsins, eftir hans tillögu á deildarfundi er cinnig fyrsta bókaskrá safnsins prentuð á kostnað félagsins, og loks tókst hann sjálfur á hendur afgreiðslu gjafabókanna til Íslands, sem félagið hafði áður annað, til að tryggja sem greiðust og bezt skil á þeim þangað og að líkindum meðfram í þeim tilgangi að geta haft sem beinust og viðtækust áhrif á stjórn safnsins hér heima fyrir og framkvæmdir hennar. Tilboð Rafns að annast og afgreiða allar gjafabækur til safnsins telur hann ganga í gildi 31. maídag 1824 (sbr. Beretn. om d. isl. stiftsbibliothek. Kh. 1826), en tilkynt var það fyrst Hafnardeildinni af forseta á deildarfundi 30. marzdag 1825 (sbr. Samkomubók Hafnardeildarinnar).

Yfirleitt verður ekki annað sagt, en að framkvæmdirnar erlendis hafi verið greiðar og bókaflutningurinn hingað gengið í bezta lagi, þegar tekið er tillit til þess, hve samgöngurnar við þetta fjarlæga land voru frámunalega ógreiðar um þessar mundir, en hér heima fyrir virðist alt hafa gengið treglega, þegar á leið, og ber margt til þess. Að visu segir Geir biskup í bréfi til Hafnardeildarinnar, dags. 22. d. ágústm. 1821, að bókum safnsins verði brátt komið fyrir á dómkirkjuloftinu, sem þá sé *verið að búa út*, en í bréfum hans 1822 og 1823 til kansallisins er þessa atvikið ekki frammar minzt, heldur eru þau, að því er til safnsins tekur, mestmegnis þakklætisbréf fyrir eða beiðni um bókagjafir, og áður en árið 1823 var á enda, var hann liðið lík († 20. septemberd. 1823) og misti safnið þar góðan og ötulan forvígismann, en hins vegar varð eftirmaður hans, Steingrímur Jónsson, að fara utan til biskupsvígslu og kemur ekki heim fyr en vorið 1824 (í maí eða júní?). Má því nærri geta, að lítið hefur orðið um framkvæmdir, meðan svo stóð á, endá er fyrsta bréf Steingríms biskups, er safnið snertir, fyrst ritað *stóla í september 1826*. En hins vegar ærið verkefni fyrir hendi, þar sem var alt smíðið á herbergjum fyrir bæði söfnin, biskupsskjalasafnið og stiftisbókasafnið, og útbúningur hillna, sem líklega hefur treint Möller kaupm. sbr. 12. bls.) um eitt ár, ekki fleirum smíðum en hér var þá á að skipa, og að því loknu hlýtur flutningur beggja safnanna að hafa tekið langan

tíma, og þá ekki síður röðun bókanna, þar sem engin bókaskrá var til, sem því nafni gæti nefnt, en hins vegar safnið óhæft til afnota, fyr en skrá var samin og bækur komnar samkvæmt henni í hillur. Einkum hefur samning skrárinnar, sem Hoppe stiftamtmaður var einn um, tekið langan tíma.

Að öllu þessu athuguðu verður það skiljanlegt, að safnið var ekki opnað til almenningsnota, bæði í herbergjum þess og til útlána, fyr en í nóvembermánuði 1825, og með því að nothæfi safna er svo mjög bundið við húsnæðisskilyrðin, en vistaskiftum þeim, sem safnið hefur haft, hins vegar orðið samfara ýmsar aðrar mikilvægar breytingar á högun þess, þá mun hér eftir verða sögð saga safnsins í þrem köflum eða tímabilum og nær fyrsti kaflinn yfir árin 1825–1881, eða yfir veru þess á dómkirkjulofstinu, annar kaflinn yfir tímabilið frá 1882–1908, meðan það var í alþingishúsinu, í stofubygð þess, og þriðji eða síðasti kaflinn yfir tímabilið frá 1908, er það fluttist inn í sitt eigið hús, og alt til þessa dags.

I. kafli.

Á dómkirkjuloftinu

(1825—1881).

Árin 1825 og 1826 urðu mjög heilladrjúg og happasæl fyrir Stifflsbóka- 1825—1826
safn Íslands, en svo var bókasafnið nefnt, þar til það aftur, 56 árum síðar, breytti um verustað.¹⁾ Fyrsta og nauðsynlegasta stigið var þegar stigið. Safnið hafði fengið hús yfir höfuðið á dómkirkjuloftinu, þótt óhentugt væri og ýmsum annmörkum bundið, sem urðu því hvímléiðari sem tímar liðu fram og síðar mun verða frá skýrt; bækur þess voru allar komnar í bóka-herbergið, þeim raðað í hillur og safnið opnað til afnota í lok ársins 1825, en það ár alt hefur sýnilega verið unnið af kappi í þarfir safnsins af vinum þess og velgerðamönnum bæði hér og erlendis.

Peder Fieldsted Hoppe stiftamtmaður (1824—1829), sem í móðurlegg var af íslenzku bergi brotinn, reyndist safninu þegar frá byrjun hin mesta bjargvættur, og Rafni hefur bersýnilega verið farið að leiðast þófið og lagt sig í framkróka meir en nokkru sinni áður til að koma safninu sem fyrst á laggirnar. Hann hafði, eins og áður er sagt, tekið að sér móttöku og heimflutning allra gjafabóka og safnað frá 30. sept. 1825 þar til á árinu 1827 á þriðja hundrað bindum, og stutt einnig með ráðum og dáðum forstöðumenn safnsins hér heima fyrir, enda segir hann svo í bréfi til Grims amtmanns Jónssonar, dags. 12. maídag 1827 (Lbs. 485, 4to), að hann hafi

1) Fjölnismenn nefna safnið þegar frá byrjun *Landsbókasafn* og svo er það einnig nefnt í *Bókasafnsskýrslu Vesturamtsins*, Rv. 1847, eftir þá Bjarna amtmann Thorsteinson og dr. P. Pétursson.

siðastliðið ár unnið safninu því nær jafnmikið gagn *sem hin 8 fyrirfarandi ár til samans*. En þó er ekki preytu á honum að finna, siður en svo, því að vorið 1826 kveðst hann hafa verið kominn á fremsta hlunn með að gera tilraun til að stofna tvö eða þrjú amtsbókasöfn á Íslandi »með fáar en *góðar* bækur« og lofar að útvega og halda eftir tvítökum til stiftisbókasafnsins, sem hann svo gæti fengið hjá forstöðunefnd þess handa safni sínu, en þá var Grímur að reyna að stofna amtsbókasafn á Akureyri og hafði látið prenta boðsbréf um það í Hafnarblaðinu »Dagen«.

Hér við bættist og, að nú var seztur á biskupsstól Íslands og tekinn alvarlega til starfa Steingrímur biskup Jónsson, sem telja má einhvern hinn bezta og þjóðnýtasta embættismann landsins á 19. öld, og mun Hoppe hafa talið sér þaðan mikillar hjálpar von í þessum efnum sem hann var, þessi fróði og gáfaði maður, en þó er það beztur vottur um áhuga Hoppe og elju í safnsins þarfir, að þar sem forystan í bókasafnsmálinu hér innanlands var í höndum Geirs biskups Vídalíns, meðan hans naut við, en stiftamtmanntanna (J. C. T. v. Castenschiolds og E. K. L. Moltke) gætti lítt, þá tekur þó Hoppe forystuna í öllum aðalframkvæmdum, þegar hann kemur hingað. Að visu má sjá af skýrslu þeirri og áskorun, sem Rafn lét prenta í »Nyeste Skilderie af Kjöbenhavn«, 22. árg. nr. 80 (fskj. XI), dags. 30. septemberdag 1825, að Rafn hefur annaðhvort haft tal af Steingrími biskupi persónulega, þegar hann var utan til vigslu, eða skrifað honum viðvikjandi safninu og ráðgæzt við hann, en reyndin verður samt sú, að aðalframkvæmdirnar, svo sem samning bókaskrárinnar, samning reglugerðar fyrir safnið o. fl. hafa fallið á stiftamtmann, og við hann á Rafn tíðust bréfaskifti um allt það, er safnið varðar. Bréf það, sem Hoppe ritar Rafni 8. nóvemberd. 1826 (fskj. XII), sýnir greinilega, hve samrýmdir þessir menn hafa verið orðnir, og áhuga þeirra á safninu og einnig það, sem siðar kom fram alla þá tíð, sem Rafns naut við, að forstöðumenn safnsins áttu þar allt sitt traust, er Rafn var.

Hann byrjar bréf sitt á að þakka Rafni tilskrifid og framkvæmdir hans í þarfir safnsins og samgledst honum vegna prófessorsnafubótarinnar, en snýr sér svo þegar að safninu og ráðstöfunum þeim, sem hann hafi gert því til tryggingar og hagsmuna; þannig hafi hann ákveðið, að lántakendur

skuli til tryggingar fyrir bókalánum leggja til geymslu (deponera) 5 ríkisdali, svo að bókavörðurinn hafi jafnan eitthvert handbært fé og samtímis noti hann tækifærið til að spyrja lántakendur, hvort hann megi ekki skrifa þá fyrir litilli gjöf í peningum. Hyggur þetta þjóðráð og kveðst munu síðar skýra honum frá árangrinum. Fyrst um sinn kveðst hann munu taka að sér bókavardarstörf, til þess að koma þeim á réttan rekspöl, en hefur von um, að Gunnlaugur dómkirkjuprestur Oddsen síðar verði fáanlegur til að taka þau að sér, en ekki varð neitt úr því og hafði hann þau kauplaust á hendi alla þá tíð, sem hann var hér stiftamtmaður. Þá kveður hann lokið röðun og uppsetning alls safnsins, nema guðfræðisdeildarinnar, tölumerking bóka og samning bókaskrárinnar, en segist enn ekki hafa getað afritað skrána sökum anna sinna og skrifara sins, en lofar að senda Rafni hana með póstskipinu. Í safninu telur hann þá 1726 eintök og auk þess 72 tvítök, sem hann vill selja á uppboði og nota það fé, sem inn kemur, til bókbands og fleiri hillna. Ekki vill hann að sinni, meðan »grundvallarákvarðanir« safnsins eru óstaðfestar af konungi, beiðast bóka útgefna á opinberan kostnað, en væntir sterklega alls góðs af meðmælum hans hjá þeim, sem hlut eiga að máli, þegar þar að kemur. Að síðustu biður hann svo Rafn að segja sér, hverjar bækur séu út komnar á opinberan kostnað og sæmilegt sé um að biðja, kveðst vera óbókfróður maður og hafa fengið á því að kenna við samning skrárinnar og biður Rafn að endurskoða hana undir prentun. Loks biður hann Rafn að útvega safninu bókstimpil með tilheyrandi áhöldum,

Bréf þetta er gott sýnishorn þess, sem þegar hefur verið á drepið, hvað Rafn var þegar í byrjun og síðan um langan aldur fyrir safnið. Hann brást ekki fremur í þetta skifti en endranær trausti því, sem til hans var borið. Endurskoðun bókaskrárinnar framkvæmdi hann svo rækilega, að stiftamtmaður taldi jafnvel réttast, að hann setti nafn sitt á titilblað hennar, því að hann leiðrétti hana í mörgum greinum, fékk Þorstein Helgason (síðar prest í Reykholti) til að þýða hinn danska formála Hoppe framan við skrána á íslenzku og er sú þýðing prentuð andsíðis danska tekstanum, gerði jafnan nefndinni vísbendingu um þær bækur prentaðar á opinberan kostnað, sem hann taldi rétt um að biðja — þegar hann gerði það ekki

sjálfur — og útvegaði safninu einnig stimpilinn, með upphafsstöfum safnsins (I. S. B.), og fékk Bókmentafélagið til að kosta gerð hans.

Í formála¹⁾ þeim (fskj. XVI), sem Hoppe ritaði 1. janúardag 1827 framman við áður nefnt »registur« eða bókaskrá, sem hann hafði samið og út var gefin í Kaupmannahöfn 1828, gerir stiftamtmaður stuttlega grein fyrir helztu atriðum í myndunarsögu safnsins frá 1818 og skal hér einungis tilgreint það, sem enn hefur eigi verið frá skýrt.

Árið 1826 var safnið orðið því nær 2 þúsund bindi og þótti stiftamtmanni þá ekki mega lengur fresta að gera safnið nothæft fyrir almenning og samdi því skrá þá, sem Rafn leiðrétti og áður er um getið og telja má vel frá gengið, en með því að hann hafði til þessa verið einn um framkvæmdirnar, en hins vegar mörg störf fyrir hendi í safnsins þarsir, þá fékk hann þá Steingrím biskup Jónsson, Jón landlækni Þorsteinsson og C. W. Ebbesen kaupmann í Reykjavík til að gerast stjórnendur safnsins ásamt honum, en sjálfur tók hann auk þess að sér »fyrst um sinn« bókavarðarstörfín, eins og áður er sagt. Var nú samín skipulagsskrá (»grundvallarákvarðanir« = Fundats) fyrir safnið (fskj. XIII) í 4 greinum undirrituð af öllum 4 stjórnendum þess þann 5.²⁾ ágústdag 1826 og síðan send með bréfi dagsettu sama dag til kansellisins og beiðzt konunglegrar staðfestingar, en konungur staðfesti hana 15. nóvemberdag sama ár (fskj. XIV). Þá var og samdegis undirrituð af stjórn safnsins, »Reglugjörð fyrir bókavörð Íslands stiftisbókasafns« í 10 greinum.

Höfundur skipulagsskrárinnar og reglugerðarinnar er ekki tilgreindur, hvorki í formála stiftamtmanns við bókaskrána né heldur í umræðu- og bréfabók (Deliberations- og Copie-Bog) safnsins, sem byrjar 5. ágústdag 1826 og í eru skráðar bæði skráin og reglugerðin, en gera má ráð fyrir, að stiftamtmaður sé aðalhöfundur þeirra.

1) Upphaf formálans, eða því nær öll fyrsta blaðsíðan, er orðrétt (mutatis mutandis) tekin upp úr skýrslu Rafns um stiftisbókasafnið, prent. í Kaupmannahöfn 1826, og svo er og um erindi stjórnarnefndarinnar 5. ágústd. 1826 til kansellisins, er hún biður um konunglega staðfestingu á »grundvallarákvörðunum« safnsins, enda er það bréf með litlum orðamun samhljóða formála stiftamtmannsins.

2) Í Lovsaml. for Isl. 9. bd. 96. bls. stendur 4. ág.

Skipulagsskráin er frjálssleg og að mörgu leyti skynsamlega hugsuð, lögð áherzla á, að við útvegum nýrra bóka sé sérstaklega tekið tillit til vísindalegra nota og gagnlegra rita fyrir almenning og að bókaútlánunum verði sem frjálsslegast fyrir komið, en hitt virðist illskiljanlegt, hvernig bókalán gætu orðið »öllum á Íslandi heimil«, eins og þá var háttað samgöngum hér á landi, og á 3. grein var sá galli, sem síðar varð að ásteytingarsteini, að stiftisýfirvöldin eru bæði meðlimir stjórnarnefndarinnar og um leið yfirumsjónarmenn hennar. Orðalag greinarinnar virðist benda á, að stiftisýfirvöldunum hafi verið þessi mótsögn nokkurn veginn ljós, en nauðsyn hafi hér sem oftast brotið rétt hugsunarlög, þar sem allt verkið varð að vinna í byrjun endurgjaldslaust, en fáam á að skipa í fátæktinni og fámenninu, enda hélzt þetta fyrirkomulag enn um frek 20 ár, þar til er þeir M. H. Rosenörn stiftamtmaður og Helgi biskup Thordersen taka skarið af og neita að taka sæli í stjórnarnefndinni, með því að það sé ósamrýmilegt stöðu þeirra sem yfirumsjónarmanna safnsins, og tekur þá Jón Árnason við bókavardarstarfinu (1848).

Reglugerðin fyrir bókavörð safnsins er miklu ítarlegri en skipulagsskráin; eru honum settar nákvæmar reglur og strangar fyrirskipanir um hvað eina, skal hann auk þess hlýða öllum þeim frekari ákvörðunum, er stjórn bókasafnsins framvegis virðist nauðsyn að gera, »bæði til ítarligri reglusemis og frjálssari notkunar bókasafnsins«, en fyrir »starf sitt fær hann það, sem honum nú er eða framvegis verður af stjórn bókasafnsins eftir efnum og ástandi þess þar fyrir ákveðið«. Í reglugerðinni er bókaverðinum einnig falin ræsting safnsins. Um ytri framkomu hans er jafnvel tekið fram, að hann eigi að taka »hverjum og einum þægilega og með ljúfmennsku«, og gagnvart stjórninni skal hann gera tafarlaust skil »bæði fyrir bókasafninu og peningum þeim, sem hann hefur við tekið, þegar hún þess að honum krefst og á hann þá undir eins að sýna bókina, sem í er skráð, hvað hverjum hefur léð verið úr safninu, ásamt meðkenningarblöðunum, sem eftir eru, til frekari aðgæzlu«. Má svo að orði kveða, að Hoppe stiftamtmaður hafi í þessum greinum ekki farið í neitt manngreinarálit við Hoppe bókavörð, sem og vera bar.

Af áðurnefndri umræðu- og bréfabók (Deliberations- og Copie-Bog) má sjá, að stjórn safnsins hefur einnig 5. ágúst. 1826 samþykkt reglur um út-

lán bóka úr stiftisbókasafninu, en síðar var þeim reglum breytt, eða öllu heldur þær auknar, og eru þær prentaðar framan við bókaskrána og undirritaðar af stjórnendunum 7. maídag 1827 (fskj. XV). Samkvæmt reglum þessum var bókasafnið opið einn dag í viku hverri (miðvikudag) milli 11 og 12. Lánbeiðendur voru skyldir að greiða 48 skildinga (= 1 krónu) á ári fyrir afnot safnsins og auk þess fá bókaverði til geymslu 5 ríkisdali (= 10 krónur) til tryggingar fyrir bókum þeim, sem þeir fengi að láni; að öðrum kosti útvega sér gildan ábyrgðarmann í Reykjavík eða grendinni. Fyrir lánsbókum var þá, sem nú, gefin skrifleg viðurkenning og enginn úr Reykjavík eða Gullbringusýslu fékk útlánuð fleiri en 3 bindi í senn, þeir, sem lengra voru að, flest 6 bindi, ef um ritstörf var að ræða. Bókum máttu Reykvíkingar lengst halda í 3 vikur, menn úr Gullbringusýslu í 6 vikur, en annarstaðar að um svo langan tíma sem um samdist í hvert skifti. Viku dráttur varðaði 16 skildingum fyrir menn í Reykjavík og nágrenninu, og þannig framvegis, þar til er bók mátti aftur ljá. En lengja mátti lántökutíma bókar, ef enginn hafði um hana beðið, meðan hún var í láni. Fyrir skemdir á bókum eða hálfis árs vanskil án gildra orsaka skyldi lántakandi greiða nýjar bækur. Fágæt og dýr rit, kort og koparstungur voru undanskilin útláni, og loks áskildi stjórnin sér rétt til að neita vanskila- og vanhirdumönnum um bókalán.

Reglur þessar voru ágætar, frjálsgengar í aðra röndina, en harðar í hina, en svo fór um þær, er fram liðu stundir, að leyfin voru notuð, en hegningin vanrækt, enda oft og tíðum örðugt að framkvæma hana.

Framanvið bókaskrá stiftisbókasafnsins, prent. í Kaupmannahöfn 1828, er loks skrá eða listi yfir velgerðamenn safnsins og bindatölu eða eintakatölu þá, sem þeir hafa gefið. Samkvæmt skrá þessari voru bækur safnsins í árslok 1827 alls orðnar 4077 bindi, en af þeim voru 300 tvítök og höfðu 243 þeirra verið seld á uppboði í Reykjavík, en 57 gefin amtsbókasafni Norður- og Austuramtsins, svo að bókasafnið átti þá 3777 bindi, sem öll voru fengin að gjöf, að undanteknum 35 bindum, sem keypt höfðu verið samkvæmt fyrirmælum stjórnarnefndarinnar og flest munu verið hafa úr dánarbúi Benedikts assessors Gröndals, († ³⁰/₇ 1825), því að í fundabók stjórnarnefndarinnar er þess getið, að Hoppe stiftamtmaður hafi á nefndar-

fundum 6. des. og 12. des. 1826 stungið upp á, að keyptar væru nokkrar bækur af ekkju Gröndals fyrir samtals 22 rd. 80 sk. og síðar (⁸/₁ 1827) bar Ebbesen kaupmaður einnig fram tillögu um að kaupa enn nokkrar bækur af ekkjufrúnni fyrir 11 rd. 32 sk. og voru tillögur þeirra samþykktar. Bækur þessar og fleiri rit úr sama dánarbúi keypti nefndin fyrir 50 rd. af tryggingarfé því, sem hjá henni lá, fyrir vanskilum bóka (sbr. fskj. XVII) og auk þess barst henni um þetta leyti nokkurt fé frá landfógeta, sem var andvirði tvitaka þeirra, sem Hoppe hafði lagt til, að seld yrðu á uppboði. Úr öðru hafði hún ekki að spila og má því með sannni segja, að safnið hafi fyrstu 10 ár æfi sinnar orðið til og vaxið af tómum gjöfum og þeim mestmegnis erlendum. Stærstur gefandi var konunglega bókhlaðan mikla (569 bd.), þá hinn kunni fræðslumálamaður og hermaður, major J. N. B. v. Abrahamson (354 bd.), þá Sveinn fjórðungslæknir Pálsson (276 bd.) mestmegnis læknisfræðilegs og náttúrufræðilegs efnis), próf. C. C. Rafn (153 bd.), Hoppe stiftamtmaður (125 bd.¹), stiftisbókasafnið í Aarhus (78 bd.), herdómari F. Faber í Horsens (93 bd.), kammerjunker H. C. Reedtz (78 bd.), verzlunarstjóri P. Rist í Reykjavík (70 bd.), M. R. Ursin, prestur í Viborg (64 bd.), Poulsen bóksali og kammerjunker F. Urne (hvor 58 bd.), A. Winter klæðskeri (57 bd.), Winther skurðlæknir (52 bd.), konungurinn (49 bd.), cand. jur. Vigfús Erichsen (46 bd.), kammerjunker A. C. Teilmann á St. Croix (43 bd.), yfirhirðmarskalkur A. W. v. Hauch (42 bd.), cand. jur. Lengníc kapteinn og prentari major A. Seidelin (40 bd. hvor), Magofsky djákni á Sandager á Fjöni (38 bd.), kórdjókni H. Rasmussen í Assens (37 bd.), bóksali N. Colding (36 bd.), P. Rammeskov kaupmaður í Middelfart og Th. H. Thomsen verzlunarstjóri í Reykjavík (33 bd. hvor), J. G. Briem prestur á Jöllandí, W. Ebbesen²) kaupmaður í Reykjavík og próf. Finnur Magnússon í Kaupmannahöfn (32 bd. hver), kammerherra J. C. v. Hoppe (31 bd.), cand. theol. H. C. Fahnö, stud. jur. H. Knudsen og landlæknir Jón Thorsteinson (30 bd. hver), leyndarkonferenzráð J. v. Bülow (29 bd. og

1) Hann hafði auk þess gefið safninu ýms húsgögn, ritföng, »protokolla«, flutningsgjald undir erlendar bækur o. fl. og safnað talsverðu af bókum.

2) Ebbesen hafði auk þess kostað band á 30 bindum.

ýms húsgögn), Dam skólakennari í Trankvebar (29 bd.), J. Adamson, sekreteri í Newcastle, R. Jacobsen kennari í Middelfart, leyndarconferenzráð F. v. Moltke og Möller verzlunarmaður í Reykjavík (28 bd. hver), stud. theol. Þorsteinn Helgason (26 bd.), kanselliráðsfrú Barchmann í Assens, bóksali G. Fleischer í Leipzig (fyrir tilstilli barúns de la Motte Fouqué), prentari lieutenant H. F. Popp og B. F. Rönne prestur í Lyngby (25 bd. hver), Th. Overskou kgl. leikari í Kaupmannahöfn (24 bd.), Geir biskup Vídalín (23 bd.), S. Hansen kaupmaður í Reykjavík (22 bd.), meistari og undirbókavörður Bloch og kammerherra F. v. Hoppe (20 bd. hvor). Þá skal loks getið P. Iversens hringjara í Middelfart, sem safnað hafði 253 bindum handa safninu og síðast en ekki sízt hins íslenska Bókmentafélags, sem ekki einungis hafði gefið safninu 13 bindi, heldur einnig bundið margar bækur safnsins á sinn eigin kostnað, safnað handa því meira en 200 bindum og kostað prentun bókaskrárinnar.

Þess ber og að geta, að í gefendaskránni er nefndur maður, að nafni J. Poulsen, sem gefið hafi 7 bindi. Hann er þar sagður skrifari í stiftis-skrifstofu Íslands og því við bætt, að hann hafi aðstoðað við skriftir og hjálpað til við röðun og uppsetning safnsins. Í sálmaregistri Reykjavíkurprestakalls 1828 er maður þessi nefndur Jóh. Pálsson stiftisfulltrúi (Stiftsfuldmægtig) og mun vera Jóhann Pálsson, sem 1832 vigðist prestur að Auðkúlu í Húnavatnssýslu og dó þar 1840 eftir 8 ára embættisþjónustu. Er hans hér sérstaklega getið vegna þess að ætla má, að hann hafi verið aðalstoð Hoppe stiftamtmanns við bókayardarstörfin.

Auk áður taldra Íslendinga gáfu einnig fleiri Íslendingar safninu bækur, svo sem Páll Árnason rektor 18 bd., séra Þ. Bjarnason 3 bd., séra Gísli Brynjúlfsson 1 bd., Ísleifur etazráð Einarsson 9 bd., sira S. Einarsson 1 bd., Ó. Finsen sýslumaður 7 bd., E. Guðmundsen vara-skurðlæknir 2 bd., Þorgeir Guðmundsson cand. theol. 8 bd., stud. theol. Hjálmarsson 8 bd., séra H. Jónsson 2 bd., Jón lektor Jónsson Bessastöðum 17 bd., Þorl. Guðmundsson Repp bókavörður í Edinborg 1 bd., Sivertsen kaupm. í Reykjavík 7 bd., Þórður sýslum. Sveinbjörnsson 17 bd., Eir. sýslum. Sverrisson 1 bd., H. Thorgrimsen 3 bd., Þ. Thorgrimsen stúdent 5 bd., B. Thorlacius etazráð 3 bd.

1927—1828

Það er einkennilegt við þessa gjafaskrá, hve margir hátt settir menn og hermenn og einnig margir Fjónbúar eru meðal gefendanna, en það skýrist fljótt, þegar þess er gætt, að Rafn, lífið og sálin í öllum þessum framkvæmdum, var sjálfur fæddur og upp alinn á Fjóni og lautenant í hernum fyrst framan af æfi sinni, en síðar doktor í heimspeki og prófessor að nafnbót og mjög handgenginn ýmsum visindamönnum og mentafrömuðum þeirra tíma.

Eins og áður er frá skýrt, þýddi cand. theol. Þorsteinn Helgason, síðar prestur í Reykholti, formála Hoppe stiftamtmanns fyrir bókaskránni á islenzku, skipulagsskrána og staðfesting hennar, ákvarðanir um bókalán og reglugjörð fyrir bókavörð, en auk þess leiðrétti hann einnig handritið að skránni í ýmsum greinum og jók það, að líkindum að þeim bókum, sem safninu höfðu bætt erlendis eftir að handritið fór frá Íslandi, en cand. jur. Vigfús Eriksen (bróðursonur Jóns konferenzráðs Eiríkssonar) las próförk af skránni »án þess að krefjast annara launa en meðvitundarinnar um að hafa lagt sinn skerf að þjóðnýtu máli«. Báðum þessum mönnum sendi svo stjórnarnefndin hlý þakkarbréf (dags. 17. júní. 1828) fyrir vel af hendi leyst verk og bókagjafir þeirra og væntir »hylli þeirra og hjálpar stofnuninni til handa framvegis«. Þá skrifar nefndin einnig (1. júní. 1828) þeim prófessor Ólafi Ólafssyni á Kongsberg og J. R. Keyser í Kristianíu, sem þá var nýlega kominn heim til Noregs úr Íslandsför sinni, en hér hafði hann verið í 2 ár (1825—27) og lesið fornislensku undir handleiðslu Sveinbjarnar Egilssonar á Bessastöðum.¹⁾ Nefndin sendir þeim báðum bókaskrána, talar um álitlegan vöxt safnsins og væntanlegar gjafir frá Englandi og Þýzka-landi, kveður stjórn Dana og fræðimenn þeirra hlýja og hugulsama í garð safnsins, og væntir þess, að Íslands gamla móðurland, Noregur, verði ekki eftirbátur hinna landanna í þessum efnum, að Ólafur sem borinn Íslendingur styðji safnið eftir mætti þar eystra og væntir sérstaklega aðstoðar Keyser vegna þekkingar hans á landi og þjóð, kunnáttu í islenzkum fræðum og dvalar hans í höfuðborg og háskólabæ Noregs, svo og sambands

1) Til er í Landsbókasafninu lítil mynd af Sveinb. Egilssyni, sem er sögð gerð af Keyser.

hans við norska fræðimenn. Telja þeir hann máttugastan og vænlegastan allra til forgöngu þessa máls í Noregi og vitna í ljúfa framkomu hans hér á landi til tryggingar því, að hann taki ekki orð þeirra illa, þótt hann einhverra hluta vegna kunni ekki að geta beitt sér fyrir málinu. Gjafir, hvort heldur í bókum eða peningum, telja þeir jafnkærkomnar og kveða próf. Rafn, stofnara safnsins og hjálparhelli, munu veita þeim móttöku.

Vorið 1828 (6. maí.) skrifar forstöðunefndin einnig Sveini lækni Pálsyni, sendir honum bókaskrána og þakkar honum hans höfðinglegu bóka-gjöf (276 bd.), sem þeir telja þá »álitlegustu gjöf, sem hingað til hafi komið til safnsins frá Íslandi« (den anseeligste Gave, som hidtil er indkommet fra Island), og segja þá komin frek 200 bindi fram yfir bindatölu bókaskrárinnar, en sá ritauki var 7 vikum síðar kominn upp í 500 bindi (sbr. bréf nefndarinnar til Bókmentafélagsins 24. júnídag sama ár). Vona þeir hann fallist á reglugerð safnsins og óska liðsinnis hans framvegis. Að lokum láta þeir hann vita, að héraðsbúar hans geti fengið bókaskrána — $13\frac{1}{2}$ örk að stærð — gegn einhverri gjöf til safnsins, er þeir sjálfir til taki, þó ei undir 32 sk. fyrir prentpappírs eintakið, en 1 rd. á skrifpappír. — Þá skrifar nefndin einnig samdegis amtmönnunum í Vesturamtinu, Suðuramtinu og Norður- og Austuramtinu og biskupinum yfir Íslandi, sendir þeim bókaskrána með sömu ummælum og hún hafði við Svein lækni Pálsson og biður þá að tilkynna í ömtunum og biskupinn að gera kunna meðal prestanna útkomu skrárinnar og söluskilyrðin. Amtmanninum í Norður- og Austuramtinu senda þeir einnig skrá yfir tvítök safnsins og biðja hann að velja úr þeim það, sem hann vilji handa amtsbókasafninu á Akureyri og annast flutning þeirra norður, með því að safnið geti ekki fyrir fátæktar sakir kostað umbúðir og flutning þeirra. — Það var í samráði við Rafn eða öllu heldur fyrir hans tilstilli, að nefndin fór að gefa amtsbókasafninu fyrir norðan tvítök safnsins; hélt hún þeim síð um allmörg ár og varð þannig stiftisbókasafnið amtsbókasafninu að nokkuru liði, en samtímis hvarf sú litla tekjulind, sem safnið hafði áður haft í sölu tvítakanna.

Af bréfi stjórnarnefndar til Rafns, dags. 10. júlí. 1827, sést, að nefndin og Rafn höfðu upphaflega verið ósamdóma um eintakafjölda og verð bókaskrárinnar. Rafn var stórhuga, vildi láta prenta skrána í mörgum ein-

tökum og selja hana á rikisdal. Sjálfur vildi hann fá 300 eintök af henni og sagði, sem sattu var, að góð bókaskrá væri hin beztu meðmæli með safninu, en nefndin kvaðst varla mundu geta selt meira en 200 eintök og telja 500 eintök alls meira en nægilegt, býst einnig við vexti og ritauka, þegar tímar líði fram, og því hentugra, að verðið sé vægt, ekki meira en 16 til 24 skildingar, allt að 32 skildingum, ef skráin verði mjög stór. Þó fela þeir að lokum úrskurðinn honum á vald og eftir því sem sagt er hér að framan urðu þær málamiðlanir, að vanaleg eintök voru seld á 32 skildinga, en skrifpappirseintök á rikisdal, og samt kvartar stiftamtmaður síðar í bréfum til Rafns um, hve lítið seljist af skránni, svo að nefndin hafði í þetta sinn rétt að mæla, enda var henni kunnugra um ástæðurnar hér á landi, fátæktina og alla deyfðina, en Rafni, sem aldrei sté hér fæti á land.

Þá hafði nefndin og í fyrstu viljað heimta eingöngu tryggingarfé (depositum) fyrir bókalánum, en samkvæmt tillögum Rafns var því ákvæði breytt á þann hátt, sem tíðkaðist við hin opinberu söfn í Kaupmannahöfn, að í þess stað var einnig tekin gild ábyrgð valinkunnra manna í Reykjavík eða grendinni. En tillögu Rafns um, að hver prestur og stúdent skyldu eftir vigslu eða burtfararpróf leggja eitthvað af mörkum til bókasafnsins, var nefndin með öllu fráhverf og vitnaði um það efni til fenginnar reynslu við skólabókasafnið. Aftur á móti tók hún tillögur Rafns til greina um að færa niður sektir fyrir vanskil bóka í 16 skildinga fyrir hverrar viku drátt í Reykjavík og Hafnarfirði, en afnema þær fyrir lánsbækur í fjarlægð, með því að samgönguleysið gerði mönnum oftlega ókleyft að skila bókum langt að á tilteknum tíma.

Eitt var það meðal annars, sem stóð safninu fyrir þrifum og seint varð bót á ráðin, hve bókband var hér á afarlágu stigi, því að bæði vantaði brúkleg áhöld og viðunanlegt efni og svo var þekking bókbindaranna á þessari iðn af mjög svo skornum skammti, enda kallar stiftamtmaðurinn þá klaufa (Fuskere) í bréfi til Rafns. Þess vegna var það, er vandaðar bækur bárust safninu óbundnar, svo sem hið dýra ritverk *Flora danica*, *Danske mynter* o. fl. úr konungsgjöfnni, þá neyddist nefndin til að senda bækurnar aftur til Hafnar til að fá þær bundnar, og var þá jafnan í því, sem öðru, flúið til Rafns og hann beðinn að annast verkið (sbr. bréf 3. janúard.

1823 1828 frá Hoppe til Rafns og viðar). En alt kostaði þetta fé og svo bættist það við, að í byrjun ársins 1828 var biskupshúsið í Lauganesi fullgert og var þá biskupsskjalasafnið flutt þangað, en við það rýmkaðist mikið um fyrir safnið á kirkjuloftinu, enda var þess full þörf, því að húsrúm var frá byrjun mjög af skorum skamti og um þetta leyti von á stórra bókasendingu frá Danmörku, er Rafn hafði safnað. Hins vegar voru gjafir til safnsins mest í bókum, en peningagjafir mjög smáar, er undan er skilin konungsgjöfin, þessir 840 ríkisdalir, sem áður er um getið, og varið hafði verið til að útbúa í byrjun herbergi og hillur fyrir safnið á kirkjuloftinu, áður en það var flutt þangað. Því var það, að nefndin (í bréfi 17. júnid. 1828) sneri sér til stjórnarinnar fyrir hinu »Classenske Fidei Commis«, sem um þetta leyti hafði gefið safninu nokkrar bækur. Getur hún þess í bréfinu, að Ísland hafi hingað til farið varhluta af þeim gæðum, sem hinir aðrir hlutar Danmerkur hafi orðið aðnjólandi fyrir hið þýðingarmikla starf þessarar stofnunar í þarfir landbúnaðar, hagfræði og náttúrufræði, þótt þörfin sé brýnust hér vegna staðhátta landsins. Hlutverk bókasafnsins sé að ráða bót á þessum vandkvæðum, en því miður vanti það algerlega sjóð (Fonds) til að kaupa ný rit í þessum greinum og peninga til bókbands og því mælist þeir til hjálpar frá stjórn stofnunarinnar, áhugi þeirra verði að vera þeirra afsökun og safnið muni »með tímanum geta orðið til ómetanlegs gagns fyrir hina bókhneigðu íslenzku þjóð, sem er sólgin í fræðslu, en hefur ekki efni á að veita sér hana«.

Þá skrifaði stjórnarnefndin einnig samdegis (17. júnid. 1828) hinu konunglega danska landbúnaðarfélagi (Det kgl. danske Landhusholdningsselskab) rækilegt bréf, sem bar góðan árangur, og hljóðar svo (í íslenskri þýðingu):

»Það er alment viðurkent, hve viðtæk, sterk og heppileg áhrif hið konungl. Landbúnaðarfélag hefur haft á framleiðslu o. s. frv. í öllu Danaveldi. — En staðhættir Íslands og hin óheppilega lega þess á jarðarhnettinum hefur valdið því, að félagið hefur enn ekki, þrátt fyrir ágætan vilja og áhugasamar tilraunir, getað unnið þessu landi sama gagn sem flestum öðrum dönskum ríkishlutum. — Aðalpresköldurinn í þessu efni er sá, að Íslendingar eru að jafnaði ófróðir um náttúruöflin (Naturens Kræfter), þótt til séu meðal þeirra ekki allfáir lærðir menn og þeir séu alkunnir fyrir áhuga sinn á guðfræðilegum og heimspekilegum vísindum, svo og sagnfræði og öðrum skyldum

visindagreinum, og því síður eru þeim kunnar búfræði og iðnaðarfræði, og því er það svo, sem einnig hefur viljað við brenna í öðrum löndum, að jafnvel menn, sem standa alþýðunni ofar, virða þessi vísindi að vettugi, telja verklega æfingu nægja og aðferð feðranna þá einu réttu við öll búskaparfyrtæki. Eins og sjá má af hinni konungl. staðfestu skipulagsskrá stiftisbókasafnsins, er það eitt af aðalhlutverkum safnsins að starfa gegn þessum hugsunarhætti og efla áhuga á náttúrufræði og búvísindum, og hin almenna lestrarfýst hér á landi, einnig meðal alþýðu, gefur oss einnig vonir um, að bókasafninu mundi vel og bráðlega verða ágengt að þessu takmarki, ef það einungis hefði á að skipa nægum ritum í þessum greinum, en safnið á að eins fátt af þeim í samiburði við önnur ritverk, t. d. sögurit, eins og hæstvirt félag getur séð af bóka-skránni, sem vér leyfum oss að senda með þessu bréfi.

Með því að stofnunin á ekkert fé til að kaupa þess konar rit fyrir, eru engin önnur úrræði fyrirjáanleg en sú aðferð, sem alt safnið á tilveru sína að pakka, gjafaleiðin til stjórnar vorrar, sem er vonarstjarna allra visindalegra fyrirtækja (alle vidensk. foretagenders yndede regjering), til ýmissa opinberra félaga og stofnana og allmargra einstakra heiðursmanna, eins og sjá má nánar af gjafalistanum fyrir framan bóka-skrána.

Ef hæstvirt félag er oss samdóma um þetta, þá munu menn einnig játa, að ein sú allraheppilegasta leið, sem félagið gæti farið til að hjálpa Íslandi og undirbúa verkleg fyrirtæki sín, svo sem verðlaun o. fl., væri sú, að félagið tæki þá heppilegu og nota-drjúgu ákvörðun að gefa landinu eða bókasafni þess rit þau, sem það hefur gefið út á sinn kostnað, en það ritsafn er svo dýrt, eftir islenzkum mælikvarða, að enginn einstakur maður hér á landi mun áreiðanlega nokkru sinni útvega sér það, enda eru fá eða engin rit úr því safni nú til hér á landi.

Pótt svo færi, að hæstvirt félag sæi sér ekki fært að uppfylla þessar óskir vorar, þá treystum vér frjálslýndi þess og gófugmensku til að fyrirgefa oss þetta djárfmann-lega bréf, sem er sprottið af einlægum áhuga á vexti og viðgangi stofnunar þeirrar, er vér stýrum og enn er í bernsku, en síðar mun geta orðið að ómetanlegu gagni.

Bréf þetta varð safninu að allmiklu liði, því að stjórn Landbúnaðarfé-lagsins sendi því í lok sama árs öll rit sín (frá 1776 til 1816), og eru þau enn til, en virðast því miður hafa verið mjög lítið notuð.

Þá skrifaði nefndin einnig samtímis stjórn Reiersenska sjóðsins (Fond) ¹⁾ og bað um »riflegt tillag úr honum til að kaupa fyrir nýrri hagfræðileg rit,

1) Sjóður þessi var stofnaður með testamentisgerð etazráðs N. L. Reiersen (1742—1795) til iðnaðarframfara í Kaupmannahöfn og sjálenzkum kaupstöðum, veitti verðlaun, ferðastyrk og gaf út bækur um iðnaðarleg efni.

1828 einkum þau, er snertu iðnað, eða þá »að minsta kosti að fá ókeypis rit þau, er út voru gefin á kostnað sjóðsins«; þá skrifaði og nefndin samdegis hinu konunglega danska »Selskab for Fædrenelandets Historie og Sprog«, sendi því bókaskrána og bað um forlagsbækur þess, einkum ættfræðilegar (Ade- ligt Lexikon). Þá skrifaði nefndin einnig íslenzku bókmentafélagsdeildinni í Kaupmannahöfn þetta sama vor (24. júnídag) langt og hlýtt þakkarbréf, fyrir alla hjálpinu með bókaskrána, fyrir áður gefnar bækur, band á ýms- um ritverkum og bókastimpilinn. Einnig minnst þeir á skipulagsskrána og reglur safnsins og láta í ljós þá von, að þar sé jafnt hugsað um frjálsa notkun safnsins sem varðveizlu þess, og loks biðja þeir félagsstjórnina að setja árlega í Skirni stutta skýrslu á íslenzku um safnið og útdrátt af árs- reikningi þess.

Nefndin hafði einnig í byrjun ársins 1828 skrifað C. C. Zahrtmann, sem þá var nýlega (1826) orðinn forstjóri konunglega sjúkortasafnsins danska og þakkað því allar sjúkortagjafirnar, sem bókasafnið hafði smámsaman fengið sendar þaðan, og æskir frekari sendinga þaðan, svo sem sjóbréfs yfir aust- urströndina frá »Múlahöfn« til »Ingólfshöfða«, og biður einnig um þau sæ- bréf, sem út séu komin yfir skipaleiðirnar milli Danmerkur, Noregs, Eng- lands, Ameríku og Íslands, og enn fremur »öll þau siglingarit, töflur og bréf, sem sæskjalasafnið gæti afhent eða teldi rétt að afhenda bókasafninu«.

Sömu leiðis hafði nefndin einnig í janúarmánuði s. á. ritað justizráði Weinrich, bókaverði við handbókasafn konungs, og mælt til, að hann út- vegaði stiftisbókasafninu, eins og öllum öðrum stiftisbókasöfnum í Dan- mörku, 1 eintak af riti konferenzráðs og yfir-byggingastjóra Hansens, »Sam- ling af forskellige offentlige og private Bygninger«. Nefndarmenn ælla, að hann hafi lagt með hinum stiftisbókasöfnunum við konung, með því að hann sé alkunnur fyrir áhuga sinn á fögrum listum í »föðurlandi voru«,¹⁾ og því snúa þeir sér til hans í þessu efni, og það því fremur, sem þeir hafi kom- izt að raun um, að ritið »Den danske Vitruvius« hér í stiftisbókasafninu hafi vakið hjá mörgum eftirtekt og áhuga á hinum opinberu byggingum »föðurlandsins«, sem áður hafi verið mörgum hérlandis með öllu ókunnar.

1) Svo nefna þeir Danmörku, og má það til sanns vegar færast um *suma* þeirra.

Á þessu yfirliti yfir bréfastörf nefndarinnar árið 1828, sem auðvitað ein- 1828
ungis nær til ítarlegri bréfa hennar, en ekki til ýmissa annara minni háttar
kvittana- og þakkarbréfa, má sjá, að stjórn bókasafnsins hefur ekki legið
á liði sinu, enda gaf útkoma bókaskrárinnar og útsending henni hið bezta
tækifæri til að kynna mönnum safnið og mæla með því heima fyrir og er-
lendis, en það hafði aftur í för með sér, eins og Rafn hafði fyrir séð, meiri
notkun og aðsókn að safninu og fleiri gjafir. Þetta ár höfðu þannig um 20
manns notað safnið að staðaldri, mestmegnis embættismenn í Reykjavík og
grendinni, og ritauki safnsins frá samning skrárinnar var þegar á miðju ári,
eins og áður er ávíkið, orðinn hálf þúsund bindi, og hafði þó ýmsum ný-
komnum bókum verið bætt inn í skrána í Kaupmannahöfn, meðan hún
var þar til endurskoðunar og prentunar.

Mönnum kann að virðast kenna of mikillar auðmýktar og undirgefni í
ýmsum bréfum nefndarinnar, en til þess er það að segja, að hæði átti
nefndin undir högg að sækja hjá ýmsum stofnunum, sem eðlilega tóku
landa sína og stiftisbókasöfnin dönsku fram yfir okunna eyjarskeggja langt
norður í úthöfum, og svo var tíðarandinn kurteisari en nú gerist gegn yfirboð-
urum og velgerðamönnum, því að mönnum hafði enn ekki lært að heimta
alt harðri hendi, sem þá vanhagaði um. Menn báðu um uppfylling þarfa
sinna, en kröfðust hennar ekki. Sumum kann aftur á móti að þykja nefndin
hafa gert of mikið að gjafabónum til stofnana og einstakra manna, en þess
ber vel að gæta, að engin önnur leið var fær. Nefndin stóð með tvær
hendur tómar og safnið, sem var stofnað með gjöfum, varð að vaxa og
dafna á gjöfum, enda sanngjarnt, að Danir legðu talsvert af mörkum til
stofnunarinnar, þar sem arðurinn af verzluninni íslenzku hafði um langan
aldur runnið í þeirra vasa, stólsjarðasalan nýlega afstaðin með alt andvirði
hennar í konungsins kassa, og prentsmiðjurnar íslenzku skyldaðar til að
senda dönskum bókasöfnum endurgjaldslaust það, sem í þeim var prentað
o. s. frv. — Fjárskorturinn var aðalþresköldurinn og ásteytingarhellan á 1829
vegi safnsins, bæði þá og síðar, til vaxtar og þrifa og því var það, að nefnd-
in þann 18. febrúardag 1829 sendi umburðarbréf út um landið, það er hér
fer á eftir (í íslenzkri þýðingu):

»Svo sem kunnugt er, hefur Stifðisbókasafn Íslands náð álitlegum vexti á síðari árum og er notað af talsverðum hluta landsmanna, jafnvel í fjarlægum héruðum, en að sama skapi sem bókatölan og afnot þess fara vaxandi, vex einnig fjárförðin, ekki einungis til bókbands og viðgerða, heldur einnig til ýmislegra smáútgjalda, sem þesskonar stofnanir hafa í för með sér, og fáum vér nú óþægilega að kenna á fjárskorti, eftir að talsverð fjárupphæð hefur síðastliðið ár gengið til stækkunar á húsrúmi bókasafnsins o. fl. Að visu er skortur þessi einkanlega því að kenna, að bókasafnið er öllum frjálst til notkunar algerlega endurgjaldslaust, [því að 48 skilðinga gjald við fyrstu útlán er svo litilfjörlegt, að það skiftir sama sem engu], og mætti ráða bót á honum með því að leggja árlegt gjald á þá, sem nota safnið, en þar sem flestar bækur safnsins eru fengnar að gjöf, og aðaltilgangur stofnunarinnar er að útbreidda vísindi og fræðslu hér á landi, en þeim tilgangi yrði ef til vill síður náð, ef notkunin yrði meira takmörkuð, þá viljum vér eigi taka það ráð, fyr en í öll skjól er fokið, og kjósum því heldur að skora á notendur safnsins og aðra vini þess að skrifa sig á boðsbréf þetta fyrir fjárframlagi því, er þeir sjálfir ráða.

Þeir, sem óska að kynna sér nánar núverandi ástand bókasafnsins, munu geta fengið að sjá reikninga þess í skrifstofu Stifðis- og Suðurstofnsins, sem geymdir eru í skjalasafni þess.

Umburðarbréf þetta virðist hafa bætt nokkuð úr fjárhagsvandráðum safnsins, því að nefndin getur þess í fylgibréfi sínu 4. janúardag 1830 með ársreikningi safnsins fyrir árið 1829, að peningatekjur safnsins hafi aukizt á árinu, bæði af því að allmargir í Reykjavík og grendinni hafi skrifað sig (subscriberað) fyrir árlegu tillagi og sumir goldið tillag sitt í eitt skifti fyrir öll og gefi það góðar vonir um betri fjárhag í framtíðinni.

Í byrjun ársins 1829 átti bókasafnið á bak að sjá sínum ötulasta styrktarmanni héraðsins, Peder Fieldsted Hoppe stiftamtmanni, sem var leystur frá embætti sínu hér 17. janúardag 1829, eftir að hann 8. dag nóvembermánn. 1828 hafði verið skipaður amtmaður í Vejle-amti á Jótlandi. Hann hafði bæði verið bókaforður og gjaldkeri bókasafnsins alla þá tíð, sem hann var hér — eða um því nær 5 ár (að meðtöldum þeim 9 mánuðum, sem hann var erlendis 1825—26) —, og reynzt safninu hinn þarfasti maður í hvívetna og jafnvel áhugasamari um málefni þess en Íslendingar sjálfir. Í bréfum hans til Ráðs kemur jafnan fram hinn sami áhugi og einlægi vilji til að auðga safnið og koma því í sem bezt horf og hann kvartar upp á síðkastið yfir deyfð og dæða landsmanna, t. d. hve illa

gangi sala bótaskrárinnar, þar sem ekki séu þá enn seld (1. sept. 1828) 1829 nema 50 eintök, þrátt fyrir hið lága verð hennar, en segir samt, að það hafi ekki komið flatt upp á sig, »því að Íslendingar reynist yfirleitt hálfvolgir í þessu máli«, en ekki viti hann, hvers vegna svo sé. Samt kveður hann enga ástæðu til að æðrast eða þreystast, því að þetta lagist með tímanum, erlendar þjóðir styrki þá, og einhvern tíma muni opnast augun á Íslendingum fyrir nytsemi safnsins. Samvinna Rafns og hans var hin ágætasta, enda talar hann í bréfum sínum til hans um kostgæfni hans og lærdóm og hve það gleðji sig að vinna með slíkum manni að jafnnaðsýnlegu fyrirtæki sem bókasafnið sé, og til merkis um þá virðingu, sem hann hefur borið fyrir Rafni og afskiftum hans af bókasafninu, má geta þess, að hann biður Rafn um mynd¹⁾ af sér til að hengja upp í bókasafninu, en bætir svo við: »Skyldi yðar mikla hæverska kunna þessu illa, þá sendið mér myndina í kyrpey«. Honum virðist vera í nöp við einhverja menn í Reykjavík eða nágrenninu, sem niðri safninu, og talar í bréfi til Rafns um »mann nokkurn, sem hafi sagt »kollegíinu«, að stiftisbókasafnið lægi í böglum á kirkjulofsti, þar sem enginn gæti haft þess not, og auk þess væri það illa sett í Reykjavík, þar sem fáir eða engir bókmentamenn (Litterati) væru búsettir«. Stiftamtmaður nafngreinir ekki manninn, en geta mælti til, að hér væri átt við Magnús konferenzráð í Viðey, því að hann virðist ekki hafa haft neinar mætur á bókasafninu, ef til vill vegna Landsuppfræðingarfélagsins, og til er bréf til Rafns (Lbs. 485, 4to) frá þú-bróður hans, Gunnlaugi dómkirkjupresti Oddsen, sem hann segist skrifa í húskytru í Reykjavík innan um krakkaarg. Í því segist hann eiga í brösum við konferenzráðið út af Landsuppfræðingarfélaginu, segir, að hann vilji láta selja allar eignir þess til að fá þær upp í »óviðurkendar, ósannaðar, rakalausar, já ósamþykkilegar (uanerkjendelige), gifurlegar skuldakröfur«. Kveður hann ýmsa leggja til að biðja Bókmentafélagið að styðja stofnunina og fá einhverja af meðlimum sínum til að stýra henni, svo að hún geti aftur náð holdum og kröftum eftir slæga stjórn og þrjátiu ára spýtingslækning

1) Hún kom ekki fyr en skömmu fyrir aldamót eftir tillögu og fyrir tilstilli Pálma núverandi yfirkennara Pálssonar.

1829 (Spyttekur). Fleiri ónot eru í bréfinu í garð konferenzráðsins, sem hann segir tali illa um Fornritafélagið, sem gefi út fornsögur, er auki hjátrú í landinu og rýi fólkið að peningum. Kveðst Oddsen einn hafa tekið til andmæla. Um Hoppe talar Gunnlaugur Oddsen aftur á móti vel og segir, að elja hans og atorka í þarfir safnsins sé »jafngagnleg sem lofsverð«. Í einu af bréfum stiftamtmanns til Rafns (Lbs. 485, 4to, 228. bls.) má sjá, að Hoppe hefur haft í hyggju að ná undir bókasafnið sjóðleifum lestrarfélags þess, sem stofnað var hér árið 1795, en átti sér skamman aldur, því að það lognaðist út af og meðlimir þess gengu inn í lestrarfélag það, sem Ísleifur etazráð Einarsson stofnaði um aldamótin, en Steingrímur biskup verið tregur til samþykkis, hefur að líkindum ekki talið sig hafa heimild til að ganga að sjóðnum, með því að í lögum félagsins stóð, að eignir þess skyldu ganga til uppbóta fátækum brauðum, ef það yrði upphafið. Samt hyggt Hoppe munu seinna geta unnið bug á biskupi.

Þegar Hoppe var farinn af landi burt, sneru þeir fjórir nefndarmenn, sem eftir voru, Steingrímur biskup, Jón landlæknir Thorsteinsen og C. W. Ebbesen kaupmaður, sér til stiftamtmanns Lorens Angel Kriegers (17. jan. 1829 til 24. sept. 1836) og báðu hann að taka sæti í nefndinni og taka að sér störf formanns síns. Hann brást vel við bön þeirra og getur þess í
1830 bréfi stjórnarnefndar til Rafns, dags. 4. jan. 1830, að það sé sér jafnmikil æra sem ánægja að geta lagt sinn skerf til þróunar þessari stofnun, sem eigi »honum að þakka tilveru sína, vöxt og viðgang«, og því hafi hann ekki einungis gengið í nefndina, heldur einnig tekið að sér bæði bókavarðar og gjaldkera störf. Sökum embættisanna kveðst hann fyrst einungis hafa annazt útlán safnsins, en ætli sér með vorinu (1830) að raða ritauka þess, svo að hann næsta ár muni sjá sér fært að senda skýrslu um hag safnsins og vöxt þess. Reikning hafi hann sent frá sér fyrir árið 1829 og hafi Hoppe samið fyrri hluta hans, til 29. júlí, en hann síðari hlutann, til ársloka. Afrit af þessum reikningi sendi svo nefndin, að vanda, til Rafns, með þeim ummælum, að afgang tekna um fram útgjöld, ef nokkur yrði, þá og framvegis, hugsaði hún sér að nota til að mynda sjóð til eflingar safninu.

Þá þakkar nefndin einnig Rafni fyrir litla peningainnstæðu, sem hann hafði safnað, biður hann að taka af því fé fyrir útgjöldum sínum í safns-

ins þarfir og senda henni svo afganginn, til þess að hún geti sett hann á 1830
vöxtu í hinum konunglega jarðabókarsjóði með öðru fé opinberra stofnana.
Þessi litla fjárupphæð var þannig til komin, að kunningi Rafns, Englend-
ingurinn Hudson Gurney Esq., sem Rafn oftlega átti bréfaskifti við út af
Fornritafélaginu o. fl., hafði sent honum að gjöf handa stiftisbókasafninu 5
livres sterling, sem var breytt í Kaupmannahöfn í danska peninga, að upp-
hæð 43 ríkisdali r. s. Við það bætti svo Rafn frá sjálfum sér 7 rd. r. s.,
svo að upphæðin varð alls 50 rd. Þegar Rafn sendi nefndinni þetta fé, lét
hann þess getið, að hann hefði von um fleiri peningagjafir til safnsins frá
útlöndum, að því við bættu, að hann hefði lofað bæði H. Gurney og öðr-
um fleirum, sem hann hefði beðið um peninga handa safninu, að fé þetta
skyldi alt og ósnortið ganga í fastan arðberandi sjóð handa stofnuninni.

En hér við bættust svo 121 rd. 8 sk., sem áður höfðu verið geymdir í
jarðabókarsjóðnum og voru andvirði seldra bókaleifa frá bókasafni Suður-
lands, sem þá var lagt niður. Um fé þetta hafði, eins og áður er á vikið,
orðið nokkur ágreiningur milli Hoppe og Steingrims biskups. Hafði Hoppe
viljað fá það til safnsins, en biskup viljað láta prestastéttina verða þess að-
njótandi, eftir því sem ráðið verður af kansellibréfi dags. 13. apríl. 1830
til stiftamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, þar sem vitnað er í bréf
stiftisyfirvaldanna 21. desemberd. 1829, sem óska úrskurðar kansellisins
um, hvort þessir 121 rd. 8 sk. eigi heldur að falla til stiftisbókasafnsins eða
eins eða fleiri af fátækum prestaköllum í Suðuramtinu. Úrskurður kansell-
isins gekk safninu í vil, og því var það, að upphæð þessi, að við bættum
4 rd. 92 sk., sem nefndin bætti við frá safninu, eða alls 125 rd., urðu sam-
ferða nefndum 50 rd. í jarðabókarsjóðinn, en síðar fékk nefndin hjálp kan-
sellisins til að útvega safninu með tilstilli rentukammersins leyfi hjá kgl.
forstöðunefnd ríkisskuldanna (Den kgl. Direction for Statsgjælden og den
synkende Fond) til að breyta þessari fjárupphæð (175 rd.) í kgl. ríkis-
skuldabréf og öðrum þeim peningagjöfum, er síðar kynnu við að bæstast,
þannig að þetta varð »fastur, óhreyfanlegur (urokkelig) arðberandi sjóður
fyrir stiftisbókasafnið (sbr. kansellibréf til stjórnarnefndar stiftisbókasafnsins
16. nóvemberd. 1830). Í þessu atriði sem flestu öðru safninu til þrifa var
Rafn frumkvöðull, enda viðurkennir nefndin í bréfi dags. 12. júní. 1830,

1830 að hann »sé einn af stofnendum þessa sjóðs, sem er svo nauðsynlegur til viðhalds safninu«, og tilkynna honum einnig, að þeir hafi samdegis »samkvæmt ósk hans« ritað kanselliinu um að fá sjóðinn gerðan fastan og óhreyfanlegan. Í sama bréfi þakkar nefndin einnig Rafni innilega fyrir alla fyrirhöfn hans við að sjá um band á beztu ritum safnsins í Kaupmannahöfn og biður hann að láta framvegis binda öll góð og nýtt rit, sem safninu berist frá útlöndum, með því að »bókbindarana hér skorti bæði tæki og kunnáttu til að koma góðum ritum í hæfilegt band«, en telja þó varla efni á að binda fyrir meira fé en 20 ríkisdali árlega. Samt virðist árið 1830 hafa verið happaár fyrir safnið, því að nefndin getur þess í bréfi sínu til stiftisýfirvalda, dags. 4. jan. 1831, að safninu hafi gefið mikið fé á árinu, svo að það eigi þá í jarðabókarsjóði á vöxtum 625 rd. r. s., því að þá hefur enn ekki verið sent féð héðan til að vaxtast þar, en megninu af þessu fé hafði Rafn safnað og sent nefndinni með bréfi 450 rd. ávísun á jarðabókarsjóðinn. Þá telja þeir og safnið við árslok 1830 orðið 6253 »bindi og númer«, og þar af 1831 gefið á árinu 620 bindi. Allar þessar miklu framkvæmdir Rafns, bæði í bókagjöfum og peninga, árið 1830, þakkar svo nefndin í bréfi dags. 4. janúardag 1831 með svofeldum orðum: »Horfurnar fyrir safnið eru nú miklu betri en við fyrri árslok (1829) til að geta síðar meir orðið sjálfstætt og haft viðtækari áhrif til framfara í menning og vísindum hér á landi, og fáum vér hér aftur að sjá og viðurkennum með innilegu þakklæti þann ópreytandi áhuga, sem hr. prófessorinn sífellt sýnir í starfi sínu fyrir þessa stofnun.«

Og vist átti Rafn mestar og beztar þakkirnar skilið, en hins vegar er og skylt að játa, að stiftisýfirvöld (og stjórnarnefnd) höfðu einnig sýnt af sér alúð og röggsemi fyrir safnið, sérstaklega stiftamtmenirnir, og má í sambandi við þetta, og auk þess, sem áður er sagt um þetta efni, geta þess, að stiftisýfirvöldin höfðu í ársbyrjun 1829 snúið sér til kansellisins út af fjárkröggum safnsins og kansellið ritað stjórn »*sjóðsins til almennra þarfa*« (ad usus publicos), vakið athygli hennar á safninu og mælt til, að því yrði veitt af sjóðnum einhver fjárupphæð í eitt skifti fyrir öll (sbr. Lovs. f. Isl. IX. bd. 397—398. bls.).

Á bréfi stjórnarnefndar til stiftisyrivalda, dags. 3. janúardag 1832, má sjá, að bindatala safnsins við árslok 1831 var orðin 6379 bindi, og þakkar nefndin bréflaga Rafni nokkrum dögum síðar fyrir senda bókakassa með vorskipi 1831 og skrá yfir meðteknar gjafir til þess tíma og sendir honum 58 rd. 2 mörk og 4 sk., sem safnið skuldaði Rafni og Falch bókbindara í Kaupmannahöfn. En úr því stingur mjög í stúf við það, sem áður var. Bréfaskifti milli Rafns og nefndarinnar hætta, bókaþöfum og peninga er lokið frá útlöndum, svo að í byrjun ársins 1833 (5. janúardag) getur nefndin þess, í fylgibréfi sínu með ársreikningi safnsins til stiftisyrivalda, að hún láti að þessu sinni ekkert sérstakt yfirlit fylgja yfir hag stofnunarinnar, »með því að safninu hafi á ári þessu einungis bætzt 29 bindi hér á staðnum, en frá hr. prófessor og riddara Rafni hafi ekkert komið«, og í samdegis dags. fylgibréfi sínu til Rafns með sendri afritun af ársreikningnum getur nefndin þess einnig, að safnið hafi einungis aukizt um 29 bd. innlend á árinu, en innstæða þess um 50 rd. Aftur á móti hafi svo verið ákveðið með allrahæstri tilskipun 19. septemberdag 1832, að bókasafn fyrir. Landsuppfræðingarfélags skuli sameinast stiftisbókasafninu, þegar það verði afhent af konferenzráði dr. jur. Magnúsi Stephensen, og muni því þannig á sínum tíma bæst ekki óálitlegur ritauki.¹⁾ »En hins vegar getum vér ekki látið þess ógetið, að stiftisbókasafnið þarfnast enn vingjarnlegrar hjálpar, bæði til þess að geta aukizt að góðum ritum . . . og sökum þess, að vextir af innstæðufé þess hrökkva ekki enn til að kaupa fyrir árlega í Danmörku framhald af góðum ritverkum, sem því hafa þegar verið gefin, og nýjum ritum, sem nauðsynleg eru, ef safnið á ekki alveg að verða á eftir tímanum. Vér leyfum oss því að mæla sem bezt með stofnun þessari, sem á að þakka yðar ágætu framkvæmdum tilveru sína og iðju (Virksomhed), að þér eftirleidis verðið henni góðviljaður og hjálplegur.«

Bréf þetta áréttar svo Krieger stiftamtmaður í einkabréfi nokkrum vikum síðar til Rafns (17. febrúardag 1833) með svofeldum orðum: »Oss hér

1) Hér er þá fengin skýrigrein þess, sem Jón Árnason segir í ódags. uppkasti að svarbréfi frá efstu árum hans til Péturs biskups upp á ýmsar fyrirspurnir, að ýmsar af bókum safnsins beri merkið L U F og tilgátu hans um, að þær muni komnar frá Landsuppfr.fél.

1833 þykir mjög leitt, að þér hafið svo að segja yfirgefið safnið okkar. Ég bið yður í guðs bænum að yfirgefa okkur ekki, því að við erum enn ekki færir um að standa á eiginfótum. Okkur verður reyndar góður búbætir í bókasafni konferenzráðsins [M. Stephensens], en okkur vantar því nær algerlega nýrri rit; auk þess er peningaforði okkar enn of lítill til að geta staðið straum af safninu með vöxtum þess.»

Manni verður ósjálfrátt að spyrja: Unde illae lacrumae? Hvaðan kom nefndinni og stiftamtmanni þessi uggur? Og hvi lét Rafn, þessi sívakandi, atorkusami velgerðamaður safnsins, ekkert frá sér sjást né heyrast í þess garð á annað ár?

Ástæður til þessa virðast ekki geta verið aðrar en þær, er nú skal greina:

Árið 1828 hafði hið konunglega norræna Fornfræðafélag gefið út Jómsvikingasögu og Knytlingasögu á frummálinu, en Rafn síðar þýtt þær á dönsku. Um þýðing þessa kom út árið 1830 ritdómur á dönsku í »Maanedsskrift for Literatur«, litt vingjarnlegur í garð Rafns. Var þýðingu hans þar margt til foráttu fundið og sumt að ástæðulausu eða ástæðulitlu. Líklegt er talið, að danskur maður hafi skrifað ritdóminn, en með Íslending, einn eða fleiri, að bakhjalli og bárust böndin einkanlega að þeim séra Þorgeiri Guðmundssyni og Þorsteini Helgasyni, öðrum hvorum eða báðum, því að þeir höfðu báðir setið í fornritanefndinni með Rafni, unnið að útgáfum félagsritanna með honum og þótti, sem fleirum, verk sín ekki launuð svo sem skyldi. Rafn og Rask, báðir Fjónbúar að fæðingu, því nær jafnaldrar og báðir mjög unnandi norrænum fræðum, voru virktavinir. Auk þess hafði Rask, sem þáverandi forseti Fornfræðafélagsins, farið yfir þýðing Rafns, áður en hún kom út, og var því ekki nema eðlilegt, að Rask héldi hlífiskildi yfir Rafni og þýðingu hans, enda hófst hann andmæla í sama timariti í ritlingi, sem hann nefndi »Genmæle mod anmældelsen af prof. C. C. Rafns oversættelse af Jomsvikinga og Knytlinga saga« (Kh. 1831), og sneiðir hann þar þeim Þorgeiri og Þorsteini, en landar þeirra í Höfn taka upp þykkjuna fyrir þá, einkum Baldvin Einarsson, sem ekki lét sitja við orðin tóm, heldur gaf út ritling gegn Rask, er hann nefndi »Foreløbigt svar på prof. Rasks genmæle« (Kh. 1831). Ræðst hann þar bæði á Rask og

einkum Rafn, sem þó hafði persónulega ekkert til saka unnið, með gifur-¹⁸³³yrðum og ofmetnaði. Deila þessi harðnaði og ljókkaði eftir því sem fram í sótti. Svar kom á svar ofan, fyrst frá Rask, heinskeytt og biturt, á prenti (»Gensvar på herr Baldvin Einarssons Foreløbige Svar . . .«, Kh. 1831), frá Rafni á fundi Fornfræðafélagsins 11. apríldag 1831, þar sem hann gefur félaginu að eins um tvent að velja: sig eða Þorgeir kyrran í stjórnarnefnd félagsins, sem varð til þess, að Þorgeir hröklaðist úr nefndinni, og að síðustu langt og svæsið lokasvar frá Baldvini Einarssyni, svo nefnt »Gensvar mod gensvar eller student Baldvin Einarsson imod prof. R. Rask« o. s. frv.

Hér skal ekki lengra farið út í þessa sorglegu deilu milli mikilhæfra og góðra manna, sem Danir nefndu »islenzku rimmuna« (den islandske Fejde), heldur einungis vísað til ritlinganna sjálfra og til hinnar ágætu ritgerðar eða fyrirlesturs, sem próf. Björn Magnússon Ólsen flutti á aldarafmæli Rasks á fundi islenzku bókmentafélagsdeildarinnar í Reykjavík 2. janúardag 1888 og prentaður er í Timariti hins islenzka bókmentafélags, 9. árg., Rv. 1888. En með því að próf. B. M. Ólsen virðist hafa verið ókunnugt um, að Sveinbj. rektor Egilsson hafi lagt hér nokkuð til mála, þá þykir hlýða að taka hér upp (í þýðingu) bréf frá Sveinbirni til Rafns, dags. á Bessastöðum 27. septemberdag 1831 (Lbs. 485, 4to., 260—263. bls.), til þess að menn geti séð, hvern dóm bezti islenzki málfræðingur 19. aldarinnar lagði á þessar deilur:

»Í bréfi prentuðu 21. marzdag þ. á. hef ég mér til mikillar gleði fengið tilkynningu frá hinu konunglega norræna Fornfræðafélagi um hag félagsins og störf þess á síðastliðnu ári.

Í sama bréfi voru mér einnig sendar »Documenterede Oplysninger« og »Gjensvar« Rasks og svo hafa mér einnig borizt frá ýmsum mönnum skrifleg skeyti og prentuð deilurit, svo að ég er orðinn fær um að gera mér nokkurn veginn glöggva hugmynd um, hvers eðlis þær árásir eru, sem þýðing Jómsvikinasögu og Knytlingasögu hefur orðið fyrir.

Ég er algerlega samdóma höfundunum að »Documenterede Oplysninger«, »Gjemæle og Gjensvar«, ennfremur höfundinum að »Flere Oplysninger i Anledning af det i Maanedsskrift for Litteratur gjorte Angreb paa Prof. Rask &c«. Mig vantar hjá mótsöðumönnunum bæði þá þekkingu og þann lærdóm, sem menn eiga sanngjarna kröfu til hjá þeim, sem gerir sig að »refsandi« ritdómara, og þá mannúð, sem er sannlærðum manni eiginleg.

Eg veit ekki á hvoru mig á mest að furða, hvort heldur þeirri djörfung og sjálfstrausti, sem mótstöðumennirnir sýna í árásum sínum á þau nöfn, sem öðlazi hafa bjargfastan bókmentalegan heiður, eða á aðferð þeirra. Nöfn, sem allir vinir fornnorrænna bókmenta jafnan munu virða og vegsama. — Útgefandi og skýrandi Krákumála,¹⁾ svo og höfundur²⁾ íslenzku málmyndafræðinnar og útgefandi beggja Eddnanna á frummálinu; hinn fyrnefndi frægur fyrir útgáfu sína af áðurnefndu fornkvæði, sem gerð er af lærdómi miklum og tungnækunnáttu og heiðarlega kunnur fyrir þýðingar sínar af fornsögum og vísum þeim, sem þar koma fyrir; hinn síðari einn með málfróðustu mönnum og einn þeirra vísindamanna, sem bezt er heima í fornnorrænu máli, bæði bundnu og óbundnu, að börnum Íslendingum ekki undan skildum, maður, sem einnig í þessu tilliti mun vera og verða leiðtogi og kennari nú lifandi og óborinna kynslóða við hlið hinna mestu manna, svo sem J. Ólafssonar, Jonsonius', G. Pálssonar, G. Magnússonar, S. Thorlacius' og F. Magnússonar.³⁾ Hve undarlegt má því virðast, að unglingur, sem ekki einu sinni kann réttilega að greina alls ekki vandasaman stað í kvæði, sem ort er undir léttum bragarhætti af frægu skáldi á vorum tímum (sbr. Gjensvar mod Gjensvar 49. bls.), skuli geta verið svo djarfur að gera lítið úr slíkum mönnum sem Rask er, sem með nákvæmustu gagnrýni hefur rannsakað fjölda af kvæðabrotum, sem tíminn hefur skilið oss eftir af verkum skáldsins, sem kvæðagyðja Ásanna fyllti guðmóði? En ég vil ekki láta virðing mína og aðdáun fyrir þessum ágætu mönnum æsa mig. Ég hef þá öruggu von, að hin vitra og hófsama stjórn félagsins sjái um, að máli þessu lúki svo, að þessir menn, og með þeim félagið sjálft, gangi heiðri krýndir frá þessum hildarleik. (S. Egilsson.)

Bréf þetta stendur í bréfasafni því, sem ungfrú Dagmar Rafn afritaði og gaf Landsbókasafninu, af bréfum til föður síns og frá honum. Það byrjar ávarpslaust og endar án kveðju, og verður það eðlilegast skilið á þann veg, að dr. Sveinbj. Egilsson hafi sent bréfið til stjórnar Fornfræðafélagsins, sem nokkurs konar kvittun fyrir móttöku félagsskýrslunnar og beggja ritlinganna, sem hann nefnir, en Rafn hafi síðan, sem formaður félagsins, veitt bréfinu móttöku og tekið afrit af því, með því að það snerti hann persónu-

1) C. C. Rafn.

2) R. Kr. Rask.

3) Jón Ólafsson frá Svefneyjum (1729—1811), Jón Jónsson Johnsonius sýslumaður Ísafirðinga (1749—1826), Gunnar prófastur Pálsson í Hjarðarholli (1714—1791), Guðmundur stúdent Magnússon í Kaupmh. (1742—1798), Skúli rektor Þórðarson Thorlacius (1741—1815) og Finnur prófessor Magnússon (1781—1847).

lega og hann mun hafa viljað eiga í fórum sínum álit þessa merka visinda- 1833
manns og samverkamanns síns í þarfir Fornfræðafélagsins.

Sem betur fór, reyndist Rafn ekki langrækinn og réttmæt þykkja hans í garð nokkurra Íslendinga varð brátt léttari á metunum en hagur og framtíð þeirrar stofnunar, sem hann bar svo mjög fyrir brjósti, að hann á sér þar engan jafnoka og mun að líkindum seint eignast. — Þann 4. dag marsmánaðar 1833 skrifar hann nefndinni og aftur 10. apríldag og sendir safninu bækur að gjöf og enn af nýju sendir hann í maímánuði nefndinni bækur og lista yfir þær, og má sjá í þakkarbréfi nefndarinnar, að hann hefur einnig útvegað safninu 10 rd. gjöf (frá Abel djákna) og auk þess goldið úr eigin vasa nokkurt fé fyrir safnið til bráðabirgða. Bókagjafirnar virðast hafa verið talsverðar að vöxtum og efni, því að nefndin telur þær og bækur Landsuppfræðingarfélagsins mjög merkilegan ritauka, en þær voru afhentar safninu síðar á árinu, þann 30. dag nóvembermánaðar, af erfingjum konferenzráðsins í Viðey, ásamt lista yfir vantandi bækur. Árinu áður hafði með konungsúrskurði 19. septemberdag 1832 stiftisýfirvöldunum verið veitt leyfi til, samkvæmt tillögu þeirra, að innlima bókasafn Landsuppfræðingarfélagsins í stiftisbókasafnið, á þeim tíma, sem M. Stephensen og þeim kæmi saman um, með því skilyrði meðal annara, að tvítök þau, sem safnið þá eignaðist, skyldu afhent bókasafni Norður- og Austuramtsins, en afhendingin dróst, þar til er konferenzráðið var látið. Skilyrðið um tvitökin varð vatn á mylnu bókasafns Norður- og Austuramtsins; þannig fékk það þá meðal annars hið ágæta verk *Flora Danica* (nr. 39), en undanfarin ár hafði það einnig fengið svo mörg tvitök frá stiftisbókasafninu, að hundruðum skifti, og hafði amtmaðurinn fyrir norðan jafnan annast um flutning bóka, þá er hann hafði fengið skýrslu frá nefndinni eða bókaverði um tvitökin og hafði skýrt henni frá, hverjar bækur safnið óskaði að fá.

Í ársbyrjun 1834 sendir stjórnarnefndin Rafni, svo sem hún var vön, 1834
afrit af ársreikningnum fyrir 1833 með yfirliti yfir safnið (status). Var þá bindatala þess orðin 6942 bd. og höfðu safninu bætzt 534 bd. af þeirri tölu á árinu. Sjóðsauki ársins var 125 rd., en innstæða þá alls í jarðabókarsjóði 800 rd. r. s. Hinn mikli ritauki ársins mun aðallega stafa af Landsuppfræðingarfélagsbókunum. — Næsta ár er ritaukinn miklu minni, að eins tæpur

1835 tiundi hluti fyrra árs ritauka eða 52 bindi, en i jarðabókarsjóði átti safnið þá 880 rd. r. s. (með 4 % vöxtum) og 26 rd. 63 sk. i kassa hjá reikningshaldara. — Í yfirliti yfir hag safnsins i árslok 1835 er tekið fram um ritauka ársins, 181 bindi, að þar af séu 14 bækur gefnar, 158 keyptar á uppboði og 9 afhentar frá stiftisprentsmiðjunni [o. þar prentaðar], og var þá safnið orðið alls 7175 bindi, en hinn fasti sjóður þess 1385 rd. Að visu var safnið við árslok i skuld við reikningshaldara um 16 rd. 36 sk., sem orsakadist af því, að nefndin hafði á bókauppboði eftir Gunnlaug dómkirkjuprest Oddsens, sem andaðist vorið 1835, keypt við góðu verði ýmsar fagurfræðilegar bækur, svo sem skáldsögur eftir W. Scott, Cooper, Spindler o. fl., en bæði var skuldin ekki stór og svo kvaðst nefndin i bréfi til Rafns hafa gert það bæði til aukningar safninu og til að fá meiri aðsókn að því, því að meiri hluti borgaranna, sem gjaldi árlegt tillag, óski þess, að skáldsögum fjölgi i safninu. Hefur alþýða hér því að líkindum þá þegar verið allsölgin i skáldsögur.

Hækkun sjóðsins um því nær 500 ríkisdali var því að þakka, að kunningi Rafns i Lundúnaborg, Nicholas Carlisle Esq., ritari við fornfræðingafélagið i Lundúnaborg, hafði bæði safnað hjá öðrum og gefið frá sjálfum sér 49 sterlingspund og sent Rafni það fé að gjöf handa safninu, en Rafn hafði því næst breytt þessu fé i danska peninga og sent það nefndinni. Voru það 437 rd. 29 sk. i r. s. En Rafn, sem jafnan sat fastur við sinn keip og var sannfærður um, að fastur, vaxandi sjóður væri safninu nauðsynlegur, hafði i bréfi með gjöfinni, dags. 25. septemberdag 1834, lagt það til við nefndina, að sjóður safnsins væri nefndur: Hinn fasti sjóður stofnunarinnar, sem aldrei má skerða («Stiftelsens faste Fond, som forbliver bestandig urørligt»), og að »taka skyldi ákvörðun um að leggja árlega 50 ríkisdali við höfuðstólinn«. Nefndin var þessu samþykk, eða hafði, eftir því sem hún orðar það i svarbréfi sinu, »ekkert að athuga« við hvoruga tillöguna.

Eins og áður er á vikið, höfðu safninu árið 1834 bætzt 9 bókaeintök frá Stiftisprentsmiðjunni og er það i fyrsta skifti, sem getið er bóka frá prentsmiðjunni hér syðra i reikningum safnsins. Stiftisýfirvöldin höfðu sem sé eftir lát konferenzráðsins leigt Ólafi sekretera syni hans i Viðey prentsmiðjuna þar, en áskilið sér, meðal annars, i 8. gr. leigusamningsins, að

hann skyldi árlega láta Stifðisbókasafnið fá ókeypis 1 eintak af öllum þeim 1835
bókum, sem þar væru prentaðar, en í lok ársins 1835 (⁸/₁₂), skrifaði Ólafur
sekreteri stiftisyfirvöldunum bréf og fór fram á að fá þá undanþágu hjá
þeim, sem hann áður hafði fengið hjá yfirbókaverðinum við konunglega
bókasafnið í Kaupmannahöfn og hjá háskólaráðinu þar, að þurfa ekki að
skila prentuðum bókum til safnsins frá prentsmiðjunni oftar en tíunda
hvert ár. Stifðisyfirvöldin sendu bréf Ólafs stjórnarnefndinni til umsagnar,
og réð hún (í bréfi dags. ¹⁴/₁₂) til að neita honum um undanþáguna, kváð-
ust »ekki finna ástæðu til að veita uppgjöf á nokkrum þeim réttindum,
sem stifðisbókasafninu eru áskilin í 8. gr.«. Hefur þessi kvöð jafnan haldizt
síðan, og nær nú, sem kunnugt er, til allra prentsmiðja á landinu, með
þeirri breytingu, að nú skal skila tveim eintökum í stað eins.

Vorið 1836 komu sjö franskir ferðamenn hingað til lands. Var Poul Gai- 1836
mard foringi fararinnar, og ferðuðust þeir fyrst allir til Geysis og Heklu, en
tveir sneru þaðan aftur, þeir Lottin og skáldið Marmier, til Reykjavíkur og
héldu þar kyrru fyrir um sumarið, Lottin til að gera hér veðurfræðilegar at-
huganir, en Marmier til þess að kynna sér íslenzku og íslenzkar bókmentir,
því að hann var bæði málfræðingur og skáld gott. Komu hans er hér getið
vegna þess, að hann er fyrstur franskra manna, sem heimsótt hefur stifðis-
bókasafnið, keypt af því bækur og fengið hið eina skriflega »vottorð«, sem
bókasafnið hefur mér vitanlega nokkru sinni gefið erlendum manni. Það er á
latínu ritað 19. júnid. í dagbók (journal) stifðisbókasafnsins og hljóðar þannig:

»Attest.

Cum in bibliotheca nostra publica plures existunt libri in duplo, triplo &c., inter-
dum talia exemplaria superflua venduntur, et pro eorum pretio novi emuntur; hodie
tali modo Domino Marmier vendimus sequentes libros:

Saggio historica gli scaldi.

Rasks chrestomatia islandica.

Kæmpeviser sive Carmina heroica Danica — 1½ rbd.

Saxonis grammatici historia Daniae veteris in lingua Danica pr. Grundtvig — 3 rbd.
= 4½ rbd. = 2¼ species.

Ergo Dominus Marmier hos libros summo jure possidet.

Þetta hljóðar svo í íslenzkri þýðingu:

Vottorð. Þegar þjóðbókasafn vort eignast allmargar bækur í tvítökum, þrítökum o. s. frv., eru slík óþarfa eintök stundum seld og nýjar bækur keyptar fyrir andvirði þeirra; í dag seljum vér þannig herra Marmier þessar bækur:

Saggio storicoico gli scaldi.

Rasks Chrestomatia islandica.

Kæmpeviser s. c. her. Dan. — 1½ rbd.

Saxonis gr. hist. D. vet. — 3 rbd. = 2¼ species.

Herra Marmier á því bækur þessar með fylsta rétti.

Maður þessi hét fullu nafni Xavier Marmier (f. 1809 d. 1892) og varð síðan alkunnur fyrir skáldsögur sínar (ferða-rómana) og rit sín um sögu og bókmentir ýmissa landa o. fl. og ritaði hann meðal annars bók um Ísland, sem nefnist: »Histoire de l'Islande depuis sa découverte jusqu' a nos jours« (Saga Íslands frá fundi þess til vorra daga), sem kom út tveim árum eftir það er hann var hér á ferð (1838). Þá var það og þessari ferð að þakka, sem kostuð var af frönsku stjórninni, að vér fengum hið glæsilega rit um Ísland og Grænland, sem þeir Gaimard og félagar hans gáfu út á opinberan kostnað á árunum 1838 til 1843 og nefnist »Voyage en Islande et au Groenland (Ferð á Íslandi og til Grænlands). Var prýðilega til þess vandað, og fylgdu því margar myndir og teikningar bæði sögulegar og náttúrufræðilegar. Var þetta merka ritverk síðan sent af frönsku stjórninni hingað, safninu að gjöf, eftir tilmælum stjórnarnefndarinnar í bréfi 24. febrúardag 1840 til Rafns um, að hann mælti með safninu við frönsku stjórnina, og var fyrsta sending ritsins send 28. maídag 1840 af Rafni með fylgibréfi frá Duperre aðmíráli. Safnið fékk svo síðar það, sem þá var óútkomið af ritinu. Safnið varð þannig við þessa visindaför einu ágætu ritverki auðgara og Ísland eignaðist auk þess frá hendi Jónasar Hallgrímssonar hið fagra kvæði og ljúfu vísu, sem sungin voru í Kaupmannahöfn 1839 í veizlu þeirri, sem landar héldu honum, er hann var kominn aftur frá Íslandi (»Þú stóðst á tindi Heklu há« og »Þið þekkið fold með blíðri brá«).

Árin 1834 og 1835 og framan af árinu 1836 var Ólafur Finsen († 24. febrúardag 1836), annar assessor í landsyfirréttnum, settur stiftamtmaður í fjarveru Kriegers, sem hafði verið skipaður meðlimur isl. verzlunarlöggjafarnefndarinnar 26. marzdag 1834 og síðan 19. septemberdag s. á. kon-

ungkjörinn fulltrúi fyrir Ísland á fulltrúapingi Ey-Dana, og gegndi því Ó. 1836
 Finsen bókavarðar- og gjaldkerastörfunum bæði þau ár, en Krieger gerði
 sín síðustu reikningsskil í árslok 1836, áður en hann fór héðan alfarinn af
 landi burt, og var þá bindatala safnsins orðin 7304, en fasti sjóðurinn 1450
 rd. — Í fylgibréfi sínu 5. janúardag 1837 til Rafns með afritinu af árs- 1837
 reikningi og yfirliti yfir árið getur stjórnarnefndin þess, að Ebbesen kaup-
 maður sé farinn úr nefndinni og þeir því einungis þrír eftir [v: stiftamt-
 maður, Steingrímur biskup Jónsson og Jón landlæknir Thorsteinsen]. Þeir
 hefðu því óskað að fá einn eða tvo nýja menn í nefndina á þessu ári, og
 það því fremur, sem bráðleg endurskoðun bókasafnsins væri óhjákvæmileg,
 en þeim hins vegar ekki hægt að framkvæma hana sökum embættisanna.
 Ósk þeirra væri að visu enn ekki uppfyllt, með því að ýms embætti væru
 þá sem stæði forstöðulaus og óskipað í þau, en samt væntu þeir að geta
 með vorinu fengið einhvern nýju embættismannanna til að ganga í stjórnina.

Þegar Krieger stiftamtmaður, sem reynzt hafði safninu vel í alla staði,
 var alfarinn héðan, tók eftirmaður hans, Karl Emil Bardenfleth stiftamt-
 maður (11. febrúardag 1837—21. apríld. 1841), við af honum í stjórnarnefnd
 safnsins sem bókavörður og gjaldkeri, tók við verðbréfum þess og kassan-
 um, heimti ársgjöldin og gerði loks ársreikninginn fyrir árið 1837, og átti
 safnið þá við árslok 7424 bindi, þar af 117 bindi gefin á árinu en 3 frá
 stiftisprentsmiðjunni. Hér hættir skýrsla nefndarinnar að skýra frá sjóðnum
 í lok hvers árs, og mun það ef til vill stafa af því, að stiftamtmaður hafði
 verðbréfin í sínum vörzlum, en var ekki lengur bókavörður safnsins, því
 að nú var orðin allmikil breyting á fyrirkomulaginu innan nefndarinnar. Í
 bréfi, sem stjórnarnefndin ritaði Rafni í ársbyrjun 1838, segir Bardenfleth, 1838
 að hann hafi alls ekki nægan tíma afgangss frá embættisstörfum sínum til
 að taka að sér svo mikið starf sem ný röðun bókasafnsins og ný samning
 bókaskrár fyrir safnið o. fl. hljóti að hafa í för með sér, en það sé álitid
 óumflýjanlegt, ef safnið eigi nokkurn veginn að geta náð tilgangi sínum, og
 því hafi hann hugsað sér að losna við þessi störf, þegar tækifæri gæfist.
 Tækifærið kom, þegar Þórður Jónassen, síðar háyfirdómari, fluttist til
 Reykjavíkur sumarið 1837. Gekk hann þá samsumars í nefndina, eftir ósk
 hinna þriggja, er þar voru fyrir, og tók þá þegar, eftir því sem hann sjálfur

1838 segir í nefndu bréfi, við bókavarðarstörfunum og byrjaði á að raða safninu og semja nýja bókaskrá yfir það; kveðst hann hafa von um að geta lokið því starfi fyrir árslok, ef ekkert óvænt komi fyrir, en sú von brást hrapalega, sem síðar mun verða frá skýrt. Ennfremur sést á nefndu bréfi, að hann hefur í ársbyrjun 1838 tekið við gjaldkerastörfum og peningaforða safnsins, að undanteknum ríkisskuldabréfunum, sem voru framvegis í vörslum stiftamtsins samkvæmt hans eiginósk. — Þá minnst nefndarmenn í sama bréfi á húsakynni safnsins á dómkirkjuloftinu, segja þau orðin alt of lítil, með því að safnið hafi vaxið allmikið og sé auk þess ekki í sem beztri reglu; hafi þeir haft stækkun húsakynna í hyggju og þess vegna hafi þeir ekki lagt neitt fé það ár í jarðabókarsjóðinn, nema hina fyrirskipuðu 50 rd., með því að þeir hafi búizt við, að breyting húsakynna myndi kosta freka 100 ríkisdali. En ýms atvik, einkum afarhátt verð á timbri, ollu því, að nefndin hætti við smíðarnar og tók það ráð að biða, þar til er sæist, hvernig bókasafnið rúmaðist í þáverandi húsakynnum, þegar röðun væri lokið og nokkrum bókahillum viðbætt. Þetta virðist vera hugsunin; annars er bréfið ekki vel samið, hugsunin óskýr og stingur mjög í stúf við ýms fyrri bréf.

Þegar hér er komið sögunni, er orðin sú mikla breyting á skifting á störfum stjórnarnefndarmanna, að stiftamtmenn eru hættir bókavarðar- og gjaldkerastörfum, þótt enn sætu þeir í nefndinni um 10 ár, en í þess stað bæði störfin afhent meðdómara í landsyfirrétti Þórði Jónassen, sem auk þess hafði tekið að sér að raða safninu á ný og semja nýja bókaskrá.

Þessi breyting varð safninu til engra hagsmuna, heldur kennir nú afturfarar í ýmsum greinum. Nefndarfundir verða strjálari en áður, fundabókin ver haldin, engin skilagrein í henni gerð fyrir árlegum fjárhag safnsins, hvorki verðbréfum né kassa, og loks endar hún algerlega 1842 á tveim ódagsettum, ártalslausum og áritunarlausum bréfum til Rafns, og er ekki hægt að sjá, að hún hafi verið haldin í samfleytt 11 ár eða þar til árið 1854, en svonefnd »Dagbók stiftisbókasafnsins«, sem var að eins örstuttur og ófullkominn útdráttur úr fundasamþykktum á nefndarfundum og athugasemdir um viðskifti þess, hættir með öllu ári fyrir (eða 1841).

Við árslok 1838 var hinn fasti sjóður safnsins orðinn 1500 ríkisdalir, 1838
hafði það ár verið bætt við hann 60 rd. (Lbs. 485. 4to), en í safninu eru
þá alls talin vera 7458 bindi.

Í bréfi til Rafns (dags. 24. febrúardag 1839) telur Jónassen (sem nú var 1839
orðinn ritari nefndarinnar og var það um nokkur ár) bókaskránni enn
ekki lokið, heldur sé hún í smíðum, og um íbúðina á kirkjuloftinu segir,
að hún sé enn óbreytt, því að nú sé orðið rúmbetra við brotttöku tvítaka
og skárri röðun. Vextir af verðbréfum muni því framvegis verða lagðir við
innstæðuna, því að tillögin frá notendum safnsins og það, sem verði í kassa,
muni nægja fyrir bókbandskostnaði, smáviðgerðum bóka, hillum o. fl.

Árið 1839 virðist ritauki safnsins einungis hafa verið ein 12 bindi, ef
má reiða sig á bréf stjórnarnefndar til Rafns (dagsett 24. febrúardag 1840),
sem telur þá í safninu 7470 bindi, og sjóðsauka ársins 70 ríkisdali. Bóka-
skránni segja þeir þá enn ólokið, en gefa tálvonir um, að hún muni verða
búin til prentunar einhvern tíma á árinu 1840, telja nauðsynlegt að láta
skrána ná yfir alt safnið, með því að það hafi aukizt svo mjög síðan 1828,
er bókaskráin var samin, og bæta því við, »að ef til vill gæti þótt hlýða að
sleppa í nýju skránni, að undangenginni endurskoðun, sumu, sem væri í
gömlu skránni«. Alt þetta hjal er mjög á huldu og jafnvel óvist, hvort
bréfið hefur verið sent í heilu lagi, því að kaflar í því eru innan sviga.

Við árslok 1840 telur nefndin í bréfi til Rafns (rituðu í febrúarm. 1841) 1840—1842
safnið orðið 7530 bindi, en sjóðsauka 65 ríkisdali.

»Deliberations- og Copie-Bog« stjórnarnefndarinnar endar á tveim bréf-
um (nr. 96 og 97), ódagsettum, ártalslausum og áritunarlausum, með hendi
Þórðar Jónassens. Efnið sýnir, að bréfin eru bæði til Rafns, og mun fyrri
bréfið vera ritað 1841, en hið síðara síðast á árinu 1842, þar sem það ártal
stendur án dagsetningar fyrir ofan bréfið, en ekki sent fyr en í byrjun
marzmánaðar 1843 (sjá bls. 54). Hafa bæði bréfin verið fylgibréf með
sendu afriti af reikningum safnsins og yfirliti yfir bindatölu þess fyrir árin
1841 og 1842, en sá galli hér á sem áður, að í bréfunum er hvorki til-
greind sjóðsupphæðin né bindatalan. Í fyrri bréfinu eru enn sem fyr
þakkir fyrir talsverðar bókaþjafir til safnsins, sem eigi honum (Rafni) »að

langmestu leyti« að þakka vöxt sinn og viðgang. Bókaskrána telja þeir í bréfinu munu verða prentaða »á komanda sumri« í Stiftingsprentsmiðjunni í Viðey og vænta þess, að hún muni auka og glæða áhuga landsbúa á safninu og gera þeim það notadrygra en áður, en í síðara bréfinu eru kvartanir út af miklum útgjöldum á síðastl. ári fyrir nýjar bókahillur og til bókbands, en auk þess og einkanlega séu þó mikil útgjöld í vændum við nýju bókaskrána, og þess vegna verði ekkert lagt það ár í fasta sjóðinn, heldur muni stjórnin jafnvel að líkindum neyðast til að taka eitthvað af sjálfum sjóðnum. En sú bót í máli, að bæði muni sala bókaskrárinnar höggva nokkurt skarð í útgáfukostnað hennar og svo hafi einnig næstu undanfarin ár verið lagt meira í sjóðinn árlega en hinir fyrirskipuðu 50 ríkisdalir. Þá er minzt í bréfinu á tillögu frá Rafni um að stofna nokkurs konar Athenæum (fræðistöð) við safnið; ráða nefndarmenn vitanlega frá því og telja það ósamrýmilegt þeim húsakynnum, sem safnið ætti við að búa og öllu fyrirkomulagi þess, en að sjálfsögðu verði það mál haft í huga, þegar svo bæri undir að það þætti framkvæmilegt, sem alt annað, það er safninu mætti að liði verða. Loks segjast þeir senda honum nokkur¹⁾ eintök af nýju bókaskránni, sem kom út í lok ársins 1842, og biðja Rafn að útbýta henni meðal velgerðamanna safnsins erlendis og annara þeirra, sem láti þessa stofnun sig einhverju skifta; kveðast ekki geta falið það starf betri höndum.

Þannig var þá bókaskráin loks komin á prent, eftir langar fæðingarhriðir, með tvöföldu titilblaði sem eldri skráin, á íslenzku og dönsku, og nefndist: »Registr yfir Íslands stiftisbókasafn (Fortegnelse over Islands Stiftsbibliothek). Viðeyarklaustri. Fæst hjá bókaverðium fyrir 32 sk. Prentað á kostnað Stiftisbókasafnsins. 1842«. Framan við hana eru, sem á fyrri skránni, prentaðar »Akvarðanir um bókalán úr Íslands Stiftisbókasafni« og »Reglugjörð fyrir Bókavörð Íslands Stiftisbókasafns«, báðar undirritaðar af stjórn Stiftisbókasafnsins (T. Hoppe, St. Jónssyni, J. Thorsteinsen, Th. Jónassen) þann 1. desemberdag 1842. Akvarðanirnar eru þær sömu sem framan við

1) Eyða er í bréfinu fyrir eintakafjöldanum, en á bréfinu til Rafns (Lbs. 485, 4to) frá stjórnarnefndinni, 3. marzdag 1843, sést, að nefndin hefur sent honum 10 eintök.

eldri skrána (sbr. fskj. XIV), nema að ákvæðinu í 2. gr. um 5 ríkisdala veð 1840—1842
lánbeiðanda er burt numið, og í 5. gr. er lántökutími bæjarmanna lengdur
úr 3 vikum í 4 og íbúa Gullbringusýslu úr 6 vikum í 8. Og sama er að
segja um Reglugjörðina. Hún má heita hin sama sem í fyrri skránni, að
því undanskildu, að 10. gr. er feld burt (launaákvæðið) og upphaf 5. gr.
(«tekr hvörjum og einum þægilega og með ljúfmennsku, en»), enn fremur
síðari hluti 8. gr. («og sérhvað — — bókahirzlunni»).

Pegar skrá þessi kom í hendur Rafns, lét hann sér fátt um finnast, en 1843—1844
Jón Sigurðsson skrifaði um hana í 4. árgangi Nýrra Félagsrita (Kmh. 1844),
131—142 bls., svo hvassyrktan og harðan ritdóm, að hann gefur sízt eftir í
harðneskju og fyrirlitningu ritdómi Jónasar Hallgrímssonar um Tistrans
rimur Sigurðar Breiðfjörðs í 3. árg. Fjöltnis (Kmh. 1837), báðir jafnrækilegir
og því nær jafnlangir. J. S. segir það augljóst, að »enginn mentaður maður
muni hafa gert registrið, því síður nokkur af stjórnarmönnunum, heldur
muni höfundurinn vera tómthúsmaður, eða þaðan af minna, og prentarinn
drengur, sem hafi verið að leika sér að selja saman ljótustu stafina úr
allrahandu lettri«. Skilur ekki, »að stjórnarmenn safnsins sendi registrið til
velgerðamanna safnsins, en væri það á Hornströndum, þá segði menn það
væri svo til komið, að bókin væri umskiflingur, sem ill vættur hefði sent í
stað ens rétta registurs til að koma inn hjá útlendingum forakti á Ísland-
ingum og aftra þeim frá að sýna því landi nokkra velvild, en allrahelzt
frá því að gefa þangað bækur«. Kveðst hann hafa þá bók séð ljótasta og
verst af hendi leysta og mega fullyrða, »að engin bók hafi komið lakari á
prent á Íslandi«, segir, að hún sé »*ein einasta afskræmisleg prentvilla*«, og
vildi helst, að registrið væri brent og *annað nýtt prentað í staðinn*, án alls
kostnaðar fyrir safnið, og telur að síðustu stjórnarmenn safnsins skylda »að
láta gera nýtt registur hið allra bráðasta, og á safnið ekki að borga það að
réttu lagi — —«. Stóryrði þessi eru því miður alt of sönn og vel rökstudd
með fjölmörgum dæmum, sem hann tinir til, og eru þau þó að eins nokkur
hluti af athugasemdum hans við bókina, svo sem sjá má af eintaki því,
sem hann hafði athugað og leiðrétt, og enn er til í Landsbókasafninu,
þangað komið með öðrum bókum J. S. að honum látnum. Viðtökurnar
hjá Rafni voru nokkuð á annan veg, en þó bar þar alt að sama brunni.

Stjórnarnefnd safnsins hafði í marzmánaðarbyrjun 1843 skrifað Rafni og sent honum bókaskrána, en þá um vorið hafði hann tekizt ferð á hendur til Þýzkalands og dvalið þar í fjóra mánuði, svo að hann svarar ekki nefndinni fyrir en í árslok (^{81/12}) 1843. Segir hann í bréfinu, að það hafi glatt sig, þegar hann hafi farið yfir bókaskrána, að sjá, að safninu hafi bætt ýms góð og gagnleg ritverk, sem virðist sum vera fengin að gjöf frá frönsku stjórninni og sum frá vini sínum George Downes í Dublin, samkvæmt loforði hans nokkrum árum áður, er hann var á ferð í Kaupmannahöfn, en sér hefði þótt hlýða, að þess hefði verið getið í formála framan við bókina. Enn fremur segir hann:

»En um sjálfa bókaskrána er það að segja, að ég mundi lítið skeyta um hag þess málefns, sem stjórnarnefndin hefur sett sér að vinna fyrir, ef ég ekki hreint og hispurlaust léti það í ljós við yður, herrar mínir, sem ég að visu mundi skirrast að segja vinum stofnunarinnar utan landsteina Íslands: að þessi bókaskrá er verk, sem ekki fullnægir kröfum tímans. Það er áreiðanlega mikil óregla í þessari skrá, sem allir hljóta að reka augun í, þótt þeir að eins fletti henni lauslega.

Ég hygg því, að það mundi ekki verða stofnuninni að nokkru gagni, þótt ég sendi skrána vinum hennar erlendis. Á Íslandi getur hún vitanlega orðið að nokkrum notum, svona eins og hún er, en út fyrir landsteinana ætti áreiðanlega ekki að hleypa nokkru eintaki, því stofnuninni mundi enginn greiði með því gerður.«

Bréfinu lýkur svo með þeim sárabótum, að bréfritarinn segir það munu gleðja sig, ef hann framvegis fái tækifæri til að senda nefndinni fleiri bækur handa safninu, enda sendi hann því nokkru síðar hina merku engilsaxnesku orðabók eftir J. Bosworth (London 1838) safninu að gjöf frá höfundinum, með þeim ummælum, að þar sé ráðin bót á vöntun í því atriði, og um sama leyti sendi hann því einnig gjafabækur frá Þýzkalandi (Wilhelmi í Zinsheim), en freku ári áður hafði rentukammerið (með bréfi, dags. ^{28/9} 1842) sent stiftisýfirvöldunum þrjátíu og þrjú fornrit í einu til níu eintökum til útbýtingar meðal stiftisbókasafnsins og annara safna í landinu og einstakra manna, og má ganga að því visu, að það hefur verið fyrir tilstilli eða með ráði Rafns, því að hann reri þar að öllum árum, að safnið gæti auðgæzt sem mest að bókum, og þess vegna er það meðal annars, að hann í bréfi til nefndarinnar 1844 gefur henni það holla ráð að semja árlega

yfirlit yfir ástand og hag safnsins, og kveðst munu geta útvegað slíkri 1843-1844 skýrslu einhvers staðar inni og býður svo loks stjórnarnefndinni að senda sér með fyrstu skipsferð frá Íslandi eftir móttöku bréfsins nauðsynlegar upplýsingar að stuttu yfirliti yfir ritauka safnsins, frá því er fyrri bóka-skráin kom út, árið 1828, og skrá yfir velgerðamenn safnsins, sem síðan hafi sent bækur að gjöf beina leið til nefndarinnar, og hann því ekki þekki. Um hina, sem höfðu snúið sér til hans með gjafir sínar, kveðst hann engar upplýsingar þurfa, með því að þeir séu skráðir í bók hjá sér.

Þetta bréf hefur sýnilega komið nefndinni óþægilega, með því að eingin innritunarbók var haldin fyrir bækur og gefendur þeirra, enda verður seint um svör frá hennar hálfu, og er það fyrst í júnimánuði 1846 (15. júnidag), að hún svarar Rafni, um leið og hún sendir honum »yfirlit yfir vöxt og hag safnsins (Oversigt over Bibliothekets Fremvæxt og Status), einkum síðan bókaskráin árið 1828 kom út«. Segir Þórður Jónassen í fylgibréfi yfirlitsins, að reyndar sé yfirlitið ekki í þeirri mynd, sem Rafn hafi bent á, en ástæða þess sé sú, að hann hafi ekki séð sér fært að gefa nokkrar áreiðanlegar upplýsingar um gjafir þær, sem safnið hafi fengið beina leið á öllu þessu tímabili, og ekki hafi farið um hendur Rafns. Aðalatriðið sé, að almenningur, og einkum velgerðamenn safnsins, fái að vita, hvernig hagur og ástand safnsins sé yfirleitt, og til þess muni yfirlitið nokkurn veginn nægja, einkum þar sem »etazráðið« hafi lofað að koma skýrslunni á prent, og því ástæða til að vona, að hún í höndunum á honum fái þær endurbætur inn á við og út á við, að efni og formi, sem hún þurfi, og í þeirri sannfæringu feli hann málið sem fyr umhyggjusemi og atorku Rafns.

Bréfið er lipurt og mjúkt, eins og bréfitarans var von og vísa, en þar sem ekkert var að hafa, hafði Rafn, eins og keisarinn, mist sinn rétt og varð að sætta sig við yfirlitið eins og það var, og fara með það eftir beztu getu.

Þess skal getið, þótt ekki komi það safninu beint við, í sambandi við það, sem áður er sagt um gjafir fornsagna til stiftisbókasafnsins og annara (sbr. 54. bls.), að árið 1842 (31. janúardag) höfðu þeir Bjarni amtmaður Thorsteinson á Stapa og Pétur prófastur (síðar biskup) Pétursson á Staðarstað skrifað konunglega norræna Fornfræðafélaginu (Lbs. 485. 4to. 302—306

1833–1844 bls.), eða sérstaklega ritara þess Rafni, og beðið það að styðja með bóka-
gjöfum amtsbókasafn fyrir Vesturamtíð, sem þeir voru að stofna í Stykkishólmi. Máli sínu til stuðnings geta þeir þess, að þegar sé stofnað bókasafn fyrir Norður- og Austuramtíð, en stiftsbókasafnið megi heita eingöngu fyrir Suðuramtíð sökum staðhátta og samgönguleysis, en í Vesturamtinu sé ekkert opinbert bókasafn, að undanskildu litlu safni, sem sé að myndast fyrir Barðastrandarsýslu eina, og óvíst sé um, hvað úr verði. Lestrarfýst sé engan veginn minni í Vesturamtinu en annarstaðar á landinu, og embættismenn séu þar ekki færri en í báðum hinum ömtunum í hlutfalli við íbúatölu, en hins vegar mjög fá söfn einstakra manna og varla nokkurt, er um sé vert að ræða, að undanteknu safni Bjarna amtmanns, sem þó sé fremur einhliða bókval, sakir embættisstöðu hans. Telja þeir Stykkishólm, vegna staðhátta, hentugastan stað fyrir safnið, auk þess séu þar þrjár verðlanir, héraðslæknir og lyfsali, og líkur til, að amtmaður flytjist einnig þangað við næstu amtmannaskifti. Kveðst Pétur prófastur veturinn 1841, er hann var staddur í Kaupmannahöfn, hafa auglýst þessa fyrirætlán sína og amtmanns í ýmsum opinberum tíðindum og blöðum og beðið gjöfla og þjóðrækna íbúa höfuðborgarinnar að styðja fyrirtækið með bóka- og gjöfum eða á annan hátt. Stjórn háskólans og lærðu skólanna hafi brugðizt vel við og gefið um 50 bindi, og sérstaklega konunglega Landbúnaðarfélagið, sem gefið hafi yfir 30 bindi, bæði búfræðilegs og annars efnis, en frá einstökum mönnum hafi sárfátt gefizt, meðfram vegna þess, hve prófasturinn átti stutta dvöl þar syðra. Loks biðja þeir Fornfræðafélagið og einkum ritara þess, sem orðið hafi stiftsbókasafninu að svo ágætu liði, að styðja fyrirtækið með bókum og landbréfum og senda gjafirnar til annarshvors þeirra eða Árna kaupmanns Thorlacius' í Stykkishólmi.

Árangur af viðleitni þeirra Bjarna amtmanns og Péturs prófests í þessu máli varð sá, að í ársbyrjun 1847 kom út reglugerð, ódagsett (sbr. Lovsamling f. Island, 13. bd. 565–567. bls. og Skýrslu um Vesturamtsins almenna bókasafn í Stykkishólmi — — Rv. 1847. 8vo) fyrir Amtsbókasafn Vesturamtsins, er stofnendur þess höfðu samið til bráðabirgða, og var safnið þá opnað í Stykkishólmi til afnota fyrir íbúa Vesturamtsins.

Svo sem áður er á dregið (47—48. bls.) hafði franska ráðuneytið fyrir 1833—1844 sjóliðið og nýlendurnar gefið um nokkur ár stiftisbókasafninu ýms góð og merkileg ritverk, og því var það, að þeir Hoppe stiftamtmaður og Steingrímur biskup höfðu í bréfi, dags. 4. októberd. 1843, til rentukammersins farið fram á, að franska ráðuneytinu yrði afhent að gjöf, annaðhvort af franska erindrekanum í Reykjavík eða stiftisyrirvöldunum, Íslendingasögur og önnur fræðandi rit um fornöld Norðurlanda, í viðurkenningarskyni fyrir þá hugulsemi og velvild, sem það hafði sýnt safninu og landinu með bók-gjöfum sínum. Rentukammerið tók erindi þessu mjög vel, lét kaupa fyrir fé úr jarðabókarsjóði ýms merk fornrit og rit um fornöldina norrænu á íslensku, dönsku, latínu og frönsku, bæði frumrit og þýðingar, svo sem Fornmanna sögur á frummálinu og í latneskri þýðingu, Fornaldar sögur Norðurlanda, Oldnordiske Sagaer, Annaler for nordisk Oldkyndighed o. fl. — alls 66 bindi — og fólu stiftisyrirvöldunum að koma þeim á framfæri til frakkneska ráðuneytisins (sbr. Lovsamling f. Island. 13. bd. 77—79. bls.).

Þegar hingað er komið sögunni, voru orðin stiftamtmannaskifti á Íslandi. Bardenfleth hafði 21. apríldag 1841 fengið lausn frá embætti og var orðinn hirðstjóri (Hofschef) hjá ríkiserfingjanum (Friðriki sjöunda), en í hans stað var orðinn stiftamtmaður Torkil Abraham Hoppe og hafði, sem formaður hans, tekið sæti í stjórnarnefnd safnsins. Meðan hann dvaldi erlendis frá embætti sínu (9. ágústd. 1844 til 20. maí. 1845) hafði hann yfirfarið tvítakasafn konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn og valið úr því ýms verk, sem hann í bréfi dags. 1. maídag 1845 til kansellisins hafði óskað að gefin yrðu stiftisbókasafninu, og var það veitt og tilkynt stiftisyrirvöldum í kansellibréfi 29. júlídag 1845 (sbr. Lovsamling f. Island. 3. bd. 317. bls.).

Um sama leyti urðu ný mannaskifti í yfirstjórn safnsins. P. 14. dag 1845 júnímánaðar 1845 andaðist hinn valinkunni sæmdar- og fræðimaður Steingrímur biskup Jónsson, sem átt hafði sæti í stjórnarnefnd safnsins frá upphafi vega hennar (1826) alt til dánardægurs, eða um tuttugu ár, og setið í yfirstjórn þess frá því er Geir biskup leið († 20. septemberdag 1823). Steingrímur biskup var ættfræðingur mikill og bókavinur og átti bæði gott bókasafn og stórmerkilegt ættartölusafn og annara handrita. Eftir fráfall hans

1845 buðu þeir Hannes kaupmaður, sonur hans, og meðdómari í landsyfírréttinum J. Johnsen, sem lögráðamaður biskupsekkjunnar, frú Valgerðar, handrita- og bókasafn Steingríms biskups landinu til eignar fyrir tólf hundruð ríkisdali. Hoppe stiftamtmaður og Helgi biskup Thordersen mæltu með kaupinu og endirinn varð sá, eftir nokkur bréfaskifti milli stiftisyfirvalda,
1846 kansellís og rentukammers, að konungur þ. 5. júnídag 1846 úrskurðaði:

»1) Að gjalda skuli úr Jarðabókarsjóði 1200 ríkisdali, án niðurföfnunar á landsbúa, til að kaupa handa stiftisbókasafni Íslands bóka- og handritasafn það, er Steingrímur sál. Johnsen, biskup, hefur látið eftir sig, þó þannig [o. með því skilyrði], að safnið afhendist stiftisbókasafninu í Reykjavík eftir fullkominni, tvíritaðri bókaskrá yfir það, og skal annað eintak hennar, með áritaðri viðurkenningu stiftisyfirvaldanna fyrir afhending handritanna og bókana, sendast kanselliinu til geymslu í skjalasafni þess; — 2) að einnig skuli greiða úr nefndum sjóði, án niðurföfnunar á íbúana, allt að 300 ríkisdöllum til nauðsynlegrar stækkunar og útbúnaðar á stiftisbókhöðunni fyrir hið keypta safn og fyrir flutning þess frá Laugarnesi til Reykjavíkur.« (Sbr. kansellibréf 9/6 1846 í Lovsaml. f. Isl. 13. bd. 464—465. bls.)

Það má teljast happ mikið, hvernig þessum kaupum lauk, því að auk þess, sem safnið eignaðist hér margar góðar bækur, þá var um leið einnig lagður grundvöllurinn að handritasafni þess með handritum Steingríms biskups, en það var safn beggja biskupanna Hannesar Finnssonar og Steingríms biskups. — Í handritasafni Landsbókasafnsins (263, 4to) er eitt handrit, sem hefur inni að halda: 1. Registur yfir handritasafn Hannesar biskups, eins og það var, meðan hann var á lífi. 2. Registur yfir sama safn, eins og það var að honum látnum. Bæði samin og rituð af Steingrími biskupi. 3. Registur yfir handritasöfn beggja biskupanna Hannesar og Steingríms, »eins og þau fundust og voru niðurröðuð á Íslands Stiptsbókhöðu í Reykjavík, við árslok 1873«. Með hendi Páls stúdents Pálssonar. Af þriðja registrinu sést, að handrit Hannesar biskups hafa verið 42 í arkarbroti, en Steingríms 60; í fjórblöðungum Hannesar 98, Steingríms 116; í áttblöðungum Hannesar 38 og Steingríms 42, eða alls 176 bindi úr handritasafni Hannesar biskups, en 217 úr safni Steingríms biskups, eða samtals 393 bindi, sem safnið átti í bókhöðunni árið 1873, af mestmegnis ágætum handritum úr eigu þessara tveggja fræðimanna.

Samt litur út fyrir, að talsvert af handritasafni Hannesar biskups hafi 1846 farið forgörðum eða aðra leið en til safnsins, svo sem til biskupanna (í biskupsskjalasafnið), ættingja o. s. frv., því að í fyrsta registrinu, sem nær yfir bækur hans í lifanda lífi, eru handrit í arkarbroti talin 49 (86), fjórblöðungar 232 (301), áttblöðungar 38 (48), en í öðru registrinu (að honum látnum) eru handrit í arkarbroti samtals 50, fjórblöðungar 232, áttblöðungar 38. Það eru þannig áttblöðungarnir, sem einna minst hafa týnt tölunni, eins og eðlilegt er, með því að þar var engum embættisskjölum eða embættisbókum til að dreifa, en margt í hinu þess eðlis, að biskupsdæminu var viðkomandi. — Hér var þá lagður grundvöllurinn að handritalegum sagnafróðleik bókasafnsins með hinum merku ættartöluritum Steingrims biskups og öðrum merkum handritum, sá grundvöllur, sem upp af hefur vaxið hið tiltölulega stóra og merkilega handritasafn Landsbókasafnsins, því stærra og merkilegra, þegar tekið er tillit til þess, hve sviðið landið var áður orðið að þessum gróðri eftir alla leit Árna Magnússonar og annara safnara og allan handritamoksturinn til útlanda. Mun síðar verða skýrt frá, þegar þar að kemur, hinum stærstu söfnum, er handritasafninu bættust, er fram liðu stundir.

Í áður nefndu kansellibréfi (57. bls.) um gjafabækur af tvítakabirgðum konunglegu bókhöðunna í Kaupmannahöfn var svo fyrir mælt, að yfirbókaverði hennar væri heimilt að afhenda *framvegis* stiftisbókasafninu til eignar þau af tvitökum konungl. bókhöðunna, sem þættu hentug fyrir það, en með því að hvorki stjórnarnefnd safnsins né stiftisýfirvöld gátu sjálf, vegna fjarlægðar, rannsakað bækurnar og listi yfir þær ekki til hér heima fyrir, þá varð að fá einhvern mann, búsettan í Höfn, til að velja úr tvitökunum og því var það, að stiftisýfirvöldin í árslok 1845 (6. desemberdag) skrifa yfirbókaverðinum E. Chr. Werlauff og samdegis Jóni alþingism. Sigurðssyni og biðja hinn síðar nefnda að snúa sér til yfirbókavardar konunglegu bókhöðunnar og velja úr tvitökum hennar þau bindi, sem hann telji eiguleg fyrir safnið, semja síðan lista yfir þau og veita þeim móttöku og senda þau síðan með skipsferð, sem félli, til Reykjavíkur. Stiftisýfirvöld biðja hann að fyrirgefa þessa fyrirhöfn, sem þau geri honum, og vitna í fyr sýndan velvilja hans til safnsins. Undir bréf þetta rita þeir Torkil A. Hoppe

1846 stiftamtmaður og Árni stiftprófastur Helgason, sem gegndi biskupsstörfum eftir fráfali Steingríms biskups (1845—1846), eins og hann hafði áður gert eftir lát Geirs biskups Vídalíns (1823—1826), en samtímis honum hafði einnig um hrið Jón Jónsson meðdómari í landsyfirréttnum gegnt stiftamtmannsstörfum (9. ágústd. 1844—20. maí. 1845) í fjarveru Hoppe stiftamtmanns, svo að báðum þessum störfum, stiftamtmanns og biskups, var um 1847 hrið samtímis þjónað af settum mönnum. En árið 1847 er Hoppe leystur frá embætti og þá tekur við af honum 1. dag ágústmánaðar Matthías Hans Rosenörn (1. ágústd. 1847—21. septemberd. 1849), en árið áður (1846) hafði Helgi Guðmundsson Thordersen tekið við biskupsembættinu.

Yfirlit þessara síðustu ára, frá 1840, sýnir afturför og ólestur í stjórn safnsins, eftir það er störfin drögust úr höndum stiftamtmanna og ritara þeirra. Fundabók er engin haldin árum saman (1842—1854) og nefndarfundir virðast engir hafa verið haldnir. Það lítið, sem aðhafzt var, virðast stiftisýfirvöldin hafa að mestu leyti framkvæmt, því að frá þeim ganga þó árlega bréf til kansellisins, með reikningum safnsins, en á þeim bréfum er hvorki hægt að sjá fjárhag safnsins né bindatölu þess. Bréfabækur eru engar haldnar við safnið, og bréf þau, sem til safnsins komu, því nær öll glötuð fyrir hirðuleysi. Lítur helzt út fyrir, að Þórður Jónassen hafi einn haft á hendi bókavarðarstöðuna og gjaldkerastörfin og gert stiftisýfirvöldunum árlega skilagrein, en að öðru leyti hafi alt verið »látið eiga sig«. Ofan á þetta bætist svo húsnæðisleysi og brakningur fyrir bækur safnsins. Með konungsbréfi 15. marzdag 1847 og 16. apríldag s. á. var ákveðið að breyta og gera við dómkirkjuna í Reykjavík, en þar hafði safnið haft bækistöð sína síðan árið 1826 og varð því nú að hverfa af kirkjuloftinu. Til bráðabirgða fékk það svo sumarið 1847 lestrarstofu lærðaskólans, sem þá var nýbygður, en 1. septemberdag s. á. tilkynna svo stiftisýfirvöldin stjórnarnefndinni, að safnið verði að flytjast þaðan hið fyrsta, því að herbergin eigi að taka handa prestaskólanum, sem þá var nýstofnaður og einnig húsnæðislaus. Safnið varð því enn af nýju að hrekjast burt, og var það nú flutt úr lestrarstofunni upp í eitt hornið á alþingissalnum í sömu byggingu og því hlaðið þar upp, en af því að menn óttuðust, að loftið kynni að

svigna undir svo miklum þunga á litlum bletti, þá var enn af nýju af- 1847
ráðið að flytja bækurnar til í salnum. Loks var húsnæði safnsins á kirkju-
loftinu vorið 1848 svo langt komið, að hægt var að flytja bækurnar úr al- 1848
þingissalnum niður á loftið í dómkirkjunni, en þá tók ekki betra við, því
að danskir málara, sem sendir höfðu verið hingað til að mála dómkirk-
juna, höfðu bækistöð sína alt sumarið uppi á loftinu með liti sína og litun-
ar verkfæri og notuðu það einnig fyrir afvikastöð sína, og þess vegna var
ómögulegt á því sumri að ráða bókunum og það því síður, sem safnið
einnig var í hilluskorti. — Má nærri geta hve hollur allur þessi þvælingur
fram og aftur hefur verið bókum safnsins, sem bæði hljóta að hafa skemzt
í meðferðinni og að líkindum einnig týnt tölunni, sem líka má ráða af
orðum Jóns bókavarðar Árnasonar í einu af bréfum hans, þar sem hann
minnist á þessa hrakninga.

Ofan á alla þessa örðugleika bættist svo, að nú voru þeir orðnir einir
tveir eftir í stjórnarnefndinni Þórður Jónassen yfirdómari og Jón land-
læknir Thorsteinsen, því að stiftisýfirvöldin, þeir M. H. Rosenörn stiftamt-
maður og Helgi biskup Thordersen, höfðu bréflaga 16. nóvemberdag 1848
tilkynt nefndinni, að þeir hefðu aldrei tekið sæti í henni, með því að þeir
teldu það ekki vel geta samrýmt stöðu þeirra sem yfirstjórnenda safnsins,
og vitna í skipulagsskrá þess 15. nóvemberd. 1826. Hins vegar sáu þau, að
tveir menn einir gátu ekki setið nefndina, með því að »tres faciunt colle-
gium« og því var það, að þeir í sama bréfi útnefndu þá dr. Pétur Péturs-
son (síðar biskup) og H. Kr. Friðriksson skólakennara til að taka sæti í
nefndinni með hinum tveimur, og gera enn fremur fyrirspurn til nefndar-
innar, hvort ekki myndi æskilegt, að útnefndur væri fimti maður í nefnd-
ina, svo að til væri oddamaður, ef ágreiningur yrði meðal nefndarmanna.
Og loks skjóta stiftisýfirvöldin í sama bréfi undir nefndina til athugunar,
hvort ekki myndi ástæða til, með því að ýms verk¹⁾ séu óunnin í safnsins
þarfir, sem ekki þoli bið, að skipaður væri gjaldkeri og bókavörður, eins og

1) Hér er átt við röðun safnsins eftir flutninginn úr kirkjuloftinu og þangað aftur
og samning bókaskrár.

1848 til væri ætlazt í 4. gr. skipulagsskrárinnar, með launum, svo og hvort nefndin ekki myndi vilja taka til geymslu skjalasafn bókasafnsins, sem til þess tíma hafi verið geymt hjá stiftamtmanni.

Þessu bréfi svarar svo nefndin 21. desemberdag s. á.¹⁾ á þá leið, að hún hyggur varla mögulegt að skipa gjaldkera og bókavörð með launum, ef það eigi að verða annað en nafnið tóm, nema með því að skerða fastasjóðinn að miklum mun, öðru máli væri að gegna, ef hagur safnsins batnaði eða það fengi einhverjar árlegar tekjur, en með því að því væri ekki til að dreifa, þá yrðu nefndarmenn heldur að skiftast á um störfin en baka safninu þann kostnað. — Skjalasafnið telja þeir bezt geymt hjá stiftamtmanni, svo hér eftir sem hingað til, og ákvæðinu um fimta mann í nefndina vilja þeir skjóta á frest, með því að störf nefndarinnar muni sjaldan eða aldrei gefa tilefni til ágreinings.

Auðvitað hefur nefndinni gengið gott eitt til, þegar hún réð af að hafna hinni viturlegu tillögu stiftisýfirvalda um launadan bókavörð og gjaldkera, með því að hún hefir talið það safninu um megn, en eitt af tvennu hlýtur að vera, að annaðhvort hefur verið ágreiningur í nefndinni og bréfið ef til vill aldrei verið sent stiftisýfirvöldum, eða þá að nefndin hefir bráðlega átt sig, þegar hún sá, hve mikið verk var fyrir hendi, því að í bréfi til stiftisýfirvalda, ódagsettu en rituðu í desembermánuði 1848, sem geymzt hefur í bréfaböglum Landsbókasafnsins, getur hún þess, að á nefndarfundum síðast í nóvembermánuði hafi hún afráðið að hefjast handa með röðun safnsins, með því að *ráða mann til að selja upp bækurnar og raða þeim og því næst semja skrá yfir safnið*, með því að bæði bókaskrá þess þyki ábótavant (sbr. 53—54. bls.) og svo sé hún orðin ónóg, þar sem safnið hafi aukizt mjög, síðan hún kom út, einkum við bókasafn Steingrims biskups. Þetta starf við að selja upp bækurnar og raða þeim segjast þeir svo hafa »afhent Jóni student Árnasyni í Reykjavík gegn hæfilegu endurgjaldi af fé safnsins«, en búast við, að verkinu miði lítið áfram þá um veturinn »einkum bókaskránni«, því að vinna varð uppi á loftinu í kaldri

1) Bréfið er óundirskrifað, en ritað með hendi Jónassens og hefur geymzt í skjölum Landsbókasafnsins.

kirkjunni, þó hafa þeir von um að »verkinu verði lokið á komanda sumri« (1849). Þá kvartar nefndin einnig í bréfinu yfir, hve miklar skemdir orðið hafi á bókunum í öllu flutningsfarganinu og yfir öllum þeim bókbands-kostnaði, sem það hafi í för með sér fyrir safnið. Að síðustu segjast þeir enn vera þeirrar skoðunar, að skjalasafnið sé bezt geymt þar, sem það sé [hjá stiftamtmanni] og óski því engrar breytingar í því atriði. 1848

Bréf þetta sýnir, að nefndin hefur í árslok 1848 verið komin að sömu niðurstöðu sem stiftisýfirvöldin um, að nauðsynlegt væri að setja að minsta kosti fastan bókavörð við safnið, hvað sem gjaldkerastörfunum leið, því að þótt bókavarðarnafnið sé ekki nefnt, þá er þó maður ráðinn (engageret) til að gegna bókavarðarstarfinu fyrir safnsins fé, sem var eða varð að minsta kosti í reyndinni eitt og hið sama. En að því er snertir bóka-skrána, þá virðist nefndin þar tala um óorðinn hlut sem orðinn væri, því að bæði virðist það hafa verið lítt vinnandi verk að rita bókaskrá í kuldalum uppi á kirkjulofti að vetrarlagi og svo sést það líka berlega á bréfi frá Jóni Árnasyni til stjórnarnefndarinnar dags. 21. júlíð. 1849, sem enn er til í upp- 1849
kasti í Landsbókasafninu, að nefndin hefur hálfum mánuði áður (7. júlí-
dag) bréflaga boðið Jóni Árnasyni 100 ríkisdali fyrir að semja bókaskrána. Í bréfi sínu til nefndarinnar gengur Jón Árnason að boði hennar, þótt ekki svari borgunin fyrirhöfn, en safnið hinsvegar fátækt, »en þó því að eins: 1^o að nefndin heimti ekki handritið alt fyrir en í ágústmánuði 1850,¹⁾ 2^o að nefndin heimti ekki nákvæma lýsingu yfir innihald hverrar bókar í handritunum, 3^o að nefndin fyrirsegi skipulag og greiningu á bókunum í hverri aðalvisindagrein í registrinu [bókaskránni] fyrir fram, 4^o að nefndin vilji fela honum á hendur bókavörzluna framvegis og 5^o gefa honum í kaup 30 ríkisdali árlega«. Skuldbindingar hans eru aftur á móti þessar: 1^o að rækja starf sitt svo vel sem honum er unt, 2^o að vera uppi í bókasafninu 2 tíma vikulega á sumrum og að minsta kosti 1 tíma í viku á vetrum. Þar að auki 3^o að semja kauplaust registur yfir árlega viðbót, ef bókasafnið eignast ekki fleiri bindi en 100 á ári. Svo endar hann með þessum orðum:

1) Gat ekki skilað því fyr vegna annara skylduverka sinna og kulda á vetrum í bókasafninu.

prentsmiðjurnar létu örlítið af mörkum árlega, nokkur hundruð tvítaka 1850 hafði safnið gefið amtsbókasafninu á Akureyri, auk þess hafa ýmsar bækur, sem mest voru lesnar, gengið úr sér og ýmsar algerlega týnzt við flutningana og allan hrakninginn, sem safnið varð fyrir, og að síðustu eru bóka-skrár, sem samdar eru af ýmsum mönnum á ýmsum tímum, ekki áreið-anlegur mælikvarði á bókaeign safna, því að miklu getur munað, hvernig talið er í bindi, ekki sízt fyr á dögum, meðan samvinna enn var lítil meðal bókasafna og fáar alment viðurkendar reglur, en hver fór sínu fram.

Ekki komst Jón Árnason, ýmissa anna vegna, yfir að semja bókaskrána einn saman, heldur fékk hann þá Magnús Grimsson (1825–1860), síðar prest að Mosfelli og samverkamann sinn að þjóðsagnasöfnun, og Benedikt skáld Sveinbjarnarson Gröndal (1826–1907) sér til hjálpar. Raðaði Magnús lögfræði, málfræði og islenzkum bókum, en Benedikt fögrum visindum og (að nokkru leyti) »ýmislegum« ritum.

Forlög þessarar bókaskrár urðu þau, þótt undarlegt megí virðast, að hún kom aldrei út á prent, fjárskortur og úrræðaleysi hamlaði jafnan, þegar til átti að taka, og loks var það, að gefinn var út þjóðhátíðarárið, 1874, sá hluti hennar, er tók yfir islenzkar bækur, í »Skrá« þeirri, sem prentuð var það ár, »yfir islenzkar bækur og handrit í Stiftisbókasafninu« og Jón Árna-son annaðist. En allur meginhluti handritsins, skráin yfir útlendu bækurnar, liggur enn óútgefinn, geymdur í Landsbókasafninu. Þannig atvikaðist það, að stór eyða varð í bókaskránni safnsins alla leið frá 1842, er síðari bókaskráin kom út, að því er snertir útlendar bækur, og í islenzkum bók-um frá 1874 alt til ársins 1887, þegar byrjað var að gefa út árlegar rit-
aukaskrár Landsbókasafnsins.

Það sýnir bezt, að Jón Árnason hefur búizt við, að bókaskrá sin mundi bráðlega verða prentuð, að í nefndu bréfi sínu til stjórnarnefndarinnar (27. ágúst.) lætur hann þá von í ljós, að handritið verði prentað hér á landi, svo að hann fái að lesa prófarkirnar að ritinu, enda sé það ódýrara, með því að þá losist safnið við að kosta upp á afskrift af handritinu, sem að öðrum kosti var óhjákvæmileg, því að skráin var að jafnaði notuð í bóka-safninu bæði af bókaverði og lántakendum.

Um *registur yfir handrit safnsins* lætur Jón Árnason þess getið í bréfi

1850 sinu til nefndarinnar, að hann geti ekki látið það fylgja bréfinu, með því að hann hafði þá enn ekki fengið svar hjá nefndinni upp á spurningar sínar um tilhögun handritaskrárinnar, hvort semja skyldi nákvæma lýsingu eftir köflum hvers handrits o. s. frv. eða hún léli sér nægja lauslegt efnisyfirlit. Líkur eru til, að Jón Árnason hafi þá loks fengið annaðhvort bréfllegt svar frá nefndinni, þótt ekki sé það nú finnanlegt, eða þá munnleg skeyti, því að 1. októberd. sama ár tilkynnir hann nefndinni, að þá sé lokið samningu handritaskrárinnar, ef til vill sé registrið (svo nefnir hann jafnan skrána) nógu nákvæmt, og þyrfti að breinskrifast og lagfærast, en það sé þó skárra en ekkert, og segir síðan: »Nú bið ég hina heiðruðu nefnd að álita, hvort ég muni ekki vera búinn, að svo miklu leyti sem mér er unt, að uppfylla þá skilmála, sem mér voru settir til að semja registrið yfir bækurnar og handritin, sem til eru í safninu«. Og loks endar hann á að biðja nefndina að greiða sér sem fyrst þá 45 ríkisdali, sem eftir standi af ómakslaunum sínum (100 rd.).

Þegar dómkirkjan í Reykjavík var endurbyggð árið 1847, hafði verið varið 439 rd. 90 sk. til herbergjaskipunar fyrir bókasafnið uppi á kirkju-loftinu, en árið áður höfðu með konungsbréfi verið veittir 300 rd. til endurbóta á herbergjum safnsins og höfðu þegar verið greiddir 140 ríkisdalir af þeirri upphæð til herbergjaskipunar í safninu. En árið 1850 verður það fyrir milligöngu Rosenörns, sem 1849 var orðinn innanríkisráðgjafi Dana, að safninu er með konungsbréfi 24. septemberdag 1850 veitt undanþága frá að endurgjalda jarðabókarsjóði þessa 439 rd. 90 sk. og tilkynnir Trampe stiftamtmaður nefndinni það í bréfi dags. 29. októberdag 1850. Bréfið er að því leyti nýstárlegt, að það er fyrsta bréf frá stiftamtinu til nefndarinnar, sem skrifað er á *Íslenzku*, enda er það ekki nema fjórar línur frá stiftamtmanni. Hitt er danska frá innanríkisráðgjafanum. En stult var sú stund og stóð ekki lengi, því að brátt dró aftur danskt ský fyrir þessa Íslenzku glætu þaðan, en nefndin svaraði jafnan í sömu mynt, upp á háðönsku.

Viðgerð sú, sem húsakynni safnsins höfðu fengið, virðist verið hafa af skornum skamti, eftir því sem ráða má af oft nefndu bréfi Jóns Árnasonar til nefndarinnar, því að þar kvartar hann yfir, að rúður séu brotnar, á einum stað sjáist út um þiljurnar og hellupakið, svo að það leki, þegar dropi

komi úr lofti, og auk þess sé enginn ofn í safninu, og hafi Trampe greifi 1850 ekki haft aftök um að láta setja þar ofn. Einnig vanti þar borð fyrir uppdrætti og töflur og á öllu þessu þurfi helzt að ráða bót fyrir veturinn. Þá kvartar hann einnig síðar (í bréfi til nefndarinnar dags. 15. septemberdag 1851), yfir því, hvernig allir vaði um safnið og rugli í hillunum, með því að ekkert afdrep sé til fyrir lántakendur, og stingur upp á, að gerð sé rinilagirðing úr tré, á þann hátt sem hann nánar tiltekur, inn eftir gólfinu í bókhöðunni til að slia gestunum frá bókunum sjálfum.

Meðan á röðun safnsins stóð og samning bókaskrárinnar, var safnið ekki opið til afnota fyrir almenning og var fyrst opnað 16. dag septemberm. 1850. Á nefndu bréfi forstöðunefndarinnar sést, að lántakendur hafa frá 16. d. septemberm. til jafnlengdar 1851 verið 55, en bóka fjöldi er ekki tilgreindur. 1851 Ritaukinn hefur það ár verið óvanalega magur eða einungis 8 bindi frá útlöndum og skilin frá prentsmiðjunni fyrir farandi ár slæm. Þannig skýrir t. d. bókavörður frá, að til séu að eins í safninu af prentuðum íslenskum bókum og bæklingum 5 frá 1841, 7 frá 1842, 5 frá 1843, 10 frá 1844, 3 frá 1846 og gerir fyrirspurn til nefndarinnar um, »hvort skoðun manna um skyldu prentverka til að afhenda safninu eitt eintak af hverri nýrri prentaðri bók sé rétt«. Hann virðist því ekki hafa þekt þá skyldu, sem hvíldi á prentverkinu í Viðey, sem áður er um getið, og auðvitað hafði slútt yfir á prentsmiðjuna í Reykjavík sem arftaka eða framhald hinnar, en prentsmiðjan að líkindum trassað að afhenda reglulega á ári hverju prentmál sitt, eins og oftlega hefur síðan viljað við brenna. Ívantanir (defectur) í erlend timarit hafa, eins og listi frá bókaverðinum sýnir, verið afar miklar. Aftur á móti hafa mörg tvitök hrúgast upp við gjafir og voru þá enn, sem fyr, í árslok 1850 seld á opinberu uppboði 439 tvitök fyrir samtals 169 rd. 41 sk. Til samanburðar við bókauppboðskostnað nú á dögum skal þess getið, að frá bókaverðinu dróst:

a. Útgjöld við uppboðið:

- | | |
|---|---------------|
| 1. til götuvarðar H. Henrichsen | 1 rbd. 18 sk. |
| 2. fyrir að bera bækurnar úr kirkjunni ofan í bæjarþingsstofu | » — 32 — |

Flyt: 1 rbd. 50 sk.

Flutt: 1 rbd. 50 sk.

b. Reikningur kammerr. Chr. Christjánssonar (sölul. hans) 1 — 9 -

c. Gjaldheimtulaun af 169 rbd. 41 sk..... 7 — » -

eða samtals 9 rd. 59 sk.

Af uppboðsfénu var svo einnig tekið til greiðslu á bókbandsreikningi frá Agli Jónssyni bókbindara 5 rbd. 16 sk. og hálfs árs bókavarðarlaun til Jóns Árnasonar 15 ríkisdalir, því að þótt svo væri upphaflega til ætlaðt af nefndinni, að bókavörður tæki laun sín (30 rd.) undir sjálfum sér af lántökugjaldinu, sem var 3 mörk (= 1 króna) árlega af hverjum lántakanda, og hann átti að heimta, þá urðu vanalega Hálfðánarheimtur á því gjaldi, og svo var tala lántakenda bæði mismunandi ár frá ári og þeir misjafnlega skilvisir og því örðugra fyrir bókavörð að ganga ríkt eftir gjaldinu, þar sem hann, eins og prestarnir, var tollheimtumaður fyrir sjálfan sig. Lántökugjaldið hrökk því venjulega ekki til að gjalda bókaverðinum hans litlu þóknun. Þannig voru t. d. lántakendur 55 að tölu árið 1850—1851, og áttu því að réttu lagi að gjalda 55 mörk eða $27\frac{1}{2}$ ríkisdal allir til samans í lántökugjald, en af þeim guldur að eins 34 gjald sitt, 17 ríkisdali, hinir trössuðu að gjalda, og voru í þeim hóp, eins og listinn enn sýnir, ekki síður háir en lágir. Fyrir ræsting og ritföng við útlánið skuldaði safnið bókaverði 2 ríkisdali, svo að safnið var þá við reikningsskil skuldlaust við hann eftir allan reytinginn. Launin voru ekki einungis smánarlaun, heldur einnig reytingslaun, og var því ekki undarlegt, þótt Jón Árnason síðar reyndi að fá þau hækkuð og borgunaraðferðinni breytt.

Eins og lauslega var á dregið, var ívöntun mjög mikil í tímarit þau útlend, er safnið hafði fengið mestmegnis að gjöf, en þau eru, sem kunnugt er, sú tegund bóka, sem örðugast er að gera heilar, einkum þegar frá liður, auk þess sem innbinding þeirra og geymsla veldur meiri töf og örðugleikum en annara rita. Fyrir Jóni Árnasyni virðist hafa vakað að takmarka tölu þeirra, en gera þau um leið notadrýgri, því að hann mælir í bréfi sínu til nefndarinnar með, að *haldin verði nýjustu og beztu tímarit, að minsta kosti eitt í hverri aðalvísindagrein*, en bæði voru efni safnsins of lítil til að kaupa mörg þess konar rit, en ekki hægt við að ráða, hvers konar bækur gefendur gæfi, og svo vill gjarna svo fara, þegar margir eiga að ráða um

val bóka, að silt sýnist hverjum, og við mannaskifti er þá stundum einnig 1851 skift um timarit, gömlum slept og byrjað á nýjum, eins og raun ber vitni um hér í safninu sem viðar. Og vist er um það, að ekki verður séð, að nefndin hafi tekið þessa tillögu bókavardar til greina.

Í lok ársins 1851 (8. nóvemberdag) skrifaði Helgi biskup Thordersen Rafni etazráði bréf og skýrir honum frá helztu breytingum, sem orðið hafi á safninu, síðan hann varð biskup, og skal hér ekki endurtekið það, sem áður hefur sagt verið um það efni, heldur einungis geta þess, sem ekki hefur áður verið frá skýrt, meðal annars þess, að settar hafi verið nýjar reglur um útlán bóka. Fundabók var engin haldin þessi árin, og því ekki hægt að sjá, hverjar þær hafi verið, en með því að þeirra er ekki getið í skjölum safnsins, né heldur í bréfabók biskupsdæmisins, er líklegt, að það hafi ekki verið neinar stórvægar breytingar gerðar, ekki sízt þar sem vér vitum, að útlánsdögum var ekki fjölgað. En vera má, að einhverjar breytingar hafi verið gerðar um ábyrgð á útlánum og eintakafjölda í hvert skifti. Er oss næst að halda, að biskupinn eigi hér einungis við lántökugjaldið og innheimtu þess af bókaverði. Bókaeign safnsins telur biskup þá vera 6000 »verk«, en bindi, að hann minnir, 9000, og er það lítið eitt meira en Jón Árnason telur í registri sínu (sbr. 64. bls.). Fastasjóð safnsins telur hann þá vera 2070 ríkisdali. Í lok bréfsins lofar hann Rafni framvegis nánari upplýsingum, því að enginn verðskuldi svo mjög sem hann að vita jafnan, hvernig því vegni, og í byrjun bréfsins segist hann ekki geta neitað sér um þá ánægju »að votta yður, göfugi maður, mína innilegu lotningu og þakk-læti fyrir það, hve ágætlega þér hafið reynzt stiftisbókasafninu, og hafið þér þar með unnið þessu landi gagn, svo sem þér og í mörgum öðrum greinum hafið haldið heiðri þess á loft og gert oss Íslendingum nafn yðar ógleymanlegt«.

Árið 1852 varð í ýmsum greinum happaár fyrir safnið. Þannig varð 1852—1853 erlendur ritauki safnsins 599 bindi og var mestur hluti þeirra, eða 494 bindi, sendur hingað af Joh. E. Rydqvist,¹⁾ kgl. bókaverði í Stokkhólmi, sem

1) Joh. Erik Rydqvist f. 20. októberd. 1800, meðlimur sænska Akademisins 1849, † 17. desemberdag 1877.

hann hafði safnað og veitt móttöku frá ýmsum vísindafélögum, vísindamönnum og bóksölum í Svíþjóð; voru það góðar bækur, bezlu skáldrit sænsk og bækur vísindalegs og fagurfræðilegs efnis, svo að gjöf þessi, ásamt 54 ritum sænskum frá öðrum gefendum í Svíþjóð um sama leyli, er ein með ágætustu og völdustu gjöfum, sem safnið hefur fengið.¹⁾ Um gjöfina hafði Rydqvist bókavörður skrifað Helga biskupi og sagt, að hennar væri að vitja hjá sænska yfirræðismanninum (generalkonsúlnum) í Kaupmannahöfn, en Helgi biskup hafði svo bréflaga (16. ágústdag) tilkynt forstöðunefndinni gjöfina og skýrt henni frá, að Rafn hefði ritað sér, »að helztu sænskir rithöfundar og ýmsir höfðinglyndir menn meðal Svía hefðu tekið sig saman um að gefa bókhöfðu vor Íslendinga, sem séum ætlingjar þeirra, úrval af svenskum ritum«. Síðan þakkaði Helgi biskup Svíum gjöfiná í löngu, snjöllu og hjartanlegu bréfi (17. ágústdag) til herra Rydqvists. — Auk Svianna hafði einnig hin fræga og mikla vísindastofnun Bandaríkjanna, The Smithsonian Institution, samæris sent bókasafninu 33 eintök af ritum sínum, og hefur hún haldið uppteknum hætti að styðja safnið með bóka-gjöfum alt til þessa dags og sýnt í því, sem öðru, að hún ber ekki að ástæðulausu í merki sínu hin fögru einkunnarorð: For diffusion of knowledge amongst men (til útbreiðslu þekkingar manna á meðal). — Þá bættust einnig safninu á þessu ári 8 eintök frá Friðriksháskóla í Kristíaníu og 5 eintök frá »Det statistiske Bureau« (hagfræðisstofunni) í Kaupmannahöfn, en báðar þessar stofnanir hafa jafnan verið meðal hollvina safnsins. Þá sendi einnig Daniel Willard Fiske, málfræðingur í New-York, safninu 2 bindi að gjöf, og er það í fyrsta sinni, sem sá góðkunni gefandi og vinur safnsins kemur við sögu þess.

Lántakendur bóka voru allmargir árið 1852, alls 64, og lánuð bindi úr safninu 1518 að tölu, en talan einnig venju fremur há, vegna þess að síðasti fjórðungur ársins 1851 (sbr. 67. bls.) var talinn með. Gjaldheimtan virðist einnig hafa gengið óvenju greiðlega, því að inn komu 31 ríkisd. og 3 mörk í lántökugjald eða leseyri, en nokkur hluti þeirrar upphæðar voru reyndar

1) Listi yfir gjafabækurnar með hendi Rydqvists er enn til í skjalasafni Landsbókasafnsins.

eftirhreytur frá fyrra ári. Reykjavíkuprentsmiðjan virðist einnig hafa gert 1852-1853
venju fremur góð skil, þar sem send voru frá henni í árslok 1852 19 bindi
af prentuðum bókum og blöðum. Um leseyrinn hafði Jón Árnason gert
fyrirspurn til nefndarinnar, hvort réttara væri að hafa hann misjafnlega
háan, eftir því hvort menn notuðu safnið mikið eða lítið sem ekkert, og
beðið um fastar reglur fyrir því, hve margar bækur þurfi að lána til að
vera skyldugur um fult árgjald, eða hvort allir skyldu gjalda sama gjald (3
mörk). Einnig spurði hann, hvort glataður eða skemdar bækur ættu að
gjaldast af lántakendum í peningum eða með sömu bókum aftur. Sömu-
leiðis spurðist hann fyrir um, hvort lána skyldi út Sviagiðfina, áður en hún
væri bundin. Höfðu tveir nefndarmanna (Pétur Pétursson og H. Kr. Frið-
riksson) lagt þvert bann við því munnlega við hann, eins og rétt var, en lán-
takendur ýmsir sóttu á. Og loks hafði bókavörður lagt til, að auglýstar væru
að nýju útlánsreglur safnsins, með því að farið væri að kenna meiri tregðu
hjá lántakendum en áður um bókaskil. Öllum þessum fyrirspurnum svarar
nefndin svo á fundi, sem hún hélt 3. janúardag 1853 og geymzt hefur fund-
argerð að í skjölum Landsbókasafnsins,¹⁾ á þann hátt, að

1. leseyrir skuli vera jafn fyrir alla, hvort þeir láni margar eða fáar bækur, »í það minsta« 48 skildingar.
2. glataðar eða skemdar bækur skuli greiddast *in natura* [ö. í sömu mynt].
3. auglýsa skuli af nýju reglur um útlánin og
4. sænska bókagjöfin lánist ekki út, fyr en hún sé komin í band.

Á bréfi frá Jóni Árnasyni til nefndarinnar 19. janúardag 1853 sést, að grindur þær, sem hann hafði viljað gera láta á kirkjuloftinu (67. bls.) voru þá fengnar, en lekinn var enn sem fyr á loftinu og kvartar hann um, að ei sé bót á ráðin, því að í tvo vetur samsfleytt hafi hann ekki getað varið þær bækur leka, sem séu undir suðurhliðinni í bókasafninu, og ræður því til, að vötnsheldur skápur væri settur þar til varnar bókunum. Þá minnst hann einnig á bókbandið, hve nauðsynlegt sé að binda inn þær bækur, sem helzt þurfi þess við og liggi að öðrum kosti undir skemdum, en það

1) Fundargerðin er undirrituð af formanni nefndarinnar Jóni Thorsteinsen, Þórði Jónassen og P. Péturssyni.

séu sérstaklega skemtibækurnar hinar eldri og margt af íslenskum bókum. En smælkið ($\frac{1}{8}$, $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{2}$ arkar) vill hann, til sparnaðarauka fyrir safnið, láta geyma í pappahylkjum, til þess að hægra verði að halda því saman og verja það skemdum og glötun. Ef forstöðunefndin gæti varið um 60 ríkisdöllum árið 1853 til bókbands, þá telur hann að flestum þeim bókum myndi borgið, sem bráðast lægi við að hressa upp á og binda. — Þá segir bóka-vörðurinn í bréfi sínu, að forseti Bókmentafélagsins og Bókmentafélagið í Reykjavík eigi miklar þakkir skilið af bókasafninu fyrir bækur þær, sem safninu bættust árið 1852 að tilhlutun forseta félagsins, sem þá var dr. Pétur Pétursson, og sömuleiðis Jón alþm. Sigurðsson, sem einnig hafi sýnt því mikinn góðvilja og örlæti. En því tilfinnanlegra sé það, að hinar nýjari íslenzku bækur, prentaðar síðustu árin í Kaupmannahöfn, skuli ekki vera til í bókasafninu, eins og t. d. Félagssritin nýju, sem af vanti sjö síðustu árganga, en út yfir taki þó, að hart nær ekkert kver sé til í bókasafninu af því, sem prentað hafi verið frá því er prentsmiðjan var flutt til Reykjavíkur 1844 (sbr. 67. bls.), nema þær bækur, sem prentaðar hafi verið 1852 og 1853, því almúgamenn spyrji helzt eftir íslenskum bókum. »Mikið ágæt er það þess vegna«, segir hann að síðustu, »ef ekki skyldi takast að grafa upp það kollegialbréf, eða hvaða bréf það er, sem gerir prentsmiðjunni að skyldu að leggja eitt exemplar af hverri bók, sem hér er prentuð, af mörkum við stiftisbókasafnið. Því þó að það sé æskilegt, að bókasafnið auðgist af alls konar bókum, er það þó edlilegast, að það fái þær bækur, sem það á heimting á. En bæði eru það skemtibækurnar dönsku og þó einkum íslenzku bækurnar, sem mest og bezt halda lántakendum við bókasafnið, því færri eru það, sem lána þaðan visindabækur«.

Jóns Sigurðssonar hefur tvívegis verið getið hér að framan fyrir velvilja hans og hjálpsemi í garð safnsins og sízt var það honum að kenna, þó að nú, þegar mest var í húfi, ekki lánaðist sá happadráttur, sem hann hafði ætlað því, heldur olli því fátækt safnsins, úrræðaleysi og skortur á röggsemi hjá yfirboðurum þess og lærða skólans:

Þann 24. dag desembermánaðar 1847 andaðist hinn mikli fræðimaður Finnur prófessor Magnússon í Kaupmannahöfn. Hann lét eftir sig mikið og merkilegt bókasafn og handrita, sem var auðugt að íslenskum fróðleik. Jón

Sigurðsson varð við riðinn dánarbúið, með því að hann var umboðsmaður fyrir erfingja G. prófests Þorsteinssonar, sem voru útarfar Finns. Svo sem við var að búast af jafnþjóðræknunum manni sem Jóni og fróðum í íslenskum bókmentum, var honum umhugað um, að safn þetta kæmist til Íslands, svo að ekki færi um það, sem svo margan annan íslenskan fróðleik og bókasöfn, sem gengin voru undan Íslendingum í hendur erlendra manna og stofnana, og því var það, að hann samdi skýrslu yfir bækur og handrit dánarbúsins og sendi hana kirkju- og kenslumálaráðuneytinu með tilboði um, sem umboðsmaður fyrir hönd aðal erfingja (Hovedcreditorer i Boet) búsins, að afhenda safnið stiftisbókasafninu [til kaups] eða bókasafni lærða skólans í Reykjavík. Eftir að hafa leitað álits J. N. Madvigs prófessors um málið, sendi svo ráðuneytið stiftisýfirvöldunum afrit af erindi (Andragende) Jóns Sigurðssonar með fylgiskjölum og álitsskjali Madvigs með tilmælum um, að þau, áður en frekara yrði aðhafzt í málinu, létu í ljós álit sitt um, hvort það yrði að skoðast sérstaklega mikilsverður og nytSAMUR fengur fyrir söfnin að eignast þessar bækur og handrit, öll eða einhvern hluta þeirra, og ef svo væri, hvort bókasöfnin gætu þá ekki lagt eitthvað af mörkum til kaupanna. Einnig bað ráðuneytið að senda sér skrifað úrval úr handrita og bókaskránni af því, sem kynni að þykja nauðsynlegast, einkum til að fylla eyður þær, sem vera kynnu í söfnunum, svo að unt væri að komast hjá kaupum á tvitökum. Bréf þetta sendi svo Trampe greifi 3. maídag 1852 í afriti fyrir hönd stiftisýfirvaldanna nefndinni með tilmælum um, að hún í samráði við rektor lærða skólans gæfi hið um beðna álit og sérstaklega sendi stiftisýfirvöldunum úrval það af bóka og handritaskránni, sem um var beðið. Loks var nefndin beðin að hraða málinu sem mest, svo að svarið gæti komizt af stað héðan 25. s. m. með póstskipinu til baka. Formaður nefndarinnar (Jón Thorstensen) lét ekki á sér standa og kvaddi nefndarmenn í dönsku bréfi (ranglega dags. 8. marzd. í stað 8. maídag) til fundar í húsum Jónassens yfirdómara ásamt Bjarna rektor Johnsen. En nú lendir alt í þófi og undandrætti. Forstöðunefndin sendir álitsskjal, en engan útdrátt eða úrvalslista, svo að stiftisýfirvöldin neyðast aftur til mánuði síðar, 5. júnídag, að skrifa nefndinni og biðja um úrvalslistann. Enn kveður formaður nefndarinnar nefndarmenn og rektor (í þetta skifti

á íslenzku) til fundar heima hjá sér 20. ágústdag, en það kemur fyrir ekki. Jón Sigurðsson hafði sett 2000 rd. upp á alt safnið, og var svo til ætlað, að 1000 dalir yrðu greiddir úr rikissjóði, en hitt þúsundið með 200 rikisdala árlegri afborgun í fimm ár af fé því, sem skólanum var árlega lagt til bókakaupa, en rektor neitar að verja skólabókasafns styrknum til þessa og stiftisbókasafnið vantar fé. Stiftisýfirvöldin telja fjárupphæðina »eflaust allháa«, en nefndin kvartar yfir féleysi og gerir sér grýlu út úr væntanlegum tvítökum. Rektor vill helst hafa alt bóka- og handritasafnið til latinuskólasafnsins, en nefndin telur það betur komið hjá stiftisbókasafninu. Loks sendir nefndin stiftisýfirvöldum með bréfi dags. þann 9. dag septemberm., undir haust, úrvalslistann með þeim fyrirvara í enda bréfsins, er hér segir (í þýðingu): »En vér verðum samt í samræmi við það, sem vér áður höfum látið í ljós, virðingarfylst að halda því fram, að bókasafn þetta náðugast verði heilt og óskorið gefið stiftis- og skólabókasöfnunum í Reykjavík, því að þannig kæmist það hjá að lenda á þeim tvístringi, sem annars væri óumflýjanlegur. Vér hyggjum ekki, að vér með þessu gerum oss seka í neinni heimtufrekju, þar sem bæði gagn beggja safnanna og sú lotning, sem menn hér á landi bera með réttu fyrir hinum framliðna, gera það einkar æskilegt, að bókasafn hans varðveitist og það sérstaklega hér á þessum stað, og leyfum vér oss því innilega að æskja þess, að hin háu stiftisýfirvöld mæli með og styðji að uppfylling þessarar óskar«.

Lýkur svo þessu stappi með bréfi frá stiftisýfirvöldum 29. septemberd. 1852 til kirkju- og kenslumálaráðuneytisins og halla þau sér þar á sveif með stiftisbókasafninu og segja, að »ef stjórnin fyndi ástæðu til að sýna landinu þann mikla velgerning að gefa bókasöfnum þess þetta bóka- og handritasafn, þá telji þau heppilegra, bæði með tilliti til innihalds safnsins og tilhögunar á stjórn íslenzkra bókasafna, að afhenda safn þetta stiftisbókasafninu en bókasafni lærða skólans«, sem og rétt var, því að bæði átti safnið þar betur heima en í skólanum og svo var aðgangur að því greiðari í opinberu safni en skólasafni.

Þessu raunalega máli lauk á þann hátt, sem kunnugt er, að megnið af handritum og bókum Finns prófessors var selt til Englands, svo að

bæði Ísland og Norðurlönd voru svift þessum fjársjóði, sem nú virðist ekki hefði verið nein Herkúlesarþraut að klófesta. 1852—1853

Árið 1853 var ritauki safnsins 170 bindi og voru þar af 13 handrit gjöf frá madömu S. Thorgrímsen í Reykjavík. Megnið af þeim bókum, eða 109 bindi, gaf Jón Sigurðsson; forseti Bókmentafélagsins sendi 26 bd., Friðriksháskóli 7 og frá prentsmiðjunni í Reykjavík komu 12 hindi. Lántakar voru 64 á árinu og lánuð bindi 1193. Leseyrir virðist hafa verið goldinn nokkurn veginn greiðlega (63 af 64) það ár og bókavörður tekur fram í skýrslu sinni (19. janúardag 1854), að engin bók hafi sér vitanlega farizt eða skemzt á árinu, en um leseyni virðist votta fyrir ágreiningi milli hans og nefndarinnar. Hann hefur reynsluna fyrir sér og finst jafnvel sanngjarnt, að maður, sem lánar bækur að haustinu og yfir veturinn fram til vors, greiði ekki nema 3 mörk (1 krónu), enda reyndust menn tregir á að greiða aftur lesgjald við nýár, en samkvæmt reglum nefndarinnar voru þeir skyldir til þess. Þá kvartar bókavörður einnig um, að enn séu óauglýstar þær nýju reglur, sem nefndin hafi samið um nýársleytið 1852—1853, og því veitist sér »allörðugt og ómögulegt« að fá þær framkvæmdar t. d. um greiðslu leseynisins fyrir fram. Þá getur bókavörður þess, að sér hafi aldrei gefið færi á, síðan hann raðaði bókasafninu árin 1848—1850 »að skoða bókasafnið alt í gegn og bera það saman við registrið eins og með þyrfti og ég hefði vilja á, bæði af því að alla jafna hafa bækur verið í útlánum, og af því að þér þekkið sjálfir bezt laun þau, sem ég hef sem bókavörður«. En endurskoðun þess sé nauðsynleg og því leggur hann til, að hún fari fram á næsta sumri í júlímánuði og safninu sé lokað, meðan á henni standi. Ástæður hans leyfðu honum ekki að vinna kauplaust um mánaðartíma og því síður að launa nauðsynlegum aðstoðarmanni við verkið og þess vegna sækir hann um 60 ríkisdala styrk til endurskoðunarinnar eða þá að öðrum kosti 20 ríkisdala árlega viðbót við laun sín, og sé hann þá skyldur til að endurskoða bókasafnið fyrir alls enga aukaborgun. Ekki gat nefndin orðið við þessari ósk bókavarðar, en þó veitti hún honum þá úrlausn (á fundi 1854) að hækka árslaun hans um 10 rd. frá ársbyrjun 1854, eða upp í 40 ríkisdali alls í árslaun. Viðurkennir nefndin fúslega

1854 verðleika hans, en hinsvegar fjárhagur safnsins svo örðugur, að lengra varð ekki farið, enda þótt nefndin (sbr. bréf hennar til bókavarðar 20. febrúard. 1854) tæki það ráð að tvöfalda leseyrinn *fyrst um sinn* (úr 3 mörkum upp í 1 ríkisdal), en sú ákvörðun varð til þess, að 20 manns sögðu sig úr lántöku safnsbóka og töldu svik við sig, að þeir hefðu ekki verið látnir vita hækkunina um nýár. Þessi litla hækkun á þóknun bókavarðar um tíu ríkisdali varð þannig til þess, að safnið varð það árið tíu ríkisdölum fátækara í leseyri. En endurskoðuninni var borgið. Hún fór fram, eins og bóka-vörður hafði til ætlazt, sumarið 1854 og taldist bókaverði þá svo til, að í safninu væru 6300 bækur og handrit, »en miklu fleiri bindi«.

Árið 1854 byrjar nefndin aftur, eins og áður er á vikið, að halda bréfabók og eru fundir skráðir í henni fyrir árin 1854—1856 og 1859, síðan ekki fyrir en 1866. Á henni sést, að fundur hefur verið haldinn í nefndinni 16. febrúardag árið 1854 og þá verið samþykkt þessi 10 rd. hækkun á bókavarðarlaunum, sem áður er um getið, fyrir það ár, að því viðbættu, að hin upphaflegu laun hans skyldu, jafnskjótt sem efni stofnunarinnar leyfðu, hækkuð um 20 ríkisdali, svo að þau næðu 50 ríkisdölum alls. Þá var einnig samþykkt að auglýsa sem fyrst útlánsreglur safnsins, enn fremur var bókaverði gefin heimild til að taka það, sem honum þætti réttast í hvert skifti, fyrir glataðar bækur hjá lántakendum, annaðhvort peninga eða bækur; skáþgerðinni (71. bls.) var frestað til vorsins, þar til rektor hefði flutt bækur skólans af kirkjuloftinu. Til bókbands var ákveðið að verja 40 rd. á árinu og til að kaupa pappahylki utan um ýmislegt prentsmælki safnsins (sbr. 72. bls.).

Þetta ár (1854) var ritauki safnsins 89 bindi, lántakar 58, léð bindi út 1422 og leseyrir 42 ríkisdalir, en næsta ár fækkaði lántökum, að líkindum vegna leseyrishækkunarinnar, niður í 42, og lánuðum bindum í 1296 bindi, en goldnum leseyri í 33 ríkisdali. Aftur á móti var ritaukinn talsverður það ár, alls 340 bindi, því að nefndin hafði ákveðið að verja það árið 150 rd. af vöxtum fastasjóðsins, sem þá voru orðnir 170 rd., til bókakaupa og hafði falið Jóni Sigurðssyni að annast bókakaup fyrir safnið erlendis og í því skyni ávísað honum vexti af ríkisskuldabréfum safnsins, að upphæð 88 rd.; hafði Jón keypt fyrir það fé 101 bindi og sent safninu, en sjálf hafði

nefndin keypt allmargar erlendar skemtibækur af Hannesi kaupmanni 1854
 Johnsen, syni Steingríms biskups, fyrir hálfvirði. Rit þau, er Jón Sigurðsson
 keypti, voru einnig því nær eingöngu skáldrit og skemtibækur, og mun nefndin
 hafa ætlað þau almenningi í sárabætur fyrir leseyrishækkunina. Auk þessa
 var einnig keypt talsvert af íslenskum bókum, bæði hjá Agli Jónssyni bók-
 bindara (12) og annarstaðar. Frá Smithsonian Institution komu einnig þetta
 ár bókagjafir og víðar að úr Bandaríkjum, einnig frá norsku stjórninni,
 Friðriks háskóla í Kristianíu og háskólanum í Uppsölum, og frá prentsmið-
 junni í Reykjavík var ekki skilað færri en 26 eintökum, auk grafskrifta og
 erfiljóða og annars smælkis. Þá gáfu og ýmsir innlendir menn safninu þetta
 ár bækur, svo sem Pétur prófessor Pétursson, bæði frá sjálfum sér og Bók-
 mentafélaginu, Jón forseti Sigurðsson o. fl. Auk þess hafði Jón bókavörður
 Árnason á boðstólum tvö ættartöluhandrit eftir Benedict lögmann Þorsteins-
 son, en síðar aukin af Þorsteini Benedictssyni, Jóni Espólin og Ó. Snogdalin
 og munu þau hafa verið keypt. — Þá lagði bókavörður fram á nefndar-
 fundi (28. janúardag 1855) lista yfir ýmsar af bókum skólabókasafnsins, sem 1855
 átti að selja á uppboði, og hann óskaði að væru keyptar; forstöðunefndin
 félst á kaupin, en samþykkti einnig að gera tilraun til að eignast bækur
 þessar að gjöf handa safninu og skrifa stiftisýfirvöldunum sem fyrst um
 málið, svo að útgert yrði um það, áður en uppboðið skyldi haldið 19. dag
 s. m. Uppboði þessu mun annaðhvort hafa verið frestað eða bókavörður
 boðið í bækurnar fyrir hönd nefndarinnar upp á von og óvon um
 gjöf eða sölu, því að stiftisýfirvöld báru safnið fram á bænarörmunum
 við kirkju- og kenslumálaráðuneytið í bréfi, dagsettu 27. septemberdag
 1856, en fengu nei hjá því við beiðninni (sbr. bréf stiftisýfirvalda til for-
 stöðunefndar 29. janúardag 1857). Tregt gekk og að fá skápsmiðinni fram-
 gengt. Enn af nýju nauðar bókavörður, þriðja árið, á nefndinni um að
 fá skápa smíðaða, til að forða bókunum frá leka, fúa og glötun, eða
 þá öllu heldur að fá skifti á skápum skólabókasafnsins á kirkjuloftinu
 gegn nýjum, þegar það flytti búferlum af kirkjuloftinu í bústað sinn í skóla-
 húsinu þá um haustið (1855). Nefndin tók dauflega í málið og frestaði
 því sökum dýrleika á efniviði og skal síðar verða skýrt frekar frá, hvernig
 því lauk.

Þetta ár lézt landlæknir Jón Thorstensen þ. 15. dag febrúarmánaðar og hafði hann verið nefndarmaður frá því, er nefndin var skipuð 1826, til dánardægurs og formaður hennar um fjölmörg ár. Talar Jón bókavörður Árnason um hann síðar sem samvizkusaman, skyldurækin og velviljaðan mann í safnsins garð. Í hans stað kusu stiftisyrföldin kansalliráð Vilhjálm Ludvig Finsen, sem 1852 var orðinn land- og bæjarfógeti, í nefndina og tilkyntu honum það í bréfi dags. 24. apríldag. En í stað Jóns landlæknis varð nú Þórður Jónassen formaður nefndarinnar og var samtímis ritari hennar, sem áður, enn um nokkur ár.¹⁾

Þótt nú um stund hafi ekki verið minzt á prófessor Rafn, þá er það ekki af því, að hann hafi ekki árlega haft einhver afskipti af safninu og oft, þrássinnis á ári, færandi hendi bæði í bókagjöfum og hollum ráðum, eins og forstöðunefndin hins vegar ætíð taldi sér skylt að senda honum árlega reikninga og hagskýrslu safnsins, heldur vegna þess, að saga safnsins er svo við hann riðin, og svo mjög saga hans eiginafskifta af því, að ekki þykir hlýða að geta að jafnaði annars en þess, sem að einhverju leyti er nýung. Hugurinn var æ heima, þar sem safnið var, þetta afkvæmi hans og augasteinn. Og því er það, að hann nú á sjötugs aldri fer enn af nýju alvarlega að hugsa um að tryggja framtíð, vöxt og viðgang fastasjóðs safnsins, sem stofnaður hafði verið fyrir hans tilstilli, mestmegnis af peningagjöfum, sem safninu höfðu áskotnast frá kunningjum hans og vinum í útlöndum — einkum á Englandi, þeim Hudson Gurney Esq., Sir Nicolas Carlisle og fleirum á árunum 1829, 1830 og 1834. Sjóðurinn var í árslok 1836 orðinn 1385 ríkisdalir, í konunglegum 4% skuldabréfum, en var nú kominn upp í 2343 rd. Rafni var fyrir öllu að efla efnalegt sjálfstæði safnsins og skildi manna bezt, að sparsemi og ráðdeild samfara dugnaði var visastli vegurinn til sjálfstæðis, en hafði ekki, fremur en bókavörður Jón Árnason, neina tröllatrú á margræði eða nefndavafstri, og þess vegna var það, að hann nú, til að koma í veg fyrir, að sjóðurinn með tímanum færi forgörðum, og til að tryggja vöxt hans í framtíðinni, semur uppkast að skipulagsskrá fyrir

1) Á fundabók nefndarinnar sést ekki vegna eyðunnar, sem í henni er, hve nær hann hefur látið af ritarastörfum, en 1866 er H. Kr. Friðriksson orðinn það.

sjóðinn, og sendir bæði kirkju- og kenslumálaráðuneytinu og stjórnarnefnd 1855 safnsins til athugunar, breytinga og væntanlegs samþykkis. Bréf hans til nefndarinnar um þetta efni, dags. 28. júnídag 1855, sýnir bezt, hve stórhuga Rafn var og vongóður um úrslitasigur, ef öllu væri í réttu horfi haldið, og er það á þessa leið í íslenskri þýðingu:

»Ég hef meðtekið bréf hinnar heiðruðu stjórnar, dags. 24. d. febrúarmánaðar, og pykir mér vænt að sjá, að stofnuninni, eftir frásögn nefndarinnar, miðar fram á leið, að húsakynni safnsins á loftinu yfir dómkirkjunni eru bæði björt og rúmgóð og fullnægja öllum sanngjörnum kröfum, og að þér, herrar mínir, yfirleitt álitid hag stofnunarinnar viðunanlegan.

Bréf stjórnarinnar hefur komið mér til að fara yfir síðari ára hagskýrslur bókasafnsins og bera þær saman við þær eldri, sem ég hef afrit af, og þannig skilst mér betur allur hagur og ástand stofnunarinnar.

Af því hefur aftur hlotizt, að ég hef samið skipulagsskrá fyrir fastasjóð safnsins, svo gerðan sem hann á að vera eftir ákvörðunum þeim, sem teknar voru, þegar sjóðurinn var stofnaður á árunum 1829 til 1834. Einnig hef ég ritað nokkrar visbendingar til leiðbeiningar við nauðsynlega endurskoðun á söfnum bókhöðunnar. Bæði þessi skjöl hef ég falið forstjóra íslensku stjórnardeildarinnar á hendur, og enn fremur sagt honum, að ég ætli, jafnskjótt sem ég frétti, að skipulagsskráin hafi öðlzt konunglega staðfestingu, að gera ráðstafanir, bæði hér á Norðurlöndum og í Þýzkalandi, Englandi og Norðurameríku, til frekari hagsmuna fyrir bókasafnið.

Kunni menn með hyggilegum ráðstöfunum að vekja traust á stofnuninni, þá er það enginn vandaleikur að útvega safninu æskilega viðbót af góðum ritum, einnig í nýrri og nýjustu bókmentum. Takist stofnuninni smám saman að fá fastasjóðinn aukinn upp í 25,000 ríkisdali og geti af vöxtum hans t. d. notað 600 ríkisdali til bands o. s. frv. og bókakaupa, ætti að mega ætla, að gott útlit sé til, að bókasafnið geti seinna meir náð þeim vexti, er samboðinn sé hinu visindalega gildi Íslands.

Á árunum 1829 til 1834 vann mikilsmetinn visindamaður í London fyrir þessa stofnun með svo miklum áhuga, að skylt er bæði að virða það og muna. Hann er nú löngu liðinn og miklu ördugra aðstöðu en fyrir tveim áratugum; en samt má ekki þess vegna gefa upp vonina um að geta eitthvað unnið og einhverju á orkað til frekari hagsmuna fyrir stofnunina.

Einnig á vorum dögum höfum vér séð, að maður¹⁾ hefur ánaðnað 800 þús. ríkis-

1) Jóhan Jakob (John Jacob) Astor, fæddur 1763, dáinn 1848, stofnandi Astors-bókasafnsins.

1855 dali opinberu bókasafni í New-York og útlendingur¹⁾ hálfa aðra miljón til líkrar stofnunar í Washington.

Kaupmannahöfn þann 28. dag júnímánaðar 1855.

Með lotningu

C. C. Rafn.

Pegar kirkju- og kenslumálaráðuneytið hafði fengið bréf Rafns og uppkast hans að skipulagsskránni, sendi það stiftisýfirvöldum málið til umsagnar (sbr. Lovs. for Isl. 16. bd. 302. bls.), en þau aftur forstöðunefndinni. Nefndin gerði því nær engar breytingar við uppkast Rafns og undirritaði 1856 20. maídag 1856 skipulagsskrána og öðlaðist hún að lokum konunglega staðfestingu 10. júlídag 1856 (fskj. XXI). Þannig var þá loku fyrir það skotið, að hreyft yrði við meira af vöxtum fastasjóðsins framvegis en því, sem um fram væri 50 rd. á ári, þótt fjárvandræði bæri að höndum fyrir safnið.

Vísbendingar þær, sem Rafn nefnir í bréfi sínu 28. júnídag 1855 (79. bls.), um endurskoðun safnsins (fskj. XX) eru allrækilegar í 16 greinum, og voru þær sendar kirkju- og kenslumálaráðuneytinu og síðan nefndinni, eins og uppkast hans að skipulagsskránni, en bæði var þá bráðabirgða endurskoðun Jóns Árnasonar nýlega af staðin, og svo mun formanni nefndarinnar að líkindum hafa þótt súrt í broti, að 1. grein í vísbendingum Rafns segir, að bókaskráin frá 1842, sem formaður var mest við riðinn, sýni, að endurskoðun safnsins sé nauðsynleg, og í 2. gr. er minzt á hinn napra ritdóm Jóns Sigurðssonar í Nýjum félagsritum 1844 (sbr. 53. bls.) um bókaskrána og tillögu hans, að bókavörður eða sá, sem eigi að endurskoða safnið, athugi ritdóminn nákvæmlega og vísbendingar þær, sem hann hafi að geyma. Víst er það, að endurskoðun safnsins fór aldrei fram eftir þessum athugasgreinum Rafns, sem voru þarfar og ljósar. Ræður hann þar til að leggja bókaskrána frá 1828 til grundvallar og telja bókaeign safnsins, eins og annarstaðar tíðkist í söfnum, eftir bindum, en ekki ritum. Þá er skýrt frá niðurröðun bóka í deildir og undirdeildir og sérstakri röðun handrita,

1) James Smithson (1754—1829), sem Smithsonian Institution er við kend.

landabréfa, koparstungna og steinprentmynda; enn fremur hvernig skrifa skuli upp bókatitla og geyma þá. Þá nefnir hann og ritaukabók, er halda skuli og hvernig henni skuli hagað, svo að hún geti komið í stað prentaðra bókaskráa, sem helzt ætti ekki út að gefa, nema sala þeirra gæti greitt útgáfukostnaðinn o. s. frv. 1856

Þess er áður getið hér að framan, að nokkurar breytingar voru gerðar á útlánsreglum þeim, er fyrst voru settar (fskj. XV), en þær breytingar voru aðallega í því fölgna, að útlánsdagar urðu tveir (miðvikudagur og laugardagur kl. 12—1) á viku í stað eins, áður en sérstakur »launaður« bókavörður var skipaður við safnið, í öðru lagi var af numið handveð gömlu reglnanna (5 rd.) og ábyrgð einhvers áreiðanlegs manns í Reykjavík eða þar í grendinni látni nægja gegn skemdum og vanskilum, í þriðja lagi var ákvæðum 4. gr. breytt þannig, að enginn fengi fleiri en 5 bindi að láni í senn, hvort sem þeir væru búsettir í Reykjavík eða út um sveitir og án tillits til, í hverjum tilgangi bækurnar væru lánaðar; í fjórða lagi var 5. gr. gerbreytt þannig, að »enga bók má bókavörður lána út um lengri tíma en átta vikur, en hver, sem bók fær að láni, á heimting á að halda henni í fjórar vikur, og má þá endurnýja meðkenningarblaðið, hafi enginn beðið um hana, á meðan hún var í láninu«. Þá voru feldar burtu 6. 7. og 9. gr. gömlu reglnanna, en 8. gr., er nú var orðin 6. gr., orðuð þannig: »Sjaldfengnar og dýrar bækur, handrit, landabréf, koparstungur og steinstungur fær enginn að láni heim til sín, en allir fá að nota þetta í bókhlöðunni sjálfri, þegar bókavörður er þar. Það skal á valdi bókavardar, hverjar skemtibækur hann vill ljá, en hann má að eins ljá þær Reykjavíkurbúum, en engum utanbæjarmönnum«. Sjöunda grein (sem áður var síðari hluti 8. gr., ákvað, að í bókhlöðunni skyldi »vera prentað registur yfir bækur bókasafnsins, og uppskrift á bókum þeim, sem kunna að bætast við síðar, svo að menn geti litið eftir bókum þeim, er þeir vilja fá að láni«.

Reglur þessar voru undirritaðar af nefndinni 10. dag septembermánaðar 1850 og auglýstar í 2. árg. Þjóðólfs, 47. tölubl., 18. septemberdag sama ár, en þrem árum síðar var reglum þessum enn breytt þannig, að leseyrir er tvöfaldaður og ákveðinn 1 ríkisdalur árlega, eins og áður var frá skýrt og 7. grein feld burt og með þeim breytingum voru útlánsreglurnar enn und-

1856 irritaðar af öllum fjórum nefndarmönnum 25. apríldag 1854 og auglýstar í 6. árg. Þjóðólfs, 144. tbl., s. á.

Þess var áður getið, að Jón bókavörður Árnason hafði afhent nefndinni sumarið 1850 bókaskrá þá í handriti, er hann hafði samið yfir safnið. Síðar var gert eftirrit af henni, og sendi nefndin það svo Rafni vorið 1856 til athugunar og umsagnar og kveður þá við annan tón hjá honum en um skrána frá 1842 í bréfi frá honum til nefndarinnar, dags. 21. júnídag 1856: »Hina vísindalegu bókaskrá yfir stiftisbókasafn Íslands, sem hin heiðraða forstöðunefnd hefur sent mér með bréfi, dags. 20. maídag, hef ég yfirfarið að svo miklu leyti sem ég hef haft tækifæri til. Hún er bæði með tiliti til bókatitla og niðurröðunar bókanna í vísindagreinir svo miklu betur samín en skráin, sem gefin var út 1842, að ekki er saman berandi.

Sumstaðar eru í henni skráðir sérstaklega smápésar um sama efni eða atriði, sem líklega væri hentast að safna saman í eitt bindi eða bráðabirgðabundin og telja að eins eitt númer, þegar bindatalan er talin«. Meira segir Rafn ekki í bréfi sínu um bókaskrána, heldur snýr hann sér að skipulagskránni og herðir á nefndinni að fara að útkljá það atriði, kveðst ekkert svar hafa fengið frá henni upp á bréf sitt henni viðvíkjandi dags. 4. apríld. þ. á. né heldur um hag félagsins, binda tölu þess o. s. frv. Lýkur hann síðan bréfinu með því að segjast senda safninu nokkur bindi að gjöf frá norræna Fornfræðafélaginu. Kemur hér sem oftast fram kapp Rafns, að fá sem fyrst framgengt því, sem hann hafði ásett sér að framkvæma.

Ritauki safnsins var við árslok 1856 257 bindi, og voru af því 69 bindi keypt, 32 frá prentsmiðjunni í Reykjavík, en 156 bindi, eða meira en helmingur, gefin. Lántakar voru 39 á árinu, en 879 bindi lánuð út úr safninu.

Á þessu ári barst safninu ágæt gjöf frá norsku stjórninni, sex bindi af Diplomatarium Norvegicum (norska fornbréfasafninu), sent hingað af innanríkisráðuneytinu danska. En dýrt var flutningsgjald þeirrar sendingar, 26 rd. 64 sk., svo að nefndin afréð að leita upplýsingar til etazráðs Oddgeirs Stephensens um sendingarkostnaðinn og beiðast »að betur yrði til hagað um slíkar gjafir framvegis«, en taka skyldi samt gjöfinni, þótt dýr væri orðin. Af þeim 69 bindum, sem keypt voru þetta ár, voru allmargar skemtibækur, sem nefndin keypti enn af Hannesi kaupmanni Johnsen fyrir 30 ríkisdali.

Smithsonian Institution í Washington hélt uppteknum hætti að senda safn-
inu bækur sínar að gjöf, og því ákvað nefndin að senda þeirri stofnun
þakklætisbréf og í viðurkenningarskyni að gjöf nýjustu bækur útgefnar af
Bókmentafélaginu, enn fremur Grágás og síðasta árgang Þjóðólfs. En Jóni
Sigurðssyni, sem svo margan greiðann hafði gert safninu, var aftur gerður
sá gagngreiði að lána honum gamla máldagabók frá safninu til afnota við
samning Fornbréfasafnsins íslenska og svo var framvegis um það, er
hann þarfnadist.

Þegar uppkastið að skipulagsskránni barst meðal nefndarmanna til at-
hugunar, notaði Vilhjálmur Finsen tækifærið, er hann fyrir sitt leyti sam-
þykkti skrána (19. maídag 1856) og lagði til, að samin væri reglugerð eða
reglur fyrir stjórnarnefndina, er í væru þessar ákvarðanir helztar:

1. Í stjórnarnefnd sé, auk forseta, gjaldkeri, eins og ráð er gert fyrir í
skipulagsskránni 1826, kosinn til eins árs, sem ætti að kjósa þá þegar; hann
geymi öll skjöl stjórnarnefndinni viðvíkjandi, og haldi dagbók og bréfabók
yfir þau og skriftir nefndarinnar, og hafi ætíð bréfaskriftir á hendi undir
umsjón forseta. Dagbók og bréfabók leggist fram á reglulegum fundum.

2. Stjórnarnefndin haldi reglulega fundi einn rúmhelgan dag í hverjum
ársfjórðungi, annars svo oft sem þörf er á. Forseti skal stefna til fundar
innan átta daga, ef tveir stjórnarnefndarmanna óska þess. Bókavörð má
boða til að vera á fundi, ef þörf þykir.

3. Öll mál skulu, áður en þau verða rædd, sendast í kring til nefndar-
manna, nema bráð nauðsyn banni, og riti þeir í vandasömum málum álit
sitt á blað, sem fylgi málinu.

4. Ályktunarfær er fundur því að eins, að eigi færri en þrír nefndar-
mannu séu á fundi. Forsetans atkvæði ræður, ef meiningamunur er.

5. Öll bréf frá nefndinni undirskrifist af öllum nefndarmönnum eða þá
þeim, sem tekið hafa þátt í ályktuninni.

Loks getur V. Finsen þess í bréfinu, að sér þyki nauðsynleg ákvörðun
um, að ekki megi lána út handrit, nema nefndin samþykki það í hvert
skifti á fundi, en finst það þó máské ekki eiga heima í reglugerðinni.

Þetta uppkast til reglugerðar um stjórn bókasafnsins var síðan lagt
fram á nefndarfundi 20. maídag og samþykkt á fundinum að láta uppkastið

1856 berast milli nefndarmanna, ræða það síðan á fundi og senda það svo stiftisyfirvöldum til staðfestingar.

Ekki verður séð, hvern byr þessar þörfu tillögur hafa fengið á nefndarfundum þeim, sem ákveðið var að halda skyldi um málið, með því að engar fundagerðir nefndarinnar eru til um árin 1857, 1858 og 1860—1865 (incl.), og í bréfabók biskupsins er, mér vitanlega, ekki heldur neitt um það efni, en ætla má, að þær hafi náð fram að ganga þá, eða síðar, með einhverjum breytingum, því að árið 1866 tilgreinir fundabókin, að kvatt hafi verið til fundar til að kjósa formann, gjaldkera og skrifara í nefndina.

Frá Rafni fekk nefndin enn bréf um fastasjóðinn, dags. 24. septemberdag 1856. Biður hann þar um að fá að vita, hve nær skipulagsskrá sjóðsins sé *þinglesin* og um upphæð sjóðsins, að af lokinni breytingu $3\frac{1}{2}\%$ skulda-bréfa (obligationer) í 4% ríkisskuldabréf, og er öll upphæðin hafi verið færð inn í innritunarbækur fyrir »óuppsægjanlegum ríkisskuldum« (»uopsigelig Statsgjæld«). Ræður hann til að láta upphæðina standa á fullum hundruðum vegna reikningsþæginda. Þá biður hann einnig um bindatölu safnsins og sendir nokkrar gjafabækur frá »det Reiersenske Fond«.

Síðar um haustið (28. októberdag 1856) senda svo stiftisyfirvöldin skipulagsskrána með konunglegri staðfestingu, er þau höfðu hvorttveggja fengið sent þá um sumarið frá kirkju- og kenslumálastjórninni, til stjórnar-nefndar safnsins »til að geymast með öðrum þess áriðandi eignarskjölum«.

— Skjöl þessi geymdi svo nefndin þar til árið 1902, er þau voru afhent og þeim, samkvæmt ósk þá verandi stjórnarnefndar, breytt í íslensk banka-vaxtabréf með $4\frac{1}{2}\%$ vöxtum.

1857 Árið 1857 varð ritauki safnsins óvenju mikill, alls 564 bindi og númer. Lántakar voru 45 á árinu, en léð bindi út úr safninu 1085. Gefendur voru alls 15 og gefin bindi alls 501. Frá prentsmiðjunni í Reykjavík komu alls 61 númer, en mestmegnis smælki, svo sem grafskriftir, lagaboð, auglýsingar o. fl., en einungis 10 rit, er teljandi séu. Af gefendum voru þeir hæstir Heinrich Brockhaus,¹⁾ bóksali og eigandi hinnar alkunnu bókaverzlunar F.

1) Heinrich Brockhaus f. 1804 d. 1874, alkunnur dugnaðar og fræðimaður, einhver mesti bóksali á Pýzkalandi um og eftir miðja 19. öld.

A. Brockhaus í Leipzig, með 214 bindi úrvalsbóka, bókavörður J. E. Rydqvist 1857

í Stokkhólmi (102 rit visindal og fagurfræðilegs efnis), prófessor Rafn (24 b.), C. W. K. Glerup í Lundi (15 góð sænsk rit), forseti Bókmentafélagsins (7 bókmentafélagsrit), The philological society í London (8 bindi), skjálavörður Jón Sigurðsson (5 bindi) og ónefndur (þýzkur?) gjafari (Allgemeine deutsche Bibliothek í 132 bindum). Bókagjöfin frá Brockhaus bóksala var svo dýrmæt, að hún var af nefndinni talin um 1000 rd. virði, og stiftisýfirvöldin vottuðu viðurkenningu sína, með því að mæla með bóksalanum til riddara af Danebroke í bréfi til ráðuneytisins, en það biður aftur í bréfi til stiftisýfirvalda um fullkomna skrá yfir bókagjafir Brockhaus', og fékk það hana frá stiftisýfirvöldum, og var H. Brockhaus síðan gerður riddari.

Árið 1858 voru lántakar 48, en léð bindi 1278. Ritauki varð það ár alls 1858 117 bindi og númer, þegar talin eru með 40 eintök frá prentsmiðjunni, sem mestmegnis var smælki, sem áður. Keyptar voru þá að eins 5 bækur. Pakkarbréf það, sem nefndin hafði haustið 1857 skrifað Brockhaus bóksala, hafði verið sent með skipi frá Reykjavík, sem týndist á útsiglingu, og þess vegna skrifaði Jón bókavörður honum fyrir hönd safnsins í ágústmánuði 1858 nýtt pakkarbréf á *islenzku*, því að erindreki hans, C. Siemsen kaupmaður í Reykjavík, hafði sagt bókaverðinum, að H. Brockhaus skildi *islenzku*, og mun það vera sjaldgæft um erlenda bóksala suður í löndum. Við þenna bóksala og eftirmenn hans hefur bókasafnið síðan skift mikinn hluta æfi sinnar og gerir enn í dag.

Sökum þess hve treglega oft gekk að fá bækur safnsins bundnar í Reykjavík, einkum þegar mikið barst að, sneri bókavörður sér nú bréflaga til stjórnarnefndarinnar með fyrirspurn um, hvort ekki mætti senda Páli bókbindara Sveinssyni í Kaupmannahöfn bækur til innbindingar, gegn ávisun þar á staðnum, jafnóðum sem hann lyki bókbandinu. Var það eftir uppástungu frá Páli sjálfum og hefði getað orðið að góðu liði fyrir ýmsar bækur, sem safninu bættust erlendis óbundnar. Þessari fyrirspurn bóka- varðar var ekki sint, en sendar voru Agli Jónssyni um það leyti 80 eintök bóka til innbindingar, sem hann hafði lofað að hafa lokið fyrir byrjun októbermánaðar, en byrjaði samt ekki á því verki fyr en 23. þess mánaðar.

Í skýrslu sinni til stjórnarnefndarinnar, dags. 31. desemberdag 1857, getur bókavörður í fyrsta sinni manns þess, sem safnið á einna mest upp að inna islenzkra manna og um mörg ár var handritasafni þess hin mesta hjargvættur. Það var Páll stúdent Pálsson, skrifari Bjarna amtmanns Þorsteinssonar. Um hann fer Jón Árnason svo feldum orðum: »Eg má með þakklæti minnst þess, að herra stúdent P. Pálsson hefur bæði gegnum gengið mikið af handritum bókasafnsins með mér, og varið til þess fullum tveimur dögum, og innbundið æðimörg handrit, sem áður voru í blöðum, og með einstakri alúð ekki einungis lappað við þau, heldur einnig víða skrifað bæði aftan og framan við sum þeirra, það sem svo var rotið, að ekki varð innheft, og þoldi ekki svo mikið, að því væri flett nema einu sinni. Að þessu hefur hann starfað, án þess hann hafi enn viljað senda reikning fyrir neitt af þessu. Með nokkru tilliti til þessarar óborguðu skuld- ar, sem og bráðrar þarfar bókasafnsins, leyfi eg mér að leggja það til, að stjórnendunum mætti þóknast að verja til bókbands næstkomandi ár 50—60 rd«. Og í næstu skýrslu fyrir árið 1858 segir hann enn fremur: »Eg má ekki ganga hér fram hjá því, að herra stúd. Páll Pálsson hefur enn þetta ár haldið áfram góðvilja sínum til stiftisbókasafnsins í því að binda inn fyrir það með sömu alúð og ég gat um í skýrslu minni í fyrra frá 31. Dec. all- mörg af handritum þess. Ég hef nú varpað tölu á þau bindi, er hann hefur bundið, og eru þau 1^o handrit in octavo 11 bindi, 2^o handrit in quarto 35 bindi, 3^o handrit in folio 38 bindi, og þar að auki lagfært 11 bindi in folio. Það er samtals 95 bindi, og auk þess sem hann hefur víða skrifað inn í, en einkum framan og aftan við handritin, þar sem þau voru orðin svo rotin, að þau þoldu ekki innhefting, eða að þeim væri flett oftar en einu sinni, hefur hann skrifað inntak hverrar bókar af þessum, þar sem efnið var fjölbreytt, og bundið inn framan við. Er þetta ekki litill hægðarauki fyrir þá, sem nota vilja safnið, en einkum þegar að því kemur, að samið yrði glögt registur, ekki einungis yfir hvert handrit, sem þegar er til, heldur einnig yfir aðalgreinir hverrar bók[ar], sem í safninu er, því þá þarf ekki lengra að fara en í fyr nefnt inntak framan við bækurnar.

Penna velvilja fyrvelnefnds stúdents til bókasafnsins, eru mín virðing- arfylst tilmæli, að hinir heiðruðu stjórnendur vildu álíta, ef þeir sæju eitt-

hvert færi á, að láta slíka verðleika ekki með öllu ólaunaða, eða þá að 1858.
minsta kosti í einhverju ásannast, eftir því sem þeir álitu samboðnast þessum merkismanni, sem bæði hefur varið og ver enn tíma sínum og efnum til að vinna opinberri stiftun gagn og sóma.

Þetta vottorð bókavarðar mun nægja til að sýna, hvert gagn Páll stúdent Pálsson hafði þá þegar unnið safninu, og síðan hélt hann uppteknum hætti um mörg ár, enda mun handritasafn Landsbókasafnsins lengi bera minjar iðjusemi hans og vandvirkni, en verkefni til bókbands var þá mjög af skornum skamti í Reykjavík, og nútíðar meðferð á handritum þá ókunn, svo að ýmislegt mundi nú vera gert á annan hátt en þá var gert og þá var mögulegt.

Árið 1859 voru lántakar 43, en léð bindi 1190. Ritauki safnsins á árinu 1859 var 282 bindi, og voru þar af 133 bindi gefin, en 149 keypt. Höfðu þeir prófessor Pétur Pétursson og skólakennari Halldór Friðriksson boðið safninu, annar um 40 franskar bækur með afslætti, og hinn ýmsar gamlar íslenskar bækur, og með því að safnið átti þá fyrirbyggjandi 258 rd., vexti af skuldabréfum, þá samþykkti nefndin að verja skyldi um 118 rd. til kaupa á þessum bókum og ákvað, að framvegis skyldi *sérstaklega lögð áherzla á íslenskar bækur*, en samtímis voru teknir frá 100 ríkisdalir til að kaupa óuppsegjanleg konungleg ríkisskuldabréf, samkvæmt skipulagsskrá fastasjóðsins. Um handritasafnið er þess getið í skýrslu bókavarðar, að það hafi talsvert aukizt fyrir kaup handrita af Halldóri skólakennara Friðrikssyni og handritagjafir frá honum og þrem mönnum öðrum. Biður hann nefndina leyfis að mega setja auglýsingu í Þjóðólf um þessar handritagjafir, »með upphvatning til landa vorra um framhald á þeim«, og telur »ekki síður gleðilegt en æskilegt að sjá, að landar vorir vilja unna innlendu bókasafni, þar sem þó á að vera opinber tilsjón með, og því nokkur vissá fyrir, að bækur og handrit ekki tapizt, handrita sinna, heldur en senda þau í hugsunarleysi af landi burt, þangað sem þeir sjá þau aldrei aftur, ef til vill, og óvist hver not þeirra verða«.

Af bókagefendum var þetta ár langhæstur M. Smith kaupmaður og ræðismaður í Reykjavík, sem gaf um 100 bindi, en fleiri gáfu einnig innlendir menn safninu bækur, svo sem Jón Sigurðsson skjalavörður, sem

1859 bókavörður segir, að safnið megi nefna »einvern staðfastasta velgerðamann sinn«, og honum þakkar hann ári síðar hina álitlegu gjöf af tvítökum, sem konungl. bókhlaðan lét árið 1860 af hendi rakna til safnsins. — Í skýrslu 1860 sinni í árslok 1860 kvartar bókavörður enn yfir, að sig vanti svar eða af-svar upp á itrekaða bón sína um *kortaborðið*, sem sér hafi verið lofað, þegar hann varð bókavörður 1850, einnig hvort hann megi kaupa handa safninu bækur, gefnar út á Akureyri eða erlendis á islenzku, og ekki séu til í safninu. Þá spyr hann einnig nefndina, hvað gera skuli, þegar menn laumist burt úr bænum frá óskiluðum bókum og ógoldnum leseyri — og hverjir borgi brúsann fyrir sig og safnið. Enn fremur hvort ekki sé óbil-gjarnt að krefja velgerðamenn safnsins um leseyri t. d. Dr. Scheving [sem þá gaf safninu 22 handrit], Jón Sigurðsson [á þingi á sumrum] eða Pál stúdent Pálsson. Og um hinn síðastnefnda segir hann enn af nýju, að það sé »næsta viðurhlutamikið og mér liggur við að segja óverðugt fyrir safnið að niðast svo á góðvild þessa eina manns að láta hann vera með öllu ó-launaðan fyrir þetta nauðsynjaverk [innbinding og viðgerð handritanna], sem hann svo lengi og vandlega hefur unnið að«. Segir hann Pál þá á 4 árum hafa bundið langt yfir hundrað handrit, og býst við, að með sama áfram-haldi verði öll handritin komin í gott band og varanlegt á fáum árum með yfirlits innihaldi, svo að þá verði fyrst vegur til að semja ítarlegt registur yfir öll handrit safnsins. Treystir hann að síðustu nefndinni til að finna ráð til að launa Páli »alténd að nokkru leyti« starfa sinn, en enginn geti launað slíkt verk sem vert er.

Árið 1860 var ritauki safnsins 365 bindi og var það mestmegnis að þakka áður nefndri tvítakagjöf frá konungl. bókasafninu, því að einungis 4 eintök voru keypt. Lántakendur voru 37, en léð bindi 918. Fór tölu lán-taka og lánaðra binda að jafnaði hnignandi frá 1854, og mun hækkun les-eyrisins úr 48 sk. (= 1 kr.) upp í 96 sk. (= 2 kr.) hafa átt nokkurn þátt í því.

Með því að *Kelsallsgjöfin* svo nefnda og meðferð hennar tekur að nokkru leyti til stiftisbókasafnsins, eða var að minsta kosti um eitt skeið nær því orðin safninu til heilla, þótt öðruvísi réðist að lokum, þykir hlýða að fara um hana nokkurum orðum.

Englendingurinn Charles Kelsall hafði þann 15. dag ágústmánaðar 1853 1860 ánafnað latinuskólanum í Reykjavík 1000 sterlingpund eftir sinn dag í svo nefndum New South Sea Annuities verðbréfum og mælt svo fyrir, að fyrir það fé skyldi reisa bókhlöðu handa bókasafni skólans. Við lát Kelsalls varð ágreiningur um skilning á erfðaskránni og þess vegna tók »the Court of Chancery«, enskur yfirdómstóll, dánarbú Kelsalls til meðferðar og úrskurðaði erfðaskrána gilda. Féð var síðan, samkvæmt ákvæði erfðaskrárinnar, afhent sendiboða Dana í London í enskum ríkisskuldabréfum, sem einungis gáfu $2\frac{1}{2}$ af hundraði í vexti. Fjárupphæðin rýrnaði svo mjög við að breyta henni í peninga, að hún var kominn niður í £ 838.1.1 og að síðustu var hún orðin einir 7332 rd. $93\frac{1}{2}$ sk. eftir breytinguna í danska peninga eftir þáverandi gagnverði á enskum pundum (8 rd. 72 sk. fyrir pundið).

Um gjöf þessa skrifaði svo kirkju- og kenslumálaráðuneytið stiftisyfirvöldunum í bréfi, dags. 9. maídag 1859, og mæltist til, að þau gerðu tillögu um, hvernig fénu yrði bezt varið samkvæmt tilgangi gjafarans (sbr. Lovsaml. for Isl. 17. bd. 471—472 bls.). Stiftisyfirvöldin svara í bréfi, dags. 9. septemberdag, og telja heppilegra til almennra nota gjafarinnar og fremur í samræmi við tilgang gjafarans, að bókhlaðan verði einnig látin hýsa stiftisbókasafnið með söfnum latinuskólans og prestaskólans og verði þannig öll þrjú söfnin gjafarinnar aðnjótandi. Bygginguna hugsuðu þau sér að reisa í Lækjargötu, hér um bil miðja vegu milli kirkjunnar og skólans við stigin milli skólans og kirkjunnar og að sett yrði lestofa í bygginguna og bústaður fyrir bókavörð og skyldi nauðsynleg upphitun fylgja hvorutveggja. Kveðast þau ekki skilja, að þetta komi neitt í bága við tilgang arfgjafa (testators) og því leyfi þau sér að leggja til, að »reist sé hús á áðurnefndum stað fyrir dánargjöf herra Ch. Kelsalls, er geyma skuli bókasöfn [latínu]skólans, prestaskólans og stiftisbókasafnsins með lestrarstofu og bústað fyrir bókavörð«. Hyggja, að gjafaféð muni nægja og vilja ekki gera neina kostnaðaráætlun, fyr en þau sjá, hvern byr tillaga þeirra fær hjá ráðuneytinu.

Nokkrum dögum síðar skrifar forstöðumaður prestaskólans, prófessor Pétur Pétursson, stiftisyfirvöldum og kvartar yfir, að húsakynni prestaskólans, sem hann hafi á leigu, séu orðin óhæf, en hvergi fáanlegur staður og stingur því upp á nýrri byggingu með tveim lesstofum, annaðhvort sér-

1860 stakri eða í sambandi við bókhlöðubygginguna fyrirhuguðu. Verði síðari kosturinn tekinn, þá hyggur hann, að 1000 ríkisdala viðbót við Kelsallsgjöfina muni nægja fyrir tveim lesstofum og vill láta greiða vexti af þeirri upphæð — 40 ríkisdali — af þeim 200 ríkisdölum, sem prestaskólinn hafi hingað til goldið í húsaleigu, en telur afganginn — 160 ríkisdali — munu hrökkva fyrir ljósi og eldiviði.

Stiftisyfirvöldin fallast algerlega á tillögu Péturs prófessors um samsteypuna í bréfi til kenslumálastjórnarinnar, dags. 29. októberdag sama ár, og fara jafnvel það lengra, að þau vilja láta prestaskólasveina einnig hafa bústað í nýju byggingunni, því að með því fyrirkomulagi falli burt 400 ríkisdala húsaleigustyrkur til þeirra og forstöðumanni skólans verði hægara um eftirlit með hegðun þeirra og ástundun. Telja þau sparnað mikinn að slá þessu saman og enda með áætlun um 2000 ríkisdala viðbót fyrir tvö lesherbergi með ofnum og rúmgóðan svefnsal uppi í húsinu og kjallara undir því fyrir eldsneyti. Lesborð, bekkir, púlt og stóla megi nota hin sömu sem áður með viðgerð og nýrri málun. Tíu uppbúin rúm, handklæði, þvottaborð o. s. frv. áætla þau 800 ríkisdali eða allan viðbótarkostnaðinn samtals 2800 dali.

Með bréfi 30. desemberdag 1859 biður ráðuneytið um reikningslegt yfirlit yfir kostnaðinn við bókhlöðubygginguna, einnig með þeim viðbótarkostnaði, sem hin nýja tillaga hafi í för með sér. Stiftisyfirvöldin snúa sér í því efni til Odds snikkara Guðjohnsens (16. maídag 1860) og biðja hann um áætlunarreikning og teikningu að stiftisbókasafnsbyggingu, sem einnig rúmi bókasafn lærðaskólans og sjálfan prestaskólann. Oddur verður vel við bón þeirra og 27. ágústdag 1860 senda þau bæði áætlun og teikning hans til ráðuneytisins yfir bókasafnsbygginguna ásamt sérstakri áætlun yfir viðbótina handa prestaskólanum o. s. frv., leggja til, að kaup á efniviði verði gerð í Kaupmannahöfn og grindin höggvin þar, svo að hún verði vel gerð og úr góðu efni, en um sinkklæðningu, sem stungið hafði verið upp á, eru þau að visu í nokkrum efa, með því að engin reynsla sé enn fengin um hana hér á landi, nema á tveim húsum nýlega byggðum. Þó eru þau henni meðmælt fyrir þá afspurn, sem þau hafi haft af henni.

Bréf þetta áréttar svo stiftisyfirvöld 8. maídag 1861 með því að senda ráðuneytinu teikningu og áætlun yfir bygginguna *úr íslenskum steini* eftir

Sverri Runólfsson steinhöggvara (þá nýlega kominn frá steinsmiðisnámi í 1860 Kaupmannahöfn) og óska, að hún verði athuguð.

Hingað var þá þessu máli komið, þegar rothöggið datt á í bréfi kirkju- og kenslustjórnarinnar, dags. 9. júlídag 1861. Sjónarráðið telur í bréfi þessu 1861 vafasamt, hvort treysta megí reikningum Odds, með því að þeir séu bygðir á verðlagi í Kaupmannahöfn, sem honum hafi varla verið nógu kunnugt um, en þótt þeir væru teknir góðir og gildir, myndi féð samt ekki hrökkva, nema freklega til að koma upp húsinu einu, og þá ekkert eftir til bóka- varðarlauna, brunabótagjalds, viðhalds, eldsneytis, ljósa o. fl. Auk þess ekki fyrst um sinn nauðsyn á sérstakri bókhlöðubygging fyrir skólann, þar sem rúmgott húsnæði sé til í skólahúsinu sjálfu fyrir bókasafn hans, og því hafi þótt réttast að láta hér fyrst um sinn staðar numið og ávaxta heldur féð, þar til það sé orðið svo mikið, að örugt sé, að það nægi til þess, sem það er ætlað, og menn séu gengnir úr skugga um, hvort ástæða sé til að reisa sérstakt hús handa prestaskólanum eða íbúð fyrir hann í sambandi við bókhlöðuna.

Þannig sat þá alt við sama keip sem áður, eftir allar bréfaskriftirnar og reksturinn, og máli þessu lauk svo að síðustu á þann hátt, sem kunnugt er, að bókhlöðuhús var fyrst reist fyrir skólann einan fimm árum síðar, eftir það er Hilmar Finsen var orðinn stiftamtmaður (1865), enda hafði alþingi 1863 skorizt í málið og óskað að því yrði hraðað. — Stiftisbókasafnið hafði það eitt gagn af byggingunni, að það fékk að hirast í hinni nýju bókhlöðu, meðan stóð á nýrri viðgerð dómkirkjunnar 1867, því að skólabókasafnið var látið biða í skólahúsinu, meðan bókhlaðan var að þorna (sbr. Skýrslu um hinn lærða skóla í Reykjavík, Rvík 1867. 46. bls.).

Eins og áður er frá skýrt, eru engar fundagerðir til frá því, er árinu 1859 lýkur, til síðari hluta ársins 1866, og lítur helzt út fyrir, að fáir eða engir fundir hafi verið haldnir í nefndinni á því tímabili. Til að bæta úr fundaleysi fyrri ára, þar sem einungis einn fundur er skráður í fundabók frá 1856 til 1866, og til að koma í veg fyrir framhald á þessu ástandi, mun V. Finsen hafa borið fram tillögu sína um breyting á fyrirkomulagi stjórnarnefndarinnar (sbr. 83. bls.), en 1860 verður hann meðdómari í yfir-

1861 réttinum í Viborg á Jótlandi og fer héðan alfarinn af landi burt, áður en gert var út um tillögur hans, og hefir þeim að öllum líkindum ekki verið hreyft eftir það. Árið 1859 höfðu stiftisýfirvöldin krafið nefndina um reikninga safnsins, sem þá voru ókomnir fyrir bæði árin 1857 og 1858, og í ritgerð þeirri »Um stiftisbókasafnið í Reykjavík«, sem Jón bókavörður Árnason birti í 1., 6. og 7. tbl. »Íslendinga« 1862 og svo var sérprentuð (Rv. 1862), segir hann svo (20—22. bls. í sérprentinu): »Að lyktum skal ég þá leyfa mér að benda á fáein atriði viðvíkjandi stjórn bókasafnsins, sem ég verð að ætla að þurfi lagfæringar við. »Íslendingur« hefir að vísu minnst á stiftisbókasafnið í nr. 16, 2. árs,¹⁾ og þó hann beri mér vel söguna, já ég má segja betur en ég á skilið, þykir mér hann hafa farið heldur fljótt yfir og ekki stungið þar á kýlinu, sem kveisan var undir. Honum þykja stjórnendur safnsins vera farnir að týna tölunni, þar sem ekki sé orðnir eftir nema 2 af 4, sem venja hefir verið að væri. En hvað ætli »Íslendingur« segi nú, þegar annar þeirra, sem hann taldi þá, er farinn líka, þó að það sé ekki nema um stund? Það getur verið, að það þætti viðfeldnara eftir venjunni, að stjórnendurnir væru fjórir en færri, en aldrei hef ég saknað þess — og »sá veit þó bezt hvar skórinn kreppir, sem ber hann«, — að nefnd þessi væri vanskipuð, þó höfðatalan í henni hafi fækkað; því síðan jústizráð sál. Thorsteinsen féll frá, hefir mér fundizt stjórnendurnir gera jafnmikið í stjórn safnsins, hvort þeir hafa verið fleiri eða færri, því einmitt síðan hef ég fundið til þess, hvað lítið hefur verið gert, og það hefur komið

1) Í grein þessari er sveigt að stjórn safnsins með allhörðum orðum, henni borið á brún aðgerðaleyfi, að hún leyni ástandi þess fyrir almenningi, að almannarómur segi, að hefði bókasafnið ekki verið svo heppið að fá eins duglegan og ágætan bókavörð sem Jón Árnason, mundi stjórn þess verða næsta litilfjörleg, og ljós vottur þess sé, að í nefndinni, sem 4 menn eigi að sitja, séu nú að eins 2, þeir P. Pétursson og H. Kr. Friðriksson eftir, en engin ræna höfð á að útnefna menn í stað V. Finsens og P. Jónassens. Finst greinarh., sem merkir sig S. T., óskiljanlegt, að þeir tveir, sem eftir urðu í stjórninni, skyldu ekki hafa orðið varir við, þegar hinir hurfu úr henni. Telur hann skyldu stiftisýfirvaldanna og væntir þess af þeim, að þau sem fyrst útnefni tvo færa og áhugasama menn í stjórnina. Þessi áskorun er svo aftur itrekuð 1863 í 24. tbl. Íslendinga af sama manni.

mér á þá trú, að það væri ekki höfðatalan ein, sem gerði mikið, heldur 1861
góður vilji og umhyggjusemi fyrir málinu. Þegar betur er nú gáð að,
veit eg ekki, hvað það á að þýða að hafa 4 forstöðumenn safnsins,
allrasízt ef það er satt, sem mælt er, að á þessari forstöðu- eða stjórnar-
nefnd sé ofur ófullkomið skipulag, að því leyti sem þar sé ekki, eins og í
hverju öðru reglubundnu félagi eða nefnd, einn *forseti*, einn *skrifari* og
einn *gjaldkeri*, heldur sé einn maður í stjórninni allt þetta í einum bögli.
Væri nú þessi sögusögn sönn, þá yrði það líklega fyrsta nauðsynjaverkið,
næst því að bæta í nefndina, svo að í henni væru þó altjend 3 menn, að
þessir stjórnendur eða nefndarmenn skifti með sér störfum, svo að þau
yrði gersamlega aðgreind milli þessara þriggja manna. En við 4. manninn
sé ég ekki, hvað nefndin á að gera, úr því honum eru ekki falin bókavarð-
arstörfin, eins og var, á meðan stiftamtmaður og biskup voru í stjórn
bókasafnsins. Til þriggja manna stjórnarinnar með deildum störfum virðist
líka íslenska stjórnardeildin benda í bréfi sínu frá 13. júní 1860, þar sem
hún segir með berum orðum: »Stjórn stiftsbókasafnsins er, undir yfirum-
sjón stiftsyfirvaldanna, falin á hendur þrem mönnum, er búa í Reykjavík;
er einn þeirra féhirðir og semur á ári hverju reikning um tekjur og gjöld
bókasafnsins«. Það er því hin fyrsta tillaga mín, að nefndinni verði
hrundið í það lag, að hún skifti með sér verkum á fyr nefndan hátt,
*ef að annars stiftsyfirvöldin og nefndin sjálf álitur sig ómissandi meðalgang-
ara milli stiftsyfirvaldanna og bókavardarins*«. ¹⁾

Hið annð atriði, sem bókavörður vill í nefndri grein fá framgengt, er
það, að bókasafnsstjórnin auglýsi árlega ekki einungis reikninga safnsins,
heldur einnig ágríp af árlegri skýrslu bókavardar til stjórnendanna, en hið
þriðja, að stjórnin sem fyrst láti breyta útlánsreglunum (5. gr. og síðari
hluta 6. gr.), þannig, að bóklánið verði eins og til var ætlaðt frá upphafi
(sbr. skipulagsskrána 1826, fskj. XIII) *öllum á Íslandi heimill*, og safnið ekki,
eins og það hafi verið um hrið, »leigubókasafn einungis fyrir Reykjavík«,
því að staðhættir geri t. d. mönnum austur í Múlasýslum eða vestur á Vest-
fjörðum með öllu ómögulegt að lána bækur af safninu, þegar lánsfrestur

1) Skálettrað af mér.

1861 sé einskorðaður við 8 vikna tíma, ef enginn hafi beðið um bókina, eftir að hún var lánuð og að öðrum kosti einungis 4 vikur. Auk þess kenni allmikils ójafnaðar, þar sem Reykjavíkurbúum einum sé heimilt að lána skemtibækur safnsins.

Tilfærð orð Jóns Árnasonar bókavarðar þurfa yfirleitt ekki skýringar við og sýna ljóslega, hvernig hann leit á nefndina og starf hennar. Þó skal þess getið út af ummælum S. T. í »Íslendingi« og áréttling Jóns Árnasonar um tölu nefndarmanna, að Þórður Jónassen var settur stiftamtmaður frá 1860 til 1865 og hafði því að réttu lagi ekki leyfi til að sitja í stjórnar-nefnd safnsins þann tíma, með því að hann var þá með Helga biskupi í yfirstjórn þess, þótt efasamt sé og ólíklegt, að hann hafi nokkuru sinni úr nefndinni vikið, og víst er það, að 1862 hefur hann enn verið *gjaldkeri* nefndarinnar, eða bókasafnsins, því að kirkju- og kenslumálastjórnin kvartar í bréfi, dags. 29. desemberdag 1860, til stiftisýfirvalda meðal annars yfir þeim afbrigðum (Abnormitet) í athugagreinum sínum út af bókasafns reikningunum árin 1859—1862, að annað stiftisýfirvaldið sé um leið reikningshaldari safnsins og auk þess (o. hans) séu að eins 2 menn í nefndinni, þótt skipulagsskráin ákveði, að í henni skuli sitja að minsta kosti 4 menn. Hitt er óljósara, sem Jón Árnason segir, að annar þeirra tveggja, sem »Íslendingur« tilgreindi, sé farinn úr nefndinni um stundarsakir. Er ekki ólíklegt, að hann eigi þar við Pétur prófessor Pétursson, sem stundum þjónaði biskupsembættinu á síðustu árum Helga biskups Thordersens í sjúkdómsforföllum hans. — Stjórnarbréf það, 13. júnidag 1860, er Jón Árnason vitnar til, er bréf, sem íslenska stjórnardeildin í Kaupmannahöfn skrifaði kirkju- og kenslumálastjórninni um stiftisbókasafnið út af fyrir-spurn frá norsku stjórninni og beiðni um upplýsingar viðvikjandi safninu, með því að henni var ant um, að eitt eintak af riti því, sem þá var nýlega prentað um dómkirkjuna í Prándheimi, kæmist í einhverja almenna bókhlöðu á Íslandi. Er ágríp af sögu safnsins þar sagt í örfám orðum, skýrt frá hag þess og stjórnarfyrirkomulagi og mælt með, að það fái ritið og »verði einnig tekið til greina seinna meir, þegar líkt kann á að standa«.

Árið 1861 voru lántakendur að eins 36 og léð bindi 651, en ritauki 265 bd., og þar af keypt 60 bindi. Meðal gefenda það ár skal sérstaklega nefna

dr. Hallgrim Scheving, sem árið 1860 hafði gefið safninu 22 eintök af hand- 1861
ritum, sem Hans sonur hans, þá látinn, hafði átt, en 1861 bætti hann enn
við gjöf sína 75 bókum, flestum latneskum og grískum, og auk þess 10
handritum, þar á meðal 4 orðasöfnum eftir hann sjálfan og 2 eftir aðra.
Frá 1850 til 1861 hafði hann gefið safninu 107 bindi og voru þar af 32
handrit. Hann andaðist á gamalársdag 1861 og segir Jón Arnason, að »stiftis-
bókasafnið megi með fylsta rétti harma þenna öldung, sem lét sér jafnant
um það, eins og hann ætti það sjálfur«. Í ritgerð sinni, áður nefndri, minn-
ist Jón Arnason einnig Jóns skjalavardar Sigurðssonar, »sem hefur annað-
hvort ár sent safninu eða fært því sjálfur bækur að gjöf og auk þess kom-
ið þar ávalt fram, sem safninu hefur verið til góðs, eins og þess manns er
von og vísa«. Segir hann frá honum komin alls 133 bindi, þar af 2 hand-
rit. Þá minnst Jón Arnason einnig lofsamlega Bókmentafélagsins og segir,
að forseti Reykjavíkurdeildarinnar hafi árlega síðan 1853 ávisað safninu
útgáfubækur þess og gefið því einnig þær óseldar bækur félagsins, sem
safnið átti ekki áður. Alls telur hann, að félagið hafi gefið safninu á árun-
um 1853—1861 73 bindi. Svo hafi og stiftisskrifstofan jafnan gefið safninu
bæði tilskipanir, opin bréf og auglýsingar henni sendar frá stjórninni. Alls
telst honum svo til, að safninu hafi á tímabilinu frá 16. septemberd. 1850
til ársloka 1861 bætt 2775 bindi, en keypt 1855—1861 (incl.) 435 bindi
eða samtals keypt og gefin 3210 bindi. En þessi reikningur er, eins og
bókavörðurinn sjálfur hefur tekið fram, alls ekki réttur, því að frá prentsmið-
junni var t. d. talin hver grafskrift, verðlagsskrá o. fl. sem nr. eða bindi og
annarstaðar að einnig hefti úr bókum eða ritverkum, oftlega talin bindi,
þótt þau alls ekki væru nema litill hluti úr bindi. Þessi siður, eða réttara
sagt ósiður, hélzt langt fram yfir daga Jóns Arnasonar eða fram yfir alda-
mót og hefur valdið skekkju á talningu bóka, svo að hún hefur orðið á-
ætlunar- og handahófsverk. Þá flokkar Jón Arnason niður gefendur og
gjafir *eftir löndum* á þessu árabili, og kemur þá í Íslendingahlut 996 bindi
(þar með talið smælkið frá stiftisskrifstofunni og prentsmiðjunni í Reykja-
vik), næsta telur hann Svía með 657 bindi (þar af á 6. hundrað binda gjöf
1852, sem kend er við Rydqvist bókavörð (sbr. 69—70. bls.) og framhald
hennar 1857, yfir 100 bindi, auk þess bækur frá hinu konunglega visindafé-

1861 lagi í Uppsölum o. fl.). Segir Jón Árnason í nefndri skýrslu sinni, að mælt sé, að »þessi gjöf frá Svíum sé svo undir komin, að þegar registrið yfir stiftisbókasafnið [miðregistrið prentað í Reykjavík 1842] kom þangað í land, færu Svíar að skoða það, og leita í því að svenskum bókum, og hafi þeim blöskrað, er þeir fundu ekki nema eina eða tvær í öllu safninu, enda hafa þeir nú bætt heiðarlega úr þörfum vorum, og sýnt í því, að þeir gangast við frændsemi vorri að fornu fari«. Þá koma Þjóðverjar næstir með 353 bindi og er þar Brockhaus í Leipzig hæstur með 214 úrvalsrit, eins og áður er sagt. Jafnir þeim eru Danir, einnig með 353 bindi síðan 1850, þar af 222 bindi frá konunglega bókasafninu, og sent af konferenzráði Rafni 91 bindi að gjöf frá honum og öðrum. Þá koma Norðmenn (Friðriksháskóli, norska stjórnin og fl.) með 157 bindi. Frá Hollandi, gjöf frá Vilhjálmi prinsí (sem ferðaðist hér á landi árið 1856) 36 bindi. Frá Bretlandi hinu mikla 21 bindi, og að síðustu reka Frakkar lestina með 12 binda gjöf (11 bindi frá Napoleon prinsí, sem hingað kom 1856 og 1 frá P. Gaimard).

Í skýrslu sinni fyrir árið 1861 kvartar Jón Árnason yfir minnkandi aðsókn að safninu og segir, eins og er mála sannast, að hann geti ekki kent sér um það; hækkun leseyrisins mun hafa ráðið þar um mestu, því að talsvert hafði þó verið gert til að kitla lesfýsi manna og laða þá að útlán-um með skemtibóka kaupum.

1862—1869 Árin 1862—1869 (incl.) bættust safninu þessi bindi og eintök, keypt og gefin: 1862 — 311 bindi, 1863 — 241 bindi, 1864 — 116 bindi, 1865 — 173 bindi, 1866 — 158 bindi, 1867 — 278 bindi, 1868 — 4441 bindi, 1869 — 197 bindi. Samtals: 5915 bindi og eintök, þó með þeirri skekkju, sem áður er getið, um prentsmiðjueintök og stiftlisskrifstofu o. fl. Að viðbættum áður-nefndum 3210 bindum og eintökum frá 1850 (síðasta ársfjórðungi) til 1861 var þannig ritað safnsins á frekum 19 árum 9125 bindi og eintök. Af þeim 5915 bindum og eintökum, sem safninu höfðu bætt 1862—1869, voru 5765 bindi og eintök fengin að gjöf,¹⁾ svo að einungis hafa verið keypt 150 eintök á þessum átta árum og koma 69 bindi af þeim á árið 1862. Af gefend-

1) Árið 1862: 242 eintök, 1863: 238 eintök, 1864: 111 eintök, 1865: 171 eintök, 1866: 157 eintök, 1867: 209 eintök, 1868: 4441 eintök, 1869: 196 eintök.

um á þessum árum skal hér getið nokkurra hinna helztu, svo sem konferenzráðs Rafns, sem jafnan sendi bækur frá sér og Fornfræðafélaginu o. fl. Síðasta árið, sem hann lifði (árið 1864), sendi hann t. d. 10 bindi og frá ekkju hans komu árið eftir 3 bindi, svo að það má með sannni segja, að hann slepti ekki hendi sinni af safninu fyr en í dauðanum. Þá sendi og prófessor P. Hjort í Kaupmannahöfn safninu á tveim árum 144 bindi að gjöf. Friðriksháskóli í Kristíaníu hélt og uppteknum hætti með bókagjafir, frá háyfirdómara Þórði Jónassen komu 27 bindi og frá yfirréttarmálaflutningsmanni Páli P. Melsteð 20 bindi. Páll stúdent Pálsson gaf fjögur handrit. Frá erfingjum hr. Jonquières í Kaupmannahöfn komu fyrir tilstilli dr. Gríms Thomsens 14 ritverk, sum stór í mörgum bindum. Hið konungl. visindafélag í Uppsölum og Smithsonian Institution í Washington héldu áfram sem áður að styðja safnið með bókagjöfum og Die Gesellschaft für Pommersche Geschichte sendi safninu (fyrir tilstilli Rafns) þá sem fyr ritverk sitt: Baltische Studien. Bókmentafélagið og Jón Sigurðsson sendu safninu bókagjafir sem að undanfögnu. Þeir Th. Möbius í Leipzig og hollvinur Íslands K. Maurer í München sendu einnig nokkurar bækur. Þá gaf einnig hr. Robert Chambers árin 1866 og 1867 safninu 122 bindi góðra rita og R. Anderson, kaupmaður í Liverpool, 11 bindi. En langstærst allra gjafa á þessum árum var þó hin mikla gjöf, sem konungl. bókasafnið í Kaupmannahöfn gaf safninu af tvítökum frá sér árið 1868 og handbókasafn konungs. Allur ritauki safnsins það ár var 4441 bindi (eða 2780 rit) og eintök. Engar bækur voru keyptar, en af öllum gjafabókum ársins voru 3293 bindi frá konungl. bókhöðunni, en frá handbókasafni konungs 684 bindi og að auki 79 uppdættir, koparstungur og steinprentaðar myndir. Þá gaf og það ár H. Brockhaus í Leipzig safninu 221 bindi til minningar um komu sína til Íslands árinu áður (1867). Allur ritauki safnsins þetta ár var svo mikill, að Jón Árnason taldi hann mundu nema nær þriðjung allra þeirra bóka, sem þá voru til í safninu í árslok 1868. Gjöf kgl. bókh. var safninu gefin samkv. konungsbr. 23. júlídag 1845, að fengnu samþykki kirkj- og kenslumálastjórnarinnar, og lánaðir 7 kassar hjá herráðuneytinu utan um hana, sem síðar voru endursendir. Flutningskostnaðurinn var 18 rd. 92 sk. Í Lovs. f. Isl. 20. bd. 86. bls. er sending þessi talin um 2800 bindi, svo að annaðhvort hefur talning

verið að eins lausleg, eða þá að meira hefur sent verið siðar á árinu, því að ætla má, að bókavörður Jón Árnason, sem veitti sendingunni móttöku, hafi talið rétt.

Ekki vildi lánum og lántökum fjölga í safninu um þetta árabíl. Árið 1862 voru lántakar 40, en lánuð bindi 842, árið 1863 lántakar 38, en lánuð bindi 943, árin 1864 og 1865 lántakar 44 og 42, lánsbindi 975 og 875, árin 1866 og 1867 lántakar 38 og 34, lánuð bindi 931 og 818, árin 1868 og 1869 lántakar 29 og 32, en lánuð bindi 558 og 877. Það er samtals 297 lántakar og 6819 lánuð bindi á 8 árum eða liðlega 37 lántakar og lánuð 852 bindi til jafnaðar á ári. En þess ber að gæta, að tvö síðast nefnd ár var safnið enn á hrakningi og hefur það eðlilega dregið úr aðsókn og lántöku. Og taki maður því einungis sex fyrri árin, sem betur munu sýna vanalega aðsókn, þá verða lántakar 236, lánuð bindi 5384 og meðaltalan liðlega 39 lántakar og 897 lánsbindi á ári.

Árið 1863 skrifa stiftisýfirvöldin fylgibréf 12. dag októbermánaðar með reikningum stiftisbókasafnsins fyrir árin 1859—1862 (incl.) til islenzku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn. Kvarta þau í því yfir fjárskorti safnsins, þar sem úr engu sé að spila nema nokkurum hluta vaxta af fastasjóðnum, sem þá var orðinn 2560 ríkisdalir, og þeim litla leseyri, sem árlega gangi til bókavardarlauna; hrósa þau í bréfinu Jóni Árnasyni fyrir nákvæmni hans og umönnun fyrir safninu. Bókaskrá hans segja þeir ekki sé hægt að koma á prent sökum fjárskorts og húsakynni safnsins þurfi lagfæringar og kemur það vel heim við lýsing Jóns Árnasonar á verustað safnsins í bréfi hans til nefndarinnar 31. desemberdag sama ár, þar sem hann segir svo: »Um húsrúm bókasafnsins skal ég hlifa mér að tala margt í þetta sinn, en einungis geta þess, að ég get enga ábyrgð á því tekið, hverjum skemdum safnið nú og framvegis er undirorpið, bæði af snjófoki og leka, þar sem það er sannsagt, að þak og gluggar bókasafnsins, eins og kirkjuloftsins yfir höfuð, halda hvorki vindi né vatni. Nú verður og ekki lengur frestað að fjölga skápum á safninu, svo að í þá verði látnar bækur þær, sem í nokkur ár hafa safnast fyrir, og orðið að liggja á gólfinu hrúgum saman«. Sömu vandræði voru með bókbandið, lítið sem ekkert var innbundið, því að af litlu var að taka til að gjalda með, og bókbíndarar komust ekki yfir það, sem

að þeim barst, og hefði safnið ekki notið að stöðugrar góðvildar og óserplægni Páls stúdents Pálssonar, þá hefðu handrit þess orðið fyrir sömu afdrifum, enda segir bókavörður í sama bréfi, að Páll haldi enn áfram að binda inn handrit safnsins og sé það hið eina, sem bundið hafi verið fyrir safnið [á árinu 1863], að undanteknu einu einasta bindi. Þetta stafi ekki af því, að safnið þurfi ekki bands með, heldur af hinu, að bókbindararnir séu önnum kafnir. Hann muni því enn af nýju sæta lagi næsta ár að fá eitt-hvað bundið, sem orðin sé hin mesta þörf fyrir, en Páll sé búinn að verja svo miklum efnum til bókbands handa safninu, að hann verði líklega brátt neyddur til að beiðast einhverra launa og vonast bókavörður til, að stjórnendurnir veiti »því máli verðuga áheyrn«.

Ofan á fjárskortinn bættust svo þau vandræði fyrir Jón Arnason, að stjórnarfyrríkomulagið, sem hann átti að starfa undir og hlýða, var orðið óþolandi. Reikningsskil og öll afskifti nefndarinnar af safninu voru í hinu mesta ólagi, eins og við var að búast, þar sem í nefndinni sátu árum saman ýmist einn eða tveir menn, þeir Pétur prófessor Pétursson og Halldór Kr. Friðriksson skólakennari, sem ekki virðast hafa verið kvaddir á fund árum saman, hinn fyrnefndi auk þess stundum í biskups stað (í legum og sjúkdómi Helga biskups síðustu ár hans), en yfir þeim, og ólöglega verandi í nefndinni, hinn setti stiftamtmaður, sem bæði var gjaldkeri, formaður og ritari¹⁾ nefndarinnar. Það hefur áður verið dregið á bréf kirkju- og kenslumálastjórnarinnar 29. desemberdag 1863, þar sem hún vitir þetta fyrríkomulag og kallar það afbrigði eða fjarstæðu (Abnormitet), en auk þess finnur hún einnig í sama bréfi að reikningum þeim fyrir árin 1859—1862, sem þá fyrst nýlega (12. októberd. s. á.) voru til hennar komnir, bæði í formlegu og efnislegu tilliti, t. d. þar sem slengt var saman leseyri og bókavarðarlaunum, í stað þess að færa hvorttveggja sérstaklega, annað til tekna, hitt til útgjalda. Enn fremur hafði ekki verið til greint um keypt rikisskuldabréf handa safninu, hvort þau væru uppsegjanleg eða óuppsegjanleg, en það varðaði nokkru, með því að hin síðar nefndu fengust að

1) Hann hefur að minsta kosti sjálfur skrifað síðustu fundargerð nefndarinnar 1859, næst á undan 6 ára eyðunni í fundabókinni.

jafnaði undir ákvæðisverði. Þá var og endurskoðun reikninganna áfátt og að síðustu hafði ekki verið haldið ákvæðið í 3. gr. skipulagsskrárinnar 7. júlíð. 1856 um 50 rd. árlega aukning fastasjóðsins. Reikningarnir voru því bæði seint og illa útilátnir og inn á við gekk alt í sama ólestrinum: Árum saman mátti bókavörður biðja um borð undir uppdrætti safnsins, án þess að öðlast bænheyrslu, árum saman bar hann, sí og æ óbænheyrður, Pál stúdent Pálsson fram á bænarörmunum, að ekki yrði niðzt lengur á honum í endurgjaldslausri margra ára vinnu, árum saman mátti hann biðja um nauðsynlega skápa og ýmsar viðgerðir, án þess að fá brýnustu nauðsynjar uppfyltar, og hvað eftir annað mátti hann minna nefndina á að þakka mikilvægar útlendar bókagjafir og stundum að lokum neyðast til að gera það sjálfur. Og árum saman mátti hann að síðustu vinna fyrir gíg í þjónustu safnsins, án þess að loforð það, sem honum hafði löngu verið gefið um hækkun launa hans upp í 50 rikisdali á ári, væri uppfyllt. Það var því engin furða, þótt hann nú, eftir því nær tuttugu ára veru við bókasafnið, særi að ihuga, hvort sér væri lengur vært í þessari stöðu með sömu kjörum, eða hvort breyting á fyrirkomulagi safnsins myndi ekki bæði sér og því æskileg. Hið síðara mun hafa sigrað í huga hans, eftir því sem ráða má af bréfum Rafns til hans á síðustu æfiárum Rafns. Hve nær Jón Árnason hefur byrjað að skrifa honum, er mér ókunnugt, með því að engin uppköst eru nú til að bréfum Jóns til hans í fórum safnsins, enda líklegt, að sum þeirra eða flest að einhverju leyti hafi verið einkabréf, þótt safnið og hagur þess hafi auðvitað verið aðalefni þeirra, en líklegt er, að bréfaviðskifti þeirra á milli hafi ekki byrjað fyr en á efstu árum Rafns, og hafi sameiginlegur áhugi beggja, og ef til vill sameiginleg óánægja með ýmislegt í fyrirkomulagi safnsins, valdið bréfaviðskiftunum. Í eftirriti því, sem ungrú Dagmar Rafn gaf Landsbókasafninu af bréfum föður síns (Lbs. 485 4to), er meðal annars eitt bréf frá Rafni til Jóns Árnasonar, dags. tveim árum fyrir dauða Rafns 21. októberdag 1862, og fer það hér á eftir (í þýðingu), með því að það sýnir allljóst, bæði hverjar breytingar á safninu vöktu fyrir Jóni Árnasyni og skoðun Rafns á þeim. Bréfið er ávarpslaust, en er ber-sýnilega, eins og þegar sést á fyrstu málsgrein þess, til Jóns Árnasonar:

»Ritling yðar um Stifstisbókasafn Íslands¹⁾ hef ég meðtekið og yfirfarið. Mér er 1862—1869
ánægja að annast eintök af honum til Smithsonian Institution og á aðra staði.

Það er furðulegt, hve miklu Smithsonian fær afkastað, meðan á þessum hræðilega ófriði²⁾ stendur. Við fáum þaðan í Fornfræðafélaginu árlega miklar sendingar.

Það er víst ýmislegt við Stifstisbókasafn Íslands, sem þyrfti að breyta og aðgæta samkvæmt tillögum yðar. Jón Sigurðsson skjalavörður kom líka fram með svipaðar tillögur fyrir nokkurum árum.

Fyrsta tillaga yðar snertir stjórna. Með því að bókasafnið er opinber stofnun, stendur það undir umsjón stiftisýfirvaldanna og væri ef til vill hagkvæmt að hafa alls enga aðra stjórn, heldur kysu stiftisýfirvöldin bókaýrðinn, en hann sendi skýrslur sínar beina leið til þeirra.

Önnur tillagan um skýrslur hefur oft verið endurtekin. Að visu mætti stundum auglýsa sérstaklega skýrslur þessar, t. d. þriðja eða fimta hvert ár, en það er bæði útdráttarsamt og úthlutun þeirra ördug, ef það á að verða að nokkuru gagni. Gefa ætti þó að minsta kosti út árlegt skýrsluágríp í einhverju íslensku blaði eða í Skirni og Berlingsku tíðindum. En það ágríp ætti að vera mjög stutt og að eins stöku sinnum skýra frá bókatitlum; mætti t. d. ekki fara fram úr hálfum dálki í Berlingsku tíðindum.

Ársskýrslur gætu efalaust, eins og þér segið, vakið athygli og þátttöku, sem er áriðandi, traust manna á, að þeir með þátttöku sinni létu eitthvað nytsamt af sér leiða. Í þess konar skýrslum skal gefa upplýsingar um afnot bókasafnsins og ritauka þess, svo og um vöxt fastasjóðsins og að innstæðan sé innrituð óhagðanleg í bækur ríkisskulda skrifstofunnar, því að það er alment og nytsamt boðorð fyrir allar opinberar stofnanir. Fastasjóðurinn er slíkri stofnun mjög áriðandi og var allvel af stað farið með hann fyrir mörgum árum. Samkvæmt skipulagsskrá hans skal árlega bæta við hann 50 ríkisdöllum, en mörg ár munu liða, áður en hann verður hæfilega stór, ef honum bætist ekki annað tillag.

Hefðu menn í tíma fylgt gefnum bendingum,³⁾ þá hefði stofnunin einnig í þessu tilliti, sem öðru, áreiðanlega staðið alt öðruvísi að vigi en nú.

Einstaka stofnanir eyða árlega meira fé til prentunar á nákvæmum ritaukaskrá, en að líkindum er ástæða til.

Í bókasafninu á auðvitað að vera til nákvæm skrá yfir allar bækur þess og skulu notendur safnsins eiga kost á að kynna sér ritaukann eftir vild.

1) Áður nefndur ritlingur J. Á. »Um Stifstisbókasafnið«. Rvík 1862.

2) Borgarastyrjöldin í Bandaríkjunum.

3) 3: hans sjálfs um að skerða ekki sjóðinn, þegar hann sendi fyrstu gjöfina frá Englandi.

Í Fornfræðafélaginu seljum vér þriðja hvert ár í »Antiqvarisk tidsskrift« yfirlit yfir ritauka bókasafnsins, raðað niður eftir löndum.

Þriðja tillaga yðar er um útlánin, en þar hefur maður hina upphaflegu skipulags-skrá til að fara eftir, að útlánum skuli haga »á þann frjálsasta og almenningi nýtsam-asta hátt, og [skuli það] öllum á Íslandi heimilt.«¹⁾ Þurfi einhver á bókum að halda til vísindalegra nota lengur en t. d. eitt ár, mætti gera honum að skyldu að endurnýja útlánsskírteinið.

Óskandi yður allra heilla framvegis í viðleitni yðar fyrir frekari vexti safnsins er ég með mikilli virðingu

yðar einlægi

C. C. Rafn.

Næsta bréf á eftir þessu í afritinu er einnig til Jóns Arnasonar, ódagsett og óundirritað, og hljóðar þannig í þýðingu:

»Hr. Jón Arnason.

Bókavörður við Stiftisbókasafn Íslands í Reykjavík.

Í stjórn bókasafnsins voru áður stiftamtmaður, biskup og tveir aðrir menn, að svo miklu leyti sem þeir létu sér sérstaklega ant um stofnunina²⁾; sérstök stjórn undir stiftisyfirvöldum gerir framkvæmdir örðugar og nær varla tilgangi sínum.

Bókavörðurinn, bókasafnsstjórnin, stiftisyfirvöldin, kenslumálaráðuneytið. Það er löng leið fyrir þess konar málefni.

Um skýrslur í blöðum eða sérstakar skýrslur er sama að segja sem um aðrar þess kyns stofnanir. Bókavörðurinn verður að gefa þær, en ekki stjórnarnefndin eða stiftis-yfirvöldin eða kenslumálaráðuneytið.

Þetta er beint áframhald af hugsuninni í fyrra bréfinu og virðist vera viðauki við það, sem Rafn hefur ef til vill sent með aðalbréfinu, en hvorttveggja styður skoðun Jóns Arnasonar og sýnir, að Rafn hefur talið stjórnarnefndar fyrirkomulagið fremur hamla en flýta vexti og viðgangi safnsins.

Það er einkennilegt að sjá, og fagurt fordæmi fyrir aðra, hvernig þessi þrekmikli eljumaður á gamals aldri og fram í andlátið barðist fyrir æsku-hugsjónum sínum. Þrjú síðustu bréfin, er snerta safnið, í eftirriti dóttur hans eru skrifuð á árunum 1863—1864 og þrjú hefur hann auk þess skrifað að Jóni Árnasyni, sem ekki eru í eftirritinu. Fyrsta bréfið er til stjórnar

1) Sbr. fskj., XIII, 2. gr.

2) forsaavídt saadanne specielt interessede sig for Stiftelsen (sic in originali).

Reiersenska sjóðsins, dags. 10. marzd. 1863. Í því fer hann þess á leit við 1862-1869
stjórnina, að hún leggi nokkur hundruð ríkisdali af mörkum við fastasjóð
safnsins, annaðhvort í eitt skifti fyrir öll eða skift niður á nokkur ár, og
endar bón sína með þessum orðum (í þýðingu):

»Ísland hefur endur fyrir löngu lagt svo drjúgan skerf af mörkum til varð-
veizlu og skýringar sögu vorrar og vorrar dönsku tungu, að vér ættum einnig að gera
það, sem oss er unnt, til fræðslu núlifandi og óborinna kynslóða á Íslandi«.

Annað bréfið er ódagsett en skrifað um sama leyti til stjórnar hins
»Classenske Fideicommis«. Þar segir Rafn í fám orðum sögu fastasjóðsins,
skýrir frá hinum örðuga fjárhagi safnsins og talar um, hve kærkomið væri
tillag til aukningar sjóðnum. Á hvorugum staðnum fékk hann áheyrn, en
söm var hans gerð, enda þakkar Jón Árnason honum þessar tilraunir hans
í bréfi, dags. 4. ágústdag 1864, sem til er í áðurnefndum bréfa afritum (Lbs.
485. 4^o, 184. bls.). Auk þess virðist hann einnig um sömu mundir hafa skrif-
að kunningja sínum Englendingnum Peacock um sama efni. Í nýnefndu
bréfi þakkar Jón Árnason honum einnig fyrir ljósmynd af Finni Magn-
ússyni og segir, að hann hafi hvatt sig til að gera það, sem í hans valdi
stæði, til að gefa út hina endurskoðuðu þýðing dr. Sv. sál. Egilssonar í
óbundnu máli ¹⁾ á Odysseiskviðu Hómers; segir hann Rafn hafa stungið upp
á, að hann skyldi snúa sér til Bókmentafélagsins, ef hann treysti sér ekki
til að gefa hana út á eigin kostnað, því að það myndi verða fúst til þess, ef
það fengi handritið með skaplegu verði og sömuleiðis upplagið að Ilions-
kviðu, því að báðar kviðurnar væru nokkurs konar tvíburar.

Þriðja og síðasta bréf Rafns í eftirritinu er bréf til Jóns Árnasonar,
skrifað liðugum þrem vikum fyrir dauða hans 27. ágústdag 1864 (fskj.
XXII). Þar þakkar hann Jóni fyrir bréf hans (4. ágústdag) og sendinguna,
mynd af Sv. Egilssyni, sem hann segist hafa lagt í myndasafn af meðlim-
um konungl. norræna Fornfræðafélagsins. Svo ámalgar hann enn af nýju,
hve áriðandi sé að koma á prent þýðingunni af Odysseiskviðu eftir »vorn
ágæta samverkamann«, og kveðst hafa lagt fast að Jóni Sigurðssyni að
koma henni á framfæri. Loks þakkar hann tvær sendar skýrslur frá Jóni

1) Nú fyrst gefin út fyrir fám árum (1912) í Kaupmannahöfn.

Árnasyni um stiftisbókasafnið og kveðst hafa skýrt Jóni Sigurðssyni frá þeim, til þess að hann og aðrir Íslendingar fengju vitneskju um þær.

Fornfræðafélagið og stiftisbókasafn Íslands — þar var hugurinn við til hinztu stundar.

Árið 1866 varð mikilvæg breyting á forstöðunefnd safnsins. Ákvæði stjórnarbréfs 29. desemberd. 1863 um kosning nýrra manna í nefndina voru þá enn óuppfyllt, þótt komið væri á þriðja ár frá því, er það kom út, og því var það, að þeir Hilmar Finsen, sem tekið hafði við stiftamtmanns embættinu af hinum setta stiftamtmanni, Þórði Jónassen háysfirdómara, þ. 8.—9. ágústdag 1865, og Pétur biskup Pétursson með bréfum, dags. 5. og 6. aprildag 1866, skipuðu síra Ólaf dómkirkjuprest Pálsson, Sigurð dósent Melsted og Jón adjunkt Þorkelsson í nefndina í viðbót við þá, sem þar voru fyrir, H. Kr. Friðriksson og Þ. Jónassen. Voru þannig orðnir 5 menn í nefndinni, eins og þeir Rosenörn stiftamtmaður og Helgi biskup höfðu áður stungið upp á (sbr. 61. bls.). Í bréfinu var Þórður Jónassen beðinn að kveðja nefndina á fund og nefndarmenn beðnir að skifta með sér störfum, og svo var nefndin einnig samtímis krafín um reikninga safnsins fyrir árin 1864 og 1865, sem enn voru ókomnir í hendur stiftisýfirvalda. Beiðni stiftisýfirvalda var aftur tvívegis árangurslaust ítrekuð af þeim í bréfum, dags. 2. júlídag og 1. októberdag s. á., og loks snúa þau sér bréflega viku síðar (9. októberd.) til séra Ólafs Pálssonar, setja hann formann til bráðabirgða og biðja hann að kveðja nefndarmenn á fund, til að kjósa sér formann og aðra embættismenn. Geta stiftisýfirvöldin sér þess til í bréfinu, að það sé ekki af mótþróa, að engu varð ágengt allan þenna tíma, heldur af eins konar úrræðaleysi (Ubehjælpssomhed¹⁾), því að Þ. Jónassen muni ef til vill ekki hafa talið sér skylt, sem fyrverandi gjaldkeri nefndarinnar, að kveðja til fundar. Ólafur Pálsson varð fljótt við áskorun stiftisýfirvaldanna, og 13. októberdag var heima hjá honum haldinn fundur í nefndinni og hann kosinn þar formaður nefndarinnar. Gjaldkeri var kosinn Halldór Kr. Friðriksson adjunkt og ritari Sigurður lektor Melsted. Voru þannig þessi þrjú

1) Bréfið er á dönsku. Svo rik var hún enn í opinberum málum árið 1866.

störf komin í þrennar hendur og millibilsstjórn Þ. Jónassens lokið. Margt hafði farið í ólestri undir einræði hans, en til málsbóta ber þess að geta, að maðurinn var hlaðinn störfum og var alls ekki svo kunnugur safninu sem skyldi til að geta annast vel og rækilega hin ýmislegu störf þess, eins og raun bar vitni um, t. d. þegar hann (8. nóvemberdag 1865) skiftir við Jón bókavörð Árnason á lakari eintökum safnsins af Nýjateamenti Odds Gottskálkssonar (Roesk. 1540) og Guðbrands biskups Þorlákssonar (Hólum 1609) fyrir 1. útgáfu af Passíusálmunum (1666) og Vidalinspostillu (1720) og telur í leyfisbréfi sínu »þau umbeðnu skifti hagfeld fyrir safnið«.

Reikningunum fyrir árin 1864 og 1865 virðist Þ. Jónassen hafa skilað fyrir júlímánaðarbyrjun, því að 2. júlídag eru þeir endursendir af stiftisýfirvöldum, krafizt lagfæringar á þeim og vitnað í áður nefnt bréf kirkju- og kenslumálastjórnarinnar 29. desemberdag um það, hvernig réttur reikningur eigi að vera. Í úrskurði á reikningnum fyrir 1864 segja stiftisýfirvöld, að samkvæmt skipulagsskránni beri allri forstöðunefndinni að ákveða þóknun bókavardar, en ekki láta hana vera komna undir leseyri og árlegum breytingum hans það og það árið. Þessu varð framgengt ári síðar. Jón Árnason hafði (9. janúardag 1867) skrifað nefndinni og beðið um, að laun sín yrðu að minsta kosti hækkuð upp í 50 rikisdali, fasta þóknun, í stað leseyrisgjaldsins, sem verið hafði að undanfögnu 30—44 rd. eftir aðsókninni að safninu; taldi hann tvísýnt, hvort hann að öðrum kosti gæti haft bóka-geymsluna á hendi. Einnig óskaði hann, að hann þyrfti ekki lengur að hafa innheimtu leseyrisins á hendi og hún væri falin hinum sérstaka gjaldkera nefndarinnar og skyldu tillögin tekin fyrir fram, til að forðast vanskil. Báðar þessar óskir fékk Jón Árnason uppfyltar. Nefndin samþykkti á fyrsta ársfundi sínum 11. janúardag 1867, að hann fengi 50 rikisdala árlega þóknun frá ársbyrjun, og Halldóri Kr. Friðrikssyni var falin innheimta leseyrisins. Við reikningsstörfum safnsins virðist Halldór Kr. Friðriksson ekki hafa tekið fyr en í ársbyrjun 1867, því að þess er getið í fundabókinni á sama fundi, að fyrirv. gjaldkeri (Þ. Jónassen) hafi ekki treyst sér til að skila reikningi fyrir árið 1866, ýmissa kringumstæðna vegna þá á fundinum og því hafi verið ákveðið, að hann skyldi tilbúinn, áður en póstskip færi í marzmánuði. Reikningur þessi var svo fram lagður á nefndarfundi 27. marzdag 1867.

Samkvæmt honum var fastasjóður safnsins í konungl. skuldabréfum við árslok 2635 ríkisdalir, en í sjóði hjá gjaldkera 20 rd. Voru skuldabréfin og sjóðurinn af fyrv. gjaldkera afhent á fundinum Halldóri Kr. Friðrikssyni, en endurskoðendur reikningsins voru kosnir þeir Jón Þorkelsson og Sigurður Melsteð. — Á þessu ári barst nefndinni einnig tilboð frá Brockhaus bók-sala í Leipzig um að gefa bókasafninu þær af forlagsbókum sínum, sem safnið vildi eignast og ekki væru útseldar. Nefndin tók þakksamlega þessu ágæta boði og fékk þá Jón Þorkelsson og Sigurð Melsteð til að fara yfir bókaskrá þá, sem Brockhaus hafði sent yfir forlag sitt, og velja úr bókun-um. En með því að Brockhaus var kunnugt um hinn örðuga fjárhag safns-ins, þá sendi hann ári síðar safninu að gjöf 36 ríkisdali, svo að hægt væri að koma bókagjöf sinni í band. Var bókagjöf þessi um 280 bindi og alt úrvalsrit. En ekki bætti þessi gjöf fremur en hin miklu bókasending kon-ungl. bókasafnsins í Kaupmannaböfn úr vandræðunum með húsakynnin. Þakið á dómkirkjunni hriplak og bækurnar lágu undir skemdum, svo að nefndin neyddist til að snúa sér til stiftisýfirvaldanna í júlímánuði 1867 og biðja um inni fyrir safnið í hinn nýja bókhlöðu lærða skólans, meðan gert væri við kirkjuloftið. Stiftisýfirvöldin urðu við bön nefndarinnar og tilkyntu rektor skólans, að þau sæju sér ekki annað fært en að láta flytja stiftis-bókasafnið upp í hið nýja bókhlöðuhús lærða skólans, meðan á þakvið-gerðinni stæði. Olli þessi flutningur hnekki á útlánum bæði árin 1867 og 1868 (sbr. 91 bls.), því að ekki varð útlánum sint, meðan á flutningnum stóð upp í bókhlöðuna, né heldur síðasta ársþriðjung 1868, meðan verið var að flytja safnið aftur niður á kirkjuloftið og raða því. En það var ekki þakið eitt, sem örðugleikum olli. Þegar hinn mikli ritauki safnsins frá konungl. bókhlöðunni, handbókasafni konungs, Brockhaus o. fl., yfir 4000 bindi, var kominn hingað heim, þá komu einnig *þrengslin* í ljós. Safnið var sumarið 1868 vaxið upp úr húsakynnunum og því snýr nú nefndin sér aftur í bréfi, dags. 27. ágústdag þ. á., til stiftisýfirvalda í vandræðum sínum. Hún skýrir þeim frá, að safnið verði þá bráðlega flutt aftur í sinn fyrra bústað á kirkjuloftinu, en þar sé ekkert rúm fyrir ritaukann, Forngripasafnið þurfi að fara burt og nauðsynlegt sé að smíða tvöfaldan skáp, sem nái eftir endilöngu kirkjuloftinu og einnig sé óþjákvæmilegt að búa út útláns-her-

bergi fyrir lántaka. Kostnaðurinn við alt þetta sé af Jakobi snikkara Sveinsyni áætlaður 146 rd. 5 mörk. En bókasafnið eigi þá afgangsgjöldum einungis 60 rd., sem verði varið í flutningskostnað safnsins (40—50 rd.) og til innbindingar á bókum þeim, sem bráðasta nauðsyn sé að binda. Loks biður svo nefndin stiftisýfirvöldin um leyfi til nefndra breytinga og fer þess einnig á leit við þau, að mega *losast við að auka höfuðstól* (s. fastasjóð) safnsins það árið um hina fyrirskipuðu 50 ríkisdali og æskja að síðustu úrskurðar stiftisýfirvalda, hvort taka megja það, sem upp á vanti viðgerðarkostnaðinn, *af sjálfum fastasjóðnum*. Svo langt var þá komið vandræðunum, tæpum 4 árum eftir dauða Rafns og frekum 12 árum eftir það, er skipulagsskrá fastasjóðsins hafði öðlazzt konunglega staðfestingu!

Stiftisýfirvöldin svara nefndinni aftur, í þetta sinn á góðri *islenzku*, í bréfi 31. ágústdag, að þau áliti sig ekki hafa vald til að »samþykkja neina rýrnun á höfuðstóli safnsins«, en samþykkja hins vegar, »sökum áður nefndra kringumstæðna, að hin fyrirhugaða aukning á höfuðstól bókasafnsins falli burtu fyrir yfirstandandi ár, samt að breyting sú, sem upp á er stungið, verði gerð á húsrúmi bókasafnsins, að því leyti nauðsynleg efni til þess verða útveguð, og skulum vér með tilliti til þessa skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún vill sækja um það til lögstjórnarinnar að fá það, sem til þarf, af þeim sjóði, sem undir umráðum hennar er, ellegar reyna til að safna því í friviljugum gjöfum frá bæjarbúum eða landsbúum«. Nefndin hafði þannig fengið nokkura úrlausn hjá stiftisýfirvöldunum og réðst því í að láta smíða tvöfaldan skáp á kirkjuloftinu, en ekki virðist hún hafa fylgt ráðleggingu stiftisýfirvalda um að snúa sér til lögstjórnar eða senda út áskorun til almennings, eða að minsta kosti enginn árangur orðið af þeim tilraunum, því að næsta ár lendir hún aftur í fjárskorti og biður stiftisýfirvöld enn um uppgjöf á hinni árlegu 50 ríkisdala greiðslu til fastasjóðsins, enda hafði hún átt í mörg horn að lita með greiðslur árið 1868. Flutningur safnsins úr skólabókhöðunni niður í kirkjuna hafði kostað 16 ríkisdali, bandið á Brockhausgjöfinni 72 ríkisd.,¹⁾ og auk þess hafði nefndin samkvæmt tillögum bókavardar samþykkt að verja 45 ríkisdölum það ár til

1) 36 ríkisdölum meira, en Brockhaus hafði sent til innbindingar bókagjöfinni.

innbindingar ýmsum bókum safnsins; féhirði voru enn fremur goldnir 29 rd. 48 sk. samkvæmt reikningi, og loks endurgreiddi nefndin 7 ríkisd. 42 sk., er ríkissjóður hafði lagt út fyrir flutning á bókagjöf konungs. Þá bar og Jón Árnason Pál stúdent Pálsson enn fram á bænarörmunum, að hann fengi einhverja þóknun fyrir alla fyrirhöfn sína. Hann hafði þá því nær lokið viðgerð handritanna og var nú einnig farinn að gera við og binda prentaðar íslenzkar bækur í safninu. Nefndin átti því i mörg horn að líta og i vök að verjast með útgjöldin, ekki sízt er hún hafði fengið afsvar hjá stiftisýfirvöldum upp á beiðni sína um undanþágu frá sjóðtillaginu. Stiftisýfirvöldin höfðu i ársbyrjun 1870 (26. janúardag) svarað beiðni nefndarinnar, eins og eðlilegt var, á þá leið, að þar sem sjóð bókasafnsins, samkvæmt skipulagskrá (10. júlíð. 1856), bæri að auka annað hvert ár með 4% ríkisskuldabréfum upp á 100 rd., og það sé enn ekki ljóst, hvort stjórnarnefndin við lok ársins 1870 geti fullnægt þessari skuldbindingu, þá telji þau sig »ekki hafa myndugleik til að úrskurða fyrirbyggjandi beiðni. En eins og vér treystum því, að hin heiðraða stjórnarnefnd, svo framarlega sem unt er, muni fullnægja hinni umspurðu skuldbindingu árin 1869 og 1870, áskiljum vér oss við úrskurð reikningsins að dæma um hin ofannefndu útgjöld, sem næstliðið ár hafa valdið að verja þyrfti öllum árstekjum bókasafnsins«. Aftur á móti lofa stiftisýfirvöldin beztu meðmælum sínum nokkuru síðar i bréfi til nefndarinnar 7. marzdag við kirkju- og kenslumálastjórnina um fjárstyrk til stækkunar húsrúmsins og samningar viðaukaskrár yfir bókasafnið, með því að 9000 binda aukning síðan 1850 sé nægileg ástæða til slíkrar beiðni. Hins vegar átelja stiftisýfirvöldin (i bréfi 5. marzd.), að nokkur upphæð hafði verið lánuð einstökum manni¹⁾ af fastasjóði safnsins, i stað þess að breyta henni i konungl. ríkisskuldabréf.

1870 Í ársbyrjun 1870 (29. janúardag) skrifaði Jón bókavörður Árnason nefndinni rækilegt bréf um safnið og þarfir þess. Þá er hann hefur skýrt frá lántöku og ritauka síðastliðin tvö ár (1868 og 1869), getur hann þess fyrst, að Brynjólfur bókbindari Oddsson hafi sótt um að verða bókbindari safnsins og sendir umsókn hans. Mælir Jón Árnason með honum, að hann

1) Séra Þóráni próf. Kristjánssyni i Reykholti.

fái að sitja fyrir, »ef að því ræki, að maður gæti ekki lengur átt við þann 1870
bókbindara, sem hingað til hefði bundið fyrir safnið« [o: Egil Jónsson]. Þá minnst hann á bókbandið og notar tækifærið til að minna nefndina enn af nýju á verðleika Páls Pálssonar með þessum orðum: »hann hefur hlynt að bókum safnsins eins og góður *genius*, eins og að undanfögnu«, einkum þó íslenskum bókum og handritum; »enda er nú hið mesta af því hvoru-
tveggja komið í gott ástand hvað bandið snertir, . . . enda mundi fáum bókbindurum lagið að gera það eins notalega og Páll hefur gert«. Síðan snýr Jón Árnason sér að aðalefninu. Það eru tvær þarfir, sem hann telur óumflýjanlegar: að *stækka húsrúmið* fyrir safnið og *semja registur* yfir allar viðbættar bækur síðan 1850. Vill hann láta búa til *útlánsherbergi* á fram-
lofti kirkjunnar að norðanverðu, þar sem alþingistiðindin voru geymd, bæði til að auka húsrúmið í sjálfu safninu og til að geta aftrað lántökum frá að
»ösla innanum sjálft bókasafnið, rífa til og raga þar í bókum í hillunum, og með því trufla oft og tíðum fyrir mér röð á safninu«. Segir hann bæk-
ur iðulega færast í aðrar hillur og aðra skápa og oft ekki finnast fyr en löngu seinna. Vitnar í erlenda ferðamenn, sem hvergi þykist séð hafa slíkt athæfi, og segir svo að lokum: »Það getur nú verið, að þetta sé að því leyti mér að kenna, að ég hafi ekki verið nógu illskiftinn við lántakendur, að meina þeim að fara inn fyrir grindurnar, sem bækurnar eru fyrir innan, og get ég engu öðru þar til svarað en því, að það þarf meiri harðskiftni til þess, en mér er lagin, þegar margir beiðast láns í einu, að verja aðkom-
endum inn fyrir ólæstar og svo lágar grindur og gisnar, að þeir sjá alt hvað er fyrir innan þær, því þar má segja að orðtækið »Lejlighed gjør Tyve« eigi sér stað í fylsta lagi, að því leyti sem mögulegleikinn til að komast inn fyrir er gefinn og liggur opinn fyrir«. — Um nauðsyn á nýju registri, eða bókaskrá, tekur hann meðal annars það fram, að láta muni nærri, að safnið hafi átt um 6000 bindi (nr.), þegar samning registursins yfir það var lokið árið 1850, en síðan hafði því bætzt í 19 ár, eins og áður er frá skýrt, 9125 bindi og númer, megnið af því óraðað og ekkert registur til yfir þann rítauka, nema athugasgreinir ársskýrslunnanna, og hann varla finnanlegur í skápum, á borðum og niðri á gólfi og því telur hann lífsnauðsyn, að húsrúmið sé fyrst aukið, áður en registrið sé samið. Yfir erlendar bækur lætur

1870 hann sér nægja nýja skrá frá 1850, en um *islenzkar bækur og handrit* tekur hann dýpra í árinna og vill láta semja *skrá yfir þau öll frá upphafi*, þar sem þau hafi orðið tiltölulega fyrir langmestri aukningu, einkum þó islenzku bækurnar, »því viðbót fyllir oft upp í hið eldra«, en handrit hafi stórkostlega breytzt í niðurröðun við innbindinguna.

Þetta bréf ýtti bæði undir nefndina og stiftisýfirvöldin. Nefndin skrifaði stiftisýfirvöldum og tjáði þeim vandkvæðin, en stiftisýfirvöldin ráða nefndinni í nýnefndu bréfi (108. bls.) til að biðja kirkju- og kenslustjórnina að veita fjárfstyrk úr ríkissjóði til hvorutveggja fyrirtækisins, eða að *mega verja nokkru af fastasjóði safnsins* til þess og heita nefndinni beztu meðmælum sínum með beiðninni, en óska, að henni fylgi nákvæm áætlun yfir kostnaðinn. Gegnir það furðu, að ekki ógætnari eða óvitrari menn en þeir voru, Hilmar landshöfðingi og Pétur biskup, skyldu ráða nefndinni til, að undan genginni undanþágu frá lögboðnu tillagi að fara fram á ólöglega skerðing fastasjóðsins, einustu hjálparhelli og framtíðarvon fátæks safns, sem var óstutt af opinberu fé, og sýnir það bezt, hve þröngt var í búi og hágt til bjargar, meðan vér áttum fjármál vor undir Dönum, eða réttara sagt danskri stjórn. Nefndin lét ekki segja sér þetta tvisvar og ákvað á fundi (18. marzd.) að sækja um styrk til stjórnarinnar til aukins húsrúms handa safninu og samningar ritaukaskrár yfir safnið frá 1850. Því næst skrifar nefndin þrem dögum síðar kirkju- og kenslustjórninni beiðni um 500 ríkisdala opinberan styrk til húsnæðisauka og ritaukaskrár, og voru þar af áætlaðir 236 rd. 80 sk. til húsnæðis og 250—300 rd. til bókaskrárinnar (yfir 9125 bd. og nr.) og réðst svo að lyktum, að kirkju- og kenslustjórnin í bréfi til stiftisýfirvalda 9. júlídag 1870 tilkynnir þeim, að veittir séu safninu 500 rd. af fé því í fjárlögum, sem ætlað er til óvissra útgjalda, sem gjaldist á 2 árum þannig, að fyrri árið veitist 200 rd. til stækkunar húsnæðis og 150 rd. í ritlaun fyrir ritaukaskrána, en síðara árið (1871—1872) 150 rd. til lúkningar bókaskránni (»til Katalogets Fuldförelse« o. síðari helmingur ritlauna) og lýkur bréfi þessu frá ráðuneytinu með fyrirheiti um, að það muni reyna að útvega konunglegt leyfi til að verja megi 200 rd. af tekjum safnsins á árunum 1870—1874 í prentunarkostnað við bókaskrána í stað þess að kaupa fyrir þá skuldabréf og segir svo að síðustu, að frá ráðu-

neytisins blið sé ekkert því til fyrirstöðu, »að bókaskápar þeir, er um getur 1870 [í bréfi stiftisýfirvalda] verði bókasafninu eftirlátnir endurgjaldslaust«. En um skápa þessa höfðu áður orðið miklar bréfaskriftir fram og aftur milli stjórnarnefndar, rektors, stiftisýfirvalda og stjórnarinnar. Hafði nefndin upphaflega snúið sér til stiftisýfirvalda árið 1869, samkvæmt fundarsamþykkt nefndarinnar 8. nóvemberd., og beðið um til eignar handa safninu nokkra bókaskápa frá bókasafni latinuskólans, sem nú voru orðnir bókasafninu óþarfir eftir það, er safnið var komið í hina nýju bókhöfðu. Stiftisýfirvöldin snúa sér svo til rektors lærða skólans (18. nóvemberd.) og gera fyrirspurn um þessa óþörfu skápa, hve margir þeir séu og hvers virði eftir sanngjörnu mati og hvort nokkuð muni því til fyrirstöðu, að þeir verði fyrst um sinn lánaðir stiftisbókasafninu. Rektor gefur þær upplýsingar, að skáparnir séu 4 talsins, 4 ál. 8 þuml. á hæð og samtals alt að 9 álnum á breidd. Þjóðast þá (8. marzd. 1870) stiftisýfirvöldin til að ljá safninu skápana, eða segja að frá þeirra hálfu sé ekkert því til fyrirstöðu, að safnið fái skápana að láni, »uns öðruvisi kynni að verða ákveðið, en það segir sig sjálft, að hlutaðeigandi stjórnarherra geymist endileg ákvörðun um þetta mál, sem af oss mun verða borið undir hann til úrskurðar«(!) Og svo var nú loks ráðherra úrskurður fallinn, eftir allar skriftirnar, í þessu 10 ríkisdala ¹⁾ skáпамáli.

Annað smámál, alleinkennilegt, kom og fyrir um sama leyti. Jakob snikkari Sveinsson hafði um undanfarin ár verið snikkari safnsins og hafði nefndin skrifað honum og beðið hann að endurgjalda féhirði 4 m. 12 sk. fyrir aðgerð á skrá, með því að »þörfin á aðgerðinni væri honum að kenna«. En Jakob Sveinsson kemur þá á næsta nefndarfundi, mánuði síðar (9. desemberd. 1870), og neitar að gjalda þessa 76 skildinga, »og var því ályktað að skrifa bæjarfógeta um það mál«(!) ²⁾

Þriðja smámálið um sama leyti, en þó með nokkuð öðrum hætti, með því að þar var einnig um meginreglu að ræða, var það, að Jón bókavörður Arnason hafði í bréfi til nefndarinnar 12. nóvemberd. 1870 beiðzt undan

1) Skáparnir voru virtir á 15 mörk hver eða alls 10 rd. en hefði auðvitað orðið dýrara að smíða þá af nýju.

2) Mál þetta féll síðar niður, því að járnsmiðurinn [G. Jóhannesson] féll frá kröfu sinni til safnsins.

1870 að endurgreiða 5 rd. 68 sk., sem úrskurður fyrir ársreikningi safnsins 1868 hafði skyldað hann til að greiða, og mælt til, að hann mætti framvegis halda þeirri þóknun fyrir uppskrift viðbættra bóka, sem til þess tíma hafði verið honum goldin, en það var 1 skildingur fyrir hvert nýtt eintak (ö. númer). Nefndin skrifaði stiftisýfirvöldum meðmælisbréf með þessari bön bókavardarins og óskaði, að hann mætti bæði losast við að endurgjalda hina ofreiknuðu upphæð fyrir ritaukalista ársins 1867 og einnig halda sömu þóknun framvegis sem áður fyrir ritauka, en stiftisýfirvöldin neita, því að verkið sé *skyldustarf*, sem auðvitað mátti launa sérstaklega, meðan launin eingöngu voru lausatekjur [ö. leseyririnn], en síðan bókavardarþóknuninni var breytt í 50 rd. fóst árleg laun, þá hefði þetta verk, eins og önnur sjálfsögð störf bókavardar, einnig hætt að vera sérstakt borgunaratriði, með því að engin sérstök athugasemd eða ákvörðun hafi þá verið um það gerð. Auk þess sé þetta að jafnaði mjög lítið ómak. Hins vegar játa stiftisýfirvöldin, að launin séu rýr, og skjóta því til nefndarinnar, hvort unt sé að auka föstu launin, en losa þó í lok bréfsins Jón Árnason »eftir kringumstæðum« við endurborgun þessarar upphæðar, sem hefði verið úrskurðuð honum til ábyrgðar.

Þessi þrjú dæmi sýna, hversu alt var rígskorðað hér á landi fyrir hálfri öld, og stundum vildi kenna talsverðrar smámunasemi, einnig í opinberum viðskiftum, enda höfðu menn þá enn ekki lært að sólunda bæði sínu fé og annara og ábyrgðartilfinning þá yfirleitt rik fyrir því, sem mönnum var trúað fyrir. Hins vegar ber þess einnig að gæta, að fjárhagur safnsins var svo þröngur og örðugur, að skera varð alt við nögl. Tökum t. d. fjárhaginn við árslok 1869. Fastasjóður var þá enn 2735 rd. Rentur af honum 109 rikisd. 38 sk. Lántökugjald 32 rd. Tekjur þannig alls um 140 rd. Þar af gekk svo til bóka 50 rd., til innbindingar o. fl. 40—50 rd., svo að ekki voru einu sinni aflögu fullir 50 rd., sem greiða bar fastasjóðnum [ö: 100 rd. annað hvert ár]. Og enn versnaði þó hagur safnsins eftir það, því að í 1871—1872 ársbyrjun 1871 var fastasjóður safnsins, eftir það er hin fyrirhugaða skerðing hans var um garð gengin, kominn niður í 2095 rikisd. í konunglegum skuldabréfum og í skuldabréfi einstaks manns 215 rd., eða 2310 rd., og þó var vegna fjárskorts horfið frá því ráði að gefa út bókaskrá yfir allar

bækur og handrit safnsins, svo að eftir því nær 25 ára jóðsótt fæddist að síðustu þjóðhátíðarárið (1874) einungis prentuð skrá yfir *Íslenzkar* bækur og handrit safnsins. 1871—1872

Sumarið 1871 fluttist Ólafur prófastur Pálsson úr Reykjavík norður að Melstað í Miðfirði, eftir að hann hafði fengið veitingu fyrir því brauði. Um haustið skipuðu stiftisyfirvöldin 21. októberdag Magnús landsyfirréttdómara Stephensen í stjórnarnefnd safnsins og 2. nóvemberdag var Þórður háyfirdómari Jónassen kosinn formaður nefndarinnar í stað Ólafs Pálssonar á nefndarfundi. Á sama fundi var lagt fram fylgibréf frá ekkjufrú Marie Guðmundsen í Nysted með 500 eintaka bókagjöf, er átt hafði maður hennar, séra Þorgeir Guðmundsson. Skýrsla fylgdi bréfinu frá Jóni Árnasyni og segir þar, að sumt af því, sem á gjafalistanum standi, vanti í sendinguna, en af sumu séu aftur tvö eintök. Ákveðið var að skrifa ekkjufrúnni þakklætisbréf fyrir sendinguna. Bréfið er innfært í fundabók nefndarinnar með hendi Þórðar Jónassens, sem mun hafa samið það og hljóðar þannig (í þýðingu):

»Með póstskipinu »Diana« í síðastliðnum septembermánuði veittist undirritaðri stjórn Stiftisbókasafns Íslands sú ánægja að fá yðar heiðraða bréf, dags. 12. d. júním. síðastl. Með bréfi þessu sendið þér, eftir ósk mannsins yðar sál., safninu að gjöf alt það bókasafn, sem hann hafði eftir sig látið, um 500 bindi, og hefur Stiftisbókasafninu þannig ekki einungis bætt lítillegur ritauki, heldur einnig mörg góð rit, sem það vanti og hafði ekki efni á að útvega sér. Vér vottum yður, heiðraða frú, fyrir hönd Stiftisbókasafnsins vort virðingarfyllsta þakklæti fyrir þessa dýrmætu gjöf.

Maðurinn yðar sálugi, sem í lifanda lífi hafði svo margsýnt fæðingareyju sinni, hve mjög hann bar mentunarlegar framfarir hennar fyrir brjósti, hefur með þessu kórónað verk sitt og reist sér þann minnisvarða í hjörtum landa sinna, sem seint mun fyrnast, og þér, sem með ástrikri umhyggjusemi hafið uppfyllt ósk hans, hafið í þessu efni tengt yðar nafn við hans á þann hátt, er yður sæmir.

Samkvæmt ósk yðar mun bókunum verða raðað í bókasafninu — á dómkirkjuloftinu — sem sérstakri deild, og mun þar yfir verða sett látúnsplata með áletruðum nöfnum gefendanna, svo að þau geymist í verðskulduðum heiðri og þakklátri endurminningu.¹⁾

1) Þessi ákvörðun var 30 árum síðar mönnum úr minni liðin og rétt fyrir aldamótin var svo nefndri Þorgeirsgjöf skift upp eftir efni í hinar ýmsu deildir Landsbókasafnsins.

Tveim árum síðar voru tvítök Þorgeirsgjafarinnar seld á opinberu uppbóði, að fengnu leyfi stiftisýfirvalda. Gjöf þessi var sérstaklega mikilsverð fyrir safnið vegna þess, að í henni var megnið af bókum þeim, sem Fornfræðafélagið hafði gefið út, óflekkaðar og í ágætu bandi, og eru margar þeirra enn þann dag í dag geymdar meðal tvítaka þeirra í Landsbókasafninu, sem ekki má lána út.

Í ársbyrjun 1871 var fastasjóður safnsins kominn niður í 2095 rd. í rikisskuldabréfum og auk þess voru 215 rd. í einstaks manns skuldabréfi, eins og áður er getið, eða samtals 2310 rd., en það ár bættist safninu fyrri hluti þess tillags, sem það fékk frá stjórninni til stækkunar húsnæðis og bókaskrárinnar, og mun nefndin hafa notað mikinn hluta þess fjár til að kaupa konungleg rikisskuldabréf, því að í ársbyrjun 1872 á safnið í þeim bréfum 2595 rd., auk áður nefndra 215 rd. hjá einstökum manni, eða alls 2810 rd. Vanskil urðu talsverð á leseyri. Þannig voru t. d. ógoldin tillög lántaka í ársbyrjun 1871 orðin 9 rd., en ári síðar 5 rikisdalir, og lántökum fór fækkandi en ekki fjölgandi, árið 1870 eru þeir 30, árið 1871 að eins 24 og lánuð bindi 727 fyrra árið, en 352 síðara árið. Þessa fækkun útlána vill Jón Árnason í skýrslu sinni fyrir bæði árin fremur kenna nýstofnuðu dönsku lestrarfélagi í Reykjavík, en minkandi lestrarfýst og lesgjaldinu (1 rd.), »sem er svo að segja ekki neitt, sem vér Íslendingar viljum nú helzt«. Ritauki safnsins árið 1870 var 160 bindi og númer, að meðtöldum 46 eintökum, mestmegnis prentsmælki frá stiftisprentsmiðjunni. Það ár voru 12 bindi verði keypt, en 36 bindi send að gjöf frá Friðriksháskóla í Kristíaníu. Árið 1871 var ritaukinn 996 bindi og númer, þar af 20 bindi keypt, 63 eintök frá stiftisprentsmiðjunni, hitt mestmegnis Þorgeirsgjöfin, sem Jón Árnason telur þá í skýrslunni 841 bindi eða 340 eintökum stærri, en áætlað var í bréfinu frá ekkju séra Þorgeirs til nefndarinnar; mun sá mismunur að miklu leyti stafa af því, að tvítök og fleiri eintök af forlagsbókum og fleira hafa ekki verið tekin með í hinni upphaflegu tölu. Af gjafabókum þessa árs voru einnig 10 handrit frá Páli stúdent Pálssyni, og voru 7 þeirra úr eigu Hannesar biskups Finnssonar. Í skýrslu sinni um þessi ár ýtir Jón Árnason enn sem fyr undir forstöðunefndina að þakka bókagefendum safnsins. Tekur hann til dæmis The Smithsonian Institution í Washington

og bréf frá henni, sem hóti að strika út af gjafalista sínum þær stofnanir, sem hvorki hirði um að kvitta fyrir meðteknar bókasendingar né heldur sýni nokkurn lit á endurgjaldi í bókaþjófum. Þá minnst hann enn einu sinni Páls stúdents Pálssonar með lofsamlegum orðum fyrir alla hjálp hans við bækur og handrit safnsins og væntir, að stjórnarnefndin sjái einhver ráð til að endurgjalda honum »á sínum tíma« ómak hans, eftir því sem hann setur upp. Þá minnst hann og á skrána yfir ritauka safnsins síðan 1850. Kveðst hafa setið við hana í tvö sumur við annan mann, en telur tvísýnt, að hann fái lokið henni á næsta sumri, segist hafa orðið að semja alveg nýja skrá yfir íslenzku bækurnar og málfræðisritin. Þó vonar hann, að byrja megi að prenta skrána á næsta sumri, en biður um mann með sér til prófarkalesturs, sem hafi gott vit á að leiðrétta útlenda titla, svo sem franska, ítalska og spanska, því að hann mun ekki hafa verið fær í fleiri lifandi málum en ensku, þýzku og Norðurlanda málum. Með bréfi, dags. 15. apríldag 1873, sendir svo Jón Árnason forstöðunefndinni handrit það að bókaskránni, sem hann hafði verið að semja sumrin 1870, 1871 og 1872, og náði það ekki einungis yfir íslenzkar bækur og handrit, heldur og yfir allan ritauka safnsins, síðan árið 1850, er hann samdi eldra registrið, og auk þess hafði hann einnig samið sérstaka skrá yfir hinar stærri bókaþjófir og aðra skrá yfir tvítök í safninu. Skráin yfir útlendu bækurnar var um 94 arkir skrif- aðar, gjafaskráin 24 arkir, yfir íslenzku bækurnar 20 arkir og handritin 23 arkir, samtals 161 örk, sem Jón Árnason áætlaði að verða mundi um 40 arkir prentaðar. Frá hlið bókavarðar var því ekkert til fyrirstöðu, að gerð yrði gangskör að prentun bókaskrár yfir allar bækur safnsins, en fjárskorturinn var enn sem fyr þrándur í götu, svo að stiftisýfirvöldin samþykktu, eftir tillögu nefndarinnar, að ekki skyldi ráðizt »fyrst um sinn« í að prenta meira en skrá yfir íslenzku bækurnar og handritin, en byrja skyldi á prentun hennar »svo fljótt sem kringumstæður leyfðu«. Til að ráða bót á þessum sífeldu og sívaxandi peningavandræðum ákvað nefndin á fundi 24. nóvemberdag 1873 að sækja um 300 ríkisdala árlegan styrk úr landssjóði fyrir safnið, og rökstuddi nefndin beiðni sína með því, að safnið gæti »sök- um efnaskorts hvorki látið binda inn bækur, sem nauðsynlega þarf að binda, né keypt áframhald af nokkru riti né nokkra nýja bók«. Þessari

1873 beiðni nefndarinnar tóku stiftisýfirvöldin vel og lofuðu meðmælum sinum með bónarbréfi nefndarinnar um landssjóðsstyrkinn í bréfi, dags. 2. febrúardag 1874 og enn fremur tilkynnir *landshöfðingi* 18. septemberdag sama árs nefndinni, að hann veiti stiftisbókasafninu 175 ríkisdali af fé því, sem ætlað er til óvissra útgjalda, til prentunar á bókaskrá yfir bækur þær, sem safninu höfðu gefið árið 1874 í minningu þjóðhátíðar Íslands. Hafði nefndin farið fram á 200 rd. veitingu, en landshöfðingi klypti af 25 ríkisdali. Jón Árnason hafði samið bækling þenna, sem var $5\frac{3}{4}$ örk prentuð að stærð, og beðið nefndina um 10 rd. í ritlaun fyrir hverja prentörk, en nefndin veitti honum einungir 35 ríkisdali í ritlaun fyrir allan bæklinginn, sem hann hafði verið $1\frac{1}{2}$ mánuð að semja þá um sumarið. Landshöfðingi hafði sett það skilyrði fyrir fjárveitingunni, að hún færi ekki fram yfir 25 rd. fyrir hverja prentaða örk. Þá tilkynnir landshöfðingi 2. ágústdag s. á. stjórnarnefndinni, að stjórnin yfir »Göthaborg Museum« hafi sent sér skrautritið *Fjölners saga*, með þeim tilmælum, að hann afhenti það því bókasafni hér á landi, sem sýndist bezt til þess fallið, og segir, að nefnd stjórn hafi skeytt hér við heillaóskum sínum til greindrar hátíðar, »sem alstaðar á Norðurlöndum verður fyrir hlýjum tilfinningum gagnvart landi því, sem trúlega hefur haldið vörð yfir sameign Norðurlanda í fornmenjum og sent út skáld sín til að kveða um afreksverk forfeðranna, og hvar hinn gamli hugstóri andi og ást á mentun og frelsi enn þá hreyfir sér hjá niðjum þess«. ¹⁾ Meðal bókagefenda þessa árs skal nefna: hið konungl. Fornfræðafélag í Kaupmannahöfn, háskólinn í Kristianíu, háskólinn í Lundi (mikil gjöf og merkileg), Det norske samlaget, Cornell-háskólinn í Íþöku N. Y., The Library of Yale College, professor Willard Fiske og margir aðrir amerískir mentamenn, »The New York State Library« o. fl. Skrá þessi var síðan send öllum gefendum erlendis, þeim er bókavörður vissi deili á ²⁾, og 10 eintök send landshöfðingjaskrifstofunni. — Þá var og samæris prentuð »Skrá yfir prentaðar islenzkar bækur og handrit í Stiptisbókasafn-

1) Þannig orðað í Landshöfðingjabréfinu.

2) Sumar sendingarnar höfðu komið nafnlausar og bréflausar, svo að pósthimpill var það einn, sem hægt var að átta sig á.

inu í Reykjavík, sem Jón Árnason hafði einnig samið. Hún var 12 arkir 1874
alls og var handritaskráin fullur helmingur hennar (98 bls.) og náði yfir
117 númer í arkabroti, 264 í fjöggra blaða broti og 158 í átta blaða broti,
eða samtals yfir 539 bindi af handritasafninu, og var prentuð í 300 eintökum.
Meira varð ekki gefið út, því að nefndin sá sér eigi fært að verja meira en
200 rd. til handritaskrárinnar. Aftur á móti var það heppilegt, að fé vanst
til að prenta skrá yfir allar íslenzkar bækur í safninu frá upphafi til ársins
1874, og jafnáreiðanlegur og samvitzkusamur maður sem Jón Árnason varð
til að semja hana.

Treglega gekk enn með innheimtu leseyris og samþykktu stiftisýfirvöldin,
að strikuð væru út ófáanleg gömul árstíllög (7 ríkisd.), en samtímis var
einnig ákveðið að skrifa bókaverði og banna honum að lána nokkurum
manni bók úr safninu, fyr en hann hefði sýnt skirteini fyrir goldnum
leseyri.

Um endurskoðun ársreikninga safnsins frá nefndarinnar hálfu hefur
þess áður verið getið (106. bls.), að til þess starfa höfðu verið kosnir Sig-
urður lektor Melsted og Jón yfirkennari Þorkelsson, þá er stiftisýfirvöldin
höfðu skipað 3 menn í nefndina 1866 og gert hana starfhæfa. Síðar (1869)
var Þ. Jónassen kosinn endurskoðunarmaður með Jóni Þorkelssyni, en
eftir það er Magnús yfirdómari Stephensen hafði tekið sæti í nefndinni, var
hann kosinn endurskoðunarmaður með Jóni Þorkelssyni og var svo um
mörg ár.

Af bókagefendum erlendum hafði »The Smithsonian Institution« ósleiti-
legast allra haldið uppteknum hætti með bókasendingar til safnsins um
mörg ár, svo að jafnvel hafði ekki hlé á orðið, meðan borgarastyrjöldin
mikla geisadi í Bandaríkjunum. Fyrir tilstuðlun Jóns Árnasonar hafði
nefndin áður sent stofnun þessari nokkurar bækur íslenzkar í viðurkenn-
ingarskyni, en svo var aftur á nefndarfundi 18. marzd. 1872 samþykkt að
skrifa henni þakklætisbréf fyrir gjafir og senda henni að gjöf stærstu upp-
drætti Íslands, Fornmanna sögurnar (íslenzka textann) og 11. bindi af Scripta
historica Islandorum og Jóni Árnasyni falið að annast sendinguna.

Með stöðulögunum (1871) og fjárhagsaðskilnaðinum milli Danmerkur
og Íslands fór að rofa til og losna um þann ramma ríð, sem alt hafði

- 1874 um langan aldur verið bundið hér á landi. Undirtektir stjórnarinnar og nefnd 500 rd. veiting til ritaukaskrár og stækkunar húsnæðis (9. júlíd. 1870) var forboði betri tíma, einnig fyrir bókasafnið. En með stjórnarskránni (2. janúard. 1874) fara fyrst að sjást greinileg dögunarmerki. Safnið hafði frá upphafi sinna vega og alt til þess tíma verið borið uppi af erlendum og innlendum velgerðamönnum, án nokkurs reglulegs styrks af opinberu fé.
- 1875 En þegar á fyrsta löggjafarþingi Íslands, árið 1875, veitir alþingi í fjárlög-unum 400 kr. styrk til stiftisbókasafnsins fyrir árin 1876—1877, og þótt styrkur þessi væri miklu minni en sú fjárveiting, sem stjórnarnefndin hafði stungið upp á (300 rd. á ári), og stiftisýfirvöldin heitið meðmælum sínum, þá var þó þessi fjárveiting stigið spor í rétta átt, og alþingi hafði með henni viðurkent, að safnið væri opinber landstofnun, sem styrkja bæri af opinberu fé. Og þess var full þörf, að fjárveitingarvaldið færi að styrkja þessa stofnun, því að fjárhagur hennar hafði farið, ef satt skal segja, versnandi en ekki batnandi hin síðari árin. Á sjóðskerðinguna hefur áður verið minzt, og þótt það skarð væri síðar fyllt, þá gekk enn sem fyr ógreiðlega að reyta saman í hin lögskipuðu tillög fastasjóðsins, svo að þessi sjóður, sem í ársbyrjun 1870 var 2735 rd., var fimm árum síðar, í ársbyrjun 1875, ekki orðinn hærri en 2810 rd. og þá svo skarpt um fé í vörzlum gjaldkera, að jarðabók Skúla Magnússonar landfógeta í 6 bindum, um 900 arkir skrifaðar, sem safninu bauðst fyrir 20 rd., varð ekki keypt, nema með því móti, að andvirði hennar fengi að greiðast á 2 árum. Sama ár ákvað nefndin að senda landshöfðingja og fá goldin uppsegjanleg konungl. rikisskuldabréf, sem safnið átti, að upphæð 1270 rd., og var gjaldkera nefndarinnar (H. Kr. Friðrikssyni) falið að kaupa skuldabréf með rentumiðum fyrir upphæðina.
- 1876 Árið 1876 var þegar í ársbyrjun nefndinni greiddur af landshöfðingja samkvæmt ósk hennar og meðmælum stiftisýfirvalda sá 400 kr. styrkur, sem alþingi hafði veitt safninu. Fastasjóður safnsins var þá í ársbyrjun í óuppsegjanlegum rikisskuldabréfum 2650 kr., í innritunarskirteinum 2800 kr. og skuldabréfi eins manns 430 kr., eða samtals 5880 krónur. Auk þess voru í sjóði hjá gjaldkera 442 kr. 26 a. og ógoldin tillög 7 kr. Var þá ákveðið að kaupa konungleg skuldabréf fyrir 200 kr., verja 200 kr. til bókaþauka og loks greiða Páli stúdent Pálssyni 300 krónur upp í skuld safnsins við

hann fyrir bókband. Sama ár keypti nefndin einnig af honum 26 bindi af 1876 tímariti Fornfræðafélagsins (1836—1863) innbundin fyrir 26 kr. Þá var og, með því að nokkurt fé var fyrir hendi, bókavörður beðinn um skýrslu yfir þær skandinaviskar bækur, sem safnið vantaði framhald af. Batnandi fjárhagsástæður safnsins urðu einnig vatn á mylnu Amtsbókasafns Norður- og Austuramtsins, því að litlu síðar sendi nefndin því, að fengnu leyfi stiftisyfirvalda, allmörg tvítök, sem það þurfti ekki á að halda. En þótt nú fjárhagur safnsins rétti við í bili, þá varð ekki sama sagt um notkun þess, því að henni fór síhnignandi. Árið 1875 voru lántakendur að eins 38 og lánuð bindi 711, en 1876 eru lántakar komnir niður í 32 og léð bindi 434.

Bókaskrá sú, sem Jón Árnason hafði samið 1874 yfir bækur þær, sem safninu höfðu gefizt þjóðhátíðarárið, 1874, var eiginlega ekki bókaskrá í vanalegri merkingu orðsins, heldur var bókum þar raðað eftir gefendum, en ekki eftir efni, og var skráin því fremur nokkurs konar kvittunarlisti til gefenda en bókaskrá til afnota. Þess vegna skrifaði nú nefndin bókaverði og spurði hann, hvort hann vildi taka að sér að semja efnisskrá yfir gjöf þessa fyrir 60 kr., og gekk bókavörður að því boði í bréfi dags. 10. ágústd. 1876 og litlu síðar sendi hann einnig nefndinni hina fyrirheitnu skrá yfir bækur þær danskar, norskar og sænskar í safninu, sem framhald vantaði við. Var hún samin í samráði við Pál stúdent Pálsson og með hans aðstoð. Mun það hafa verið eitthvert síðasta verkið, sem þessi þarfi maður safninu vann því. Hann var þá kominn á áltræðisaldur og andaðist nokkuru síðar, 20. marzdag 1877. Hann lét eftir sig merkilegt safn bæði af prentuðum bókum og handritum og skrifaði því nefndin bæjarfógeta og bauð 500 kr. í hvorttveggja, bækurnar og handritin, með því skilyrði, að skuldin skyldi greidd á tveim árum, 300 kr. 1877 og 200 kr. 1878. Skiftafundur í dánarbúi Páls gekk að boði nefndarinnar, að því áskildu, að skila skyldi aftur þeim bókum og handritum endurgjaldslaust, sem einhverjir kynnu að sanna eignarrétt sinn að. Ritauki þessi úr dánarbúi Páls var alls 519 prentaðar bækur og 94 handrit; telur Jón Árnason hann í bréfi til nefndarinnar, 17. septemberdag 1877, »einkar merkilega viðbót«, enda var t. d. ekkert af handritunum áður til í safninu. Í sama bréfi fer Jón Árnason fram á, að gerð verði skrá yfir islenzk tvítök eða fleiri eintök, sem til séu í safninu, 1877

1877 og sömuleiðis yfir handrit Páls Pálssonar. Kveðst hann munu ef til vill geta gefið safninu »ekki svo fá handrit, sem« hann hafi »komizt yfir«, ef forstöðunefndin vilji láta semja skrá yfir þau, »ásamt handritunum eftir Pál heitinn«, með því skilyrði, að honum verði falinn hvortveggi starfinn og hann fái að vita, hveðrar þóknunar hann megi vænta fyrir verkið. — Þetta ár varð safninu minnilegast vegna þess mikla ritauka, sem þá var samþykkt að kaupa handa því. Sumarið 1877 sat Jón alþingisforseti og skjalavörður Sigurðsson í síðasta sinni á alþingi Íslendinga og þá var það, að 9 þingmenn neðri deildar (Tryggvi Gunnarsson, H. Kr. Friðriksson, Hjálmur Pétursson, Arnljótur Ólafsson, Snorri Pálsson, Þórður Þórðarson, Grimur Thomsen, Eggert Gunnarsson og Jón Sigurðsson frá Gautlörndum) báru fram svohljóðandi viðaukatillögu við 13. gr. fjárlaganna: »Til alþingismanns Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn fyrir bókasafn hans handa Íslandi 25000 kr.«. Tillaga þessi var samþykkt með 18 atkvæðum í neðri deild, en er kom til efri deildar, klofnaði fjárlaganefnd þeirrar deildar í málinu. Meiri hluti nefndarinnar (Bergur Thorberg, Magnús Stephensen og Árni Thorsteinsson) réð frá að samþykkja veitinguna að svo stöddu vegna þess, hve verulegur gjaldliður hún væri, en hins vegar vantaði upplýsingar um stærð safnsins og innihald þess o. s. frv., en minni hlutinn (Sighvatur Árnason og Eiríkur Kuld) töldu aftur á móti safnið þann kjörgríp, að gild ástæða væri til að tryggja landinu eign þess, þegar Jóns misti við. Nefndin hafði því leitað upplýsingar hjá neðri deild um málið og fengið hjá einum fjárlaganefndarmanni þeirrar deildar svo hljóðandi bréf til hans frá Jóni Sigurðssyni, er framsögumaður fjárlaganefndar efri deildar (Bergur Thorberg) las upp á deildarfundi:

»Eftir því sem þér hafið skrifað mér, óskar efri deildin að fá skýrslur, sem neðri deildin hefur haft fyrir sér, viðvíkjandi bóka- og handritasafni minnu. Ég er nú að vísu ekki hér undirbúinn með þessar skýrslur, því ég átti ekki von á þessari spurningu, en ég skal geta þess, að yður og fleirum er án efa kunnugt, að ég mundi helst kjósa, að bækur minar og handrit gætu komið Íslandi til nota, og í þess eigu, og að ég hef safnað um mörg ár öllu því, sem ég hef getað og Ísland snertir, bæði prentuðu og óprentuðu. Sömuleiðis hef ég ritað með minni hendi margt hvað, sem bæði inniheldur merkileg rit um Ísland og á íslenzku, og annað, sem helst er grund-

völlur fyrir sögu Íslands og bókmenta þess i öllum greinum fyr og síðar. 1877
Svo ég taki nokkuð til dæmis, þá hef ég mikið safn yfir allar islenzkar bækur og þær, sem Ísland snerta, titla slikra bóka i timaröð, og margar af bókunum sjálfum; einnig rithöfundatal, sem að miklu leyti er fullgert; svo eru þar og prentaðar bækur, sem þar til heyra, og exemplör af mörgum prentuðum bókum frá öllum tímum. Þá tel ég og safn af jarðabókunum og afskriftir þeirra, og mörgum öðrum islenzkum skráum og skjölum. Enn fremur flestar islenzkar bækur, og á öðrum málum, sem skýra um Ísland frá þeim fyrstu til seinustu tíma, bæði eftir innlenda og útlenda rithöfunda, mörg með uppdráttum, sem þar til heyra. Enn fremur ýmsar aðrar bækur, sem heyra til bókmentum annara landa. Það er sjálfsagt, að ég held fram safni þessu eftir uppteknum hætti, svo sem mögulegt er, meðan ég endist til, og vil helst láta það alt fylgjast að, þegar mín missir við. En ég óska að hafa safnið undir minni hendi eða undir minni umsjá, svo ég geti látið gera skrá yfir það, en ég mun taka ábyrgðabréf á minn kostnað i bruna-bótum fyrir verð safnsins, sem sé 30,000 krónur. Afhending safnsins geri ég ráð fyrir að fari fram eftir samkomulagi, og á þann hátt, sem hentugastur þykir.

Bréfið er dags. 20. dag ágústmánaðar 1877. Það sannfærði ekki meiri hluta nefndarinnar, en minni hlutinn sat við sinn keip og Eiríkur Kúld bætti því við á deildarfundi, »að þó hér væri um mikla upphæð að ræða, þá vissi hann að eiganda safnsins hefði verið boðið fyrir það langtum meira fé, en hér væri farið fram á, og það gæti hann ef til vildi sannað, ef til kæmi«.¹) Að lokum var svo tillagan samþykkt með tveim breytingum og þannig orðuð: »Til að kaupa bóka- og handritasafn Jóns alþingismanns Sigurðssonar i Kaupmannahöfn veitast alt að 25,000 kr.«. Jóni Sigurðssyni var féð greitt, en honum leyft að halda bóka- og handritasafninu hjá sér, eins og hann hafði óskað, og var það ekki afhent landinu fyr en að honum látnum, en hann andaðist, sem kunnugt er, þ. 7. d. desemberm. 1879.

Þann 15. d. febrúarm. 1878 átti stjórnarnefnd safnsins fund með sér og 1878
var þá kosinn formaður hennar yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson i stað

1) Alþingistiðindi 1877. I. 208. bls.

Þórðar háyfirdómara Jónassens, sem fengið hafði lausn úr nefndinni, en í stað Halldórs var kosinn gjaldkeri Magnús yfirdómari Stephensen. Í stað Þórðar Jónassens höfðu stiftisýfirvöldin 9. janúardag samæris skipað Jón háyfirdómara Pétursson í nefndina; hafði Þórður þá verið í nefndinni um 40 ár eða frá sumrinu 1837, er hann kom í nefndina og tók við bóka- varðarstörfum, og hefur enginn átt þar jafnlengi eða lengur sæti, að undan skildum yfirkennara Halldóri Kr. Friðrikssyni, sem var nefndarmaður frá 1848 til dánardægurs 1902, eða í 54 ár, og formaður nefndarinnar um 34 ár. Á þessu ári barst nefndinni mjög merkilegt bókatilboð frá Jóni bókaverði Árnasyni með bréfi, dags. 4. júnídag. Í bréfinu býður hann safninu til kaups 11 tilgreindar gamlar prentaðar íslenskar bækur á 20 krónur hverja, og átti nefndin kost á, hvort heldur hún vildi kaupa þær allar á 220 krónur eða færri, ef hún kysi það heldur, og loks setti hann nefndinni í sjálfsvald að ráða verði á einni bókinni (17. útg. af grallaranum), sem hann hefur víst talið freklega selda með nefndu verði. Bækur þessar segir hann, »að óviða muni til annarstaðar sumar, ef þær eru annars nokkurs staðar til, . . . en því býð ég forstöðunefnd stiftisbókasafnsins þær, enn þótt ég eigi kost á að koma þeim út erlendis, að ég finn mér skylt að gefa innlendri stofnun fyrstri allra kaupakost á bókum þessum fyrir sama verð, sem ég get fengið fyrir þær annarstaðar«. Bækur þær, sem hann vildi selja og safnið átti ekki til (»og ef til vill enginn annar«, bætir Jón Árnason við í bréfi sínu, »því ég ætla þær flestar *exemplaria unica*«), voru: þýðing Odds Gottskálkssonar á Joh. Bugenhagens Historia pijunnar &c. Kh. 1558, Margarita theologica (Spangenberg) Kh. 1558, Huggunarbæklingur og Antidotum, 1., 2., 4., 7. og 17. útgáfa af Grallaranum, Corvins postilla prentuð í Rostock 1546, M. P. Rostock: Sá evangeliski Catechismus Kh. 1739 og Joh. Spangenberg: Fimmtán líikpredikanir Hól. 1598. Loks getur hann þess, að hann ef til vill eigi fleiri bækur, sem safnið vanhagi um, og hann muni láta safnið ganga fyrir að fá, heldur en selja þær af landi burt, ef tilboð sitt verði þegið. Biður svo um svar og æskir, ef verði úr kaupunum, að fá að minsta kosti helming and- virðisins sér goldinn fyrir miðjan júnímánuð (o. áður en póstskipið Diana átti að fara frá Reykjavík til útlanda). Því miður fór svo um tilboð þetta, að nefndinni »þótti ekki ráð að ganga að kaupunum, því bæði væru bæk-

urnar dýrar, og ekki ólíklegt, að sumar þeirra kynnu að vera í safni Jóns Sigurðssonar«. Hér var þó ekki fjárskorti til að dreifa, því að nefndin hafði á næsta fundi á undan samþykkt að verja á árinu 200 krónum til bókbands og 300 krónum til bókakaupa og svo samþykkir hún á sama fundi, sem hún neitar að kaupa ófáanlegar gamlar íslenskar bækur, að kaupa ýms útlend sagnrit eftir Prescott, Motley, Thierry og Guizot, sem safnið ætíð átti kost á að eignast. En þótt þetta tækist slysalega, þá var það þó nokkur huggun, að þessar merkilegu bækur komust í góðar hendur, því að þær munu hafa lent í eigu prófessors Willard Fiske, hins góðkunna Íslandsvinar, og mun hann hafa keypt þær af Rosenthal bóksala í Leipzig margfalt hærra verði en Jón Árnason setti upp á þær við safnið. Þrýða þær nú safn það hið íslenska við Cornell háskólann í Íþöku, sem prófessor Fiske lét stofna eftir sinn dag af bókum þeim, sem hann hafði varið miklu fé, fyrirhöfn og tíma til að safna í lifanda lífi. En til þess að stjórnarnefnd stiftisbókasafnsins þyrfti ekki lengur að vaða í villu og svíma um, hvað til væri af gömlum íslenskum bókum í safni Jóns Sigurðssonar, sem nú var orðin landsjóðs eign, þá ákvað hún á þessum sama fundi að skrifa Jóni Sigurðssyni og biðja hann um lista yfir allar íslenskar prentaðar bækur hans fram að árinu 1700. Handritasafn Jóns Sigurðssonar, sem alþingi hafði keypt ásamt öðrum bókum hans sumarið 1877, var ekki alt heima hjá honum í Kaupmannahöfn, heldur var talsverður hluti þess, eða 226 bindi, í vörzlum Jóns Árnasonar bókavarðar. Var nú samin skrá af Jóni Árnasyni yfir þenna hluta handritanna og send stiftisýfirvöldum, en þau sendu aftur forstöðunefnd safnsins og báðu hana að veita handritum þessum móttöku og kvitta fyrir bækurnar á bókalistann, sem síðan var sendur landshöfðingja áleiðis til ráðgjafa Íslands í Kaupmannahöfn. Var þetta hinn fyrsti hluti, sem skilað var í hendur nefndinni, af bóka- og handritasafni Jóns Sigurðssonar, og hið eina, sem kom í hendur henni af bókum hans, meðan hann var á lífi.

Virðist mjög sennilegt, að þessi handrit séu þau sömu, sem Jón Árnason hafði boðið Bókmentafélaginu fyrir 700 ríkisd. — 220 bindi alls — og nefnd var kosin 1872 á félagsfundi til að íhuga kaup á.¹⁾ Af kaupum varð

1) Minningarrit Bókmentafélagsins. Rv. 1916. 4to 30. bls.

1878 ekki með Jóni Árnasyni og félaginu og hefur þá Jón Árnason að líkindum snúið sér til Jóns Sigurðssonar og hann keypt af honum handritin og fengið þau geymd hjá honum til bráðabirgða, og þannig hefur það atvik-
azt, að handritin voru hér á landi, þegar salan fór fram á bókasafninu.

Fjárhagur félagsins var nú farinn að rétta nokkuð við, að minsta kosti var nú um alllangan tíma horfið frá því neyðarráði að brjóta skipulags-
skrá fastasjóðsins og skerða hann, heldur í þess stað tekið að auka hann á fyrirskipaðan hátt. Í ársbyrjun 1878 var eign safnsins í konungl. skulda-
bréfum..... 3050 kr. » au.
í innritunarskirteinum 2800 — » —
í skuldabréfi einstaks manns..... 430 — » —
auk þess voru ógoldin tillög 9 — » —
og í peningum hjá gjaldkera: 298 — 22 —

eða samtals... 6587 kr. 22 au.

og ári síðar var fastasjóður safnsins hinn sami, en ógoldin tillög þá 11 og í sjóði hjá gjaldkera 413 kr. 29 au. Á endurskoðun reikninga safnsins var í ársbyrjun 1879 sú breyting ger, að Jón háyfirdómari Pétursson var með Jóni rektor Þorkelssyni kosinn endurskoðunarmaður í stað Magnúss yfir-
dómara Stephensens, sem tekið hafði við gjaldkerastörfum af H. Kr. Frið-
rikssyni yfirkennara, er hann varð formaður nefndarinnar.

Í árslok 1878 var fyrirsjáanlegt, að nýr flutningur og hrakningur á safn-
inu stóð fyrir dyrum. Ný viðgerð á dómkirkjunni gerði enn af nýju flutn-
ing Siftisbókasafnsins og Forngripasafnsins óumflýjanlegan og skýrir bóka-
vörður í bréfi, dags. 21. desemberd. 1878, nefndinni frá, að safnið skuli verða
á burt af dómkirkjuloftinu fyrir lok marzmanaðar 1879, og gerir fyrirspurn
til hennar um, hvar safnið eigi að vera, meðan á viðgerðinni standi, og 8.
1879—1880 janúardag 1879 áréttastiftisyrirvöldin bréf Jóns Árnasonar með fyrirspurn
til nefndarinnar í sömu átt og taka fram, að safnið verði að vera flutt
burtu fyrir 1. apríldag. Hér var úr vöndu að ráða og því snýr einn nefnd-
armanna, Jón rektor Þorkelsson, sér til Jóns Árnasonar, með því að
hann var bóka-vörður við öll þau bókasöfn, sem geymd voru í bókhlöðu
lærða skólans, nema safn Bókmentafélagsins, og æskir álits hans um,
hvort nokkur leið sé til, að safnið geti hirzt í bókhlöðu skólans, meðan á

viðgerðinni standi. Jón Árnason svarar í bréfi, dags. 25. febrúard., og telur með öllu ótílkæilegt að geyma bækur safnsins þann vetur og næsta sumar í bókhlöðu lærða skólans, því að stiftisbókasafnið, sem ekki teldi færri en 12 til 13 þúsund bindi, kæmist ekki fyrir í skólabókahúsinu með bókum þeim, sem þar væru fyrir, en þar voru geymdar bækur lærða skólans, prestaskólans, alþingis og Bókmentafélagsins. Bæði söfnin — skólans og stiftisbókasafnsins — yrðu þannig »óaðgengileg og ónotandi«, þar sem hver bás yrði fylltur og jafnvel göngin milli skápanna í bókhlöðunni. Þegar í þetta óefni var komið, sá nefndin tiltekilegast að fá geymslustað handa safninu til bráðabirgða í *spítalahúsi* Reykjavíkur,¹⁾ en teknar skyldu þá jafnframt frá *nauðsynlegustu útlánsbækur*, sem enn var rúm fyrir í nokkrum tómum bókahillum í bókasafni lærða skólans. En flutningskostnaðinn áleit nefndin að landsjóði bæri að greiða og fór fram á það í bréfi til stiftisyrvalda um flutningsmálið.

Árið 1879 tók prófessor Willard Fiske,²⁾ sem 1868 var orðinn kennari í Norðurlanda málum við Cornell-háskólann, sér ferð á hendur til Íslands. Hann hafði um mörg ár kynt sér norræna tungu og norrænar bókmentir og hafði á unga aldri dvalið um hrið í Kaupmannahöfn og Uppsölum og kynst próf. C. C. Rafn og ýmsum Íslendingum, svo sem Jóni Sigurðssyni, Gísla Brynjólfssyni o. fl. Varð sú kynning honum að góðu liði við íslensku nám hans og norrænar bókmentaiðkanir. Hafði Fiske þegar um vorið 1852 haft í hyggju að ferðast til Íslands, að lokinni verunni í Uppsölum, þótt ekki yrði úr því. Þjóðhátíðarárið 1874 reit hann ýmsar greinir um Ísland í amerísk blöð og má að líkindum þakka honum að mestu leyti, beinlínis og óbeinlínis, hluttöku Bandaríkjamanna í þjóðhátíð vorri og gjafir þær í bókum, sem bókasafninu bárust þaðan. Hann var því Íslendingum kærkominn gestur, þegar hann með lærisveini sínum Arthur Reeves kom út hingað sumarið 1879. Ferðaðist hann um Norðurland og kom til Reykjavíkur landveg þaðan síðla sumars. Heimsótti hann oft Jón Árnason og

1) Úr þessu mun þó ekki hafa orðið, heldur virðist öllum bókunum hafa verið hrúgað á gólfid í bókhlöðu lærða skólans.

2) Fæddur 11. nóvemberdag 1831, dáinn 17. septemberdag 1904 í Frankfurt am Main.

stiftisbókasafnið, meðan hann dvaldi í Reykjavík, og féll hið bezta á með þeim, Jóni og honum, enda ritaði Jón Árnason nefndinni bréf, áður en Fiske fór alfarinn héðan af landi þá um haustið og fór fram á, að honum yrðu gefin 10—20 tilgreind tvitök úr safninu af islenzkum bókum, sem hann langaði til að eignast, í virðingar og þakklætis skyni fyrir þær bókagjafir, sem safninu höfðu bætzt frá Ameríku fyrir hans tilstilli. Beiðni þessari lét Jón Árnason fylgja til nefndarinnar lista yfir tvitök bókasafnsins og annan lista yfir bókagjöf Fiske og annara þá um sumarið (21. ágúst) til safnsins. Var þetta mál auðsólt bæði við nefndina og stiftisýfirvöldin og eignaðist Fiske þannig 12 gamlar islenzkar bækur og timarit, sem safninu höfðu bætzt í tvennu lagi, einkum við kaupin á bókasafni Páls stúdents Pálssonar.

Árið 1879 voru lántakar safnsins 30 að tölu, en léð bindi út 449 og árið 1880 lántakar að eins 20, en léð bindi 432. Mun flutningurinn og takmarkað rúm hafa átt mikinn þátt í því, hve fáir lántakar voru þessi árin. Í ársbyrjun 1880 var fastasjóðurinn orðinn 6480 krónur, ógoldin tillög 11 kr., en í sjóði hjá gjaldkera 743 kr. 5 aur.

Árið 1879 gekk fram það mál á alþingi, sem hafði hin mestu áhrif á allan hag safnsins um meira en fjórðung aldar, en það var bygging Alþingishússins. Á deildarfundi efri deildar 23. ágústdag og deildarfundi í neðri deild 26. s. m. var samþykkt svo hljóðandi:

Uppástunga

til þingsályktunar um bygging á húsi handa alþingi og söfnum landsins.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

að á fjárhagstímabilinu 1880—1881 sé bygt hús handa alþingi og söfnum landsins;

að sett sé nefnd af fimm þingmönnum, þremur úr neðri og tveimur úr efri deild, er stjórnin leiti álita hjá á milli þinga um tilhögun og bygging hússins.

Samkvæmt þessari þingsályktun voru svo þeir Tryggvi Gunnarsson, Grímur Thomsen og Þórarinn Böðvarsson kosnir af neðri deild, en Bergur Thorberg og Arni Thorsteinson af efri deild í byggingarnefnd alþingishússins, en fjárlögin veittu fé fyrirtækinu til framkvæmdar. Þá er fjárlögin voru staðfest af konungi, fól ráðgjafi Íslands landshöfðingja Hilmarí Finsen framkvæmd verksins í samráði við þá 5 alþingismenn, sem þegar eru nefndir. Byggingameistara etazráði Meldahl var falið að búa til uppdrátt af húsinu

og kostnaðaráætlun, einnig að ráða yfirsíð i samráði við þann nefndarmanna, Tryggva Gunnarsson, sem búsettur var í Kaupmannahöfn, og sjá um útvegum á erlendu efni, en um innlend byggingarefni sá landshöfðingi i samráði við hina nefndarmennina. Um hússtæðið var fyrst nokkur ágreiningur, en loks varð það ofan á, sem ver gegndi, að setja húsið i sökkvandann fyrir norðan tjörnina, i stað þess að reisa það á fögnum stað á Arnarhólstúni, eins og upphaflega hafði verið til stofnað. Verkinu skilaði vel áfram undir forystu Balds yfirsíðs; 9. júnid. 1880 var hyrningarsteinninn lagður og unnið sleitulaust að smíðinni alt sumarið, svo að húsið var komið undir þak, áður en hörkurnar byrjuðu frostaveturinn mikla (1880—1881), og húsið fullgert fyrir þing vorið 1881. Var svo ákveðið, að bókasafnið skyldi hafa stofubygð alþingishússins til afnota, en Forngripasafnið nokkurn hluta efri bygðar og þakloftið. Og með tilliti til fyrirhugaðs flutnings á safninu i alþingishúsið og þar af leiðandi kostnaðar hafði alþingi veitt i fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881 fyrra ár fjárhagstímabilsins 600 kr. til safnsins, en að eins 400 kr. síðara árið.

Sumarið 1881 fluttist bókasafnið búferlum i alþingishúsið og þótt því 1881 væri ekki fullraðað fyrir en þá um veturinn, mun samt rétt að telja veru þess i alþingishúsinu frá því ári, og fyrsta tímabili i æfi þess lokið með vistarverunni á dómkirkjuloftinu. Á þessu tímabili (1825—1881), eða 56 árum, hafði safnið aukizt úr tæpum 2000 bindum upp i 13 þúsund bindi prentaðra bóka og handrita, eftir því sem Jóni Arnasyni segist frá,¹⁾ eða meira en sexfaldast, og er þar þó ekki með talið hið mikla handrita- og bókasafn Jóns Sigurðssonar, með því að það kom ekki i hendur safnsins, fyrir en eftir að það var flutt i hinn nýja bústað sinn. Á þessum tíma hafði það einnig fengið (1848 eða 1849) sérstakan bókavörð, sem fyrir þóknun — þótt léleg væri — annaðist útlán safnsins, röðun og móttöku bóka og önnur nauðsynleg störf við það önnur en þau, sem stjórnarnefndin hafði á hendi. Betra skipulagi var komið á stjórnarnefndina, nefndarmönnum fjölg-

1) Í skýrslu þeirri, er Jón Arnason gaf 19. júlídag 1881 höfundunum (H. R. Tedder og E. C. Thomas) að greininni um bókasöfn (Libraries) i »Encyclopædia Britannica», samkvæmt bréfslegri beiðni þeirra um upplýsingar safninu viðvíkjandi.

1881 að og nefndin skilin algerlega frá yfirstjórninni (stiftisýfirvöldum). Í stað eins útlánsdags (miðvikudags) í viku voru nú útlán tvisvar vikulega (á miðvikudögum og laugardögum kl. 12—1). Fjórar skrár höfðu verið prentaðar yfir safnið, hin fyrsta prentuð í Kaupmannahöfn 1828, önnur í Reykjavík 1842, skrá Jóns Árnasonar yfir islenzkar bækur og handrit safnsins prentuð í Reykjavík 1874 og skrá eftir sama höfund yfir gjafabækur í minningu 1000 ára byggingar landsins, prentuð sama ár í Reykjavík, og auk þess lá öll skrá Jóns Árnasonar yfir erlendar bækur safnsins óprentuð í handriti. Þá hafði safnið einnig á þessu tímabili fyrir forgöngu Rafns eignast fastasjóð, sem nú var orðinn 6480 krónur, með skipulagsskrá, sem tryggði honum vöxt í framtíðinni og vissu fyrir að honum yrði ekki eytt. Og að síðustu — það sem einna mest var í varið. Alþingi hafði, þegar er það fékk fjárforræði, viðurkent, að safnið, sem opinber þjóðstofnun, ætti kröfu til tillags úr landsjóði, með veitingu sinni í fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877, þótt af skornum skamti væri (400 kr. hvort árið).

II. kafli.

Í alþingishúsinu.

(1881—1908).

Í fjárlögum alþingis 1879 um árin 1880 og 1881 er bókasafnið nefnt »stiftsbókasafn«¹⁾ og svo er enn í frumvarpi því til fjárlaga um árin 1882 og 1883, sem stjórnin lagði fyrir alþingi árið 1881, og í athugasemd aftan við það. En fjárlaganefnd neðri deildar breytti nafninu í »Landsbókasafn«, og undir því nafni var landsjóðsstyrkurinn veittur um árin 1882 og 1883 og jafnan síðan alt til þessa dags.

Vorið 1881, þegar alþingishúsið var því nær fullgert, áttu stjórnarnefnd- 1881 armenn safnsins fund með sér 7. dag aprilmánaðar. Á þeim fundi kom nefndarmönnum saman um, að óhjákvæmilegt væri að útbúa *lesstofu* handa safninu með hitunartæki og nauðsynlegum áhöldum, sem ekki hafði verið unt á dómkirkjuloftinu vegna rúmleysis og fjárskorts, og var áætlað, að til þess mundi þurfa að minsta kosti 250 krónur; þá var og í ráði að gera safnið aðgengilegra með því að hafa það opið annan hvern virkan dag, 3 stundir á dag, og áleit því nefndin, að laun bókavarðar mættu ekki minni vera en 600 krónur á ári, og til að semja bókaskrá hugði hún ekki mundu verða komizt af með minna en 400 kr. um árið. Til árlegra bókakaupa þótti hæfilegt að ætla 600 krónur. Loks afréð svo nefndin á sama fundi að skrifa stiftisýfirvöldum og landshöfðingja og biðja hann að sjá um, að allar þessar upphæðir, eða samtals 1850 krónur, yrðu teknar upp í frumvarp til

1) Þessi ranga eignarfallsmynd af orðinu stifti var því nær undantekningarlaust notuð í þessari samsetningu, meðan safnið var kent við stifti.

1881 fjárlaga um árin 1882 og 1883. Landshöfðingi og stiftisýfirvöld urðu vel við bón nefndarinnar, og var öll upphæðin tekin upp í fjárlagafrumvarp stjórnarinnar, að viðbættum 100 krónum í brunabótagjald fyrir safnið. Þegar svo kom til kasta alþingis, hækkaði það enn upphæðina um 100 kr. eða upp í 2050 kr. alls, en þar í skyldi þá einnig fólgin umsjón með alþingishúsinu milli þinga, svo að tillagið var loks veitt »til Landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga« 2050 kr. hvort árið, en jafnframt var afnuminn leseyrir sá, er lántakar höfðu orðið að gjalda og var 2 kr. árlega á hvern lántaka. Má af þessu og af afskiftum alþingis af bóka- og handritasafni Jóns Sigurðssonar o. fl. sjá, að hugsunarháttur manna var farinn að breytast til batnaðar í bóklegum efnum og þeir tímar voru liðnir, þegar hver smávægileg beiðni fyrir safnsins hönd var annaðhvort gerð afturreka eða henni þvælt aftur og fram milli innlendra og erlendra stjórnarvalda, sem væri hún eitthvert stórræði.

Síðar á árinu 1881 hélt nefndin aftur fund (16. septemberdag) og ákvað þá að *flýta skápasmiði* í herbergi safnsins, svo að sem fyrst yrði hægt að raða bókunum og byrja útlán. Fyrir lestrarsal var tekið innra herbergið að vestanverðu við anddyri hússins, þegar inn er gengið, og ákveðið að læstir bókaskápar skyldu gerðir við vestari gafi lesherbergisins undir handbækur safnsins. Bókum skyldi raða í safninu eftir bókaskrá og bækurnar stimplast með stimpli, sem formanni var falið að útvega með upphafsstöfum safnsins L.B.¹⁾ Þá var og samþykkt að kaupa 24 ameríkiska tréstóla til afnota í lestrarstofu og víðar í safninu. Enn fremur var ákveðið að gera steinsteypugólf í kolaklefanum og formanni nefndarinnar falið að útvega mann til að leggja í ofna og »vermiverk« bókasafnsins og skyldi byrjað að hita upp safnið 1. októberdag það haust. Að síðustu var ákveðið að »semja reglugerð fyrir bókasafnið og útlán á bókum«. Var frumvarp til þessarar reglugerðar síðan lesið upp á nefndarfundi 22. janúardag 1882 og samþykkt þar og því næst samþykkt af stiftisýfirvöldunum 2. febrúardag s. á. Það nefnist: Reglur um afnot landsbókasafnsins, og með því að þessar reglur

1) Sá stimpill mun aldrei hafa verið smíðaður, heldur annar með stöfunum: Landsbókasafn (með skriflettri).

hafa að geyma ýms nýmæli og breytingar frá hinum fyrri reglum safnsins 1882
um afnot þess, sem stafa af betri húsakynnum o. fl., þá þykir hlýða að
setja þær hér í orðréttu eftirriti:

REGLUR
um afnot Landsbókasafnsins.

A. Um afnot bóka á lestrarsalnum.

1. grein.

Lestrarsalurinn er opinn 3 daga í viku, mánudag, miðvikudag og laugardag, nema
helgir séu, og 3 klukkustundir hvern þessara daga, kl. 12.—3.

2. grein.

Hverjum manni, sem er þokkalega búinn og hreinn, er heimilt að nota bækur og
handrit landsbókasafnsins á lestrasalnum, hvort heldur til að lesa í þeim eða rita eftir
þeim. Skal hann snúa sér til bókavardar, að fá bók þá, er hann óskar, til afnota, og
skila honum henni aftur óskemdri, áður en hann fer burt úr lestrarsalnum. Eigi má
rita neitt né strika í bækur safnsins.

3. grein.

Í lestrasalnum eiga menn að hafa hljótt um sig; skulu þar geymdar orðabækur
safnsins, og aðrar þær bækur, sem lesendur kunna að vilja fletta upp í; blek og pennar
verða þar einnig til afnota fyrir lesendur.

B. Um lán bóka út frá bókasafninu.

4. grein.

Hina sömu daga, sem segir í 1. grein, kl. 2—3, má fá bækur að láni frá bókasafn-
inu. Bókavörður lætur bækurnar úti og tekur við þeim aftur.

5. grein.

Allir húseigendur og embættismenn í Reykjavík geta fengið bækur að láni úr bóka-
safninu, aðrir bæjarbúar því að eins, að þeir láti fram ábyrgðarskirteini frá einhverjum
húseiganda eða embættismanni í bænum. Utanbæjarmenn geta ekki fengið bækur að
láni, nema stjórnarnefnd bókasafnsins leyfi það; skulu þeir þá vísa á áreiðanlegan
mann innanbæjar, sem tekur móti bókunum fyrir þeirra hönd, skilar þeim og ábyrg-
ist þær.

6. grein.

Lántakandi lætur úti skirteini fyrir hverri bók, sem hann fær að láni; skal þar tilgreina titil bókarinnar og brot, hvaða ár hún sé prentuð, og sé bókin fleiri bönd, þá tölu þeirra; enn fremur hvaða dag bókin sé fengin að láni, og hvar lántakandi eigi heima.

7. grein.

Enginn má halda bók, sem hann hefur fengið að láni, lengur en mánuð, né heldur hafa fleiri bækur að láni í senn, en 5 bindi; þó má lengja lánsfrestinn, ef enginn annar hefur beðið um sömu bók, áður en fresturinn var útrunninn.

Nú skilar lántakandi ekki bók í tæka tíð, og sendir þá bókavörður mann heim til hans að sækja bókina, en lántakandi borgi sendimanni 25 aura í hvert skifti, sem sendimaður kemur til hans í þeim erindum.

8. grein.

Lántakandi ábyrgist bækur þær, sem hann fær að láni, og skemdir á þeim (sbr. 2. gr.). Nú er bók skilað skemdri og skal þá þegar útvega nýja bók í hennar stað á kostnað lántakanda; heldur bókasafnið hinni skemdu bók, þangað til ný bók er fengin, en þá fær lántakandi aftur hina skemdu, sem sína eign.

9. grein.

Þessar bækur fást ekki að láni út úr bókasafninu:

- a. handrit;
- b. myndir og myndasöfn, landabréf, dýrmætar og fágætar bækur, sem erfitt væri að bæta, ef glötuðust;
- c. orðabækur né önnur fræðisöfn;
- d. skólabækur.

10. grein.

Einu sinni á ári, í þriðju viku jólafastu, skal skila aftur öllum bókum, sem þá eru í láni af bókasafninu, enda fást engar bækur til láns þá viku. Eftir það fær enginn bók að láni, fyr en hann hefur skilað þeim, sem hann þá hafði.

Halldór Kr. Friðriksson. Sigurður Melsted. Jón Pétursson.
Jón Þorkelsson. Magnús Stephensen.

Framanskriðar reglur samþykktast hérmeð í öllum greinum.

Stiftsyfirvöld Íslands. Reykjavík 2. febr. 1882.

Bergur Thorberg. P. Pétursson.

Með reglum þessum var stigið drjúgt spor fram á leið, þar sem afnota- 1882
timi safnsins var lengdur svo mjög, en það hafði ekki áður verið unt, með-
an því nær ekkert fé var fyrir hendi til að launa bókaverði. En fyrir góðar
undirtektir alþingis var þóknunin til hans nú komin upp í 600 krónur og
gat hann því varið meiri tíma til útlána en áður, auk þess sem almenningi
nú gafst kostur á að lesa bækur safnsins í sjálfu safninu í hlýrri og þægi-
legri lesstofu. Að visu voru enn ekki ráðnar bætur á því misrétti, sem átti
sér stað milli sveitamanna og Reykjavíkurbúa um útlán bóka, og það mis-
rétti varð því augljósara sem meira var lagt af almannafé til safnsins, en
það var eðlileg afleiðing af stjórnarfyrríðkomulagi safnsins, að forstöðunefnd
þess vildi hafa hönd í bagga með, hverjum og hverjar bækur yrðu lánaðar
úr safninu út um sveitir, þótt nefndin hefði auðvitað minni skilyrði til að
gera heppilega út um þau efni en bókavörðurinn, sem var allra manna
kunnugastur högum safnsins.

Samhliða flutningi Landsbókasafnsins í alþingishúsið fluttist einnig
þangað sá ritauki, sem safnið hefur mestan og bestan fengið um dagana,
hið mikla og merkilega safn prentaðra bóka og handrita Jóns Sigurðssonar,
sem nú er sérstök deild í handritasafni Landsbókasafnsins og hefur inni að
halda (að meðtöldum þeim handritum, sem nú eru komin í Þjóðskjala-
safnið) þessi handrit:

- I. Förnbréf á skinni 40 (+1) að tölu, skrásett af Pálma yfirkennara Pálssyni.
- II. Brot úr fornum skinnbókum 20, skrásett af Pálma Pálssyni.
- III. Uppdrættir og myndir, 8 vöndlar (fasciculi), skrásett af Pálma Pálssyni.
- IV. Handrit (á pappir): Tvíblöðungar 171, fjórblöðungar 650 og áttblöð-
ungar 520.

Sending þessi barst ekki safninu öll í einu lagi, heldur smám saman. Þeirra
226 bd., sem geymd voru hjá Jóni Árnasyni og Jón Sigurðsson hafði keypt
af honum, hefur þegar verið getið (123.—124. bls.). Næsta sending var send
til Reykjavíkur árið 1880 í 39 kössum, bæði bækur og handrit. Var henni
til bráðabirgða komið fyrir til geymslu á dómkirkjuloftinu, en landshöfðingi
skrifaði ráðgjafanum fyrir Ísland þann 28. júnídag sama ár og beiddist »á-
kvarðana um«, hvernig fara ætti með safnið og sérstaklega, hvort það skyldi
»afhendast stjórn Stiftsbókasafnsins til að leggjast saman við þetta safn«.

1882 Ráðgjafinn svarar aftur og segir, að sökum þess að safnið var keypt á kostnað landsjóðs, þá álit hann réttast að geyma að úrskurða nokkuð í þessu efni, þar til alþingi hafi gefið kostur á að láta í ljós álit sitt á málinu, og segir að sér hafi komið til hugar að »gefa bendingar hér að lútandi« í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið um 1882 og 1883. Áður hafði ráðgjafinn (1878) fengið þá Vilhjálm hæstaréttardómara Finsen og Konráð prófessor Gíslason til að skoða bóka- og handritasafnið og gefa ráðgjafanum skýrslu um það og hvers virði þeir teldu það. Í álit þeirra var meðal annars tekið fram, að í handritasafninu væru 1067 bindi ¹⁾, en í bókasafninu 5047 bindi og töldu þeir söfn þessi, þegar á alt væri litið, hafa slíkt gildi fyrir Ísland, »að það væri að ætlun þeirra full ástæða til þess að útvega þau handa bókasafni á Íslandi, einkum handa stiftsbókasafninu í Reykjavík, og með tilliti til, hvað stór hin væntanlega verðupphæð ætti að vera, var það þeirra álit, að hún væri hæfilega ákveðin 25000 kr., og yrði hún þó alls ekki með því móti of hátt ákveðin.« ²⁾ Síðan samþykkti konungur kaupin 24. maídag og 12. júlídag sama árs var Jóni Signrðssyni greitt andvirðið en honum leyft að halda safninu til afnota um hrið, eins og á skilið var í fyrstu. Við lát Jóns Sigurðssonar var enn óafráðið, hvort Landsbókasafnið skyldi eignast bóka- og handritasafn hans, og með því að engin endanleg ákvörðun hafði verið um það tekin milli þinga 1879 og 1881, en fullnaðar- afhending á safninu stóð fyrir dyrum, þá var það, að ráðgjafinn gefur þá »bendingu«, sem áður er á vikið, í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið 1882 og 1883, að »gert« sé »ráð fyrir því, að söfn þau, sem Jón Sigurðsson heitinn átti, og sem landssjóðurinn hefur keypt, skuli innlimuð í bókasafnið«. Er svo að sjá sem alþingi 1881 hafi samþykkt þessa athugasemd ráðgjafans með þögninni, því að eftir þing skrifa stiftisýfirvöldin 26. septemberdag stjórnarnefnd bókasafnsins og biðja hana að veita bókunum og handritunum móttöku. Voru þau í 43 kössum alls og fylgdu þeim 39

1) Það lætur nærri núverandi handritafjölda, þegar bætt er við þeim 226 bd., er Jón Árnason afhenti í Reykjavík, en virðist þó freku hálfu hundraði meira en það, sem til skila kom, en því mun valda önnur talningaraðferð.

2) Stjórnartíð. f. Ísland 1878, nr. 112. 107. bls.

sundurliðaðar skrár og enn fremur skrá yfir handrit þau, sem Árna Magnússonar nefndin og meðlimir hennar, Svend Grundtvig prófessor og Vilhjálmur hæstaréttardómari Finsen, þá höfðu að láni og því voru ekki afhent með hinum öðrum handritum safnsins. Loks biðja stiftisyfirvöldin nefndina um kvittun fyrir öllu safninu og sendi nefndin þeim hana eftir móttökuna, en stiftisyfirvöld afhentu hana landshöfðingja, sem sendi hana utan til ráðgjafans. 1882

Þannig var þá þessi ágæti viðauki kominn í eign safnsins, en eftir var að raða honum og koma honum í hillur. Hillurnar vantaði og því fól nefndin, að fengnu samþykki landshöfðingja, Jakob snikkara Sveinssyni að smíða þá skápa, sem vanta kynni í viðbót við þær 140 álnir í skápum, sem hann í janúarmánuði 1881 samkvæmt undirboði hafði tekizt á hendur að smíða fyrir safnið, og skyldi hann fá 3 kr. 99 au. fyrir hverja þverlengdar-alin í skápunum. Um hirðing og ræsting safnsins og áhalda þess samdi formaður nefndarinnar við Jón bókavörð Árnason, eins og landshöfðingi einnig fól honum umsjón alþingishússins milli þinga fyrir 100 kr., svo sem hann hafði sagzt ætla sér á alþingi 1881,¹⁾ en um fé það, sem ætlað var til samningar bókaskrár, af fjárveiting alþingis, samþykkti nefndin að gjalda Jóni Árnasyni einungis jafnóðum eða smátt og smátt, eftir því sem verkinu miðaði áfram.

Eins og nærri má geta hafði flutningurinn á safninu 1879, þegar það enn af nýju varð að hröklast af dómkirkjuloftinu, vegna viðgerðar á kirkjunni, upp í bókhlöðu lærða skólans og kasast þar á gólfinu, og síðan flutningurinn niður í alþingishúsið ruglað svo bókunum, að þær voru í því ástandi, sem þeim hefði aldrei raðað verið, og því var það, að hinn ötuli formaður nefndarinnar, Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari, og annar meðlimur nefndarinnar, Magnús yfirdómari Stephensen, hlupu undir bagga með bókaverðinum haustið 1881 og röðuðu upp safninu með honum þá um haustið og veturinn. Að þessu verki loknu skrifaði öll forstöðunefndin 26. janúardag 1882 stiftisyfirvöldunum bréf það, er svo hljóðar²⁾:

1) Alþingistiðindi 1881 II. 72. bls.

1) Uppkastið er með hendi Halldórs Friðrikssonar.

»Eins og hinum háu stiftsýfirvöldum er kunnugt, var landsbókasafnið fyrir nokkrum árum, er tekið var til aðgjörðar á dómkirkjunni, flutt af kirkjuloftinu, þar sem það þangað til hafði verið, upp í bókasafnshús hins lærða skóla, en af því að þar var að eins lítið rúm afgangi frá bókasafni skólans og öðrum þeim bókum, er þar voru geymdar, var eigi annað til ráða, en að hlaða mestum hluta safnsins í bunka á gólfinu. Við þessa aðferð og flutninginn niður í alþingishúsið nú í haust komust allar bækur safnsins á þá ringulreið hverjar innan um aðrar, að svo var, sem aldrei hefði nein niðurskipun á þeim verið.

Af stjórnarnefnd bókasafnsins tókumst við meðundirskrifaðir yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson og assessor Magnús Stephensen á hendur að koma skipulagi á bókasafn þetta aftur, og höfum við nú þegar á 5. mánuð varið 4—5 stundum á hverjum degi til þessa starfa, auk þess sem bókavörðurinn hefur varið nálægt 140 stundum til þess, enda er nú hið eldra bókasafn að mestu komið í samt lag aftur. En við það hefur nú bætt bókasafn Jóns heitins Sigurðssonar, sem landsjóður keypti, um 6000 nr. Var safn þetta sent hingað frá Kaupmannahöfn í alls 43 kössum, en það látið svo ruglingslega niður í kassana, rétt eftir því, sem bækurnar hafa verið næstar hendi, að svo mikla fyrirhöfn kostar, að taka bækurnar upp, bera þær saman við listana, sem fylgdu, og skipa þeim niður eftir aðalregistrinu, að eigi verður auðið fyrir okkur tvo, að hafa lokið þessu verki fyr en í lok næsta mánaðar, þótt við verjum jafnmiklum tíma á degi hverjum og hingað til, og munum við þannig verja 7—800 stundum hvor til niðurskipunar alls bókasafnsins, auk þess tíma, sem bókavörðurinn hefur varið til þess.

Með því að starfi þessi varð alls eigi lagður á herðar bókaverðinum borgunarlaust og því síður stjórnarnefndinni, þá er stjórnarnefnd bókasafnsins einhuga á því, að þetta starf verði að borga sómasamlega af sjóði safnsins, en hún er jafn einhuga á því, að fela hinum háu stiftsýfirvöldum að ákveða borgun þá, sem greiða eigi fyrir starf þetta, eftir því sem þeim þykir við eiga.

Þegar stiftsýfirvöldin höfðu fengið bréf nefndarinnar, skrifuðu þau landshöfðingja og lögðu til, að Halldóri Kr. Friðrikssyni, Magnúsi Stephensen og bókaverðinum yrði öllum til samans veitt 600 kr. þóknun fyrir starfið og ætluðust til, að sú upphæð væri tekin af þeim 4000 kr., sem landsbókasafninu voru veittar í 3. grein fjáráukalaga fyrir árin 1880 og 1881, en landshöfðingi kvað sig bresta heimild til að veita þóknunina af því fé, af því að það væri einungis veitt til að kaupa nauðsynleg áhöld til herbergja safnsins, svo sem skápa, borð o. fl. (sbr. 3. gr. athugas. við frumv. til fjáráukalaga 1880 og 1881. Alþt. 1881, I. 67. bls.), en þenna kostnað bæri aftur á móti að telja falinn í þeirri upphæð, sem veitt var í fjárlögum

um 1880 og 1881 í 12. gr. C. 1, það er að segja árstíllaginu til Landsbókasafnsins, sem að eins var 1000 kr. (600+400) alls fyrir bæði árin. Hér var úr vöndu að ráða, þar sem tillaginu hafði öllu verið eytt í þarfir safnsins og ávísun á það því sama sem ávísun á ekki neitt. Þess vegna skrifar nú formaður nefndarinnar aftur (18. febrúardag) stiftisyfirvöldum og æskir svars þeirra um, hve mikil þóknunin skuli vera til sín, M. Stephensens og bókavardar, og hvort hann megi greiða hana af sjóði landsbókasafnsins, eða hvaðan hún eigi að takast að öðrum kosti. Stiftisyfirvöld svara í bréfi, dags. 21. febrúard. 1882, að með því að landshöfðinginn hefði ekki viljað fallast á tillögur þeirra um *»sómasamlega borgun úr landsjóði«* fyrir niðurröðun safnsins, þá skuli þau *»þjónustusamlega tjá«* yfirkennaranum, að þau *»fyrir sitt leyti ekkert hafi á móti, að slík þóknun, sem vér þegar höfum látið í ljósi, að mundi hæfileg, sem sé 600 kr., verði greidd af sjóði Landsbókasafnsins, þannig, að þér og yfirdómari Magnús Stephensen fáið hvor 275 kr., en bóka-vörður Jón Árnason 50 kr.«* Og þar við sat; þessar 600 kr. voru goldnar af fé því, sem var í sjóði hjá gjaldkera safnsins, en það kom aftur niður á fastasjóðnum, sem ekki fékk það tillag sitt, sem haun átti heimting á samkvæmt skipulagsskránni, og einnig niður á bókakaupum til safnsins; þannig hafði safnið t. d. ekki ráð á að kaupa 19 árganga af *«Ugeskrift for Retsvæsen»*, sem því bauðst um það leyti fyrir tæplega hálfvirði.

Þess hefur áður verið getið, að stiftisbókasafnið styrkti í mörg ár Amtsbókasafnið á Akureyri með tvítaka gjöfum af bókum, sem það átti og Amtsbókasafnið vanhagaði um. En nú sendi það einnig Amtsbókasafninu í Stykkishólmi í septembermánuði 1882 islenzk og erlend rit, 110 að tölu, og nokkrum árum áður hafði það eftir tilmælum eins af stjórnarnefndarmönnum, Sigurðar lektors Melsteðs, að fengnu leyfi stiftisyfirvalda, gefið prestaskólanum tvítak sitt af Guðbrandsbiblíu og heitið honum öðrum tvítökum af guðfræðilegum ritum, sem prestaskólann vantaði, gegn því skilyrði, sem stiftisyfirvöldin settu, að prestaskólinn gerði safninu sömu skil um þær bækur, sem hann kynni að eiga eða eignast og safnið ætti ekki.

Út af skilunum á handritasafni Jóns Sigurðssonar varð um þessar mundir nokkur rekistefna milli Árna Magnússonar nefndarinnar og Landsbókasafnsstjórnarinnar. Nefndin hafði í byrjun ársins 1883 skilað safninu

1882 ýmsum handritum, sem hún hafði að láni, og Vilhjálmur Finsen hafði gert full skil fyrir lánshandritum sínum, en þó voru enn nokkur handrit, sem safnið taldi sig vanta, en Árna Magnússonar nefndin hugði að hefðu verið afhent og vitnaði til cand. mag. Guðmundar Þorlákssonar, sem séð hefði um afhending og umbúnað handritanna í Kaupmannahöfn og ekki talið vanta nema 2 handrit (nr. 10 in folio og nr. 55 4to. o. Lýsing Skúla Magnússonar á Gullbringusýslu og rímnahandrit) af þeim 10 handritum, sem stóðu á vöntunarlista Landsbókasafnsnefndarinnar. Hins vegar taldi Árna Magnússonar nefndin til vanskila á extrakt-seðlum viðvíkjandi skrásetningu Árna Magnússonar safnsins, sem flækt höfðu með skjalasafni Jóns Sigurðssonar hingað, en seðlasafn það, sem héðan hafði verið endursent árinu áður, hafði reynzt mjög ófullkomið. Seðlasafn þetta var auðvitað eign Árna Magnússonar safnsins, því að Jón Sigurðsson hafði ritað þá fyrir það safn og þess fé og því bar safninu það með réttu.

Konferenzráð Rafn var nú löngu látinn og með honum horfið alt það mikla athvarf í hvivetna, sem safnið átti, þar sem hann var. En vinalaust stóð safnið ekki uppi erlendis, þrátt fyrir þann mikla missi. Í hans stað koma sérstaklega tveir menn, sem bera hag þess fyrir brjósti og styrkja það með rausnarlegum gjöfum alt til æfiloka. Um annan þeirra, prófessor Willard Fiske, hefur þegar verið getið og mun hans nánar minzt síðar út af hinni höfðinglegu dánargjöf hans. Hinn var lögfræðingurinn og stjórnálmámaðurinn Andreas Frederik Krieger,¹⁾ frændi L. A. Kriegers, þess er var stiftamtmaður hér á landi (1829—1836). Á unga aldri hafði hann numið íslenzku hjá Halldóri Kr. Friðrikssyni. Árið 1870 varð hann dómsmálaráðherra og ráðgjafi fyrir Ísland og er ekki ólíklegt, að þetta hvorttveggja hafi vakið eftirtekt hans á landi voru og þjóð og velvilja til íslenzkra bókmenta. Sem ráðgjafi fyrir Ísland kyntist hann einnig íslenzkum málefnum meira en alment gerist um danska menn og átti um íslenzku stöðulögin að fjalla og þar með undirbúning stjórnarskrárinnar. Hann var hinn lærðasti maður bæði í lögum, stjórnfræði og sagnfræði og kunnugur svo fjölmörg-

1) Fæddur 4. októberdag 1817 í Colbjørnsvig við Arendal í Noregi, dáinn 27. dag septembermánaðar 1893 í Kaupmannahöfn.

um vísindamönnum, skáldum og listamönnum á Norðurlöndum, að undrum sætir, eins og sjá má t. d. af þeim aragrúa af rithöfundum, sem hafa sent honum rit sín í virðingar- og þakklætisskyni. Hann var ókvæntur alla æfi og varði árlega miklum hluta launa sinna til bókakaupa og byrjaði þegar í lifanda lífi að miðla opinberum söfnum af hinna miklu bókaauðlegð sinni. Munu meðal annara konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn og þá ekki síður Landsbókasafn Íslands lengi bera minjar gjaflyndis hans og örlætis. Fjölmargar voru þær bókasendingar, sem hann sendi árum saman til landshöfðingjadæmisins handa Landsbókasafninu. Árið 1883 voru gjafabækur hans til safnsins þannig orðnar yfir þúsund bindi og síðan hélt hann jafnan fram upp teknum hætti að senda safninu bækur öðru hverju og að síðustu arfleiddi hann safnið að öllum þeim bókum sínum eftir sinn dag, sem safnið óskaði að eignast, þá er konunglega bókasafnið og ríkisskjalasafnið hefðu gengið í valið og tekið það, er þau girntust. Var líkt um þá prófessor Fiske og hann, að góðvildin hjá báðum til safnsins náði út yfir dauða og gróf, því að Fiske hafði einnig ánafnað safninu það af Dante- og Petrarca-safni sínu eftir sinn dag, sem Cornell-háskólasafnið þyrfti ekki á að halda (tvítökin).

Í sambandi við þetta má geta þess, að um sama leyti sem mest barst að safninu af bókagjöfum frá Krieger eða litlu fyr, árið 1882, var landshöfðingja einnig sent safn af einkabréfum frá ýmsum embættismönnum og öðrum íslenskum mönnum til L. A. Kriegers stiftamtmanns frá árunum 1829—1834 og 1836—1837. Hafði stiftamtmaður safnað þeim saman og lagt svo fyrir, að ekki mætti opna þau fyr en 30—40 árum eftir dauða sinn. Eftirrit af bréfi Holcks yfirherdómara í Álaborg um þetta efni, dags. 8. dag ágústmán. 1841, fylgdi sendingunni, en hann hafði verið *executor testamenti* í dánarbúi Kriegers stiftamtmanns. Landshöfðingi tók það af bréfum þessum, sem að einhverju leyti snerti embættisleg störf, og lagði við embættisskjöl stiftamtsins, en hitt afhenti hann Landsbókasafninu til geymslu. Bréf þessi eru 51 að tölu og eru nr. 165 og 166 í tvíblöðungum handritasafns Landsbókasafnsins.

Eins og áður er að vikið, hafði Jón Sigurðsson fengið handrit að láni til Kaupmannahafnar til afnota við íslenska fornbréfasafnið. Annars var

1882 mjög lítið um handritalan úr safninu til útlanda allt fram yfir 1880, og hins vegar það safnið heldur aldrei erlend söfn um handrit að láni, meðan það var á kirkjulofstinu, enda var þar engin lesstofa né önnur notkunartæki, en þegar safnið var flutt í alþingishúsið, lesstofa fengin, handritin komin í örugga geymslu í eldtryggum klefa í norðausturenda þess, og hinn mikli viðauki, handritasafn Jóns Sigurðssonar, þangað kominn, þá fóru erlendir vísindamenn og fræðimenn að biðja um handrit að láni héðan úr safninu til afnota í lesstofum erlendra háskóla og ríkisbókasafna og upp á ábyrgð þeirra, og Landsbókasafnið tók einnig að láni fyrir sig og aðra handrit um stundarsakir frá útlöndum. Fóru þessi lán og handritaskifti smám saman vaxandi, eftir því sem kynni urðu meiri og samgöngur tíðari við nágrannabjóðirnar, og voru handrit lánuð héðan bæði til Noregs, Svíþjóðar og sérstaklega til Danmerkur, enda var þangað oft leitað héðan til lána á handritum, bæði til konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn og sérstaklega til háskólabókasafnsins, sem hefur að geyma hinn dýra fjársjóð íslenzkra fræða, handritasafn Árna Magnússonar, og hefur á báðar hliðar jafnan verið vel við brugðizt um lán þessi og þau orðið til gagnkvæmra þæginda, en allrar varúðar gætt, sem unt hefur verið, að sem mest trygging fengist fyrir að handritin glötuðust ekki á leiðinni, svo sem með því að senda handritin að jafnaði ekki hingað norður eða héðan, nema um sumarmánuðina, þegar bezt viðrar og nótt er björtust. Fyrsta beiðni til safnsins frá útlöndum um handritalan, þá er safnið hafði skift um bústað, kom frá Noregi

1883 árið 1883, er skólakennari Björn M. Ólsen fyrir hönd háskólakennara Gustavs Storm í Kristíaníu það um að láni handrit safnsins af Bjarkeyjarrétti (Lbs. nr. 51. II. A. & B, 4to) til afnota í háskólabókasafninu í Kristíaníu við útgáfu af »Norges gamle Love«, og veitti nefndin þegar leyfið með því skilyrði, að handritið væri votrygt báðar leiðir.

Á þessu ári (1883) réðst Landsbókasafnsnefndin í að kaupa hið mikla þýzka ritverk, alfræði þá, sem kend er við Ersch og Gruber (Ersch und Grubers Encyclopädie), 156 bindi, með niðursettu verði og þriggja ára afborgun, og samtímis gerðist safnið einnig meðlimur í »Samfundet til udgivelse af gammel nordisk literatur«. En fé það, sem veitt var af alþingi, var enn af skorum skamti og hrökk illa fyrir útgjöldum safnsins, sem

auðvitað fóru hækkandi, þá er safnið var komið í alþingishúsið og nýir 1883
 útgjaldaliðir mynduðust til upphitunar á lestrarsal og annars staðar í safn-
 inu, til meiri ræstingar o. s. frv. Enn fremur var engin skrá til yfir hand-
 ritasafn Jóns Sigurðssonar önnur en sú, sem fylgdi handritasafninu, er það
 kom frá Kaupmannahöfn, og auk þess engin prentuð skrá yfir annan hand-
 ritaauka safnsins um 10 ára tíma, frá því er Jón Árnason samdi og gaf út
 handritaskrá sína árið 1874. Þess vegna samþykkti nefndin á fundi 28. mai-
 dag að sækja til alþingis um aukinn styrk til að prenta skrá yfir handrit Jóns
 Sigurðssonar og önnur handrit safnsins, sem ekki væri prentuð skrá yfir. Þá
 sótti og Jón bókavörður Árnason til landstjórnarinnar um, að laun hans,
 sem voru 600 kr. fyrir bókaværðar starfið og 100 kr. fyrir umsjón með al-
 þingishúsinu, yrðu hækkuð upp í 1200 kr. alls, og væri hann þá skyldur
 til að hafa bókhölduna opna 3 stundir á hverjum virkum degi vikulega, í
 stað þess, að hún hafði áður að eins verið opin þrjá daga vikunnar. Þessa
 umsókn Jóns Árnasonar tók landstjórnin til greina, þannig að hún hækkaði
 tillagið til landsbókasafnsins og umsjónarinnar, úr 2050 kr. upp í 2800 kr.,
 í frumvarpi sínu til fjárlaga um árin 1884 og 1885, og skyldu þar af ganga
 1000 kr. til launa handa bókaverði og 200 kr. til hans fyrir umsjón með
 húsinu; til eldiviðar og áhalda var eftir tillögum landshöfðingja áætlað í
 frumvarpinu tvöfalt við það, sem áður var, eða 500 kr. hvort árið. Til
 bókakaupa voru sem áður ætlaðar 600 kr., í brunabótagjald 100 kr. og til
 samningar bókaskrár 400 kr., en um fé til handritaskrár var ekki skeytt,
 hafi þess þá annars nokkuru sinni verið farið á leit við stjórnina, sem
 virðist vera nokkur ástæða til að efa með því að umsóknina er hvorki að
 finna í fundabók safnsins né í skjölum þess, heldur einungis áður greinda
 fundarsamþykkt nefndarinnar. Tillögur stjórnarinnar í fjárlagafrumvarp-
 inu voru síðan samþykktar af alþingi og safninu gert mögulegt að hafa
 lestrarsalinn opinn hvern virkan dag í hverri viku frá ársbyrjun 1884. Þó
 var safnið ekki haft opið, eins og fyrst var til skilið, þrjár stundir *alla* virka
 daga vikunnar, heldur einungis þá þrjá daga, sem það hafði áður verið
 opið þann tíma, hina dagana, mánudag, fimtudag og föstudag var það ein-
 ungis haft opið í tvær stundir (12—2) og þá engar bækur lánaðar út
 úr því.

Jón Arnason bókavörður var nú kominn á sjötugs aldur og farinn að preytast eftir látlaust erfiði í því nær fjörutíu ár við ýmisleg störf, svo sem bókavardarstörfin við safnið, latinuskólann og prestaskólann, skrifstofustörf hjá biskupi, umsjón latinuskólans, talsverð ritstörf, svo sem samning bóka-skráa og útgáfu þjóðsagnanna og söfnun þeirra o. fl. Hins vegar jukust bókavardarstörfin drjúgum við flutning safnsins í alþingishúsið og fjölgun vinnustunda við útlán bóka og lestrarsalsstörfin. Hann gat því ekki afkastað öllu því verki einn, sem á hann hlóðst, og því var það, að cand. philos. Hallgrímur Melsted bauð sig fram honum til aðstoðar við safnið, þá er það var opnað í alþingishúsinu, og vann þar um hrið sem sjálfboði (volontær) við útlán og önnur störf endurgjaldslaust. En ekki mátti við svo búið una til frambúðar og þess vegna skrifaði Jón Arnason bókasafnsnefndinni 6. marzdag 1884 og biður hana hafa einhver ráð til að útvega Hallgrími svo riflega þóknun sem unt sé fyrir starf sitt frá 1. janúardegi þess árs, væntir að hægt sé að launa honum sómasamlega, en treystir því, að »Hallgrímur sé lítilþægur«. Kveður hann í bréfinu Hallgrím hafa aðstoðað sig bæði við bókaútlán og við sókn bóka og handrita fram á lestrarsal og yfir höfuð veitt sér það lið, »án hvers« sér »hefði ekki verið auðið að gegna öllum þeim kröfum, sem gerðar eru og gerðar verða til bókavardarins, einkum á útlánsdögum, sem og öðrum dögum«. Segir hann Hallgrím hafa verið, eins og sig sjálfan, 9 stundir í safninu í hverri viku framan af vetrinum, en 15 stundir, síðan að safnið var opnað, á hverjum virkum degi, og vinnan sé of mikil til þess, að hann geti unnið hana þóknunarlaust. Nefndin samþykkti á fundi 23. aprildag s. á. að veita Hallgrími Melsted 10 kr. þóknun á mánuði frá 1. janúardegi, eða 120 kr. á ári, fyrir aðstoð hans við bókavörðinn og formanni nefndarinnar var falið að leita samþykkis stiftisýfirvalda á veitingunni og var það auðfengið hjá þeim Péttri biskupi og Magnúsi Stephensen, sem þá var settur amtmaður (1. maí. 1884).

Á þessu ári fékk stjórnarnefndin áskorun frá landshöfðingja, dags. 15. nóvemberd., um að nota þær 100 kr., sem ætlaðar voru í fjárlögunum 13. gr. C. 1, af 2800 kr. til safnsins og umsjónarinnar, til að tryggja Landsbókasafnið fyrir eldsvoða, með því að safnið hafði þá enn ekki verið trygt fyrir bruna, að því er landshöfðingi segir í bréfinu. Skorar landshöfðingi

á stjórnina að vinda bráðan bug að votryggingunni, því að þótt ekki fáið 1884 fyrir þessa litlu upphæð trygging nema fyrir nokkurum hluta safnsins, þá sé þó skylt að nota hana, það sem hún nái. Brást þá formaður nefndarinnar fljótt við og votrygði safnið gegn eldsvoða fyrir 22 þúsundum króna hjá brunabótafélaginu »The City of London«, sem þá hafði erindreka hér í bænum (F. A. Löwe klæðsala).

Árið 1884 og hin eftirfarandi ár kom hver bókasendingin á fætur annari frá A. F. Krieger, sem hann sendi safninu að gjöf¹⁾ og má með sanni segja um þessar gjafabækur hans sem hinar fyrri, að auk þess sem bóka-gjafir hans voru meiri að vöxtunum en flestallra annara gefenda, þá voru þær einnig meiri að gæðum.

Þess er áður getið (126. bls.), að fastasjóður bókasafnsins var í ársbyrjun 1880 orðinn 6480 kr. í skuldabréfum og síðan hafði safnið fengið nokkurt tillag úr landsjóði og það farið hækkandi. Það hefði þess vegna í fljótu bragði mátt virðast eðlilegt, að sjóðurinn hefði vaxið þessi síðustu ár, að minsta kosti að því sem skipuðu tillagi nam, eða til jafnaðar 100 kr. á ári. En því var ekki að heilsa. Honum hafði hnignað en ekki farið fram. Árin 1880—1884 stendur hann í stað og er ekkert í hann látið, en í ársbyrjun 1885 er hann kominn niður í 6050 kr. Eru það hin gömlu konunglegu skuldabréf, en skuldabréf einstaks manns (Þórarins prófasts Kristjánssonar), að upphæð 430 kr., sem um mörg ár hafði staðið á reikningum safnsins, er þá horfið úr þeim; hafði það verið innleyst og notað sem eyðslueyrir í þarfir safnsins.

En nefndin lét hér ekki staðar numið, hún vildi fá ákvæðið um sjóðs-aukann numið úr gildi og skrifaði formaður hennar stiftisýfirvöldunum þannig orðaða beiðni um það í bréfi 17. dag septemberm. 1885:

»Par sem svo er kveðið á um í »Fundats for Islands Stiftsbibliotheks faste Fond« 20. mai 1856, 3. gr., sem er staðfest af konungi 10. júlí 1856, að árlega skuli leggja upp af leigum sjóðsins (50 rd.) 100 kr., og kaupa fyrir fé þetta annaðhvort ár konunglegt skuldabréf upp á 200 kr., og þannig auka stöðugt sjóð bókasafnsins, þá virðist ákvörðun þessi eigi lengur eiga

1) Árin 1884—1886 incl. kom frá honum á 6. hundrað binda.

við, úr því að landsjóður hefur tekið að sér, að veita fé það, sem bókasafnið þarf, til þess að almenningur geti haft sem mest og bezt not af safninu; því að það virðist óeðlilegt, að landsjóðurinn veiti stofnun þessari meira fé, en hún þarf til árlega útgjalda sinna, eða með öðrum orðum: veiti henni fé til að leggja í sjóð.

Fyrir hönd og í nafni stjórnarnefndar bókasafnsins leyfi ég mér því að beiðast þess, að hin háu stiftisyfirvöld vilji gera gangskör að því, að fá ákvörðun þessa úr gildi numda, og gera þær ráðstafanir, sem með þarf, í því efni.

Það kann nú í fljótu bragði svo að virðast, sem nefndin hafi haft eitt-hvað fyrir sér í ástæðum sínum fyrir þessari beiðni, en bæði er það, að hér virðist kenna nokkurs ræktarleysis við hinn ágæta stofnanda sjóðsins, sem var það hið mesta áhugamál, að sjóður þessi gæti vaxið og þróast svo vel, að hann með tímanum gæti staðið straum af safninu í öllu tilliti, og svo er það einnig álitamál, hve hyggilegt það var og hve notadrjúgt það hefði orðið að draga allan vöxt úr þessum sjóðsvisi, sem með árlegum hluta vaxta sinna var stjórnendum safnsins hin bezta hjálp í viðlögum, þegar landsjóðstillagið hrökk ekki til, í stað þess að eiga alt sitt ráð undir höndum fjárlagaþinga, sem stundum vilja reynast misvitur sem Njáll. Þá er það og nokkuð freklega til orða tekið í bréfinu, að landsjóður »veiti« safninu »fé til að leggja í sjóð«, því að þar sem landsjóður hafði »tekið að sér að veita fé það, sem bókasafnið þarf«, þá mátti með jafnmiklum og meiri sanni segja, að safnið *létti undir* með landsjóði, með því að verja árlega meira en helmingi, eða á annað hundrað króna, af vöxtum sjóðsins í árlegar þarfir safnsins, sem landsjóður hafði tekið að sér að annast. Stiftisyfirvöldin mæltu með beiðninni og landshöfðingi sendi hana ráðgjafanum, en þá fór betur en áhórfðist fyrir sjóðnum, því að beiðnin strandaði á ráðgjafanum

1886 og tilkynnir landshöfðingi í bréfi, dagsettu 24. maí. 1886, stiftisyfirvöldum, að ráðgjafinn hafi tjáð sér »að honum, einkum vegna þess, hvernig sjóður Landsbókasafnsins sé til orðinn frá upphafi, og sökum þess, að hin umrædda ákvörðun (sbr. 143. bls.) upprunalega var gerð eftir ósk hlutaðeigandi stofnanda, þygi ekki ástæða til að koma fram að nauðsynjalausu breytingum á ákvæðum stofnunarsskrárinnar«.

Árið 1885 veitti alþingi í fjárlögum um árin 1886 og 1887 Jóni bóka-¹⁸⁸⁶ verði Árnasyni 200 kr. launaviðbót og til aðstoðar honum á safninu 500 kr. hvort árið. Hallgrímur Melsted, sem verið hafði Jóni bókaverði til aðstoðar, sótti um þenna aðstoðarstarfa til stiftisyfirvalda, og skorðu þau í bréfi, dags. 30. desemberd. þ. á., á stjórnarnefudina að láta þeim í té »tillögur sínar um, hvernig verja skuli nefndu aðstoðarfé«, og lagði nefndin með Hallgrími, en landshöfðingi bað landfógeta að greiða honum »fyrst um sinn samkvæmt tillögum Landsbókasafnsnefndar og stiftisyfirvalda« ^{1/12} nefndrar upphæðar frá ársbyrjun 1886. Það ár (1885) bauð Hallgrímur nefndinni til kaups afrit sitt (um 30 arkir) af skránni yfir bækur og handrit Jóns Sigurðssonar, og með því að eldri skráin var svo úr sér gengin, að ógerlegt þótti að láta hana liggja lengur frammi til almenningsnota á útlánsdögum, keypti nefndin afritið bundið af Hallgrími fyrir 25 kr. Sama ár ákvað nefndin einnig á fundi að byrja skyldi á niðurröðun bóka í safninu og uppskrift þeirra á seðla eftir vísindagreinum. Skyldi byrjað á íslenskum bókum og öðrum ritum, er Ísland snerta. Skápar skyldu merkjast með rómverskum tölum en hillur með arabískum og á hvern seðil skrifast skápnúmer bókarinnar og hillunnar. Vinnulaun voru ákveðin 40 aurar um tímann. Byrjað var á þessu verki, en brátt hætt, þegar fram í sótti, vegna fjárskorts.

Þetta ár bættust safninu nokkur handrit, þar á meðal handrit af Sverris sögu eftir Þorstein Ketilsson á Hrafnégili (keypt fyrir 18 kr. af dr. B. M. Ólsen) og 21 handrit úr eigu séra Ásmundar í Odda (keypt af Páli sagnfræðing Melsted fyrir 20 kr.), og eitt skinnblað frá 1637 að gjöf frá bæjarfógeta E. Th. Jónassen; en árið eftir fékk safnið nokkur handrit að gjöf frá séra Stefáni Jónssyni á Kolfreyjustað og keypti auk þess 17 handrit af Tómasi lækni Hallgrímssyni, sem líklega hafa áður verið í handritasafni Jóns sýslumanns Espólins. Nú fór einnig Fornleifafélagið að gefa bókasafninu þær bækur, sem því áskotnuðust, og hefur það haldið upp teknum hætti allt fram á þenna dag. Hafa safninu á þann hátt bælt ýms góð rit frá Bergens Museum o. fl.

Haustið 1885 barst stjórnarnefndinni beiðni frá þáverandi forseta Reykjavíkurdeildar Bókmentafélagsins, Birni Jónssyni ritstjóra, um að lána deild-

1886 inni geymslustað fyrir bækur og skjöl félagsins í austurenda stofubygðarinnar í alþingishúsinu, því að deildinni hafði þá verið sagt upp geymsluherbergi því, sem hún hafði í prestaskólahúsinu, sökum mikillar aðsóknar að skólanum þá um haustið. Nefndin varð vel við beiðni forsetans og lánaði deildinni eitt herbergi að austanverðu við anddyri alþingishússins, og hafði félagið þar bækistöð sína fyrir bókasafn sitt, þar til er það var alt selt — að forlagsbókunum undanskildum — Landsbókasafninu því nær 30 árum síðar (1903). Sama haust bar Magnús Stephensen yfirdómari fram þá tillögu í nefndinni, að skrifað skyldi stjórninni fyrir jarðfræðilegum og landfræðilegum rannsóknum í Grænlandi, og hún beðin að gefa safninu hið merka rit um Grænland, er nefnist »Meddelelser om Grönland«. Varð sá árangur þeirrar tilraunar, að stjórn þess fyrirtækis sendi safninu að gjöf það, sem þá var útkomið af ritinu, að undanteknu 1.—3. hefti, sem hafði týnt í bruna Kristjánsborgarhallarinnar, en lét þess getið um leið í gjafabréfi sínu, að bókasafn lærða skólans ætti öll útkomin hefti af ritinu, og þaðan fékk safnið þessi hefti fyrir fáam árum með fleiri bókum, sem síðar mun verða á minzt. Á sama fundi var einnig ákveðið að skrifa Ursins Efterfølger í Kaupmannahöfn og spyrjast fyrir um, hvort hann mundi fáanlegur til að útvega safninu íslenskar bækur útgefnar erlendis og með hverjum kjörum, en ekki verður séð, að sú málaleitun hafi haft neinn árangur. Loks var á sama nefndarfundi 15. septemberd., Jón rektor Þorkelsson kosinn ritari nefndarinnar í stað Sigurðar lektors Melsteðs, sem þá var orðinn mjög sjón-dapur.

Í ársbyrjun 1886 skrifuðu stiftisýfirvöldin eftir boði landshöfðingja stjórnarnefnd safnsins og beiddust yfirlýsingar hennar um, hvort Landsbókasafnið gæti »án sérstaks kostnaðar fyrir landssjóð, veitt móttöku til tryggingar og geymslu fornbréfum, mál dagabókum og visitatiubókum hinna fyrri biskupa, sem snerta réttindi opinberra eigna eða stofnana eða sögu þeirra, og »þá voru geymd í skjalasöfnum embættismanna, einkum í skjalasafni biskupsdæmisins og í kirkjum víðsvegar um land, svo að þetta verði framvegis geymt í Landsbókasafninu«. Bréfi þessu svaraði nefndin á þá leið, að nefndum skjölum skyldi veitt móttaka, en þó því að eins, að nýr einfaldur

skápur væri smíðaður og settur á miðju gólfi í því eina eldfasta¹⁾ herbergi, 1886 sem til væri í bókasafninu og handritum væri ætlað. Var skápurinn áætlaður um 4 álnir á lengd og verð hans um 60 kr., sem landssjóður skyldi kosta. Síðar á árinu skora stiftisýfirvöldin á stjórnarnefnd safnsins í bréfi, dags. 31. ágústdag, að gera ráðstafanir til að útvega svo mikið húsrúm, sem auðið sé, í handritasafni Landsbókasafnsins til að veita móttöku skjölum og bókum biskupsskjalasafnsins og samþykkja, að smíðaður verði skápur á landsjóðs kostnað fyrir þau og 4. dag nóvemberm. senda þau nefndinni ávísun á jarðabókarsjóð, að upphæð 99 kr. 38 a., til endurgjalds fyrir skápin. Var þetta mál fram komið samkvæmt ályktun alþingis sumarið 1885.

Á þessu ári gengu þeir úr nefndinni Sigurður lektor Melsteð og Magnús yfirdómari Stephensen, sem þá var orðinn landshöfðingi eftir lát Bergs Thorbergs landshöfðingja, en í hana komu þeir Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson og docent séra Eiríkur Briem; var séra Eiríkur Briem á nefndarfundi 17. dag júlímánaðar kosinn gjaldkeri safnsins í stað Magnúsar Stephensens, og var hann það upp frá því í 21 ár, þar til nefndin var niðurlögð árið 1907. Tók hann fyrstur upp þá þörfu nýbreytni að hafa kassabók fyrir safnið og hélt hann hana alla þá stund, sem hann var gjaldkeri, með þeirri reglusemi og nákvæmni, sem þeim sæmdarmanni er eigin.

Á þessu ári afhenti Pálmi kennari Pálsson safninu að gjöf nokkurar bækur og handrit frá Eggert verzlunarstjóra Laxdal á Akureyri. Hafði hann upphaflega boðið safninu þau til kaups, en safnið ekki haft efni á að kaupa. Þá voru og afhent safninu til geymslu frá prófastinum í Norður-Ísafjarðarsýslu tvö merkileg fornskjöl frá Vatnsfjarðarkirkju (gjafabréf Björns Einarssonar Jórsalafara og eftirrit af visitatiubók Ólafs biskups Gíslasonar). Enn fremur bættust safninu það ár 36 franskar skáldsögur frá Pétri biskupi Péturssyni.

Árið 1887 átti Landsbókasafnið á bak að sjá þeim manni, sem það átti 1887 mest og bezt upp að inna allra manna, að Rafni einum undan skildum, er

1) Alþingi hafði í fjárlögum á þingi 1885 veitt 200 kr. til járnhurða fyrir gluggana, svo að herbergið var alveg eldtraust.

1887 Jón Árnason bókavörður fékk lausn frá starfa sínum við safnið frá 1. októberdegi þ. á., sem hann hafði gegnt með stakri alúð og samvizkusemi í 39 ár. Hann var þá farinn að heilsu og útslitinn af erfiði, hafði einnig nokkuru áður orðið fyrir því heimilisbóli að missa efnilegan og elskaðan einkason (og einkabarn), og mun sá missir hafa flýtt fyrir hrörnun hans. Lífsbraut hans var ekki rósum stráð, og landar hans höfðu ekki sýnt honum þann sóma, sem hann átti skilið, og lengi vel ekki skynjað, hve þýðingarmikið og affarasælt verk hann var að vinna fyrir þjóð sína, því að svo er oft um þjóðfélög, einkum þau, sem stutt eru á veg komin í menningu eða alin eru upp við einhliða fræðslu, að þau vantar hið viðsýna og skygna auga fjölhliða þekkingar og sannrar menningar. Þau eru því oft hrapallega glámskygn á sína beztu borgara, kvelja þá í lífinu og hossa þeim eftir dauðann. Hér er iðulega ilskunni ekki svo mjög um að kenna sem heimskunni, þessu stærsta stórveldi jarðríkis. Afburðamenn í hverju sem er ganga vanalega ekki fjölförnustu leiðirnar, í einrúmi andans hugsu þeir sínar beztu og frumlegustu hugsanir og starfsprekið samfara starfsgleðinni lyftir þeim oftlega upp á þá tinda, sem almenningur eygir ekki. En að þeim látnum, stundum löngu látnum, jafnvel hundruðum og þúsundum ára eftir andlát þeirra, eru gimsteinar hugvits þeirra dregnir út úr rústum fortíðarinnar og upp af moldum þeirra liður í loft upp Fönix frægðarinnar, háir bautasteinar skreyta leiði þeirra — ef þau eru ekki týnd — og yfir þeim glóir stjarna orðstírsins, þegar þjóðirnar fara að ranka við sér og sjá, hvað þær hafa átt. En flautapýrlar og skrumarar, þessar dægurflugur og soðbollar, sem heimskir menn bera á höndum sér, eru vanalega gleymdir, þegar þeir eru komnir í jörðina, hafi ekki *fallax populi aura* þeytt þeim burtu þegar í lifanda lífi. — Meðal hinna frægu afburðarmanna og stórmennis veraldarinnar verður Jón Árnason, fæddur og uppalinn hjá örlitilli smáþjóð á útkjálka álfunnar, að visu ekki talinn og hefði að líkindum ekki orðið, þótt borinn hefði verið hjá auðgari og stærri þjóð, en hann var í sannleika *þjóðrækin* og *þjóðnýtur maður*, skýr og glöggur, vel að sér í íslenskum fræðum, sistarfandi og sísækjandi að því marki, sem hann hafði sett sér. Og þótt ekki lægi annað eftir hann en Íslenzku þjóðsögurnar og starf hans við þjóðbókasafn Íslands, þá hefur hann með hvorutveggja reist sér þann

minnisvarða, sem margur mundi sér kjósa, sem meira hefur borizt á og 1887
hærra hefur verið hossað í lífinu.

Uppkast að bréfi nefndarformannsins, H. Kr. Friðrikssonar, þar sem hann mælir með, að Jón Árnason fái þau eftirlaun, sem hann hafði um beðið í lausnarbeiðni sinni, er til í skjölum safnsins (ódagsett) og hljóðar svo:

»Um leið og jeg hjer með sendi yður, hávelborni herra landshöfðingi, hjálagt bréf frá bókaverði landsbókasafnsins, Jóni Árnasyni, um lausn frá þessum starfa sínum, skal jeg leyfa mér í nafni og umboði stjórnarnefndar bókasafnsins að mæla sem best með því, að hann fái þau eftirlaun, sem hann biður um. Svo sem hann sjálfur segir er hann með öllu farinn og ófær með öllu til að vinna nokkuð, svo að með sanni má segja, að hann sé verklaus með öllu. En á hinn bóginn hefur hann nú þegar í 38¹⁾ ár unnið að bókasafni þessu með mestu alúð og árvekni, og það fyrir svo lítið, að það engin borgun hefur verið; því að borgunin hefur verið, eins og hann segir í bréfi sínu, fyrstu árin að eins 40 kr. og síðar 100 kr., þangað til honum með fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 voru veitt 1000 kr. laun. En á hinn bóginn eru efni hans næsta lítil, svo þau mundu innan skamms alveg farin, ef hann fengi eigi styrk úr landssjóð, og þegar til þess er lítið, hversu lengi hann hefur unnið fyrir bókasafnið og hve lítil laun hann hefur úr býtum borið fyrir þann starfa sinn, vill nefndin leggja sín bestu meðmæli með því, að hann fengi að halda að minsta kosti 1000 kr. í árleg eftirlaun það sem hann á eftir, sem eftir heilsufari hans að dæma varla geta orðið mörg ár«.

Fjárlaganefnd neðri deildar lét sér sæma að klípa 200 kr. af þessari upphæð og alþingi að samþykkja það; enda voru það sæmileg eftirlaun í samanburði við »tekjur brauðsins«. En lengi naut Jón Árnason ekki þessarar rausnar alþingis, því að hann andaðist 4. septemberdag ári síðar, svo að spá Halldórs réttist.

Um bókavardarstöðuna eftir Jón Árnason sóttu þeir Hallgrímur aðstoðarbókavörður Melsteð og Jón alþingismaður Ólafsson, og mælti meiri hluti nefndarinnar með Hallgrími, »sem um nokkur ár« hefði »starfað í þjónustu bókasafnsins, sumpart launalaust, sumpart fyrir litla þóknun«, en getur um leið þess í bréfi sínu til landshöfðingja (24. septemberdag), að nauðsynlegt sé, að hinn nýi bókavörður fái aðstoð í safninu vegna vaxandi

1) Bréf Halldórs mun dagsett 20. júnídag, og eru því starfsárin rétt talin 38, en munu 1. okóberd. s. á. hafa verið orðin 39.

1887 aðsóknar að lestrarsal og til útlána. Sex dögum síðar tilkynna stiftisýfirvöldin stjórnarnefndinni, að landshöfðingi hafi í bréfi dags. 29. s. m., tilkynnt sér, að hann hafi veitt Hallgrími Melsteð bókavarðarstöðuna frá 1. októberdegi þ. á. og sent skipunarbréfið beina leið til Hallgríms.

Sumarið 1887 kom cand. mag. Pálmi Pálsson fyrst að safninu. Starfaði hann alt það sumar með Hallgrími Melsteð að niðurröðun og seðlaskráms safnsins og framan af vetrinum var hann daglega í bókasafninu og ritaði upp bókatitla í seðlaskrána, auk þess sem hann, hve nær sem þörf gerðist, hjálpaði bókaverði við afgreiðslu bóka og innheimtu þeirra. Í lok ársins (28. desemberdag) sótti hann svo til stjórnarnefndarinnar um, að sér yrðu veittar þær 700 kr., sem ákveðnar voru á fjárlögunum um árin 1888 og 1889 til aðstoðar við bókavörð safnsins, gegn því, að hann framvegis aðstoðaði bókavörð við útlán og niðurskipun bóka í safninu. Umsókn hans fylgdu meðmælabréf frá bókaverðinum og segir hann þar, »að hann sé orðinn safninu svo kunnugur, að aðstoð sú, er ætlað er til að bókaverði verði veitt samkvæmt fjárlögunum, geti varla orðið fyllri af öðrum, þegar það bælist ofan á kunnugleika hans, að hann samkvæmt prófi því, er hann hefir lokið við háskólann, og kunnugleika hans á íslenskum handritum í Kaupmannahöfn, eflaust muni vera íslenskum bókmentum kunnugri en

1888 aðrir þeir, er nú muni völ á hér til þessa starfa«. Stjórnarnefndin mælti með Pálma í bréfi til landshöfðingja 14. dag janúarmánaðar 1888 og samdægurs skrifar landshöfðingi henni aftur, að hann fallist á tillöguna, »að kandidat Pálmi Pálsson fái 600 kr. á yfirstandandi ári, eða 50 kr. á mánuði, fyrir aðstoð sína af fé því, er ræðir um í 13. gr. C. 1 b. fjárlaga fyrir 1888 og 1889«. Þær 100 kr., sem afgangs voru af fjárlagaveitingunni, mun nefndin síðar hafa greitt Pálma sérstaklega fyrir vinnu við handrit safnsins.

Sumarið 1887 höfðu þeir Hallgrímur og Pálmi skrifað nefndinni (5. júlídag) og boðizt til að semja stutta og gagnorða skrá yfir handritasafn Jóns Sigurðssonar gegn 25 kr. ritlaunum fyrir hverja prentaða ör og skutu því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki leita styrks hjá alþingi til útgáfunnar, ef hún sæi sér ekki fært að standast kostnaðinn af tillagi landssjóðs til safnsins, en nefndin ráðlagði þeim að snúa sér beint til fjárlaganefndar alþingis og lofaði þeim beztu meðmælum sínum. Ekki náði þó þetta fram

að ganga á alþingi, en styrkur til aðstoðar við bókavörð og til að semja 1888
bókaskrá etc. var hækkaður um 200 kr. (úr 500 kr. upp í 700 kr.) hvort árið
á fjárhagstímabilinu. Á alþingi 1887 kom fram nokkur óánægja yfir því, hve
miklu fé hefði verið varið til að semja bókaskrár, en hins vegar væri enginn
sýnilegur prentaður árangur af því starfi, og mun þetta hafa ýtt undir nefnd-
ina, svo að hún á fundi 23. dag septemberm. ákvað, að prenta skyldi fram-
vegis árlegan ritauka í handritum og bókum, og kom þá út ári síðar rit-
aukaskrá yfir prentaðar bækur safnsins um árið 1887, er Hallgrímur Mel-
steð samdi, og hefur svo verið gert alt til þessa dags, en af útgáfu handrita-
skrár safnsins varð aldrei, svo að engin prentuð handritaskrá var til frá
1874 til 1918, er byrjað var að gefa út handritaskrá alls safnsins, og er nú
fyrsta hefti hennar út komið, samið af Páli E. Ólasyni (sjá síðar).

Á þessu ári bauð ekkjufrú Herdis Benediktsen safninu handritasafn það,
sem hún hafði fengið eftir mann sinn Brynjólf kaupmann Benediktsen í
Flatey, alls 52 handrit, fyrir 400 kr. Gekk nefndin að því boði og fól for-
manni sínum að gera út um kaupin. Einnig buðust nefndinni það ár 10
bindi handrita til kaups af rímum, sögum o. fl. ofan úr Hvítársíðu, nefnd-
in vildi ekki kaupa að óséðu, en óskaði að sjá þau. Þá voru safninu og af-
hent 6 fornskjöl frá Bergstaðakirkju í Húnavatnssýslu og nokkur¹⁾ frá Mel-
staðar og Hofskirkjum í sömu sýslu og Chr. Bruun yfirbókavörður við kon-
unglega bókasafnið í Kaupmannahöfn sendi því að gjöf það, sem út var
komið af *Bibliotheca Danica* með loforði um áframhald ritsins. Þá hélt
A. F. Krieger enn sem fyr upp teknum hætti, að senda safninu að gjöf miklar
bókasendingar. Í árslok afhenti þannig landshöfðingi nefndinni frá honum
ríflega 100 bindi og í marz mánuði sama ár hafði hann einnig afhent safn-
inu frá honum 79 bindi.

Á þessu ári var lánað talsvert af handritum úr safninu til Kaupmanna-
hafnar, mest megnis til dr. Jóns Þorkelssonar (yngra), sem hann þurfti á
að halda við íslenzka fornbréfasafnið, gegn skriflegu loforði frá bókavörð-
unum við konunglega bókasafnið og háskólasafnið að geyma hin lánuðu
handrit í söfnum sínum, einnig voru dr. Kálund lánuð »Forarbejder«, eða

1) 3: 2 frá Hofskirkju og 5 frá Melstaðarkirkju.

1888 undirbúningur, Jóns Sigurðssonar að Laxdælasögu til afnota við útgáfu hans af þeirri sögu, svo hafði og deild islenzka bókmentafélagsins í Kaupmannahöfn nokkuru áður verið lánað handrit úr safninu — hvorttveggja með sömu tryggingu frá yfirbókavörðunum dönsku, sem Jón Þorkelsson hafði fengið frá þeim. Þá var og skilað af Árna Magnússonar nefndinni síðustu handritum, sem hún hafði að láni úr handritasafni Jóns Sigurðssonar.

Þá barst nefndinni einnig tilboð frá bókaverzluninni *Skandinavisk Antikvaritat* í Kaupmannahöfn, fyrir tilstilli dr. Jóns Þorkelssonar (yngra), um að útvega safninu þýzkar og franskar bækur gegn afslætti — tíu af hundræði — af marki og franka, á öllum bókum nema antikvarískum.

Í byrjun þessa árs var fastasjóður safnsins orðinn 3650 kr. í konunglegum rikisskuldabréfum og 2800 kr. í innritunarskírteini, eða samtals 6450 kr. Fór þá formaður nefndarinnar bréflaga þess á leit við stiftisyfirvöldin, að þau vildu annast um, að hinum konunglegu rikisskuldabréfum safnsins, sem hann sendi þeim með bréfinu, yrði breytt í eitt innritunarskírteini, samkvæmt auglýsingu¹⁾ fjármálastjórnarinnar dönsku 13. dag nóvembermánaðar 1886 og auglýsingu ráðherra Íslands. Upphæð skuldabréfanna var 2200 kr. með rentuseðlum og 1450 kr. án rentuseðla, en í innritunarskírteini, sem áður er sagt, 2800 kr. Í skipulagsskrá safnsins var ákveðið, að leggja skyldi upp af tekjum safnsins 200 kr. annað hvort ár, og hafði ráðherra í bréfi, dagsettu 4. júnídag 1886, ítrekað þetta ákvæði skrárinnar og því var það, að nefndin nú vildi fá innritunarskírteini upp á 6600 kr. og ætlaðist til, að skuldabréf safnsins hrykkju til þess, að viðbættum ársvöxtum og uppbót þeirri, $1\frac{1}{2}$ af hundræði, sem lofað var fyrir skiftinguna, enda hrökk það vel til, því að stiftisyfirvöldin sendu nefndinni síðar um sumarið innritunarskírteini Litra A. fol. 101 upp á 6600 kr. og 42 kr. 64 a. í afgang.

Árið 1888 bættust safninu allmargar bækur og handrit. Þannig sendi geheimeetazráð A. F. Krieger því enn af nýju á annað hundræð binda. Af amtmanni Theodór Jónassen var keypt 51 bindi fyrir 150 kr. af gömlum islenzkum bókum og öðrum ritum, er Ísland snerta, auk allmargra annara

1) um að innlendum, af eigenda hálfu óuppsegjanlegum, rikisskuldabréfum með 4 % í vöxtu væri sagt upp til útborgunar $1\frac{1}{2}$ 1887 eða til leigubreytingar í $3\frac{1}{2}$ fa hundræði.

nýrri bóka, islenzkra og erlendra, sem nefndin afréð að kaupa skyldi og 1888 panta. Tilboð kom frá þeim Halldóri bæjarfógeta Danielssyni og Þórhalli prestaskólakennara Bjarnarsyni, sem höfðu umboð eigendanna, um kaup á handritum Sveinbjarnar rektors Eigilssonar fyrir 200 kr. og varð það að samningum, að nefndin keypti handritin af þeim fyrir 150 kr.; einnig keypti nefndin nokkur handrit af Jóni Árnasyni fyrverandi bókaverði fyrir 20 kr. Þá var og afráðið að kaupa þau handrit, sem áður er um getið, ofan úr Borgarfirði, fyrir 20 kr.; einnig samþykkt að kaupa af Hannesi Þorsteinssyni stúd. theol. fyrir 6 kr. rimur af Agli Skallagrimssyni (ortar 1819) og sömu-leiðis var samþykkt að kaupa fyrir 5 kr. dagbækur og veðurbækur Bjarnar sál. Jónssonar ritstjóra á Akureyri um árin 1865—1885 og bók um veðr-áttufar 1783—1875, sem kandidat Jón Magnússon (síðar bæjarfógeti og ráðherra) hafði boðið bókmentafélaginu til kaups, en forseti þess síðan boðið safninu. Frá cand. jur. Páli Briem fékk safnið að gjöf handrit af Ólafs sögu Þórhallssonar, úr eigu sira Ólafs Ólafssonar (stúdents) og að síðustu sendu stiftisýfirvöldin því skjal frá Staðarstaðarkirkju ritað 1779. Árið 1886 þann 4. dag desembermánaðar komu út lög um prentsmiðjur; 2. grein laganna er um skyldur prentsmiðjanna við Landsbókasafnið, konunglegu bókhöðuna og háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn og hljóðar svo:

»Allar prentsmiðjur þær, er nú eru eða síðar kunna stofnaðar að verða á landi hér, eru skyldar að láta landsbókasafninu ókeypis í té 2 eintök og amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi sitt eintakið hvoru af hverju því, sem prentað er, hvort heldur er smátt eða stórt, svo og hinni konunglegu bókhöðu í Kaupmannahöfn 2 eintök, er annað sé á skrifpappír, og háskólasafninu 1 eintak. Skulu þau send landshöfðingja við fyrsta tækifæri, er fellur, tvisvar á ári í júní- og septembermánuðum. Sé þetta vanrækt, varðar það sektum eftir atvikum, eigi minna en þreföldu verði þess, sem undan er dregið. Þó má landshöfðingi leyfa, að sektir falli niður að nokkru eða öllu leyti, ef bætt er úr vanræktinni, þegar ámint er um það.»

Oft höfðu orðið Hálfðánarheimtur og vanskil á skyldubókum til safnsins, meðan landsprentsmiðjan var ein um hituna með eitt eintak, en ekki batnaði nú, þegar þær voru orðnar sex, sem skila áttu tveim eintökum af öllu árlegu prentmáli sínu, enda voru ekki liðin full tvö ár frá útkomu lag-

1888 anna, þegar Hallgrímur bókavörður Melsteð kvartar í bréfi til nefndarinnar undan vanskilum á prentmáli frá prentsmiðjunum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði og prentsmiðju Ísafoldar í Reykjavík, en formaður nefndarinnar (H. Kr. Fr.) snýr sér til landshöfðingja og biður hann að gera ráðstafanir til þess, að forstöðumenn prentsmiðjanna sendi skilvislega þau eintök, sem lögin fyrir skipa, á lögskipuðum tíma. Er svo að sjá sem fengist hafi bót á vanskilunum á næsta ári frá prentsmiðjum Ísfirðinga og Bjarnar Jónssonar á Akureyri, en þá kom ný rekistefna við prentsmiðju Sigfúss Eymundssonar út af nýprentuðum bæklingi frá þeirri prentsmiðju, sem ekki var skilað, »Siðbók fyrir undirstúkur Good-Templara«. Kvaðst formaður nefndarinnar í bréfi til landshöfðingja hafa »fulla vissu fyrir«, að prentsmiðjueigandinn ætlaði sér ekki að skila Landsbókasafninu bókinni og lenti síðan í nokkuru bréflugu hnútukasti milli prentsmiðjueiganda og formanns nefndarinnar, en svo fóru leikar, að prentsmiðjan var sektuð fyrir vanskil, með því að formaður gat sannað af Þingtiðindum Stórstúku Íslands, að bókin var fullprentuð í lok maímánaðar þess árs.

Á nefndarfundi 4. aprildag 1888 var enn af nýju ákveðið að gefa út árlega skrá yfir prentaðar bækur og handrit, sem bókasafninu bættust frá 1. janúardegi 1887, og á sama fundi var samþykkt að leita álits bókavardar um, hvort gera skyldi þá breytingu á reglugerð um afnot bóka að hafa opið safnið síðara hluta dags, frá jafndægum á vori til jafndægra að hausti.

1889 Vorið 1889 sagði Pétur biskup Pétursson af sér biskupsembættinu og var leystur frá því 25. maídag s. á., en sama dag var Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson skipaður biskup og veik því að sjálfsögðu úr stjórnarnefnd safnsins. Í hans stað var skipaður 12. septemberdag í nefndina adjunkt Björn Jensson samkvæmt tillögu nefndarmanna. Á þessu ári keypti nefndin nokkurar íslenskar bækur, sem ekki voru til í safninu áður, af stúd. mag. Ólafi Davíðssyni, svo og nokkrar aðrar bækur af öðrum, en mest munaði um gjöf þá, sem A. F. Krieger enn sendi því, samtals 116 bindi og allmikla bókagjöf frá cand. jur. Th. O. Boeck í Kristianíu. Þá var og samþykkt af nefndinni að kaupa nokkur handrit af Péttri Eggerz (2) og Stgr. Thorsteinsyni (2) fyrir samtals 50 kr. og 2 í skiftum fyrir prentaða bók af séra Jóni Jónssyni í Bjarnanesi.

Árið 1890 var á nefndarfundi 11. nóvemberdag lagður fram listi yfir 1890
síðustu bókgjöf A. F. Kriegers, sem var 105 bindi. Þá voru og framlagðar
ýmsar bækur og handrit frá Arnljóti presti Ólafssyni á Bægisá. Þar á með-
al skinnhandrit af Jónsbók og eitt bindi af prentuðum ritum eftir Arngrím
lærða Jónsson. Var samþykkt að kaupa þá bók fyrir 60 krónur, en geyma
að kveða á um kaup á skinnhandritinu og fleira, þar til hann kæmi á al-
þingi næsta sumar. Á sama fundi voru og keypt tíu handrit af Péttri Eggerz
fyrir 120 kr. og 11 bindi prentuð og skrifuð af cand. theol. Magnúsi Blön-
dal fyrir 50 kr. Í lok þess árs var fastasjóður safnsins orðinn 7000 kr. í rik-
isskuldabréfum. Í lok ágústmánaðar þess árs afhenti Hallgrímur bókaforður
Melsted nefndinni bótaskrá sína um árið 1889 og með henni tillögu um
að senda ýmsum félögum og stofnunum og einstökum mönnum á Norður-
löndum og víðar fimtíu til hundrað eintök af henni, til að vekja athygli
manna erlendis á safninu, og kvað það mundu hættulaust, því að svo mörg
eintök væru lögð upp af skránni, að hún mundi ekki til þurðar ganga. Þessu
var vel tekið af nefndinni og hafa síðan iðulega verið sendar ritaukaskrár
safnsins ýmsum gefendum erlendum sem innlendum, bæði félögum, stofn-
unum og einstökum mönnum, en nú er líka upplagið af ýmsum skránum
að þrotum komið, því að upplagið hefir að jafnaði verið lítið (um 300 eintök).

Árið 1891 þ. 11. apríldag leystu stiftisýfirvöldin Jón háyfirdómara Pét- 1891
ursson frá starfi hans í stjórnarnefnd safnsins og skipuðu samdegis Þórhall
dósent Bjarnarson til að taka sæti í nefndinni í hans stað. Ekki sést á
fundabókinni, að nefndin hafi í það skifti gert neina tillögu um, hvern
skipa skyldi, enda segja stiftisýfirvöldin í skipunarbréfi sínu að eins, að þau
vænti þess, að P. B. »muni eigi skorast undan að taka þetta verk á hend-
ur«. Á þessu ári sendu einnig stiftisýfirvöldin formanni nefndarinnar athuga-
semdir yfir reikning safnsins árið 1889 þess efnis, að honum hefðu ekki fylgt
athugasemdir stjórnarnefndarinnar við hann, né heldur vottorð hennar um,
að ekkert hefði fundizt athugavert við reikninginn, en samkvæmt skipulags-
skránni ættu stiftisýfirvöldin að leggja úrskurð á athugasemdir nefndarinnar
og þess vegna nefndin öll, nema gjaldkeri, að gera tillögur til úrskurðar á
reikningnum og senda þær stiftisýfirvöldunum, undirskrifaðar af þeim öll-
um, að undanteknum gjaldkera.

1891

Á þessu sumri voru landshöfðingja sendir 2 bókakassar með gjafabækur frá A. F. Krieger til safnsins — alls 205 bindi, auk ýmissa bæklinga og smáríta. Var gjöf þessi upphaflega gefin háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn, en með því að háskólabókasafnið átti áður eintök af þessum bókum, sendi það Landsbókasafninu bækurnar að gjöf með samþykki Kriegers. Ýmsar bækur og handrit voru einnig keypt þetta ár, svo sem 16 bækur og 20 handrit af Péttri Eggerz (fyrir 60 kr.), 5 handrit (í skiftum) af Pálma Pálssyni og ýmsar bækur og handrit af frú Steinunni Sivertsen í Kirkjuvogi (fyrir 20 kr.). Enn fremur var nú keypt af séra Arnljóti fyrir 40 kr. skinnhandrit það af Jónsbók, sem áður er um getið.

Í fjárlögum fyrir árin 1888 og 1889 höfðu safninu verið veittar 1200 kr. »til þess að kaupa bækur og handrit og fyrir bókband« og hin sama upphæð var veitt á næsta fjárhagstímabili »fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.« Ritaukaskránni hafði þannig verið bætt inn á útgjaldaliðinn, án þess að hann væri hækkaður, en nú sótti formaður nefndarinnar fyrir safnsins hönd til fjárlaganefndar alþingis 1891 um hækkun á þessu tillagi fyrir árin 1892 og 1893 úr 1200 kr. upp í 2000 kr., með því að fé það, sem veitt hefði verið til bókakaupa og handrita, til bókbands og ritaukaskrár, hrykki alls ekki til alls þessa, og þar sem mikið fé gengi árlega til bókbands, þá gæti safnið ekki keypt öll þau handrit, sem því byðust og æskilegt væri að eignast, né heldur verið til eiginlegra bókakaupa nema litlu fé árlega. Fjárlaganefnd neðri deildar þóttu þessar ástæður »svo takandi til greina«, að hún lagði til að safninu væru veittar 1800 kr. hvort árið til þessara parfa, og var það samþykkt af alþingi.

1892

Nefndin hafði þannig fengið hækkað tillag landssjóðs til bókakaupa og fl. um 600 kr. á ári og nú bar vel í veiðar, því að í lok ársins 1892 var fram lagt á nefndarfundi og boðið safninu til sölu hið merkilega handritasafn séra Arnljóts Ólafssonar á Bægisá, 55 bindi að tölu, sem hann bauðst til að selja fyrir 700 kr. Í safni þessu voru ýms fágæt og ófáanleg handrit, sum hrein *unica*. Þar voru meðal annars annáll Þorláks Markússonar í Gröf á Höfðaströnd, Fornjótur séra Jóns Jónssonar lærða, æfisögur presta ritaðar af sjálfum þeim og sendar Hálfdáni Einarssyni, rit eftir Daða fróða og margt fleira af góðum handritum. Á þessum

fundi var ekki gert út um nein tilboð af nefndarinnar hálfu, en í febrúar-
mánuði næsta ár 1893 hélt nefndin aftur fund og ákvað þá að bjóða séra 1892
Arnljóti tvo kosti, annaðhvort að kaupa af honum *alt handritasafn hans*
fyrir 300 krónur, eða einungis *annál* Þorláks Markússonar og *Fornjót* séra
Jóns Jónssonar lærða fyrir 70 krónur. Séra Arnljótur gekk, svo sem við
mátti búast, þar sem svo mikið bar á milli, alls ekki að boði nefndarinnar
og við það sat um hrið, þar til árið 1894, er séra Arnljótur gerði nefndinni
boð með dr. Birni M. Ólsen, að hann þá vildi selja handritasafnið fyrir 500
krónur, en þrátt fyrir þessa verulegu niðurfærslu á kaupverðinu sat nefnd-
in enn föst við sinn keip og komst á fundi 19. apríld. þ. á. »að þeirri nið-
urstöðu, að hún gæti eigi gefið meira fyrir handritin en hún hefði áður
boðið, en þó svo, að hún léti ekki 50 króna viðbót standa fyrir kaupun-
um«. Við það sat og var samningum þar með lokið milli nefndarinnar og
séra Arnljóts, en safnið varð af kaupunum. En sem betur fór misti safnið
þó ekki fyrir fult og alt þessi merkilegu handrit, þótt það í svipinn yrði af
góðum kaupum, því að 10 árum síðar keypti dr. Jón Þorkelsson (yngri) þau
af Arnljóti presti fyrir 500 kr. og lentu þau að lokum með öðrum handrit-
um í handritasafni hans í eigu Landsbókasafnsins, þegar alt safn hans var
keypt til Landsbókasafnsins 5. dag októbermánaðar 1904.

Árið 1892 voru keypt nokkur handrit handa safninu svo sem 1 rimna-
handrit (af Sigurði Fornasyni), árbók Árna Hannessonar um Snæfellinga og
Hnappdæli, annálshandrit um Borgarfjörð 1773—1849 (af Halldóri Daniels-
syni í Langholti). Enn fremur 13 handrit og mynd af Ólafarklukku af Péttri
Eggerz (fyrir 80 kr.), 26 handrit frá ungfrú Hjaltalin í Stykkishólmi (fyrir
60 kr.), mynd af Oddi Hjaltalin frá frú Önnu Thorlacius í Stykkishólmi
(fyrir 25 kr.) og loks 8 bindi handrita af yfirkennara Halldóri Kr. Frið-
rikssyni (fyrir 15 kr.). Ári síðar samþykkti nefndin kaup á öllum handrit-
um séra Eggerts Brims á Höskuldsstöðum. Voru það 241 númer og kaup-
verðið 400 krónur.

Árið 1893 var á alþingi samkvæmt tillögum landshöfðingja og frum- 1893—1894
varpi stjórnarinnar samþykkt að hækka tillag landssjóðs til bókakaupa og
handrita, bókbands og handritaskrár upp í 2500 kr., með því að sú 600 kr.
hækkun, sem samþykkt var á alþingi 1891, hafði reynzt allsendis ónóg.

Árið 1894 kom fyrir stjórnarnefndina skriflegt tilboð frá formanni hennar, yfirkennara Halldóri Friðrikssyni, um að selja safninu allt það af gömlum islenzkum bókum úr eigu sinni, »sem safnið ekki ætti eða vildi eignast«, gegn því verði, sem honum og nefndinni kæmi saman um, með því að það hefði jafnan fyrir sér vakað, að safnið ætti að eignast fyrst og fremst allar prentaðar bækur hérlandis, að minsta kosti í tvennu lagi, og í öðru lagi allar þær bækur, sem Íslendingar hefðu ritað, á hverju máli sem þær væru. Hér hefði vel mátt við bæta í þriðja lagi: svo margar bækur og ritlinga um Ísland og islenzkar bókmentir sem unt er. Þegar tilboð þetta kom fram á fundi var fyrst að eins ákveðið að kaupa af formanni 17 útgáfur af grillaranum fyrir 125 krónur, en um leið var bókavörðunum einnig falið að skoða bækur formannsins og á kveða, hverjar þeirra kaupa skyldi. Samtímis voru þeir einnig beðnir að fara yfir og athuga lista þann, sem dr. Jón Þorkelsson í Kaupmannahöfn hafði sent safninu yfir bækur, sem hann bauð safninu til kaups. Skoðuðu bókaverðirur síðan bókalista Halldórs og keypti nefndin síðar á árinu samkvæmt tillögum þeirra allmargar gamlar bækur islenzkar af honum, er gefnar voru út fyrir árið 1700, fyrir 340 kr.

Haustið 1893 misti Landsbókasafnið einn hinn mesta velgerðamann sinn, geheime-etazráð A. F. Krieger, er lézt þ. 27. d. septembermánaðar. Hafði hann í erfðaskrá sinni hugsað til safnsins og ánafnað því, ásamt háskólabókasafninu og rikisskjalabókasafninu, þær af eftirlátnum bókum sínum, sem það kynni að vilja eiga. Með því að Vilhjálmur hæstaréttardómari Finsen, sem hann hafði tekið fyrir executor testamenti, var þá látinn, hafði hæstaréttarmálaflutningsmaður Carl Winther í Kaupmannahöfn tekið dánarþú Kriegers til meðferðar, og skrifaði hann því Landsbókasafninu vorið 1894, sendi því útdráttareftirrit af erfðaskrá Kriegers og bað safnið að merkja — eins og háskólabókavörðurinn og rikisskjalavörðurinn höfðu þegar gert — við þær bækur í meðsendri bókaskrá yfir bókasafn Kriegers, sem það kysi sér til eignar. Var safnið einnig beðið að fela einhverjum manni í Kaupmannahöfn, t. d. Lyngé kanselliráði, sem samið hafði bókaskrána, að veita bókunum viðtöku og kvitta fyrir þess hönd. Beiðni þessi var itrekuð 27. ágústdag s. á., en listi frá Hallgrími bókaverði var fram lagður á nefndarfundi 15. októberdag s. á. yfir þær bækur, sem hann taldi rétt

að safnið eignaðist. Nefndin samþykkti listann og gaf Lynge bóksala mót-
töku- og kvittunarumboð fyrir bókunum. Er gjöf þessi — hin síðasta af
mörgum — prentuð í ritaukaskrá Landsbókasafnsins um árið 1895. Nokkur-
ar bækur og handrit keypti safnið einnig þetta ár (1894), svo sem 8 bindi
prentaðra bóka og 22 handrit úr dánarbúi Árna Thorlacius í Stykkishólmi,
svo og prentaða mynd af Guðbrandi biskupi (fyrir samtals 107 kr. 30 a.).
Þá bauð og cand. jur. Magnús Torfason safninu eftirrit af réttarsögu Ís-
lands fyrir 50 krónur, en nefndin vildi ekki kaupa það hærra verði en því
sem næmi 50 aurum fyrir hverja örk. Kvartað var einnig á þessu ári af
bókaverði yfir vanskilum á prentmáli frá prentsmiðju Austrá á Seyðisfirði
og landshöfðingja ritað því viðvikjandi af formanni nefndarinnar.

Árið 1895 var yfirkennara Halldóri Kr. Friðrikssyni þann 24. júlídag af
konungi veitt lausn í náð frá embætti sínu við lærða skólann frá 1. októ-
berdegi þ. á. að telja, en 16. dag septemberm. sama ár var Pálmi Pálsson
aðstoðarbókavörður settur af landshöfðingja til að gegna 5. kennaraembætti
við skólann og var skipaður af konungi kennari (adjunkt) við hann 7. nóv-
emberdag sama ár. Afsalaði þá Pálmi sér aðstoðarstarfanum við Lands-
bókasafnið frá byrjun desembermánaðar og var safninu hin mesta eftirsjá í
honum, svo vandvirkum, eljusömum og nákvæmum sem hann var. Um
starfa þenna sóttu svo cand. phil. Einar Hjörleifsson, cand. theol. Sæ-
mundur Eyjólfsson og cand. phil. Jón Jacobson. Var hinum síðastnefnda
veittur starfinn með meiri hluta atkvæða á nefndarfund 2. dag desember-
mánaðar þess árs. Á fundi í júnímánuði sama ár hafði nefndin hafnað boði
formanns (H. Kr. Fr.) um sölu á bókum, sem hann átti, frá 18. öld. Kom
hann ekki á næsta fund, með því að hann mun ekki hafa viljað með nær-
veru sinni hafa nokkur áhrif á kaupin, en í þess stað skrifaði hann nefnd-
inni 30. d. septemberm. bréf það, er hér fer á eftir:

»Enda þótt ég ekkert svar hafi fengið frá hinni heiðruðu stjórnarnefnd landsbóka-
safnsins hér í Reykjavík viðvikjandi bókum þeim, sem ég bauð henni til kaups handa
bókasafninu í vor, hef ég þó orðið þess áskynja, að tveir af stjórnendum safnsins hafi
viljað ganga að boði minu, en tveir eigi. Með því að ég er enn þeirrar skoðunar, að
bókasafnið eigi að eignast sem mest af öllum íslenskum bókum, að það getur, og því
kaupa þær bækur íslenskar, sem það eigi á áður í viðunanlegu ásigkomulagi, og það

1895 eigi ekki að hafna kaupum á torfengnum eða ef til vill ófáanlegum bókum í þeirri vón, að það *kunni* að eignast þær með hægara móti einhvern tíma síðar, þá leyfi ég mér að stinga upp á því við hina heiðruðu stjórnarnefnd, að skjóta málinu um kaup á bókum mínum til úrskurðar hinnu háu stiftsyfirvalda, sem yfirstjórnanda landsbókasafnsins.

Svars óska ég sem fyrst, því að verði sú niðurstaðan, að kaupa eigi bækur þessar handa safninu, en biðja betra færis, mun ég gera ráðstöfun með gufuskipinu »Laura«, er það fer héðan 14. p. m., til þess að selja bækurnar erlendis.

Pegar nefndin fékk bréfið, fól hún Pálma Pálssyni að athuga nákvæmlega bækurnar og merkja við þær, sem honum þætti ráðlegt að kaupa. Því næst skoðaði Pálmi bækurnar, gerði athugasemdir á verðlista seljanda um ástand bókanna og tók frá þær bækur, sem voru illa til reika eða í vantaði, eða safnið ekki vanhugaði um. Síðan var aftur nokkurum dögum síðar skotið á fundi í nefndinni og þar á kveðið í fjarveru formanns að kaupa bækurnar (að undanskildum óþörfum eintökum) fyrir 84 kr. 50 a. Þá skrifaði og Pálmi nefndinni bréf þess efnis, að safnið fengi vandaða olíumynd af stofnanda sínum Carl Christian Rafni og léti festa upp í lestrarsalnum. Hafði hann leitað upplýsingar hjá konservator Andersen við málverkasafnið í Kaupmannahöfn og bauðst Andersen til að útvega eða gera brjóstmynd af Rafni í fullri stærð og í vandaðri eikarumgerð fyrir 225 til 250 kr. Ræður Pálmi í bréfinu til að hafa son Rafns og dætur með í ráðum við val á mynd af honum, »enda munu þau systkin vera fús til þess, því að svo hughaldið láta þau sér að halda minning föður síns á lofti hér á landi, að þau hafa gefið Landsbókasafninu 2 stór handrit (með hendi fröken Dagmar Rafns), er í eru eftirrit af bréfum Rafns, margra Íslendinga og annara um stofnun safnsins og hins norræna Fornfræðafélags«. Þessa tillögu Pálma samþykkti svo nefndin og afreð að kaupa myndina upp á væntanlegt samþykki stiftsyfirvaldanna. Þá var og samþykkt kaup á sjálfsæfisögu Jóns Espólins á dönsku fyrir 50 krónur.

1896–1897 Í ársbyrjun 1896 var fastasjóður safnsins orðinn í innritunarskirteini, sem áður, 6600 kr. og í ríkisskuldabréfum með 3½ í vöxtu af hundradi 1000 kr., eða samtals 7600 krónur. Landsjóðstillag var árin 1896 og 1897 2500 kr. á ári, eins og það hafði verið næstliðið fjárhagstimabil. Ritauki var árin 1896 og 1897 fremur lítill, enda var nú fallinn frá sá, sem mest allra um mörg ár hafði látið af handi rakna til safnsins, geheime-etazráð A. F.

Krieger. Meðal gefenda voru sem áður þessir menn og félög: professor Willard Fiske, the Smithsonian Institution, vísindafélagin dönsku og norsku, den norske historiske kildeskiftskommission, rikisskjalasöfnin dönsku og norsku, konungl. norræna Fornfræðafélagið, det kgl. danske Søkortarchiv, meteorologiska observatoriet i Upsala og rektor Fr. Dahl, en talsvert var keypt af nýjum bókum erlendum bæði þessi ár og bundið inn talsvert af handritum og bókum innlendum og erlendum. Annars bar fátt nýstárlegt til tíðinda þau árin, enda fátt um þau skráð, því að ekki verður séð, að fundabók hafi verið haldin á þessum árum, og skjöl eða bréf sjást ekki heldur frá þeim tíma í skjalasafni Landsbókasafnsins.

Árið 1898 veittu stiftisyrðöldin fyrir rektor Jóni Þorkelssyni 26. marz- dag lausn úr stjórnarnefnd safnsins og skipuðu samdegis Pálma skólakenn- ara Pálsson nefndarmann í hans stað, samkvæmt tillögum stjórnarnefndar- innar, og var hann kosinn skrifari nefndarinnar í stað Jóns rektors. Þetta ár var á nefndarfundi 8. septemberdag lagt fram bréf frá fyrverandi kaup- manni á Ísafirði Hjálmari Johnsen í Kaupmannahöfn til Sigurðar póstmeist- ara Briem í Reykjavík, þar sem hann sendir í þrem kössum og gefur Landsbókasafninu »samkvæmt því, sem« þeir »áður« höfðu »um samið«, ýmsar bækur islenzkar og útlendar ásamt meðfylgjandi bókaskáp undir þær og biður hann póstmeistara að afhenda bækur þessar »til réttra stjórnenda Íslands Landsbókasafns í Reykjavík« sem gjöf frá sér og óskar viðurkenn- ingar fyrir móttökunni, »svo að fjárgæzlumaður að minni erfðaskrá geti á sínum tíma séð, hvað af bókum hefur samkvæmt henni farið að mér lif- andi til Landsbókasafnsins í Reykjavík«. Nefndin skrifaði síðan gefandanum þakkarbréf og var það skylt, því að gjöfin var ágæt. Bæði voru þar margar is- lenzkar bækur gefnar út af Fornfræðafélaginu, Bókmentafélaginu og öðrum, ýms rit um fornfræði, svo sem Aarbøger for nord. oldk. og hist. o. fl., sagn- fræðileg rit islenzk og timarit, ennfremur ýmsar nýtsamar útlendar bækur og blöð. Auk þess voru flestar bækurnar innbundnar í ágætt band og svo hreinar sem ósnortnar væru. En sá einkennilegi galli fylgdi hér »gjöf Njarðar«, að samkvæmt ósk gefanda áttu bækurnar ekki einungis að varð- veitast í safninu út af fyrir sig, heldur einnig í þeim skápum, er þær höfðu í staðið hjá gefanda og fylgdu bókasendingunum, bæði þeirri, er þá var send,

1898 og þeirri, sem send var hingað að Hjálmari látnum. Slikir agnóar eru óþægilegir söfnum, því að þeir slita sundur það, sem saman á, og mynda sér-söfn eða óþarfar deildir innan safna, sem valda fyrirhöfn og þrengslum. — Gjöf þessi er skráð í Ritauskaskrá safnsins um árið 1898 (Rv. 1900, 4°)

Á þessu ári bættist safninu einnig hið merkilega handritasafn Jóns háyfirdómara Péturssonar. Bauð tengdasonur hans, þá verandi landritari Jón Magnússon, safninu fyrir hönd erfingjanna tvo kosti, annaðhvort að kaupa alt safnið fyrir 1000 kr. eða skinnbréfin ein fyrir 10 kr. hvert, en nefndin samþykkti á fundi 18. októberd. að kaupa alt safnið. Handrit þessi voru 128 að tölu og eru skrásett í safninu sem nr. 221—230 í tvíblöðungum, nr. 786—859, 863—873, 876 í fjórblöðungum og nr. 692—723 í áttblöðungum handritasafns Landsbókasafnsins, en nokkur þeirra hafa síðan verið afhent Landsskjalasafninu endurgjaldslaust, með því að þau voru opinber embættisskjöl, sem það gerði kröfu til að fá. Skinnbréfin og skinnblöðin voru alls 26 að tölu.

Á sama fundi, er af ráðið var að kaupa handritasafn Jóns Péturssonar, bar formaður nefndarinnar fram þá tillögu, að fenginn væri cand. mag. Guðmundur Þorláksson til að skrifa upp þau af skinnhandritum safnsins, sem mest væru máð og úr sér gengin, gegn 20 kr. endurgjaldi á mánuði fyrir um 1½ stundar vinnu hvern virkan dag og var sú tillaga samþykkt. Í bréfi til formanns, dags. 1. nóvemberd. s. á., gekk Guðmundur að þessu boði og byrjaði á afritunarstarfinu.

Á þessu ári voru keypt ýms tímarit, svo sem 7 bindi af »Ude og hjemme« og 34 bd. af »Illustrated London News« og 4 önnur útlend tímarit (af Jóni Ólafssyni ritstjóra). Enn fremur samþykkt kaup á 15 bókum og ritgerðum með niðursettu verði af »Skandinavisk Antikvariat og 5 írskar og gæliskar bækur niðursettar hjá sömu verzlun. Einnig var samþykkt að kaupa 40 nýjar enskar og amerískar bækur í bókfræði og náttúruvísindum og loks voru keypt af trésmið Eiríki Kuld ýms blöð úr eigu Gísla heitins Magnússonar skólakennara ýmislegs efnis, með hendi hans og annara.

1899 Það hafði um langan aldur verið siður í safninu að innkalla allar þær bækur, sem voru í útláni þaðan, í 3. viku jólaföstu og lána síðan ekki út bækur úr safninu fyr en eftir nýár. Þetta ákvæði hafði jafnan verið óvin-

sælt hjá almenningi, með því að um jól og nýár höfðu menn mestar tómstundir til lesturs og þótti leitt að eiga þá engan kost bóka. Því var það, að stiftisýfirvöldin með bréfi dags. 4. dag janúarmánaðar 1899 sendu stjórnarnefndinni erindi frá amtskrifara Hjálmari Sigurðssyni til umsagnar, þar sem farið var fram á, að innköllunartímanum yrði breytt. Nefndin tók vel þessari tillögu og á kvað á fundi 16. febrúardag s. á., að innköllunartími bóka skyldi framvegis vera að vorinu frá 15. til 30. dags júnímánaðar, enda var sá tími haganlegastur, bæði fyrir safnið og lesendur, því að bæði er þá lestími almennings liðinn og um það leyti standa yfir vorpróf í skólunum, en safninu áriðandi að lærisveinar þeirra skili lánsbókum þaðan, áður en þeir fara upp í sveit. Stiftisýfirvöldin samþykktu svo þessa breytingu og fólu nefndinni að breyta 10. gr. þá gildandi reglugerðar um afnot Landsbókasafnsins 2. febrúardag 1882 (sbr. 132. bls.) og senda þeim síðan hinar nýju reglur til staðfestingar. — Snemma á þessu ári barst nefndinni bréf frá Valdimar ritstjóra Ásmundssyni, fyrir hönd erfingja séra Jóhanns Briem í Hruna, með tilboði um sölu á nokkurum gömlum íslenskum bókum og handritum úr dánarbúi séra Jóhanns. Skrá yfir bækurnar og handritin höfðu bókaverðirnir athugað og sett merki við það í skránni, sem ekki var til í safninu eða þá ekki nema í einu eintaki. Í bréfinu getur V. Á. þess, að Höst & Sön, bóksalar í Kaupmannahöfn, hafi boðið 800 kr. í alt safnið og hafi erfingjarnir fyrst ekki viljað selja safnið öðruvísi en í einu lagi, en þá sé þeim snúinn hugur og geti því Landsbókasafnið keypt það úr safninu, sem það vanhagi um, »nema líklega ekki Odds Nýjateamenti«,¹⁾ en við sig sé að semja um verð og afhendingu bókanna. Þegar nefndin hafði fengið bréfið, fól hún gjaldkera (E. Br.) og skrifara (P. P.) að semja við Valdimar um kaup á þeim bókum úr safni séra Jóhanns, sem safnið þarfnadist og gerðu þeir út um kaup á nokkurum bókum og handritum, sem seld voru safninu á 20 kr.

Í lok febrúarmánaðar þessa árs sendi skrifari nefndarinnar, Pálmi Páls-son, formanni (H. Kr. Fr.) tillögur í 9 liðum um ýmislegar endurbætur á

1) Hann mun þá hafa verið kominn í samninga við W. Fiske um kaup á því, því að honum seldi hann það að lokum fyrir £ 60, eða um 1100 kr., og mun sú bók dýrstu verði hafa keypt verið prentaðra bóka íslenskra.

1899 stjórn safnsins og starfrækslu þess, sem hann óskaði að bærust meðal nefndmanna. Voru svo tillögurnar ræddar á nefndarfundum í júlímánuði og samþykktar með nokkurum breytingum 6 þeirra og eru þær þessar, eins og þær voru samþykktar á fundinum:

1. Fastir nefndarfundir skulu haldnir síðasta mánudag í öðrum hvorum mánuði kl. 5 síðdegis.

2. Ekkert útlent rit skal mega kaupa án vitundar nefndarinnar og án samráðs við bókaverðina.

3. Bókavörðunum skal skylt að hafa strangar gætur á öllu því, sem prentað er árlega hér á landi, og ganga ríkt eftir, að prentsmiðjur standi skil á því.

4. Bókaverðirnir skulu semja skrá, smátt og smátt, yfir allar islenzkar bækur og ritlinga, er safnið vantar, og skal gera alvarlega gangskör að því að útvega slík rit, ef auðið er.

5. Þriðja hvern mánuð skal safnið hafa auglýsingu í einu blaði eða fleirum um, að það kaupir islenzkar bækur og handrit.

6. Yfirbókavörður safnsins skal senda nefndinni um hver áramót skýrslu um athafnir sínar og um vöxt þess og viðgang liðna árið.

Þær þrjár tillögur, sem ekki voru samþykktar voru: 1. að í byrjun hvers árs sé gerð áætlun um útgjöld safnsins: hve miklu fé skuli varið til bóka-kaupa, bands o. s. frv. 2. að áætlað sé fé til að kaupa islenzkar bækur, gamlar og nýjar. 3. að skrá yfir þær bækur og ritlinga, sem safnið vantar, skuli prenta.

Um þessar nýju reglur fór, sem oft vill fara um reglur og fyrirskipanir, að þær voru misjafnlega haldnar. Nefndin hafði felt þær af tillögum Pálma, sem að henni sneru, að undanteknu ákvæðinu í 1. lið um nefndarfundum, sem hún sjálf braut vonum bráðar, og ákvæðinu í 5. lið, sem var framkvæmt. Svo hafði hún og í 3. og 4. lið gert »bókavörðum« að skyldu að hafa gætur á skilum prentsmiðjanna á ritmáli og að semja skrá yfir vantiandi bækur í safninu, í stað þess, að í framtillögum Pálma stóð, að »bókavörðinum« sé gert það að skyldu, sem var hugsanrétt, því að bókavörður var að eins einn og aðstoðarbókavörður framkvæmdi skipanir hans. En um vanskil frá prentsmiðjunum er það að segja, að þau hafa verið, eru og munu

verða hið örðugasta viðfangsefni, sem til er fyrir safnið, því að þótt beitt sé kvörtunum, kærumálum og sektum, þá er það ekki einhlítt, meðan skýrslur frá sumum prentsmiðjum yfir prentmál þeirra eru svo óáreiðanlegar, að ýmislegt prentmál, stundum heilar bækur, vantar í þær. Líklegasta leiðin virðist sú, að safnið eða helzt öll þau söfn, sem prentsmiðjurnar eru skattskyldar, eigi sér fulltrúa alstaðar þar, sem prentsmiðjur eru settar á landinu, sem hafi gát á, hvað sé prentað á hverjum stað og hafi fult umboð til að reka réttar safnanna um allt það, er að prentskilum lýtur. Um hitt atriðið, skrá yfir ivantanir safnsins af eldri bókum, er allt öðru máli að gegna. Þær standa í sambandi við spjaldskrána og nú, þegar hún er loks fullger, er bæði sjálfsagt og tiltölulega auðvelt að semja ívöntunarskrána.

Um þetta leyti barst nefndinni einnig áskorun, dags. 6. júlídag 1899, frá Stúdentafélaginu í Reykjavík, samin af 3 kosnum mönnum af félaginu (Vilhjálm Jónssyni, Jóni Ólafssyni og Halldóri Jónssyni) um, að nefndin »leggi sitt til (og þar á meðal leggi meðmæli sin til við landshöfðingjann yfir Íslandi, að hann beiðist af Alþingi nauðsynlegrar fjárveitingar), að þessu megi framgengt verða:

- 1) að landsbókasafnið sé haft opið síðari hluta dags, t. d. kl. 4—8 eða 5—9;
- 2) að haldin sé á safninu nokkur merkustu tímarit;
- 3) að byrjað sé að semja spjaldskrá (*card catalogue*), og svo hagað, að hver deild og flokkur skrárinnar sé lögð fram á lestrarsalinn til afnota almenningi jafnskjótt sem búin er;
- 4) að veitt sé það fé, sem til þessa er nauðsynlegt: aukin laun bóka- varðar og aðstoðarbókavardar svo, að svari auknum starfstíma þeirra; veitt fé til skrásetningar og skrásetningaráhalda (hólfaskáps og spjalda);
- 5) ef auðið væri, að alþingisbókasafnið, bókasafn prestaskólans og bókasafn læknaskólans verði sameinuð í eitt, lögð til landsbókasafnsins, þó svo, að hver skóli haldi því handbókasafni sem nauðsynlegt þykir.

Áskorun þessi var lögð fyrir nefndarfund 10. júlídag og var samþykkt að halda hinum fyrri tímum, en auka þar við 3 stundum kl. 4—7 einn dag í viku til reynslu, þó svo að engin handrit eða fágætar bækur yrðu lagðar fram í lestrarsal þá tíma; annar liður áskorunarinnar var samþykktur. Um 3. liðinn er ekki annað bókað í fundabókinni en að nefndin telji »auðsætt

1899 að koma upp spjaldaskrá yfir safnið svo fljótt sem ástæður leyfa» og um 4. lið (fjárveitinguna til skrásetningar) er einungis sagt, að hún, eða sá liður, »falli niður«. Um 5. liðinn, sameining safnanna, er sú athugasemd gerð, að hún geti »vart komið til greina að sinni vegna rúmleysis í safninu, enda eðlilegra að slík málaleitun komi frá forstöðumönnum þessara safna«. Frekara virðist ekki hafa verið að hafzt að sinni af nefndarinnar hálfu, en Jón Ólafsson vildi sýnilega hraða málinu, með því að þing stóð þá yfir og undir því var komin fjárveiting sú, sem áskorunin hafði í för með sér, og því skrifar hann ritara nefndarinnar (P. P.) og spyr um, að hvaða niðurstöðu nefndin hafi komist viðvíkjandi 3. atriði áskorunarinnar. Um 1. og 2. atriði kvað hann sér kunnugt af blöðunum, hver niðurstaðan hafi orðið hjá nefndinni. Æskti hann svars »í kveld eða á morgun«.

Breytingar þessar mættu, sumar hverjar, talsverðri mótspyrnu, bæði utan nefndar og innan. Einkum voru menn hræddir um, að valda kynni slysi, ef lestrarsalur væri hafður opinn að kveldi dags og fara þyrfti með ljós um herbergi safnsins, eins og ljósakostur var þá (steinoliulampar og léleg skriðljós), og þess vegna hafði nefndin farið varlega í sakirnar og að eins á kveðið eitt leskvöld til reynslu og bannað útlán í salinn af handritum og öðrum fágætum ritum, en þegar til stiftisyfirvaldanna kom, lagðist amtmaður (Julius Havsteen) á móti tillögu nefndarinnar og honum fylgdi landshöfðingi að máli í synjun staðfestingar á henni. Aftur á móti mætti aukning tímarita engri mótspyrnu, var 3 nefndarmönnum (E. Br. Þórh. B. B. Jenss.) falið að koma fram með tillögur um kaup á þeim og samkvæmt tillögum þeirra var síðan á kveðið að halda 3 þýzk tímarit, 12 ensk og amerísk og 12 dönsk, norsk og sænsk, sérfræðilegs og almenns efnis. Á alþingi 1897 hafði tillagið til bókakaupa og handrita, bókbands og ritaukaskrár verið hækkað um 500 kr. eða upp í 3000 kr. alls á ári og laun bókavardar upp í 1500 kr. og aðstoðarbókavardar í 900 kr., en nú var á alþingi 1899 tillagið til bókakaupa og handrita o. s. frv. hækkað um 1000 kr. og veittar á þeim lið alls 4000 kr. hvort árið á fjárhagstímabilinu, en samtímis tekin spjaldskrársamning upp á liðinn.

Á þessu ári var samþykkt á nefndarfundum að hækka þóknunina til cand. mag. Guðmundar Þorlákssonar fyrir afritun upp í 50 kr. á mánuði gegn 6

stunda vinnu á dag, en nú var einnig farið að hugsa um að fá smám saman afrituð i safninu ýms handrit islenzk, sem héðan höfðu flutt verið af landi burt til Kaupmannahafnar fyr á tímum, og í því skyni var forstöðunefnd Árna Magnússonar safnsins í Kaupmannahöfn skrifað og hún beðin að lána safninu til afritunar bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar; varð hún vel við þeirri bön nefndarinnar og sendi hingað smám saman öll bindi hennar. Hafði Guðmundur afritað því nær 13 bindi hennar, þegar hann fór frá safninu, en verkinu lauk P. E. Ólason. Afskriftin er alls 15 þykk bindi í fjöggra blaða broti í handritasafni Landsbókasafnsins (nr. 1077—1091. 4^o). Þetta ár voru keypt ýms handrit, svo sem Vigurhandritið af Sturlungu úr dánarbúi Sigurðar sýslumanns Sverrissonar (f. 100 kr.), hirðstjóra-annáll Jóns Halldórssonar af Eggert bónda Levi, norðan úr Refasveit í Húnavatnssýslu (f. 50 kr.), annálar Daniels á Fróðastöðum (f. 10 kr.), ljóðmæli og önnur rit Jónasar barnakennara Jónssonar frá Sigluvík í 4 bindum (f. 100 kr.), ljóðmæli séra Magnúsar Einarssonar (f. 35. kr.) og 11 handrit vestan af landi. Ýmsar gamlar bækur prentaðar voru þá einnig keyptar, þar á meðal 21 útgáfa af Passíusálmunum og ein útgáfa af Hallgrímskveri af H. Kr. Friðrikssyni (f. 125 kr.), enn fremur 4 útgáfur af Vidalíns postillu og Fæðingarsálmar Gunnlaugs Snorrasonar (f. 40 kr.) o. fl. Þá var og skift við dr. Jón Þorkelsson (yngra) á 36 alþingisbókum, sem safnið átti í tvennu lagi, fyrir 151 tækifæriskvæði; aftur á móti var bókaskiftatilboði sama manns hafnað, sléttum skiftum, en Pálma Pálssyni og bókaverði falið að verðleggja eintök safnsins, ef J. Þ. vildi kaupa einhver þeirra eða fá þau í skiftum.

A þessu ári var dr. Carl af Petersens lánuð 2 handrit af Jónsvíkingasögu til afnota í háskólabókasafninu í Lundi, en nokkurum árum áður (1894) höfðu 17 handrit verið lánuð dr. Jóni Þorkelssyni til afnota í bókasöfnunum í Kaupmannahöfn, svo að safnið lét koma greiða móti greiða gagnvart útlöndum í handritalanum.

Í árslok 1899 var enn af nýju samþykkt á nefndarfundum að snúa sér til stiftisýfirvalda um leyfi til að halda lestrarsal bókasafnsins opnum 1 dag í viku, 3 stundir síðdegis, en í þetta skifti var ekki farið fram á að fá fleiri bækur til lesturs í salnum en tímarit þau, sem safnið keypti framvegis, og með þeirri takmörkun fékst leyfið næsta ár.

Á fundi í janúarmánuði árið 1900 var lögð fram skýrsla, sem Jón aðstoðarbókaverður Jacobson hafði samið, eftir beiðni formanns, til glöggvunar fyrir nefndina, um nýjustu og hagfeldustu aðferð við röðun bóka í bókasöfnum, samning spjaldskrár o. fl., og á sama fundi kom fyrir nefndina skrifleg umsókn frá Jóni ritstjóra Ólafssyni um að fá að taka að sér samningu spjaldskrárinnar í bréfi því, er hér fer á eftir, dags. 27. dag nóvembermánaðar 1899:

»Með því að alpingi síðasta veitti fé til þess, að byrja á samningu skipulegrar spjaldskrár yfir landsbókasafnið, og ég geri ráð fyrir að hugsað verði til að byrja þetta verk upp úr nýjársinu, þá leyfi ég mér að sækja um að mér verði falinn þessi starfi, þar eð ég mun vera sá eini maður hér á landi (að skólastjóra J. A. Hjaltalin frá teknum), sem kann þetta verk.

Ég býðst til að vinna verkið hvort heldur vill fyrir 50 kr. borgun um mánuðinn og fullgera þá *eigi minna* en 833 spjöld á mánuði, eða þá fyrir tiltekið verð fyrir spjaldatölu 8 kr. fyrir hver 100 spjöld (í Ameríku eru \$5,00 fyrir 100 spjöld venjuleg borgun *auk* borgunar fyrir að »classificera«¹⁾).

Ég geng að því visu, að stjórn safnsins vilji hafa skrána »a classified index catalogue«²⁾, sem kallað er, hagað að öllu eftir nútímans kröfum. Ég get þess hér, af því að sumir misskildu það á þingi, að skráin er alveg óviðkomandi röð bókana í safninu á hyllum. Þetta tvent á ekkert skylt saman, og skipulag og röð bókana í skránni breytist aldrei, þó að safnið yrði flutt og flokkun þess í skápunum og röðun í hyllunum gjörbreytist. Það er hylluskráin ein (shelf-list), en ekki spjaldskráin, sem breytist við það.

Ég vildi jafnframt leyfa mér að benda á, að langhentast muni hér að nota ekki kassa-spjöld og kassa, heldur »adjustable sheaf catalogue«, eða heftispjöld. Það er bæði handhægast og ódýrast, og öruggast fyrir þá sök, að þó að slitid sé eða rífið spjald úr skránni, þá má ávalt sjá það, og sjá, hvaða spjald það var; en það er eigi auðið á kassa-spjöldum. Annars hefi ég til sýnis hvortveggi spjöldin og ofurlitlar birgðir af hvorum um sig, og get ég útvegað hvora tegundina sem er ódýrara en *nokkur* maður hér annar, og kemur það til af því, að ég hef verið í þjónustu félags þess, sem eitt býr til þessi spjöld (Library Bureau). En vildi stjórnin að ég pantaði spjöld þau sem með þarf, þyrfti ég að vita það áður en »Laura« fer.

Eg legg hér með meðmæli með mér frá Field Columbian Museum og Newberry Library«.

1) o. flokkmarka bækurnar eftir röðunarkerfi því, sem farið er eftir. — J. Jac.

2) flokkaða efnisskrá. — J. Jac.

Þegar nefndin hafði fengið bréf þetta, fól hún þeim Eiríki Briem og 1900 Þórh. Bjarnarsyni að tala við Jón Ólafsson og koma fram með ákveðnar tillögur um tilhögun spjaldskrársamningarinnar fyrir næsta fund. Á næsta fundi, 5. febrúardag 1900, var svo samþykkt að kaupa tvennskónar spjöld og ráða Jón Ólafsson til að byrja á spjaldskrársamningu samkvæmt tilboði hans, og skyldi nánar ákveðið um þóknun að loknum 500 spjöldum í tvennu lagi. Um afhending bóka til skrásetningar og vinnutíma skyldi fara eftir fyrirsögn bókvarðar. Loks var svo, freku ári síðar, Jón Ólafsson skjállega ráðinn til þessa starfa með samningi undirrituðum af honum annarsvegar og formanni nefndarinnar, H. Kr. Friðrikssyni, hins vegar þ. 3. apríl. 1901.

Heftisþjöld þau, sem Jón Ólafsson hafði mælt með, reyndust óhentug, og var brátt horfið að kassasþjöldum einum. Þantaði hann þau um allmörg ár handa safninu og seldi því þau með vanalegu söluverði, því sama sem landsbókavörðurinn síðar keypti þau af Libraco Bureau, enda mun það hafa selt Jóni Ólafssyni þau með nákvæmlega sama verði sem öðrum, hvað sem þjónustu hans við Library Bureau leið. Það var nú sök sér. Hitt var óheppilegra, að Jón Ólafsson byrjaði spjaldskráninguna eftir öllu öðru niðurskipunarkerfi en því, er síðar var upp tekið af honum sjálfum (Deweykerfið) og talið haganlegra, svo að talsverð byrjunarvinna fór þar forgörðum, með því að vinna þurfti alt það verk upp aftur. Verra var þó, að vinna Jóns Ólafssonar við spjaldskrána var ekki reglubundin, heldur mjög stopul, þannig að löngum tímum var ekki snert á verkinu og jafnvel heil árstillög úr landssjóði til spjaldskrár voru ekki notuð í hennar þarsfir, með því að skrásetjari átti þá iðulega ýmsum öðrum nauðsynlegum störfum að gegna. En verst af öllu var, að spjaldskráin reyndist alls ekki áreiðanleg. Olli því bæði að verkið var unnið í hvidum — oft með löngu millibili en ekki að staðaldri, svo að stundum kennir ósamræmi í niðurskipun, með því að regla, sem tekin hafði verið, var gleymd, eða frá henni horfið, og svo hitt, að skrásetjarinn hafði ekki svo fjölbreytta þekkingu á tungumálum, sem útheimtist til að vera einkaskrásetjari fyrir alt safnið. Verk þetta þarf því alt að endurskoðast, þegar rýmist til í safninu og bókum þess verður endanlega komið fyrir til frambúðar, þegar bókasafnið losnar við Þjóðminja- og Náttúrugripasafnið úr húsum sínum.

Á alþingi 1899 var veitt fé í fjárlögunum fyrir árin 1900 og 1901 til stofnunar Landsskjalasafns á Íslandi, ákveðin laun handa landsskjalaverði, sem landshöfðingi skyldi skipa, og til að koma safninu fyrir og því til viðhalds. Landsskjalasafnið fékk herbergi þau, sem forngripasafnið hafði haft uppi á efri bygð og efsta lofti í Alþingishúsinu, en Forngripasafnið flutti í árslok 1899 niður í hið nýbygða bankahús Landsbankans. Reglugerð var samin fyrir Landsskjalasafnið og skipaður landsskjalavörður dr. Jón Þorkeðsson (yngri). Til safns þessa áttu að afhendast öll opinber skjöl embættismanna, bréf og bækur, og því varð Landsbókasafnið nú að afhenda, ekki einungis biskupsskjalasafnið, sem það hafði haft til geymslu, heldur og margt annað bóka og skjala, sem því hafði áður verið gefið eða það — stundum dýru — verði keypt.

Á nefndarfundi 26. marzdag 1900 var fram lagt bréf frá landshöfðingja, dags. 21. febrúardag, með erindi frá landsskjalaverðinum, þar sem hann fór þess á leit, að í landsskjalasafnið yrðu látin öll skjöl, sem áður höfðu verið í skjalasöfnum einstakra embættismanna og þar áttu að réttu lagi heima, en nú voru komin í Landsbókasafnið. Beiddist landshöfðingi umsagnar nefndarinnar um málið. Er um mál þetta farið þessum orðum í fundabókinni:

»Þó að nefndinni yfir höfuð þætti ógeðfellt að gera svo mikinn glundroða í handritasöfnum Landsbókasafnsins, sem af þessari málaleitun mun leiða, ef henni verður gaumur gefinn, þá vildi hún þó eigi beint mæla á móti því, að landsskjalasafnið fái þau skjöl, er vitaulega eru komin úr skjalasöfnum einstakra embættismanna, úr því að sett hefur verið á fót sérstök stofnun til að varðveita slík skjöl og veita almenningi kost á að kynnst þeim, enda eru bæði söfnin, landsbókasafnið og landsskjalasafnið, þjóðarinnar eign. Vildi nefndin bera málið undir stiftisýfirvöldin og fela þeim að veita úrskurð á því. En með því að landsbókasafnið hefur keypt mörg þessara skjala dýru verði og þannig forðað þeim frá glötun, vildi nefndin láta þess getið, að hún vænti þess, að stiftisýfirvöldin sjái svo um, að landsbókasafnið fái einhverja þóknun síðar meir t. a. m. með aukinni fjárveitingu til bókakaupa.«

A »Skrá« þeirri, sem skjalavörður Jón Þorkelsson ritaði »um skjöl og 1000 skjalabækur í Landsbókasafni, sem eru eign Landsskjalasafnsins eða eiga heima þar eftir eðli sinu« standa þessi númer:

Í arkarbroti nr. 53, 61—74, 111—115, 153—164, 175; í fjögra blaða broti: 116—118, 248—253, 268, 337—339, 396—397, 411, 520, 561, 572, 591, 594, 607, 618, 653, 785—786, 792—793, 808—809, 813, 821, 846, 858; í átta blaða broti: 49, 82—85; enn fremur skjöl á skinni: fascic. XXIX. 1—6 og 10—19, XXX. 1, og úr safni því, sem keypt var til safnsins úr dánarbúi Jóns háyfirdómara Péturssonar nr. 2, 19, 22, 24—26, 37—38; enn fremur 9 skjöl á skinni frá Pingeyraklaustri (gjöf frá B. M. Ólsen) og loks úr safni Jóns Sigurðssonar í arkarbroti: nr. 9, 101, 131—132 og 136; í fjögra blaða broti: nr. 67 og 216.

Á fundi 28. maídag var svo lagt fram bréf frá stiftisýfirvöldum með innrituðum úrskurði landshöfðingja 18. apríldag um, að bókasafnið skyldi afhenda landsskjalaverði öll þau skjöl og bækur, sem upp voru talin á lista skjalavarðar, að undanteknum nr. 111—115 og 153—164. Voru skjölin síðan afhent Landsskjalasafninu og auk þess nokkur fleiri eftir munnlegri skipun landshöfðingja. Þau, sem safnið fékk leyfi til að halda, voru *uppköst* af embættisbréfum Steingríms biskups Jónssonar og Helga biskups Thordersens (111—115) og embættisskjöl Gríms amtmanns Jónssonar, sem einnig munu hafa verið *uppköst* ætluð honum sjálfum (nr. 153—164) og gefin höfðu verið safninu af Páli sagnfræðingi Melsteð, tengdasyni Gríms amtmanns.

Í lok þessa árs (1900) barst nefndinni bréf frá Jóni Ólafssyni um flokkmörkun (classification) bóka í Landsbókasafninu, þar sem hann býður nefndinni að semja við sig um borgun fyrir flokkmörkun á spjaldskránni, ef hún vilji að hann taki að sér það starf, eða að öðrum kosti, að hún fái einhvern annan til þess, kveðst hann að eins hafa tekið að sér skrásetninguna fyrir tiltekna borgun, en ekki flokkmörkunina, sem hann telur jafn mikið verk sem skrásetninguna, þótt hann reyndar játi, að nefndin »hafi óskað, að hann markaði efnisflokk á hvert spjald eða miða«. Urðu þær lyktir þess máls, að 3. apríldag næsta ár var gerður samningur milli H. Kr.

1900 Friðrikssonar fyrir Landsbókasafnsins hönd og Jóns Ólafssonar um flokkun og skrásetning á bókum og blöðum safnsins, og skyldi honum goldnir 8 aurar á hvert spjald fyrir skrásetning þess, en $4\frac{1}{2}$ eyrir fyrir flokkun eða $12\frac{1}{2}$ eyri fyrir spjaldið skrásett og flokkmarkað.

Á þessu ári voru nokkur handrit keypt, svo sem minjabók Ásgríms Hellaprests Vigfússonar, rimur af Sigurði Fornasyni og Jóni Leiksveini o. fl. og samþykkt kaup á nýjum útlendum bókum fyrir alt að 800 krónum. Þá var og fengið koparsignet (í stað togleðurs-stimpils, sem áður hafði verið notaður) handa safninu og á það grafið: Landsbókasafn Íslands og enn fremur útveguð viðaukaskrá undir nýjar bækur (Library accessions), bréfhæsa, og skápur yfir skrifborð skrásetjanda, og loks réðst nefndin í það stórræði á síðasta ársfundi sínum, 26. dag nóvemberm. 1900, að á kveða, að send skyldi stjórnnum Bókmentafélagsins ósk um, að fá keypt handritasöfn þess fyrir hæfilegt verð og með hæfilegum afborgunum (sbr. fskj. XXIII). Þetta stórræði, sem nefndin réðst í, var reyndar ekki hrein nýng, bæði hafði Pálmi Pálsson áður átt bréfaviðskifti um málið við þá verandi forseta Hafnardeildarinnar, Ólaf konferenzráð Halldórsson, og í kyrþey ýtt undir söluna — en þar syðra var megnið af handritasafni félagsins geymt og því mestar líkur mótspyrnu þaðan, — og svo hafði einnig af hálfu félagsins sjálfs á fundi Reykjavíkurdeildarinnar 9. og 18. d. marsm. 1895 komið til orða og verið samþykkt að selja Landsbókasafninu handritasafnið og síðan gerð tilraun sama ár til þess að fá fé úr landssjóði til handritakaupanna, ef samþykki Hafnardeildarinnar til sölunnar fengist, þegar Valtýr dócent Guðmundsson, þá verandi þingmaður Vestmanneyinga, bar fram á alþingi 1895 þá breytingartillögu við 13. gr. C. 1. d. í fjárlögunum að hækka styrkinn til Landsbókasafnsins úr 2500 kr. til bóka og handritakaupa upp í 12500 kr. hvort árið, til þess að keypt yrði handritasafn Bókmentafélagsins fyrir þessa 20 þús. króna hækkun og landssjóður síðan afhenti það Landsbókasafninu til geymslu og notkunar hér á landi. En þessi skynsamlega til-laga þm. Vestm.eyinga mætti daufum undirtektum í deildinni. Fjárlaganefnd sá sér ekki fært, þótt hún vildi, að veita féð sökum fyrirsjáanlegs tekju-halla á fjárlögunum, framsögumanni (Þórhalli Bjarnarsyni) virtlist safnið, 2000 bindi, fulldýrt á 20000 kr. og landshöfðingja óviðkunnanlegt, að lands-

sjóður væri svo sem að kaupa eign sína af sjálfum sér, með því að bæði 1900 Landsbókasafnið og Bókmentafélagið væru landsins eign, og vildi helst, að félagið léti öll handrit sín inn í Landsbókasafnið, ef þau væru þar betur geymd o. s. frv. Tillagan náði því ekki í þetta sinni fram að ganga, en nú var aftur, 5 árum síðar, hafizt handa með betra árangri, enda átti nú stjórnarnefnd safnsins sjálf frumkvæðið, en áður hafði hún ekki verið kvödd til þessara mála. Mun þegar hér á eftir verða skýrt frá, hvernig máli þessu reiddi af.

Á aldamótum (í lok ársins 1900) var fastasjóður Landsbókasafnsins orðinn 8000 kr., og var enn sem fyr ávaxtaður erlendis (innritunarskírteini 6600 kr. og $3\frac{1}{2}\%$ ríkiskuldabréf, Ltra E. 1400 kr.), en með því að þá voru liðin 15 ár frá stofnun Landsbankans og honum var svo vaxinn fiskur um hrygg, að hann varð að teljast örugg stofnun til að geyma fé og ávaxta það og gaf auk þess hærri vöxtu en hin konunglegu ríkisskuldabréf, þá af réð stjórnarnefnd safnsins á fundi 7. febrúardag 1901 að rita landshöfðingja 1901 um að fá breytt því ákvæði skipulagsskrár fastasjóðsins frá 20. maidegi 1856, að safnið skuli eiga sjóð sinn í konunglegum ríkisskuldabréfum, þannig, að honum megi verja í innlend bankavaxtabréf. Fyrir tilstilli landshöfðingja varð sú breyting ger á skipulagsskránni, er nefndin óskaði, og var sjóðnum síðan breytt í bankavaxtabréf í Landsbanka Íslands. Frumkvæði að þessari breytingu átti gjaldkeri nefndarinnar, Eiríkur Briem, enda var honum síðar á nefndarfundi (30. apríldag 1902) falið að semja viðauka við skipulagsskrána um ávöxtun sjóðsins.

Á sama fundi var lagt fram svarbréf frá stjórn Bókmentafélagsins upp á áður nefnt bréf nefndarinnar (fsk. XXIII.) viðvíkjandi kaupum á handritasöfnum félagsins. Í bréfi þessu býður hún Landsbókasafninu handritasöfn sín til kaups og eru tilboð hennar þrjú. Í fyrsta lagi, að andvirðið sé 18000 kr. borgaður út í hönd; í öðru lagi, að kaupverðið sé 20000 kr. og sé helmingur andvirðisins borgaður út í hönd, en hinn helmingurinn með 1000 kr. á ári; í þriðja lagi býður hún handritin fyrir 22000 kr. með 1000 kr. afborgun á ári, en kostnað allan við flutninginn og umbúðir skuli Landsbókasafnið borga. Samþykkt var á stjórnarnefndarfundi 11. marzdag 1901 að taka síðasta kostinum: að greiða 1000 kr. á ári í 22 ár vaxtalaust,

1901 og leita samþykkis stiftisyfirvaldanna til að gera þessi kaup fyrir safnsins hönd og mega leggja höft á nokkurn hluta af tekjum safnsins til árlegrar greiðslu fyrir handritin; enn fremur var á sama fundi samþykkt uppkast að bréfi um samþykkt á kaupunum til forseta Reykjavíkurdeildar Bókmentafélagsins. Á stjórnarfund Reykjavíkurdeildar 7. júlídag 1901 og degi síðar á aðalfundi deildarinnar tilkynti svo forseti deildarinnar, að kaupin væri samþykkt af stjórnarnefnd safnsins, með þeim hætti er nú hefur sagt verið. Mótspyrna þingsins var að síðustu horfin, og síðan hefur á fjárlögum verið árlega lagt 1000 krónum meira til bókakaupa og handrita en áður til hlutgreiðslu af þessari skuld safnsins, sem nú er bráðum lokið, með því að 18 hlutgreiðslur eru nú (1918) þegar greiddar.

Eins og áður hefur verið getið (166. bls.) var um aldamót byrjað að spjaldskrá bækur safnsins, er alþingi hafði veitt nokkurt fé til þess, fyrst (1899 og 1901) lítillfjórlegan styrk á liðnum til bóka og handrita kaupa, síðan riflegri styrk (1200 kr.) á sérstökum lið (1903) og loks frá 1909 1500 kr. á ári, þar til á þingi 1913, er þessum lið var blandað saman við fjárveitinguna til samningar handritaskrár og til hvorstveggja starfans veittar, fyrst 2000 kr. og síðan (1915) 2400 kr., enda var þá spjaldskrár samningu yfir bækur safnsins að mestu lokið, auðvitað að undanteknum árlegum viðbæti.

Þetta er ekki svo að skilja, sem ekkert hafi unnið verið að marki að skrásetning bóka (eða handrita) eftir daga Jóns Árnasonar og þar til er spjaldskráningin hófst. Að því verki var unnið ósleitilega af Pálma Pálssyni, meðan hann var starfsmaður við safnið; var hver bók skrifuð upp á miða og miðunum raðað í pappahylki eftir vísindagreinum og stafrófsröð. Þessu verki hélt svo eftirmaður hans, Jón Jacobson, áfram til aldamóta, er byrjað var að spjaldskrá og flokkmerkja ritauka safnsins, en Hallgrímur bóka-vörður Melsteð reit ritaukaskrárnar og bjó þær undir prentun, frá því er farið var að gefa þær út árlega, — en fyrsta skráin var prentuð 1888 um árið 1887, — og þar til hann andaðist haustið 1906. Voru þá komnar á prent ritaukaskrár safnsins frá 1887 til 1903 og skráin um 1904 fullger í handriti eftir Hallgrím. Tók þá Jón Jacobson við því verki og gaf út fyrir safnsins hönd skrárnar um árin 1904—1906 incl. í sama fjöggra blaða broti, með

sömu skiftingu í greinir og með sömu tilhögun sem áður; en með árinu 1907 skifti hann bæði um brot og niðurröðun og hefur hann síðan haldið verkinu fram alt til þessa dags í átta blaða broti og með þeirri efnisröðun, sem kend er við bókavörðinn Melvil Dewey (decimal classification = tuga-kerfisröðun) og notuð er við spjaldskrársamninguna. Ritauskákrár þessar ná þannig yfir frek þrjátíu ár og hafa orðið notendum safnsins að mjög miklu liði, og stuðlað drjúgum að meiri notkun safnsins en áður var. En nú mun þeim lokið fyrir fult og alt, með því að vart sýnist lengur ástæða til að leggja í þann kostnað, þar eð safnið er nú alt spjaldskráð og spjöldin komin í lestrarsalinn til afnota almenningi. Þá var og seðlarituninni þegar hætt um aldamót af sömu ástæðu, því að það var bersýnn tvíverknaður að halda áfram seðlarituninni, þegar byrjað var að spjaldskrá alt safnið.

Í sambandi við þetta skal þess einnig getið, að allmikið verk hefur einnig verið unnið eftir daga Jóns Árnasonar fyrir og við handritasöfn Landsbókasafnsins. Þannig var t. d. handritasafni Jóns Sigurðssonar öllu raðað upp af nýju, meðan Pálmi Pálsson var starfsmaður safnsins, með hliðsjón af afhendingarskránni, það sem hún náði, það tölusett og um það búið svo vel og með svo litlum kostnaði sem verða mátti. Og sama er að segja um handrit sjálfs Landsbókasafnsins, þau er Jón Árnason hafði ekki skrásett, og öll fornbréf í Biskupsskjalasafninu. Fornbréfin tók Pálmi öll og hreinsaði, pressaði þau, límdi undir fúna bletti í þeim og lagaði þau, svo að saman héldist, en þau, sem verst voru leikin, skrifaði hann upp orðrétt og stafrétt, áður en til þeirra var tekið, og fylgja þær uppskriftir hverju bréfi. Þessi bréf eru nú öll komin í Þjóðskjalasafnið, og nýtur það nú góðs af elju þeirri og rækt, sem þessum bréfum var sýnd af Pálma Pálsyni. Handritum sjálfs Landsbókasafnsins, þeim er Jón Árnason hafði ekki skrásett, og viðbæti þeim, sem safninu bættist árlega, raðaði Pálmi, meðan hans naut við, tölusetti þau og bjó til uppkast að skránum, en Hallgrímur Melsteð hreinskrifaði flest af uppköstunum í bækur. Að Pálma förnum frá safninu (1895) tók eftirmaður hans, Jón Jacobson, við þessu verki og hreinskrifaði hann þá um hrið einnig handritin í handritaskrárnar. Síðar tók við starfi þessu um nokkura mánuði dr. Björn Bjarnason frá Miðfirði, þar til er

1901 hann varð kennari við kennaraskólann, en að Hallgrími látnum varð Jón Jacobson bókavörður, en aðstoðarbókavörður Jón sagnfræðingur Jónsson, og síðan er lögin um stjórn Landsbókasafnsins öðluðust gildi (1907) og bókaverðir urðu tveir, auk landsbókavardar, hefur fyrri bókavörður jafnan haft þetta starf með höndum, fyrst Jón Jónsson (Jón Aðils), þar til er hann varð docent við háskóla Íslands, síðan dr. Guðmundur Finnbogason, þar til er hann einnig fór að halda fyrirlestra við sama skóla og síðan varð þar prófessor í heimspeki, og loks cand. phil. Árni Pálsson bókavörður, sem enn hefur starfa þenna á hendi. — Frá því er Jón Árnason bókavörður gaf út árið 1874 skrá sína yfir handritasafn stiftisbókasafnsins, sem náði yfir 117 nr. í arkar broti, 264 í fjöggra blaða broti og 158 í átta blaða broti, eða samtals 539 númer, hefur engin skrá verið prentuð, að undantekinni hinni prentuðu, ruglingslegu og mjög svo ófullkomnu skrá um handritasafn Bókmentafélagsins, þar til í ár (1918), að út er komið 1. hefti 1. bindis af »Skrá yfir handritasöfn Landsbókasafnsins, eftir skrásetjara safnsins cand. jur. Pál Eggert Ólason, er nær yfir 235 af tvíblöðungum safnsins. Nú eru handritasöfn safnsins orðin yfir 7000 númer alls og má því nærri geta, að hin brýnasta nauðsyn var orðin á, að byrjað væri á þessu verki, sem nú er hafið, því að hinar skrifuðu handritaskrár geta einungis að mjög litlu leyti bætt úr skortinum, með því að þær eru að eins lauslegt yfirlit yfir handritin, í þeirri röð, sem þau hafa komið til safnsins. Að vísu hefur á síðari árum bætt nokkuð úr skák uppkast það að efnisyfirliti, sem Hallgrímur sál. Melsteð bjó til á efstu árum sínum yfir handrit sjálfs Landsbókasafnsins, en bæði er það örstutt og ófullkomið og nær ekki lengra en fram um aldamót, svo að margt af því, sem safnið hefur að geyma í handritum, er enn þann dag í dag hulinn fjársjóður, eins og það hefur verið um langan aldur.

Árið 1901 kom enn fram krafa frá landskjalaverði um að fá nokkur handrit til Landskjalasafnsins úr Landsbókasafninu. Var ákveðið að svara samkvæmt þegar sömdum athugasemdum bókavardar, en fela að öðru leyti stiftisýfirvöldum úrslit málsins. Kröfur þessar frá Landskjalasafninu, hver ofan í aðra, höfðu þau áhrif á nefndina, að hún fór að gerast varkár um kaup ýmissa handrita. Þannig hafnaði hún jarðabók, sem henni bauðst til

kaups þá í byrjun ársins, frá 1896, með því að það var vitanlegt, að hún 1901
hafði áður tilheyrt sýslusafni og því líkindi til, að hún myndi síðar verða
heimtuð af landsskjalaverði til landsskjalasafnsins. Aftur á móti voru þetta ár
keypt ýms önnur handrit, svo sem ættartölur Geirs Vigfússonar, kvæðasafn
Daða fróða (eiginh. rit), almanök með veðurathugunum frá 1859—1900, veð-
urbækur séra Bjarnar Halldórssonar í Laufási frá 1854—1882, Napóleons-
saga Gísla Konráðssonar og Trúarsendiboða saga Dana eftir sama, kvæða-
safn Árna Hannessonar, afritun Skúla Sivertsens frá Hrappsey af Huldar-
sögu o. fl. Enn fremur var Birni skólakennara Jenssyni í marzmánuði þ. á.
falið að spyrjast fyrir hjá bróður sínum, Sigurði prófasti Jenssyni í Flatey,
um handrit og bækur Flateyjar framfarafélags, hvort fáanleg væru fyrir
sanngjarnt verð. Varð sá árangur þeirrar fyrirspurnar, að á nefndarfundum í
byrjun septemberm. s. á. var lagður fram listi yfir handrit þessi og í nóv-
embermánuði s. á. voru loks komnir tveir kassar handrita frá Flatey til
skoðunar fyrir nefndina samkvæmt beiðni hennar, flestra með hendi Gísla
Konráðssonar, en nefndin hafði heitið að gjalda sjálf flutningsgjald bókindanna
til Reykjavíkur, ef ekki yrði af kaupunum.

Sama ár var einnig keypt (úr dánarbúi cand. phil. Brynjólfs Kulds)
mynd sú af Sveinbirni rektor Egilssyni, er áður er um getið og Rudolf
Keyser hafði teiknað, er hann var hjá Sveinbirni á Bessastöðum, og enn
fremur samþykkt að kaupa rauðkrítarmynd af Páli rektor Hjalmarssyni eftir
Sæmund Magnússon Hólm.

Vanskil á prentmáli frá prentsmiðjunum vildu enn við brenna sem oftár.
Þannig fann stjórnarnefndin sig knúða til í marzmánuði þ. á. að fara fram
á sektir á hendur prentsmiðjunni á Seyðisfirði (Þorst. G. Skaftasonar) sam-
kvæmt prentsmiðjulögunum 1886 og sömuleiðis samþykkti nefndin einnig í
nóvembermánuði s. á. að snúa sér til landshöfðingja á þann hátt að fá
með sektarákvæði Félagsprentsmiðjuna í Reykjavík neydda til að skila þýð-
ingu Einars skálds Benediktssonar á »Per Gynt« (Péttri Gaut) eftir Henrik
Ibsen, sem prentsmiðjan hafði þverskallast við að láta af hendi, að líkind-
um til að flýta fyrir sölu á bókinni, meðan hún var ný af nálinni, því að
upplag var örlítið (30 eintök), en bókin dýr (100 kr.).

1901 Sigfús bóksali Eymundsson, sem hafði haft útvegum á öllum erlendum timaritum slepti í lok þessa árs (1901) því starfi, og var það falið Jóni Ólafssyni eftir munnlegu tilboði frá honum. Þá var og samþykkt í nefndinni fyrir á árinu, að allar nýjar bækur skyldu fyrst ganga gegn um hendur Jóns Ólafssonar til flokkmörkunar; en þetta þarfa ákvæði varð ekki framkvæmt, þegar fram í sótti, vegna þess að ekki var unnið að staðaldri að skrásetningunni, en bækurnar urðu að komast sem fyrst í band og til almenningsnota. Í marzmánuði þess árs hafði nefndin falið Eiríki Briem að athuga skrásetningarstarf Jóns Ólafssonar. Þá hafði einnig formaður nefndarinnar í bréfi, dags. 16. júlí d. s. á., ritað fjárlaganefnd neðri deildar alþingis og sótt um 500 kr. hækkun (úr 4000 kr.) á landssjóðstillagi um árin 1902 og 1903 til aukningar spjaldskrárféna, sem áður var 600 kr. og til afritana skjala og handrita og í sambandi við þessa umsókn mun það hafa staðið, að nefndin á fundi 3. september d. s. á. samþykkti að veita cand. mag. Guðmundi Þorlákssyni, sem farinn var að afrita í safninu skjöl og handrit, 800 kr. árslaun frá ársbyrjun 1902. Þingið veitti góðfúslega þær 500 kr., sem um var beðið, í fjárlögunum, þótt ekki væri afritunarinnar getið í þeim útgjaldalið.

1902 Árið 1902 þ. 6. d. marzmánaðar samþykkti stjórnarnefndin á fundi, að rita skyldi stiftisýfirvöldunum bréf og þau beðin að hlutast til um við æðri stjórnarvöld, að prófessor Willard Fiske í Flórens yrði sæmdur riddarakrossi danebrog-orðunnar fyrir stórkostlegar bókaþjafir til safnsins. Í bréfi þessu (dags. 10. s. m.) farast nefndinni svo orð:

»Hinum virðulegu stiftisýfirvöldum mun kunnugt, að síðan 1879, er herra prófessor W. Fiske, frá Cornell University í Ameríku, kom hingað til lands og kyntist þjóð vorri og mentastofnunum hennar, þá hefur hann hvað eftir annað sent bókasöfnum landsins, sérstaklega söfnunum hér í Reykjavík, stórkostlegar bókaþjafir og sýnist vera óþreypandi í að auðga söfn vor; einkum hefir hann sent Landsbókasafninu fjölda af dýrmætustu bókum og fáséðum, sérstaklega alls konar taflbókum, enda mun safnið nú orðið auðugast allra bókasafna á Norðurlöndum í þeirri grein — alt gjafir frá honum; samtals hefir hann gefið Landsbókasafninu um 1500 bindi. Auk þessa hefur hann stofnað suður í Firenze, þar sem hann á nú heima, eitthvert hið allra fjölskrúðugasta og vandaðasta safn islenzkra bóka, er hann ætlar að gefa Cornell-háskóla eftir sinn dag, ásamt eigum sínum, sem eru stórmiklar, og með því ákvæði, að þar sé jafnan við bókasafnið

íslenzkur fræðimaður; enn fremur má geta þess, að hann hefur gefið út mjög svo vand- 1902
aða skrá yfir íslenskar bækur prentaðar á árunum 1578—1844.

Af téðum ástæðum hefur stjórnarnefnd Landsbókasafnsins samþykkt á fundi 6. p. m. að biðja hin virðulegu stiftisyfirvöld, yfirstjórnendur safnsins, að fara þess á leit við æðri stjórnarvöld, að þeim megi þóknast að sæma herra prófessor W. Fiske riddara-krossi dannebrogssorðunnar, og væntir nefndin þess, að hann verði talinn í alla staði maklegur þeirrar sæmdar.

Krossinn fékk próf. Fiske, en naut hans ekki lengi, því að hann andað-ist í Frankfurt am Main í Þýzkalandi þ. 17. septemberd. 1904. En bréf það, sem hér er orðrétt upp ritað, frá nefndinni til stiftisyfirvalda, mun vera hið síðasta, sem Halldór sál. Friðriksson undirritaði fyrir nefndarinnar og safns-ins hönd, því að hann átti þá aðeins 13 daga ólifaða. Hann lézt 23. marzd. 1902 á 83. aldurs ári¹⁾ og hafði þá setið lengur í stjórnarnefnd en nokkur annar fyrir hans daga og eftir, eða yfir 53 ár,²⁾ og verið formaður nefnd-arinnar í frek 24 ár.³⁾ Safninu var hin mesta eftirsjá í þessum manni, því að hann hafði um langan aldur unnið því með þeim ötulleik, þeirri ósér-plægni og því heilbrigða hyggjuviti, sem einkendu hann svo mjög um langt og dæðrikt æfiskeið í óvenjulega margbrotnum verkahring. Hann kom víða við í lífinu, en hvergi fyrir fordildar sakir, alstaðar heill og áriðamikill, hvergi hálfur eða sérhlífinn. Honum svipaði meira til fortíðarmanna, þeirra, »er sálir áttu settar stáli«, en til nútíðar kynslóðar, enda var hann svo heppinn að hafa fengið í vöggugjöf það samræmi í hugsun, vilja og krafti, sem skapar dygd og trygd í lífi og drengilega minning að manni látnum. Safnið mun lengi bera minjar Halldórs Kristjáns Friðrikssonar, meðal ann-ars í öllum þeim bókum íslenzkum frá 16. og alt fram á 19. öld, sem hann safnaði í löngu lífi og síðan seldi safninu við mjög vægu og sanngjörnu verði, því að ekkert gat verið skapi hans fjær en að gera sér nokkuð það — hvort heldur safnið eða annað — að fépúfu, sem honum var trúað fyrir.

Að Halldóri látnum skrifuðu stiftisyfirvöldin 7. apríldag stjórnarnefnd-

1) fæddur 27. nóvemberd. 1819.

2) skipaður nefndarmaður af stiftisyfirvöldum 16. nóvemberd. 1848.

3) kosinn formaður 15. febrúard. 1878.

1902 inni bréf og skoruðu á hana að kjósa sér formann til bráðabirgða í stað hins látna formanns og velja mann í hið auða sæti í nefndinni. Út af þessu hélt nefndin fund 9. apríldag, og skýrir hún svo frá í bréfi til stiftis- yfirvalda daginn eftir, að hún hafi kosið formann í nefndina til bráðabirgða, Pálma Pálsson skólakennara, og leggi til, að í hið auða sæti í nefndinni verði skipaður Guðmundur dósent Magnússon. Þá getur nefndin þess einnig í bréfinu, að á sama fundi hafi verið rætt um að fjölga nefndarmönnum um tvo (úr 5 upp í 7), því að með þeim hætti verði auðið að skipa lög- fræðing í nefndina auk skjalavarðar dr. Jóns Þorkelssonar, sem myndi geta orðið nefndinni að góðu gagni í því er snerti íslensk fræði. En ástæðan til þess, að nefndin hreyfði þessu máli, var sú, að henni hafði borizt bréf með undirrituðum 29 manna nöfnum, sem óskuðu að dr. Jón Þorkelsson skjala- vörður yrði kosinn í stjórnarnefnd safnsins. Skjal þetta lét nefndin fylgja béli sínu til stiftisyrivalda. Lauk þessari málaleitun svo, að stiftisyrirvöldin veittu með bréfi, dags. 23. apríldag, leyfi til fjölgunar nefndarmanna um tvo, og var á nefndarfund 30. apríld. samþykkt að kjósa þá Kristján Jóns- son dómstjóra og Jón Þorkelsson landsskjalavörð og það tilkynt stiftisyrir- völdum í bréfi nefndarinnar dags. 2. maídag s. á. Að síðustu var svo 9. júnídag haldinn fundur í nefndinni og þá kosinn (að fullu) formaður nefnd- arinnar Pálmi adjunkt Pálsson, sem verið hafði skrifari hennar síðan Jón rektor Þorkelsson fékk lausn frá nefndinni; í hans stað var kosinn skrifari Jón Þorkelsson, en Eiríkur dósent Briem hafði fêhirðisstörfin, sem mörg undanfarin ár.

Á þessu ári stóð enn í nokkuru stimabraki milli nefndarinnar og lands- skjalavarðar út af afhendingu ýmissa handrita, einkum úr hinu nýkeypta (1901) handritasafni Bókmentafélagsins, til Landsskjalasafnsins. Nefndin við- urkendi að visu, að flest handritin ættu fremur heima í Landsskjala- en Landsbókasafninu, en áleit hins vegar rétt, að Landsskjalasafnið greiddi að réttum hluta fé fyrir þau handrit, sem það þannig eignaðist úr Landsbóka- safninu, sem nú væri byrjað að kaupa handrit þessi ærnu verði af Bók- mentafélaginu, og skoraði nefndin meira að segja á stiftisyrirvöld í bréfi dags. 1. maídag s. á. að hlutast til um, að Landsskjalasafnið léti af hendi endurgjaldslaust til Landsbókasafnsins þau handrit í skjalasafninu, sem ekki

virtust eiga þar heima, svo sem ættartölu séra Jóns Steingrímssonar, sær- 1902
ingarformála og skinnbókarbrot. Síðan hefur Þjóðskjalasafnið afhent Lands-
bókasafninu það lítið, sem því hefur áskotnast frá opinberum stöðum af
blöðum og handritum, sem ekki hefur átt heima í skjalasafninu, en um
endurgjald frá því til Landsbókasafnsins fyrir handrit afhent því úr hand-
ritasafni Bókmentafélagsins eða annars staðar að, hefur aldrei verið að ræða,
enda rénaði nú smám saman handritausturinn þangað, eftir því sem færra
varð handrita, sem það gæti gert tilkall til.

Á þessu ári voru keyptar nokkurar prentaðar bækur geymdar í skjala-
safninu, að fengnu leyfi stiftisyrivalda, með því að þær voru kirknaeign.
Þá voru þau einnig beðin að sjá um, að hið ágæta eintak kirkjuunnar á
Hálsi í Fnjóskadal af Guðbrandsbiblíu, gefið kirkjunni af Guðbrandi sjálfum
og með áritun hans, yrði afhent bókasafninu. Safnið bauð 250 kr. í biblí-
una, því að hún væri »bezt eintak hér á landi«, og kvað það síðar ekki
hafa verið þrautaboð. Biskup skrifaði prestinum á Hálsi og lagði svo fyrir,
»að hann mætti með engu móti láta bókina fara eða selja hana nokkurum
útlendum manni, með því að hún ætti að komast á Landsbókasafnið, svo
framarlega sem það sæi sér fært að gefa það verð fyrir hana, er kirkjan
væri sæmd af«. En svo er að sjá, sem prestur hafi misskilið orð biskups
og skoðað 250 kr. boð nefndarinnar sem hennar síðasta boð, því að það
fréttist síðast til biblíu þessarar, að hún hefði »á úthalli sumars« árið 1903
verið seld Englendingi. Tilraunir nefndarinnar að fá biblíuna aftur frá út-
löndum reyndust, eins og við var að búast, árangurslausar.¹⁾

Á þessu ári voru ýms handrit keypt til safnsins, svo sem Frísbók og
Biskupaæfir Jóns Halldórssonar, rímur eftir Daða Nielsson, eiginhandrit af
æfisögum Gísla Konráðssonar og Sigurðar Breiðfjörðs, enn fremur *handrita-
safn séra Friðriks Eggerz*, sem Jón Jacobson, fyrir hönd eins af sonarson-
um séra Friðriks, seldi safninu fyrir 240 kr., merkilegt safn um 30 númer,
einnig nokkur handrit úr dánarbúi H. Kr. Friðrikssonar, þar á meðal
barnalærdómskver eftir séra Hjálmar Guðmundsson; enn fremur Syrpa

1) Biblíu þessi er nú loks, árið 1919, endurfengin og komin í eign Þjóðminjasafns
Íslands.

1902 séra Fr. Eggerz í afriti eftir Skúla Sivertsen, enn fremur tvö handrit eftir séra Friðrik Eggerz, keypt af dóttur hans frú Elinborgu Christiansson á 110 kr., niðurlag og viðauki við ættartölubók Ólafs Snóksdalins (af Hannesi skjalaverði Þorsteinssyni) og kirkjusöguhandrit með hendi Jóns Espólins, og enn voru fleiri handrit keypt á þessu ári, sem hér eru ekki talin. Þá var og formanni nefndarinnar á hendur falið að semja um kaup á handritasöfnum Flateyjar framfarastofnunar og Jónatans bónda Þorlákssonar á Þórðarstöðum. Gerði formaður við Sigurð prófast Jensson í septembermánuði þ. á. svo feldan bráðabirgðasamning um kaup á handritasafni Flateyjar framfarastofnunar, að Landsbókasafnið keypti þetta safn á 800 kr. og skyldi upphæðin greiðast með 100 kr. árlegri afborgun um 8 ár, og voru sölu-kostir þessir samþykktir af Flateyjarstofnuninni á öndverðu næsta ári. Þá voru og á þessu ári, að fengnu samþykki biskups, afhent Landsbókasafninu til geymslu af biskupsdæminu hin merku rit: Jespersens Graduale frá 1573 og eintak þess af »Kongeloven« 1665 og loks »Flora Danica«, sem að líkindum er sama eintakið, sem afhent var Steingrími biskupi til bráðabirgða. Þá voru enn keyptar úr dánarbúi H. Kr. Friðrikssonar 73 fornar bækur islenzkar fyrir 260 krónur og annaðist formaður nefndarinnar þau kaup fyrir safnsins hönd. Loks var á síðasta fundi nefndarinnar á þessu ári (30. desemberdag 1902) samþykkt að kaupa handrit og bækur af séra Þorvaldi Bjarnarsyni á Mel í Miðfirði fyrir 412 kr. og var í því kaupi meðal annars hin fágæta útgáfa af Grallaranum frá 1594.

Eins og áður er að vikið, hafði Reykjavíkurdeild Bókmentafélagsins komið bókum sínum prentuðum, sem ekki voru forlagsbækur, fyrir til geymslu í Landsbókasafninu, en nú var þeim með bréfi frá nefndinni til deildarinnar, dagsettu 11. júlídag, vísað burt úr bókasafninu vegna þrengsla, ef deildin þá ekki kysi heldur að gefa þær safninu eða selja við vægu verði. Deildin kaus síðasta kostinn og voru bækurnar næsta ár, að undan gengnu samþykki deildarfundar, seldar safninu fyrir 200 kr., en svo höfðu þeir Pálmi Pálsson og Jón Jacobson metið þær handa safninu.

Þá var og á þessu ári ítrekað ákvæði nefndarinnar um að flokka og spjalðskrá alla prentaða viðauka við safnið frá ársbyrjun 1901. Einnig voru prentaðir seðlar til álimingar á handrit safnsins og skýrði formaður svo

frá á nefndarfundi 15. septemberdag 1902, að hann og Jón Jacobson hefðu 1902 raðað öllu handritasafninu upp af nýju á því sumri, og mun formaður hafa unnið það verk endurgjaldslaust í þágu safnsins.

Nefndin hafði hingað til ekki skift frekar verkum með sér en svo, að einn var formaður, annar skrifari, þriðji gjaldkeri. En nú bar formaður á nefndarfundi 9. júlídag fram tillögu um, að nefndarmenn skiftu með sér verkum í vali bóka eftir visindagreinum þannig, að Eiríkur Briem tæki að sér heimspeki, hagfræði og uppeldisfræði, Þórhallur Bjarnarson guðfræði, sagnfræði, skáldskap og listir, Björn Jensson stærðfræði, stjarnfræði og náttúruvísindi, Guðmundur Magnússon læknisfræði, þjóðfræði og landafræði, Kristján Jónsson lögfræði og stjórnsfræði, Jón Þorkelsson íslensk fræði og hann sjálfur (Pálmi Pálsson) málfræði og goðafræði m. fl. Var tillaga þessi samþykkt þá þegar á fundinum. Á þessum fundi var einnig lagt fram frumvarp eftir Eirík dósent Briem til viðauka við skipulagsskrá safnsins, er áður hefur verið getið, og var það samþykkt í einu hljóði. Var svo þessi viðaukastofnskrá frá 16. d. júlím. þ. á. staðfest af konungi 27. d. nóvemberm. s. á. og tilkynning um það í bréfi stiftisýfirvalda 28. febrúardag 1903 framlögð á fundi nefndarinnar 8. apríldag 1903, og var þegar á þeim fundi samþykkt að selja hin konunglegu ríkisskuldabréf og kaupa bankavaxtabréf í þeirra stað, og Eiríki Briem falið að annast það.

Á nefndarfundi þeim, 9. d. júlím. 1902, sem nú var getið, var lögð fram skrá yfir handritasafn Jóns landsskjalavarðar Þorkelssonar til athugunar fyrir nefndarmenn, sem hann bauð safninu til kaups á 10 þús. krónur. Var ekkert afráðið um kaup á þeim fundi, en á næsta fundi voru þeir kosnir Eiríkur Briem, Pálmi Pálsson og Þórhallur Bjarnarson til að »yfirskoða« handritasafnið. Á næsta fundi (20. októberd. 1902) var enn frestað atkvæðagreiðslu um handritakaupin til næsta fundar, en á þeim fundi, 17. nóvemberdag, var loks gengið til atkvæða og kaupin feld með 4 atkv. gegn 2 (atkvæði formanns og annars nefndarmanns).

Á oft nefndum fundi, 9. júlíd. 1902, var enn fremur lagt fram svarbréf frá stiftisýfirvöldunum, dags. 5. s. m., upp á beiðni nefndarinnar í bréfi, dags. 26. júníd. s. á., sem veitti henni leyfi til að gefa amtsbókasöfnunum kost á að fá ókeypis það af útlendum tvitökum safnsins, er þau girntust, en af-

1902 gangurinn skyldi seldur á opinberu uppboði eða boðinn útlendum bóksala. Var fljótlega við brugðið, amtsbókasöfnunum norðan, austan og vestan skrifað og þeim gefinn kostur að velja úr tvítakaskránni. Fengu söfnin austan og vestan ekki allfáar bækur úr skrá þessari endurgjaldslaust að öðru en því, að þau kostuðu flutning bókanna úr Reykjavík vestur og austur, en amtsbókasafnið á Akureyri varð af tilboðinu, með því að það hafði ekki svarað ítrekaðri áskorun um, hvers það óskaði af bókunum, og þögn þess skoðuð svo sem það vildi ekkert af bókunum hafa.

Haldið var enn fram á þessu ári afritun bréfabókar Brynjólfs biskups Sveinssonar og samþykkt, að afritarinn, Guðmundur Þorláksson, skyldi frá 1. janúard. 1903 vinna eftir samningi þannig, að honum skyldi greiða 1 krónu fyrir hvert blað í arkarbroti í frumbókinni, en afritunin var, eftir beiðni Guðmundar sjálfs, skrifuð í fjögurra blaða broti.

Þá var og á nefndarfundum í júlímánuði lagt fram bréf frá stiftisýfirvöldum, dagsett 21. júnídag, um reglur og ákvæði um skifti og afhending skjala og handrita milli Þjóðskjalasafnsins og Landsbókasafnsins, með því að oft hafði, sem eðlilegt var, viljað verða ágreiningur milli málsaðilja um það efni.

Loks var á síðasta nefndarfundum á árinu, 30. dag desemberm., samþykkt sú breyting á verkaskiftum milli Hallgríms Melsteðs og Jóns Jacobsonar, að »yfirbókavörðurinn hefði framvegis aðallega á hendi útlán við bókasafnið, framlagning bóka í lestrarsal þess og hefði í heild sinni umsjón með lestrarsalnum, allt eftirlit með bókapöntunum, að þær sé í svo góðri reglu sem framast er auðið, hefði á hendi samning ritaukaskrár, svo sem að undanförmu, og að sjálfsögðu alla yfirumsjón með safninu og öllum þeim verkum, sem þar eru unnin og eru í þess þágu, en aðstoðarbókavörðurinn hefði umsjón með handritum og bandi á bókum og skrásetning bóka jafnóðum og þær berast að, með öðru því fleira, er formaður nefndarinnar segir nánar fyrir um«. Í sambandi við þessa breyting skal þess getið, að Hallgrímur Melsteð hafði beðið um, að laun sín yrðu hækkuð á næsta fjárhagstímabili (1904 og 1905) úr 1500 kr. upp í 2000 kr., og hafði nefndin samþykkt að mæla með beiðni Hallgríms með því skilyrði, að safnið (ö: lestrarstofa þess) yrði opið frá 12—3 og 5—8 eða 6 stundir hvern virkan dag frá árs-

byrjun 1904. Þá hafði og nefndin fleiri útgjaldahækkanir á þrjónunum, 1902 en fjárhagur safnsins var þröngur og því var það, að hún í löngu bréfi til stiftisyrivalda, dags. 8. desemberm. 1902, bar fram þær tillögur um fjárveitingar til Landsbókasafnsins á fjárhagstímabilinu 1904—1905, að laun bókavarðar yrðu 2000 kr. hvort árið, til aðstoðarmanns veittist 900 kr., til bóka- og handritakaupa 5500 kr., til bókbands 1200 kr., til samningar spjaldskrár 1200 kr., til afskrifta 800 kr., til ritaukaskrár 200 kr., til eldiviðar, áhalda o. fl. 500 kr., til brunaábyrgðargjalds fyrir safnið 300 kr., eða samtals 12600 kr. Astæður fyrir þessum tillögum færði nefndin í löngu máli og eru þessar helztar. Um hækkun bókavarðarlauna getur hún áður nefnds skilyrðis, að bókavörðurinn sé 6 stundir daglega í safninu, en kvöldvinna hans verði einungis umsjón í lestrarsal safnsins, svo að menn geti fengið að lesa þar áður áskildar (pantaðar) bækur, og sé þetta nýmæli aðallega gert vegna iðnaðarmanna, verzlunarmanna og annara starfsmanna, sem ekki hafa miðjan daginn frjálsan. Fjárveitingin til aðstoðarbókavarðar haldist óbreytt, með því að hann hafi »eigi óskað breytingar á henni«. Fyrir 1000 kr. hækkun til bókakaupa og handrita, bókbands, ritaukaskrár og spjaldskrár færir nefndin góð og gild rök. Hækkunin væri jafnvel stórum of lítil, þó að hún væri að eins ætluð til þess að kaupa bækur og handrit, hvað þá, eins og nú væri ástatt, þegar 4100 kr. gengju til spjaldskrár, afritunar, bókbands, ritaukaskrár og afborgunar handrita Bókmentafélagsins (1000 kr.) og Flateyjarsafnsins (100 kr.). Yrðu þá eftir einar 400 kr., eða lítið meira en fyrir útlendum árlegum tímaritakaupum; fé vanti til framhalds merkisritum, sem safninu hafi áður fénazt, og safnið hafi neyðzt til að kaupa handrit á frest, þótt upphæðin hefði aðeins verið nokkur hundruð króna, og nú liggi einnig við borð kaup á fornbókum og handritum frá séra Þorvaldi á Melstað og handritasafni Jónatans Þorlákssonar á Þórðarstöðum. Í lok bréfsins minnst nefndin að síðustu á miðstöðvarhitunarmálið og kveður það einróma álit nefndarinnar, að *miðstöðvarhitun og raftýsing* sé bráðnaðsynleg í þinghúsinu, ekki síður bókasafnsins vegna en annara hluta, og þessa skoðun sína árétta hún með bréfi, dags. 8. janúardag 1903, til stiftisyrivalda, er hún sendir þeim áætlun Gísla Finnssonar 1903 járnsmiðs um kostnað við lagning miðstöðvarhitunar í alþingishúsið og aðra

1903 frá Eyjólfí úrsmið Þorkelssyni um kostnað við raflýsingaráhöld í húsið. Miðstöðvarhitunina telja þeir, eins og í fyrra bréfinu, bráðnaðsynlega, með því að bækur safnsins liggi undir skemdum, sakir raka og fúa; en með raflýsingunni mæla þeir sakir ánægju þeirrar og eldtryggingar, sem af henni leiði, en safnið var að eins votrygt fyrir 120 þús. króna, vitanlega að eins smáræði á við tjónið, ef brynni. Þá telur nefndin einnig ódýrast að gera bæði verkin í einu og svo mætti einnig leigja ljóskraft í önnur hús t. d. Iðnaðarmannahúsið. Með bréfinu fylgdu einnig tveir uppdrættir af alþingishúsinu, er nefndin segist hafa »látið gera eftir frumuppdráttunum til athugunar og áhalds fyrir stjórnarvöldin«.

Stjórnin hafði í frumvarpi því til fjárlaga, sem hún lagði fyrir alþingi 1903, dregið talsvert úr ýmsum þeim fjárupphæðum, sem nefndin hafði lagt til að safninu yrðu veittar (353—4 bls.). Hún hafði að visu ætlað bóka-verðinum, sem nefndin, 2000 kr. í laun, en klipið 1 stund af vinnutíma hans, sem nefndin hafði áskilið; bóka og handritaliðinn hafði hún lækkað um 2000 kr., svo að hann var í stjórnarfrumvarpinu kominn niður í 3500 kr., spjaldskrárliðurinn var lækkaður um þriðjung, niður í 800 kr., bókbandið um 200 kr., en brunaábyrgðargjaldið eitt hækkað um 60 kr. frá því, er nefndin hafði áætlað. Það var því engin furða, þótt nefndin þættist hart leikin, enda kvartaði hún sáran í bréfi til fjárlaganefndar neðri deildar alþingis, dags. 7. júlídag þ. á., út af niðurfærslunum og lýsti megnri óánægju yfir, að stjórnin hefði virt miðstöðvarhitun og raflýsingu alþingishússins að vettugi. Einnig lét nefndin umsögn fylgja erindi frá Jóni Ólafssyni til fjárlaganefndarinnar út af niðurfærslunni á spjaldskrárliðnum. Þessu stímaþraki milli nefndar, stjórnar og alþingis lauk að síðustu svo, að alþingi samþykkti í fjárlögunum um 1904 og 1905 til bókavardar 1800 kr., til aðstoðarmanns 900 kr. (sem áður), til bókakaupa og handrita 5000 kr., til bókbands 1000 kr., til spjaldskrársamningar (eftir reikningi) 1200 kr., til afskrifta (eftir reikningi) 800 kr., til prentunar á ritaukaskrá 200 kr., til eldiviðar og áhalda m. m. 500 kr. sem fyr. og 360 kr. í brunaábyrgðargjald fyrir safnið. Athugasemdin neðan við 14. gr. A. 1. lið um vinnutíma bókavardar, 5 stundir á dag, hélzt hin sama sem í stjórnarfrumvarpinu að öðru leyti en því, að kvöldstundirnar voru settar 6—8 (í stað 5—7) og við það sat, þar

til er Jón landsbókavörður Jacobson, ótilkvaddur og af sjálfsdáðum, lengdi 1903 lestrarsalstímann um 1 kl.stund (12—3 og 5—8), þegar Landsbókasafnið hafði flutzt í sitt eigið hús, haustið 1908.

Eins og áður var um getið, hafði nefndin hafnað boði Jóns skjalavarðar Þorkelssonar, að kaupa handritasafn hans fyrir 10 þúsund krónur, en á alþingi 1903 kom fram breytingartillaga við fjárlögin í neðri deild þess efnis, að landið keypti handritasafn dr. Jóns fyrir 10 þús. krónur, er greiðast skyldu árið 1904. Fjárlaganefndin og landshöfðingi lögðust að visu á móti tillögunni, svo að hún náði ekki fram að ganga, þrátt fyrir meðmæli þeirra Finns próf. Jónssonar og Pálma adjunkts Pálssonar, sem þá lágu fyrir þinginu, en með því að sama þing hafði aukið talsvert tillagið til handrita og bókakaupa, og þar sem eigandi handritasafnsins síðar slakaði til á verðinu, þá fóru svo leikar, að þeim Eiríki Briem og Þórhalli Bjarnarsyni var á nefndarfundi 19. septemberd. 1903 falið að sjá um kaup á handritasafni dr. Jóns fyrir árslok 1903, og endirinn varð sá, að á fyrsta fundi nefndarinnar í ársbyrjun 1904 (20. janúardag) var upp lesið bréf til stiftisyrvalda um samþykkt á kaupum á handritasafninu og uppkast að kaupsamningi um það efni. Kaupverðið var 8000 kr. og skyldi leitað samþykkis stiftisyrvalda til, að nefndin fyrir hönd Landsbókasafnsins gengi í ábyrgð fyrir láni í Landsbankanum með hlutgreiðslum og vöxtum, er dr. Jón tæki upp í það af andvirði handritasafnsins, sem honum væri þá þegar ekki greitt, þar til lánsgreiðslunni væri að fullu lokið. Í beiðni nefndarinnar til stiftisyrvalda á sama fundi um að mega kaupa handritasafnið fyrir 8000 kr. tekur hún það fram, að það sé það verð, »er alþingi 1903 þótti hæfilegt, og jók tillagið til safnsins um 500 kr. á ári beint til þeirra bríða«. Var mál þetta auðsótt við stiftisyrföldin, kaupsamningur gerður milli nefndarinnar og dr. Jóns Þorkelssonar og lánið tekið í Landsbankanum á ábyrgð nefndarinnar. Var þannig enn af nýju hér farin lánsleið og hlutgreiðslu, með því að fé vantaði til greiðslu skuldarinnar, og var láni þessu ekki lokið fyr en 4. dag marzmánaðar 1911, er Jón landsbókavörður Jacobson greiddi Landsbankanum fyrir safnsins hönd síðustu hlutgreiðslu þess, en þær voru 1000 kr. á ári, en síðustu hlutgreiðslu af skuld safnsins fyrir handritasafnið frá Flatey, sem var 100 kr. á ári, greiddi landsbókavörður árinu áður, 15.

1903 ágústd. 1910. En elzta hlutgreiðsluskuldin, 1000 kr. á ári til Bókmentafélagsins fyrir handritasafn þess, verður ekki að fullu greidd fyr en árið 1922, með því að það safn var keypt upp á hlutgreiðslur í 22 ár. Slikar hlutgreiðsluskuldir eru stundum óhjákvæmilegar, þegar þröngt er í búi, eins og jafnan hefur viljað vera hjá safninu, en óþægilegur baggi eru þær á fjárhag þess og varúðarverður, því að hann gerir fjárhaginn glæsilegri á pappírnum, en hann í raun og veru er, árlegt tillag til bókakaupa og handrita minna en sýnist, þegar þúsundir króna ganga til að greiða skuldir fortíðarinnar; þegar svo sparnaðurinn verður efst á haugi hjá fjárveitingarvaldinu, þá er hætt við, að stundum gleymist að greina, hvað sé í skuld af þessu fé og hvað sé nothæft til nýrra kaupa á bókum og handritum.

Á fyrsta nefndarfundinum árið 1903 (8. apríldag) voru þeir Kristján dómstjóri Jónsson og Guðmundur dósent Magnússon kosnir endurskoðendur reikninga safnsins og gerðu þeir í lok ársins þá athugasemd við ársreikninginn um árið 1902, að þeim þætti band á timaritum safnsins fremur dýrt og gjald fyrir ræsting heldur hátt. Á sama fundi var einnig samþykkt að kaupa kvæðahandrit frá 18. öld fyrir 25 kr., þá voru og keyptar af séra Ólafi Ólafssyni á Staðarhóli margar »líkprédikanir og lífshistoriur« frá 18. öld fyrir 20 kr., enn fremur samþykkt að bjóða 25 kr. í handrit skrifuð af séra Sigurði Sivertsen. Meðal samþyktra handritakaupa á árinu var frumrit Eggerts Ólafssonar að brúðkaupsrollu hans til Bjarna Pálssonar landlæknis. Alls voru á þessu ári keypt handrit af ýmsum og víðs vegar að fyrir um 330 kr., þar á meðal 9 handrit af Lynge bóksala í Kaupmannahöfn fyrir 105 kr. En því miður virðist hafa gengið úr greipum nefndarinnar eitthvað, og ef til vill talsvert, af handritum eftir Jón Espólin og úr eigu hans, þrátt fyrir allar tilraunir hennar að bjarga því til safnsins. Nefndin hafði þegar í júlímánuði 1902 ritað séra Jónasi Hallgrímssyni á Kolfreyjustað og beðið hann að hlutast til um, að safnið gæti fengið að vita deili á skrá yfir og kaupakost á handritasafni því, sem dóttir séra Hákonar Espólins, gift í Fáskrúðsfirði, hafði fengið í arf eftir föður sinn, en í því væri margt eftir Jón Espólin og úr hans eigu. Bréf þetta áréttaði svo nefndin með nýju bréfi ári síðar (8. júlí. 1903) til séra Jónasar, og bað um, að safnið yrði sent

hingað suður til athugunar, og kvað það vera »í eigu þeirra Brimnesshjóna«. 1903
Þá kom loks í septembermánuði bréf frá séra Jónasi þess efnis, að Arni bóndi Torfason á Brimnesi hefði farið með öll handritin til Vesturheims þá um vorið 1903, en skilið eftir nokkurar prentaðar bækur, er bréfið skýrði frá. Svo fór um sjóferð þá, og skall þar hurð nærri hælum, en veiðurin skrápp úr greipum nefndarinnar. Þetta ár voru keyptar ýmsar prentaðar bækur fornar af Sigurði bóksala Kristjánssyni fyrir 105 kr. og allmargar fleiri bækur íslenzkar og erlendar voru keyptar á árinu eða samþykkt að kaupa. Þá var og samþykkt að láta Landsskjalasafninu í té annað eintak safnsins af norska Fornbréfasafninu.

Á fyrsta nefndarfundi árið 1904, 4. febrúardag, las formaður upp bréf 1904 frá stiftisýfirvöldum, dags. 31. janúardag, um, að þau samþykki kaup á handritasafni Jóns Þorkelssonar skjalavarðar fyrir 8000 kr. á þann hátt, sem nefndin hafði lagt til, og samkvæmt því bréfi ákvað nefndin fyrir safnsins hönd að ábyrgjast 7000 kr. sjálfskuldarábyrgðarlán, er Jón Þorkelsson tæki fyrir ógreiddum eftirstöðvum af andvirði handritasafnsins. Á sama fundi var og samþykkt að ljá skrifstofustjóra Ólafi Halldórssyni til afnota í háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn Jónsbókarhandrit á skinni, komið frá séra Þorvaldi á Mel, og nokkuru síðar voru einnig séra Bjarna Þorsteinssyni lánuð skinnbókabrot (úr gröllum) til afnota á sama stað. Þá voru og snemma á næsta ári lánuð háskólasafninu 3 handrit (2 úr safni Bókmentafélagsins og 1 úr safni Jóns Sigurðssonar) til afnota Finni próf. Jónssyni. Hins vegar fékk Landsbókasafnið á þessum árum ýms handrit lánuð af dönsku söfnunum, einkum háskólabókasafninu, svo sem bréfabók Brynjólfs biskups, Gizurar Einarssonar o. fl., og hefur þessi gagnkvæmni í viðskiftum milli safnanna hér nyrðra og þar syðra jafnan haldizt og orðið mörgum að notum. — Samþykkt voru á þessu ári kaup á handritasafni Jóns rektors Þorkelssonar fyrir 200 kr. með gjaldfresti til ársbyrjunar 1905, en Pálmi Pálsson hafði samið um kaupin við erfingja rektors. Sama ár voru einnig keypt 19 handrit af Birni rektor Ólsen fyrir 120 krónur og síðar á árinu af sama manni nokkur handrit fyrir 30 krónur, og loks nokkur handrit af ýmsum öðrum fyrir 26 kr. alls. Þá var enn á þessu ári formanni nefndar-

1904 innar (Pálma Pálssyni) falið að semja við Jón Thorarensen (frá Stórholti) um kaup á bréfum Odds Hjaltalins til Bjarna amtmanns Thorarensens og þýðingu Jóns Espólins á Ossian.

Á þessu ári varð enn af nýju skarð í hóp nefndarmanna við fráfall Bjarnar adjunkts Jenssonar, sem andaðist þ. 19. dag febrúarm. Formaður mintist andláts hans á nefndarfundi 14. marzdag og stakk nefndin þá á fundinum upp á Bjarna adjunkt Sæmundssyni í hans stað í nefndina, en stiftisýfirvöldin skipuðu hann nefndarmann þ. 25. marzdag s. á.

Enn var miðstöðvarhitun ókomin í alþingishúsið, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir nefndarinnar og annara. Var því á fundi í ágústmánuði ákveðið fast ársgjald fyrir ræsting, ilagning, uppkveikju og lampahreinsun 220 kr. framvegis, þar til breyting yrði á húsakynnum. Þrátt fyrir öll þrengslin og í von um betri tíðir skrifaði nefndin í bréfi, dags. 15. októberdag, eftir frumkvæði formanns, Pálma Pálssonar, beiðni til stjórnarráðsins um, að Landsbókasafninu yrði afhent úr bókasafni latinuskólans öll þau handrit, sem skólasafnið hefði eignast, svo að þeim yrði skipað niður, þau skrásett og gætu orðið til afnota fyrir almenning, og ennfremur að Landsbókasafninu yrði afhent safn það af alþingishókum 1631—1800, sem skólabókasafnið hafði keypt af Bjarna konferenzráði Þorsteinssyni. Í lok bréfsins segir svo nefndin, að rúmleysið í safninu sé eitt orsök þess, að ekki sé farið fram á viðtækari bókaafhengingu frá skólabókahlöðunni að sinni, en hins vegar hljóti að því að reka, að vinza verði úr skólabókasafninu allt það, sem nauðsyn er að hafa í hinum opinberu söfnum, og skólinn ekki þarfnast. En svo voru þrengslin þá orðin mikil í Landsbókasafninu, að nefndin á síðasta ársfundi sínum, 23. nóvemberd., taldi ekki vert að breyta til eða fara fram á neinar nýjar eða auknar fjárveitingar, heldur samþykkti hún að leita sömu fjárveitinga til safnsins, um árin 1906 og 1907, sem safninu voru ætlaðar í fjárlögum um árin 1904 og 1905, með því að stofubygð alþingishússins var orðin að kalla mátti troðfull af bókum, en hins vegar var það »einróma álit nefndarinnar, að vinda þyrfti sem *allra* bráðast bug að því að koma upp sæmilegu húsi og nægilega stóru til frambúðar handa bókasafninu. En yrði það ekki innan skamms tíma, þá var álitid óumflýjanlegt, að komið yrði nú þegar á miðstöðvarhitun í alþingishúsinu, eins og tekið

var fram í erindi til landstjórnarinnar, þegar fyrir lá undirbúningur til fjárlaga 1904 og 1905 fyrir tveimur árum». 1904

Það var ekki nú í fyrsta sinn að því var hreyft opinberlega, hve þröng 1905
hibýli safnsins væru, og mönnum mátti löngu vera orðið það fyllilega ljóst, að við svo búið mátti ekki standa, safnið var að sprengja utan af sér um-
búðirnar, og hlaut að gera það, nema því að eins að kipt væri úr því öll-
um vexti. Á aukabingi 1894, bar Benedikt alþingismaður Sveinsson fram í
neðri deild svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar: »Neðri deild alþingis
ályktar, að skipa nefnd til að ihuga og gera tillögur um það, á hvern hátt
þjóð og þing skuli minnst þess árið 1895, að hið endurreista alþingi Ís-
lendinga þá er orðið 50 ára gamalt«. Fimm manna nefnd var kosin í málið
með flutningsmann í broddi fylkingar, og bar meiri hluti nefndarinnar fram
í deildinni þingsályktunartillögu um að reisa »stórhýsi úr steini fyrir söfn
landsins og fleira, eftir því sem alþingi 1895 nákvæmar ákveður«, en minni
hlutinn (Þórh. Bjarnarson) réð frá að samþykkja tillöguna, aðallega af fjár-
hagslegum ástæðum, en geyma heldur næsta þingi að ákveða, hvernig 50
ára afmælis þingsins skyldi minzt. Eftir allsnarpar umræður var tillagan
feld í neðri deild með 14 atkv. gegn 5. Á næsta þingi, 1895, kemur mál
þetta aftur fyrir, og var þá í báðum deildum samþykkt samhljóða tillaga um
steinhússsmíð, nokkuru ákveðnari, og þannig hljóðandi: »Neðri (efri) deild
alþingis ályktar að reisa skuli byggingu úr steini fyrir æðri mentastofnanir
landsins og söfn þess í minningu 50 ára afmælis alþingis«. Var nú málinu
vaxið gengi í neðri deild, því að tillagan var nú samþykkt með 17 gegn 6
atkvæðum. Að vísu var þingmaður Borgfirðinga (Þórh. Bjarnarson) tillög-
unni enn mótfallinn, og talaði um fjárskort, »egipzka byggingarsýki«, og
»luxusfyrirtæki«, en jafnframt benti hann einnig réttilega á það, sem var
meinið við tillöguna, hve hún væri »elskulega barnalega saklaus«, þar sem
hún tiltæki engan tíma, svo að framkvæmd fyrirtækisins jafnvel mætti drag-
ast hennar vegna um næstu 50 ár. — Svo langan aldur átti framkvæmdar-
leysið í þessu máli sér að vísu ekki, sem betur fór, en þó liðu svo 10 ár, að
tillagan svaf og ekki var hafizt handa, enda misti þetta mál einn sinn bezta
stuðningsmann, er Benedikt Sveinsson andaðist 2. ágúst. sumarið 1899,
meðan þingið stóð, en hann hafði þá nokkuru áður, haft orð á því við

1905 2. Skagfirðinga (Jón Jacobson), að hann ætlaði sér að hreyfa málinu þá á þinginu. — Leið nú svo og beið, þar til eftir lát prófessors Fiske 1904, er hin mikla dánargjöf hans til safnsins, um tvö þúsund bindi, kom hingað. Voru þrengslin þá orðin svo gifurleg í safninu, að ekkert viðlit var að taka nokkuð af bókunum upp til innritunar, innbindingar, röðunar og uppsetningar, heldur var sá einn kostur nauðugur að hlaða bókakössunum óopnuðum upp hér og þar á gólfinu í bókhöðunni, þar sem auðir blettir voru eftir, og þar máttu þeir hirast á fjórða ár, þar til er safnið fluttist búferlum úr alþingishúsinu. Hér var því komið í sannarlegt óefni, en sú var bót í máli, að nú höfðum vér með stjórnarskrárbreytingunni 3. októberdag 1903 fengið innlendan ráðherra, búsettan í Reykjavík, sem með eigin augum gat sannfærzt og gengið úr skugga um ástandið í þessu sem öðru, eins og það var, enda varð Hannes Hafstein ráðherra einkarvel við þessu máli, — svo vel og hyggilega, að það er mikið efamál, hvort nokkurum öðrum hefði tekizt að ráða svo fljótt og vel fram úr þessum vanda sem honum. Honum var jafnkunnugt sem oss hinum, sem þá áttu sæti á þingi, hvílik heljar grýla bókasafnshúsið var í augum ýmissa sparnaðarmanna á þinginu bæði lærðra og leikra, sem óttuðust auðn í landsjóði, ef farið væri að eyða fé í hundruðum þúsunda í svo »óarðbært« fyrirtæki sem húsaskjól fyrir bókmentir, vísindi og listir. En þá datt skáldinu og ráðherranum það snjallræði í hug að *yrkja* í eyðurnar og framleiða á pappírnum peninga handa húsinu úr lóðum þeim, er landsjóður átti í (og í grend við) Reykjavík, eða, eins og hann sjálfur komst að orði á þinginu, »að breyta fasteign í aðra fasteign«, og þess vegna lagði hann fyrir alþingi 1905 »Frumvarp til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga« í 6 greinum. Aðalinnihald frumvarpsins var, að stofna skyldi sjóð af andvirði Arnarhólsjarðarinnar, seldrar Klapparlóðar og Örfiriseyjar, er nefndist byggingarsjóður Íslands, landsbanki Íslands skyldi greiða 7500 kr. á ári til sjóðsins, og veita mætti sjóðnum lán úr viðlagasjóði, eftir því sem þörf krefði. Að síðustu var í 6. gr. frumvarpsins stjórninni veitt heimild til, »1. að láta reisa bókasafnsbygging úr steini eða steinsteypu.¹⁾ Hún skal vera þannig byggð, að

1) »eða steinsteypu« var bætt við á þinginu.

auka megi við hana síðar eftir þörfum; en í bráð skal hún rúma Lands- 1905
bókasafnið og Landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt viðauka þeim,
er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um
sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eftir því sem
rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja allt að 160 þúsund krónum«. Annar liður greinarinnar var um ráðherrabústað, en honum var gerbreytt á þinginu, og einungis samþykkt heimild handa stjórnarráðinu til að breyta húsrými því, sem losnaði við brottför safnanna úr þinghúsinu, til útbúnaðar risnuherbergja, og til að leggja hina langþráðu miðstöðvarhitun í húsið.

Á þenna hátt var þá hjörnninn unninn. Frumvarpið var í öllum verulegum atriðum samþykkt með meginþora atkvæða í báðum deildum og aðalatriðið (1. liður 6. gr.), bókasafnshúsið, samþykkt því nær orðrétt sem í stjórnarfrumvarpinu. Áður en þingi lauk, var svo að síðustu kosin ólaunuð byggingarnefnd í sameinuðu þingi 29. d. ágústm., svo sem gert hafði verið, er alþingishúsið var reist, stjórninni til aðstoðar við bygginguna, og í hana kosnir Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, Guðmundur landlæknir Björnson og Jón bókavörður Jacobson. Skal svo hér staðar numið í frásögn þessa máls og vísað um smíð hússins til mynda af bókhlöðunni og ræðu þeirrar, aftar í riti þessu, er Jón landsbókavörður Jacobson hélt við sýning Landsbókasafnsins 28. d. marzm. 1909, með því að þar eru rakin aðalatriðin í byggingarsögu bókhlöðunnar og húsinu lýst.

Á fyrsta fundi stjórnarnefndar árið 1905, 2. janúardag, var framlagt bréf frá stjórnarráði Íslands, dags. 20. desemberd. 1904, til landsskjalavarðar ásamt meðfylgjandi afskrift af bréfi rikisskjalavarðar Dana dr. jur. V. A. Sechers til stjórnarráðsins, dags. 28. d. nóvemberm. 1904, »meðal annars þess efnis að bjóða skjalasafninu hér á landi og væntanlega Landsbóksafninu líka að láta binda inn í bókbandsverkstofu rikisskjalasafnsins forn og skemd skjöl og handrit íslenskr, því að þar væri notuð aðferð, er fullkomnari væri en bókbindarar fylgdu alment«. Nefndinni virtist ekki unt að sæta þessu, annars góða, boði beint, en áleit réttast að leitað væri fyrir sér um það, hvort *efnilegur íslenskur bókbindari* mundi ekki geta fengið að nema aðferð þessa hjá bókbindurum rikisskjalasafnsins, og var það rétt talið, að Landsbókasafn og Landsskjalasafn styrktu mann til þessa náms að nokkuru,

1905 ef á þyrfti að halda. Síðan var rikisskjalaverðinum skrifað um málið, og kom bréf frá honum aftur þess efnis, að rikisskjalasafnið væri fúst á að leyfa bókbindara héðan að nema þar band og meðferð á gömlum skemdum bókum og handritum. Varð þetta tilboð Sechers rikisskjalavarðar til þess, að landsskjalavörðurinn og formaður bókasafnsnefndarinnar fengu Runólf bókbindara Guðjónsson, tveim árum síðar, til að fara út héðan til Danmerkur og læra nýjustu aðferð við meðferð og innbinding skemdra skjala og handrita, en dr. Secher gaf honum meðmæli og kom honum fyrir hjá bókbindara erlendis, sem hafði þess konar starf með höndum, og dvaldist hann þar í fjóra mánuði við þann starfa, en er hann var heim kominn, var hann ráðinn bókbindari í bókbandsstofu Landsbókasafnsins og Landsskjalasafnsins, sem sett var á stofn haustið 1908 í hinu nýja Landsbókasafnshúsi, til að komast hjá hættunni, sem því var samfara að senda dýr og ófánleg skjöl og handrit út í bæ á ótrygga staði til innbindinga og viðgerða. Runólfur var ráðinn bókbindari 11. d. nóvembermánaðar 1908 með 1400 kr. föstum árslaunum, en 250 kr. viðbót við þau fékk hann 1. marzd. 1916.

Þann 7. d. júnímán. þ. á. skrifaði nefndin Tryggva bankastjóra Gunnarssyni út af bóka-, handrita- og skjalasafni Jóns forseta Sigurðssonar, er alþingi 1875 hafði veitt fé til að kaupa. Kvað hún feiknin öll hljóta að vanta í safnið af sendibréfum til Jóns úr öllum áttum, auk þess vanti þar ýms skjöl, sem Jón Sigurðsson vitanlega hafi fengið hjá mönnum hérlandum, og ýmsar frumteikningar af myndum ýmissa merkra Íslendinga, en með því að Tryggvi hafði meðgerð nokkura með dánarbúi Jóns og konu hans, frú Ingibjargar, og nefndinni hafði borizt, að skiftaréttur Kaupmannahafnar hefði heimtað af Tryggva jafnvel tvo fulla poka af skjölum og bréfum úr dánarbúinu, þá biður hún hann að skýra sér frá, hvort þessu sé svo varið og hvort skiftarétturinn hafi nokkuru sinni skilað aftur þessum skjölum og bréfum, sem nefndin telur eign Íslands, og Landsbókasafnið eigi því heimting á að fá. Loks segir nefndin, að engum af erfingjum Jóns hafi verið afhent neitt úr þessu dánarbúi af sendibréfum til Jóns Sigurðssonar né öðrum skjölum, er snerti hann.

Svarbréf frá Tryggva finst ekki í skjölum safnsins og má vera, að hann 1905 hafi einungis svarað munnlega, en svo er að sjá sem enginn hafi orðið árangur þessarar tilraunar, enda var langt um liðið, um 25 ár, frá afhendingu skjalanna.

Samdegis skrifaði nefndin einnig Árna Magnússonar nefndinni um annað ágreiningsatriði, »frumskrána yfir alt safn Jóns Sigurðssonar, ásamt frumritinu að afsalsbréfi því, er afsalaði safnið í hendur landsjóðs, það er að segja eintak hins opinbera af skránni og kaupsamningnum«. Skrá þessa og kaupsamninginn hefði Árna Magnússonar nefndin fengið lánuð, áður en handrita- og bókasafn Jóns Sigurðssonar var flutt til Íslands, og með því að ekki væri kunnugt, að þessi skjöl væru annarsstaðar til, leyfði nefndin sér fyrir hönd Landsbókasafnsins að biðja Árna Magnússonar nefndina að afhenda skrána og kaupsamninginn við fyrsta tækifæri — en þó skyldi henni gefinn tími til að afrita skjölin, ef hún ætti ekki afrit af þeim. Bréfi þessu svaraði dr. Kristian Kålund fremur kaldranalega í bréfi dagsettu 12. júlí d. s. á. og sagði, meðal annars, að skráin hefði ekki verið lánuð úr Jóns Sigurðssonar safninu, heldur komið fyrir til geymslu (»deponeret») af íslenzka ráðuneytinu í Árna Magnússonar safninu, gegn viðtökuskirteini frá sér (o: Kålund). Þess vegna biður hann þá formann nefndarinnar (Pálma Pálsson) og ritara hennar (Jón Þorkelsson), sem höfðu undirritað bréfið, að skýra frá, áður en frekara sé að hafzt, hvort Landsbókasafnið, sem þeir að líkindum séu málsvavarar fyrir, hafi þetta skirteini í höndum, eða hvort þeir yfirleitt geti endursent sér það, ef skráin yrði þeim send og ef svo væri, þá með hverri heimild. Þegar nefndin hafði fengið bréf þetta, ritaði hún 7. ágúst d. s. á. stjórnarráði Íslands og skoraði á það »að gera svo fljótt sem auðið er annað af tvennu, hvort sem því þykir betur við eiga, krefjast sjálfst þessarar skrár af nefndinni eða veita oss skriflegt umboð til þess, og að kvitta sérstaklega fyrir viðtöku hennar, er þar að kemur, ef kvittun bókavardarins skyldi eigi finnast, sú er hann kveðst hafa stjórnardeildinni í té látið«. Stjórnarráðið varð vel við þessari beiðni nefndarinnar. Hannes Hafstein ráðherra mun sjálfur í einni af utanförum sínum hafa átt tal við dr. Kålund og fengið málinu framgengt við hann eða Árna Magnús-

1905 sonar nefndina. Skráin yfir bóka- og handritasafn Jóns Sigurðssonar með viðfestu afsalsbréfi, er legið höfðu nær 26 árum við safn Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, voru síðan afhent safninu árið 1906 og stjórnarráðinu send kvittun fyrir móttöku þeirra frá Landsbókasafninu með bréfi nefndarinnar, dags. 8. októberdag s. á.

Árið 1905 keypti safnið ýms handrit fyrir alls 87 krónur og fékk auk þess fáein að gjöf. Af bókum prentuðum var og nokkuð keypt og samþykkt kaup á öðrum, en mest var þó um vert hina ágætu dánargjöf W. Fiske prófessors, sem áður er að vikið, en síðar verður gerð nánari grein fyrir (árið 1908). Auk þess bættust safninu allmörg rit frá ýmsum öðrum gefendum, svo sem próf. Henning Matzen, sem um nokkur ár (1901—1906) gaf safninu fjölda bóka, mestmegnis lögfræðilegs, stjórnfæðilegs og hagfræðilegs efnis, próf. Þorvaldi Thoroddsen, sem einnig hefur styrkt safnið að gjöfum fyr og síðar, próf. Finni Jónssyni, sem um fjölmörg ár hefur gefið sérprent af flestöllum hinum mörgu ritgerðum sínum í erlendum vísindalegum timaritum, auk ýmissa annara rita, að ógleymdum hinum trygguvinum safnsins, Smithsonian Institution, háskólanum í Kristianíu, Det norske historiske Kildeskriftfond, Det kgl. nordiske Oldskriftselskab, Kommissionen for d. Arna-Magn. Legat, Kommissionen for Ledelsen af de geolog. og geograf. Undersøgelser i Grønland, Statistisk Bureau í Kaupmannahöfn, Kommissionen for Danmarks geologiske Undersøgelse, Kommissionen for Havundersøgelser, Meteorologiska Observatoriet i Upsala, Det kgl. danske Videnskabernes Selskab, Videnskabs-Selskabet i Christiania, La reale accademia dei Lincei í Róm, auk ýmissa hérlandra gefenda. Þess ber og að geta, að árið áður hafði ekkja hins góðfræga og þrautseiga Íslandsvinar próf. Konráðs Maurer sent safninu ýmsar bækur úr safni manns hennar málfræðilegs, sögulegs, fornfræðilegs, lögfræðilegs og landfræðilegs efnis.

1906 Árið 1906 var á fyrsta stjórnarnefndarfundi 3. d. janúarm. keypt handritasafn úr dánarbúi Páls amtmanns Briem fyrir 120 kr. Á sama fundi kom einnig fram tilboð um kaup á dagbókasafni séra Davíðs Guðmundssonar á Hofi og á næsta fundi, í febrúarmánuði, voru samþykkt og afgerð kaup á 64 æfiminningum í 6 bindum, er Magnús fyrverandi landshöfðingi Stephensen átti, fyrir 200 krónur. Þá var og á sama fundi upp lesið bréf frá Sig-

hvati Grímssyni Borgfirðing með tilboði um kaup á handriti hans að Presta- 1906
æfum, og var samþykkt á fundinum að gefa honum kost á að semja við
Landsbókasafnið um kaup á öllu handritasafni hans, en með því að það
var veðsett eða selt Finni prófessor Jónssyni í Kaupmannahöfn upp í skuld
Sighvats við hann, þá skrifaði nefndin Finni og bað hann fræða sig um,
hvernig viðskiftum þeirra væri háttað. Finnur svaraði bráðlega aftur og
kvað sér ekkert kærara en að sleppa öllum þeim kröfum til handritasafns
Sighvats, sem eignarréttarskjal sitt á safni hans heimilaði sér, ef Landsbóka-
safnið vildi kaupa safnið hæfilegu verði, og ef hann sjálfur vildi sæta þeim
kaupum. »Ég get því lýst yfir því«, segir Finnur að lokum í bréfi sínu, »að
Sighvatur Grímsson skal laus allra mála við mig að því er snertir ráðstöf-
un handrita hans á þann hátt, sem hér er um að ræða«. Þegar nefndin
hafði fengið svo greið og góð andsvör, sneri hún sér til Sighvats og mælt-
ist til, að hann kæmi á næsta vori eða sumri (1906) til Reykjavíkur með
alt handritasafn sitt ásamt skrá yfir það, og skyldi þá reynt að komast
að samningum um kaupin. Sighvatur varð við þessum tilmælum, og
loks voru á nefndarfundi, þ. 19. dag júnímánaðar, samþykkt kaup á öllu
handritasafni hans fyrir 350 króna árgjald til hans æfilangt »með því skil-
yrði, að alt, sem hann ritar, semur og safnar hér eftir sem hingað til, sé
eign Landsbókasafnsins«. Gert var á sama fundi ákvæði um að kaupa
handa honum *lifrentu*, er svaraði nefndri upphæð, en með því að nefndin
hafði að eins keypt helming lifrentunnar (150 kr.), er Jón Jacobson tók við
landsbókavarðarstörfum, þá tók hann að sér að greiða hinn helming lifrent-
unnar, eða 150 kr. árlega, af safnsins fé, meðan Sighvati entist aldur, og
hefur svo verið gert fram á þenna dag. Kaupsamningur nefndarinnar við
Sighvat var gerður 20. júnidag 1906.

Jónatan bóndi Þorláksson á Þórðarstöðum, sem átt hafði allmerkilegt
handritasafn, var nú látinn, en nefndinni lék, enn sem fyr, hugur á safni
hans, og því var á fundi í marzmánuði samþykkt að skrifa erfingjum hans
og biðja þá um að farga ekki safninu án vitundar Landsbókasafnsins. Var
svo syni Jónatans, Jóni bónda á Öngulstöðum í Eyjafirði, skrifað og hann
beðinn að biðja með handritasafnið óhaggað, þar til á komanda sumri
(1906), því að nefndin hafði þá von um að geta kynt sér það. Sú von brást

1906 ekki, því að formaður nefndarinnar, Pálmi Pálsson, brá sér norður í Eyja-
fjörð um sumarið og komst að munnlegum samningi við Jón bónda um
kaupin og hafði með sér skrá yfir safnið hingað suður og mestan hluta
handritasafnsins. Voru svo á fundi 24. septemberd. samþykkt kaup á öllu
safninu fyrir alt að 500 krónum. Auk þeirra handritasafna, er nú hefur
verið getið, keypti nefndin einnig á þessu ári önnur handrit af ýmsum á
strjálingi fyrir 73 kr., og enn fremur 3 handrit af þeim Pálma Pálssyni og
Jóni Jacobsyni í skiftum fyrir bækur (tvítök og þritök) úr safninu. — Hand-
ritalán milli Landsbókasafnsins og erlendra safna voru enn nokkur sem að
undanförnu; þannig voru próf. Hugo Gering í Kiel lánuð handrit af Hug-
svinnsmálum til afnota í háskólabókasafninu í Kiel, Jóni Sveinssyni klerki
í Ordrup dagbækur föður hans Sveins amtskrifara Þórarinssonar, Bók-
mentafélagsdeildinni í Kaupmannahöfn sókna- og sýslulýsingar og Finni
próf. Jónssyni afskrift Jóns Sigurðssonar af A. M. 757 4to; aftur á móti fékk
safnið ýms handrit lánuð frá konungl. bókhöðunni í Kaupmannahöfn,
þótt nokkurt hlé yrði nú um stund á afritun fornrita, með því að mag.
Guðmundur Þorláksson, sem um undan farna vetur hafði verið afritari
safnsins, lét nú af því starfi og fluttist þá um sumarið norður í Skagafjörð
til ættfólks síns, en formanni og skrifara nefndarinnar var falið að fá mann
í hans stað til afritunar og varð cand. Páll E. Ólason nokkuru síðar valinn
til þess starfa, svo sem áður er um getið.

Þann 8. dag septembermánaðar þ. á. andaðist Hallgrímur bókavörður
Melsteð, og hafði hann þá verið bókavörður safnsins um 19 ár, frá 1887,
er Jón Árnason fékk lausn frá því starfi. Þessi ár var safnið í mjög mikl-
um uppgangi, eins og sjá má meðal annars á því, að fjórum árum áður
en hann tók við bókavarðarstörfunum, árið 1883, telur Jón Árnason í bréfi,
sem áður er um getið, til Péturs biskups, að vera muni í safninu um 20
þúsund bindi, en um aldamót var bókaeign þess áætluð um 60 þús. bindi,
og við dauða hans var bindatalan komin upp í 69 þús. bindi. Að vísu var
þessi tala of há, því að ýmislegt smælki var talið bindi, sem ekki var það,
en vöxturinn var samt mjög mikill, enda hafði einnig hið árlega tillag land-
sjóðs til safnsins í bókavarðartíð hans hækkað úr 3300 kr. (1887) upp í

11760 kr. (1906), auk alls þess mikla fjár, sem safninu hafði á þessu tíma- 1906
bili bætzt í bókaþjófum.

Hallgrím sáluga má telja með grandvörustu, trúlyndustu og vinföstustu mönnum. Á yngri árum var hann glaðlyndur mjög og viðkynningargóður; fróður var hann og um margt og manna orðvarastur. Safninu unni hann af alhuga, en sjúkdómur hans á efri árum olli því, að hann varð ekki safninu að svo miklum notum, sem ella mundi orðið hafa.

Að Hallgrími Melsteð látnum var fundur haldinn í stjórnarnefndinni þ. 12. d. septemberm. í sjálfu bókasafninu til að gera »ráðstafanir um setning manns til bráðabirgða í yfirbókavardarstöðuna« í stað Hallgríms. Var með skriflegum atkvæðum samþykkt, að aðstoðarbókavörður Jón Jacobson yrði settur yfirbókavörður og Jón sagnfræðingur Jónsson yrði settur aðstoðarbókavörður. En áður en gengið var til atkvæða komu nefndarmenn sér saman um, að þessi starfskipan væri einungis til bráðabirgða án tillits til, hvernig skipað yrði í þessi störf endanlega. En 13. s. m. setur stjórnarráðið sjálf Jón Jacobson yfirbókavörð og tilkynnir nefndinni það í bréfi dags. 14. s. m., um leið og það felur nefndinni að selja mann í aðstoðarbókavardarstöðuna, en tilkynnir jafnframt, að það beri undir stjórnarráðið að skipa menn í þessar stöður. Bréf þetta var rætt á nefndarfundi 28. s. m. og þar samþykkt að svarað skyldi bréfinu og svarið borið undir nefndarmenn. Á næsta fundi 10. októberdag var svarið upp lesið og samþykkt, nokkuð breytt, með öllum greiddum (5) atkvæðum. — Bréf þetta stendur skráð í bréfabók safnsins, dags. 10. d. októberm., og hljóðar þannig:

»Bréfi h. háa stjórnarráðs frá 14. f. m. hefir stjórnarnefnd Landsbókasafnsins af fleiri en einni ástæðu þótt bera nauðsyn til að svara, og hefir hún hinn 28. f. m. gert fundarsamþykkt um, að því skyldi fram fara.

Í öndverðu bréfi stjórnarráðsins er það tekið fram, að það beri undir stjórnarráðið að skipa menn í bókavardar og aðstoðarbókavardarstörfin við Landsbókasafnið, og jafnframt »ákveður« stjórnarráðið í sama bréfi um setning bókavardarins. Með þessu er því af stjórnarráðsins hendi bert sagt, að stjórnarnefnd bókasafnsins hafi ekki átt með að gera ráðstafanir þær um þessi störf, er gerðar voru á nefndarfundi 12. f. m. og stjórnarráðinu var skýrt frá með bréfinu daginn eptir.

En bókasafnsnefndin litur öðruvísi á þetta mál, og heldur því fram, að aðgerðir sínar í þessu efni sé lögum og venju samkvæmar, og fyrir þessu finnum vér ástæðu til að gera nokkura grein.

Prófessor C. C. Rafn átti svo sem kunnugt er upptökin að því 1818, að bókasafn þetta var stofnað. Var bókasafnið þegar í öndverðu skoðað sem opinber eign, því að þeir, sem gáfu safninu bækur, lögðu þær til almennra afnota, og 11. apríl 1821 leggur konungur safninu af sínum sjóði — sama sem nú landssjóði — 840 rd. til þess að koma sér fyrir á dómkirkjuloftinu, fá sér skápa og önnur áhöld. Nokkru síðar gekkst Pétur Hoppe stiptamtmaður og Steingrímur biskup Jónsson fyrir því, að sett væri stjórn manna yfir safnið; geingu þeir sjálfir í þá nefnd og feingu með sér Jón landlækni Þorsteinsson og Ebbesen kaupmann. Síðan sömdu þessir menn og settu reglur um afnot safnsins og útlán, erindisbréf bókavardar og fundáziu eða skipulagsskrá fyrir safnið, sem dagsett er 24. ágústdag 1826 og staðfest með konungsráskurði 15. nóvemberd. s. á. Stjórn safnsins og valdsvið nefndarinnar er í fundáziunni ákveðið með þessum orðum: »Með tilliti til forstöðu bókasafnsins &c. — og frekari leiðbeiningar til ens konunglega danska kancelliis« (Lagasafn handa Íslandi IX, 125. bls.) [sbr. fskj. XIII].

Er hér með skýrum orðum sagt, að bókasafnsnefndinni beri bæði að velja eða skipa bókavörð og ákveða laun hans.

Á rétti og skyldu stjórnarnefndar bókasafnsins til þess að skipa bókavörð við safnið hafa engin lög gert neina breyting alt til þessa dags, og með öðru en lögum eða konungsráskurði var og er ekki hægt að nema úr gildi ákvæði fundáziu safnsins.

Um ákveðning launa bókavardar hefur farið svo, að alt fram að 1885 var bókasafninu veitt alt það fé í einu lagi, er því var ætlað, án tillits til þess, hve miklu af því skyldi verja í hvern stað, og réð því bókasafnsnefndin, hvernig fénu var skipt niður og þar með launum bókavardar. Á fjárlögum fyrir árin 1884 og 1885 var á þingi 1883 (§ 13. C. 1.) féð til bókasafnsins veitt í einu lagi með þessum orðum: »Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með Alþingishúsinu millum þinga 2,800—2,800«, því að hinn þá verandi bókavörður hafði einnig umsjón með þinghúsinu. En á þinginu 1885 var fjárveiting þessi sundurliðuð í fyrsta sinn til þess að taka af öll tvímæli um það, hve miklu fé mætti verja til hvers eins. Voru þá laun bókavardar í fyrsta sinn fast ákveðin af fjárveitingar og löggjafarvaldinu, og jafnframt aukið við fjárveitingu til aðstoðarbókavardar. Með þessari breytingu er þó ekki með einu orði vikið að því, að gera neina breytingu á um það, hver vald hafi á að veita sýslanir og störf við bókasafnið. En hins vegar má sjá að þinginu er ljóst í hvers höndum það vald sé, því í álitsskjali fjárlaganefndar neðri deildar segir svo: »hefir því stjórnarnefnd bókasafnsins orðið að fá honum (þ. bókavörðinum) annan mann til aðstoðar, en hefir eigi séð sér fært að veita honum neina þóknun, sem nokkru nemur, fyrir starfa sinn« (Alþt. 1885 C. bls. 251).

1906
Að því, er til venjunnar kemur, þá rekur þar að hinu sama, að veiting sýslana við Landsbókasafnið er á engan veg með hefð eða venju komin undan stjórnarnefnd safnsins og undir stíptsyfirvöld og síðan stjórnarráð.

Samkvæmt fundáziunni stóð safnið undir umsjón stíptsyfirvaldanna, sem gæta áttu varðveislu þess og reikninga. Framan af kom þessi umsjón ekki til greina á meðan stíptsyfirvöldin sjálf áttu bæði sæti í bókasafnsnefndinni. En eftir lát Steingríms biskups (1845) fer fyrst að bera á stíptsyfirvöldunum og 1848 taka þau að sér þá umsjón safnsins, sem fundázian ákveður, kveðja menn í nefndina, samkvæmt fyrirmælum fundáziunnar, svo sem 1849 þá prófessor Pétur Pétursson og H. Kr. Friðriksson skólakennara, 1855 Vilhjálm Finsen, 1867 þá Ólaf prófast Pálsson, Jón skólakennara Þorkelsson og Sigurð docent Melsteð, og síðan enn á sama hátt. En meira vald yfir safninu hafa stíptsyfirvöldin aldrei fengið, enda ekki átt, og ekki í venju dregið, að þau hefði. Þegar fundázian um sjóð safnsins frá 20. maí 1856 er gerð, má sjá að prófessor C. C. Rafn hefir tekið það upp hjá sjálfum sér að gera frumvarp að henni. Síðan er það lagt fyrir bókasafnsnefndina og að síðustu staðfest af konungi 10. júlí s. á. með þeim breytingum, sem *nefndin* gerði á því, án þess að stíptsyfirvöldin hafi hruggað við því á nokkurn hátt. Sbr. og viðaukafundáziu frá 16. júlí 1902, staðfesta af konungi 17. nóv. s. á., sem gerð er og sett af nefndinni einni [sbr. 183. bls.].

Veiting sýslana við safnið hefir verið svo varið. 1849 verður Jón Árnason launaður bókavörður, og verður eigi annað séð en að hann sé skipaður af nefndinni sjálfri, því skipunarbréf hans finnst hvorki í kopiubókum stiftamtmanns né biskups. Síðan var hann um langa æfi *einn* bókavörður. En 23. apr. 1884 tekur nefndin Hallgrím Melsteð Jóni til aðstoðar fyrir lítilsháttar þóknun. Þegar Jón Árnason hafði sagt af sér, samþykkir nefndin 23. sept. 1887 að mæla með því, að Hallgrímur Melsteð verði gerður að bókaverði, en bætir því sérstaklega inn milli lina í fundabók sinni, að umsóknarbréfin hafi verið »stýluð til landshöfðingja«, svo sem nefndinni hafi þótt það kynlegt, að ihugaðri fundáziu safnsins, en hefir þó í það sinn af einhverjum atvikum látið það eftir, að landshöfðingi gæfi út veitingarbréfið, en veitingin væri samkvæm því, sem nefndin hafði samþykkt. 6. janúar 1888 skipar *nefndin* Pálma Pálsson aðstoðarbókavörð við safnið með launum, og 2. des. 1895 »ákvað *nefndin* að veita« Jóni Jacobsyni aðstoðarbókavardarstöðuna við safnið.

Af því, sem að framan er talið, mætti það vera ljóst, að undir stjórnarráðið heyrir ekki að skipa menn til neinna starfa við bókasafnið, nema menn í stjórnarnefnd safnsins, og þá, samkvæmt venjunni, einungis eftir tillögum þeirra manna, sem sitja fyrir í nefndinni. Og ætli stjórnarráðið sér upp á sitt eigið eindæmi að skipa bókavörð og aðstoðarbókavörð, þá er það, að voru álit, ekki lögum samkvæmt, á meðan fundázia safnsins frá 4. ágúst 1826 stendur enn í gildi.

Eini vegurinn til þess að stjórnarráðið gæti með réttu veitt þessar sýslanir væri sá, að fundáziu bókasafnsins væri með ráði og fyrir tilverknað nefndarinnar breytt í ýmsum atriðum, og meðal annars á þá leið, að veiting á þessum sýslunum heyrði framvegis undir stjórnarráðið og nefndina í sameiningu.

Eftir því, sem nú á standur, og samkvæmt því, sem talið hefir verið viljum vér því leyfa oss að skjóta því til hins háa stjórnarráðs, hvort því ekki sýnist heppilegt, að frestað sé að svo komnu veiting þessara sýslana, þangað til búið er að endurskoða fundáziu safnsins eða þangað til eftir þing á komanda sumri, og það hefir látið uppi skoðun sína og gert ákvæði um þetta efni. Það sýnist geta verið vandkvæðalítið, að þeir menn, sem nú eru settir í sýslanir þessar, þjóni þeim þangað til, og vér fáum ekki séð, að það liggi neitt á að veita þær fyrri. Þá yrði og greitt úr þeim ágreiningi, sem nú er um veitingarvald á þessum störfum, og til þess viljum vér stuðla, að svo mætti verða — og getum kannast við, að breytinga sé þörf eins og nú er komið —, þó að vér viljum ekki um lög fram varpa frá oss skyldum vorum eða rétti.

Pálmi Pálsson.

Pórh. Bjarnarson.

Kristján Jónsson.

G. Magnússon.

Bjarni Sæmundsson.

Jón Þorkelsson.

Ég er ekki samþykktur bréfi þessu, en ég álit að nefndinni hafi borið að ráðstafa til bráðabirgða bókavardarstörfunum, að heppilegt sé að draga að skipa aðstoðarbókavörð, þangað til búið er að ákveða, hve mikil störf verða af honum heimtuð, og að nauðsynlegt sé að semja nýja skipulagsskrá fyrir safnið.

Eiríkur Briem.

Hér skal enginn dómur lagður á þenna ágreining milli nefndarinnar og stjórnarráðsins, né heldur innan sjálfrar nefndarinnar, heldur einungis tekið fram, að það var mjög eðlilegt, að skipulagsskráin 1826 legði fátt af störfum nefndarinnar undir yfirurskurð stiftisýfirvalda, þar sem þau sjálf áttu frá upphafi sæti í nefndinni allt fram á miðja 19. öld; að bókavardarskipunin yrði ekki heldur neitt keppikefli, þar sem bókavardarstaðan var um sama tíma ólaunaður starfi, sem stiftamtmenirnir sjálfir höfðu á hendi í gustukaskyni við félausa stofnun; að ráðning sérstaks bókavardar um miðbik 19. aldar fór fram eftir tillögum eða ráðlegging stiftisýfirvalda og auk þess mjög efasamt, hvort Jón Árnason hefur nokkuru sinni fengið formlega og *skriflega* veitingu fyrir starfanum, þar sem hann var fyrst einungis tekinn til aðstoðar nefndinni við röðun bóka o. s. frv. en nefndin komst brátt að raun um, að hún mátti ekki án hans vera; að næsti bókavörður, Hallgrímur Melsted, var skjállega skipaður af landshöfðingja; að enginn

hlutur var eðlilegri, en að landstjórnin vildi hafa hönd í bagga með skipun 1906
bókavarða, þegar safnið var komið á landsjóð og bókavörðum launaður
starfi sinn (frá 1885) beint úr landsjóði; og loks var það mjög óeðlilegt, að
yfirstjórn safnsins skipaði hvern einstakan nefndarmann, en hefði ekkert að
segja um skipun manns í aðalstarfið, bókavarðarstöðuna. En hins vegar
gáfu skýr orð skipulagsskrárinnar (»bókavörð ber stjórninni að velja«), sem
orðin var úrelt í ýmsum greinum, stjórnarnefndinni rétt og skyldu til að
velja bókavörðinn, og því var það eini vegurinn út úr vandræðunum, »að
semja nýja skipulagsskrá fyrir safnið«, eins og E. Briem fór fram á í ágrein-
ingsáliti sínu, eða breyta gömlu skipulagsskránni á þá leið, er meiri hluti
nefndarinnar lagði til.

Úr þessum ágreiningi var þegar næsta ár skorið með lögum. Hannes 1907
ráðherra Hafstein lagði fyrir alþingi 1907 svo hljóðandi »Frumvarp til laga
um stjórn landsbókasafnsins« í 5 greinum:

1. gr.

»Stjórnarráðið hefur á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, sér um hinn
fasta sjóð þess, og skipar starfsmenn þess.

2. gr.

Skipa skal landsbókavörð með 3000 kr. árslaunum. Hann hefur á hendi
daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd
bókasafnsins hefur haft til þessa.

3. gr.

Skipa skal tvo aðstoðarbókaverði; hinn fyrri hefur að árslaunum 1500
kr., en hinn síðari 1000 kr.

4. gr.

Ákvæðin um stjórn safnsins í stofnskrá 15. nóv. 1826 eru úr gildi feld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Frumvarp þetta var lagt fyrir efri deild í byrjun þings. Þar var sett nefnd í málið og í hana kosnir Björn M. Ólsen, Jón Jacobson og Valtýr Guðmundsson. Meiri hluti nefndarinnar (B. M. Ó. og J. J.) réð til að samþykkja frumvarpið með lítilvægum breytingum, en minni hlutinn réð frá að samþykkja það, aðallega af fjárhagslegum ástæðum, og láta það heldur bíða næsta þings. Við 3. umræðu í efri deild var frumvarpið síðan samþykkt með 8 atkvæðum gegn 3 með þeim einum breytingum, að við 1. gr. var bætt: »og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum«, og við 3. gr. að í stað orðanna »tvo aðstoðarbókaverði« kom: »til aðstoðar tvo bókaverði«, til þess að lögákveðin yrðu nöfn yfirbókavardar og undirbókavarda, en öðrum bókaverði hafði stjórnin bætt við í frumvarpinu samkvæmt tillögum stjórnarnefndarinnar í bréfi til stjórnarinnar dags. 22. d. janúarm. þ. á., með því að störfin við safnið höfðu aukizt mjög á síðustu árum og flutningur safnsins stóð fyrir dyrum; hafði nefndin lagt til, að laun yfirbókavardar yrðu »minst« 3000 kr. og 1. og 2. aðstoðarbókavardar »minst« 2000 kr. og 1500 kr., en stjórnin færð niður laun hinna síðar nefndu um 500 kr. til hvors þeirra.

Pegar frumvarp þetta kom til neðri deildar, var þar einnig sett nefnd í málið og í hana kosnir Guðlaugur Guðmundsson, Skúli Thoroddsen og Þórhallur Bjarnarson. Nefndinni þótti rétt að gefa stjórnarnefndinni kost á að láta uppi álit sitt um svo gagnvera breytingu á stjórn safnsins, sem hér var á seyði, og bar því málið undir hana. Á fundi nefndarinnar, 24. ágústd., er þeir einir sóttu, er samdóma voru í þessu máli, var því næst samþykkt svo hljóðandi álit eða tillaga, undirrituð af formanni og ritara nefndarinnar, Pálma Pálssyni og Jóni Þorkelssyni, og send þingnefnd neðri deildar:

»Samkvæmt munnlegri ósk frá nefnd neðri deildar alþingis í frumv. til laga um stjórn landsbókasafnsins um, að landsbókasafnsstjórnarnefndin ljeti henni í tje álit sitt um þetta mál, hjelt landsbókasafnsnefndin fund í dag, og var á þeim fundi samþykkt svo látandi tillaga, sem ætlast er til, að tekin verði upp í nefnd lög:

Stjórnarnefnd landsbókasafnsins leggur til, að skipuð sé nefnd 5 eða fleiri manna; skal nefnd þessi vera bókasafnsráð, er hafi atkvæði um og eftirlit með bóka kaupum og handrita til safnsins, og geri tillögur um skip-

an embættis og sýslunarmanna við safnið, og skal álits nefndarinnar leitað 1907 um öll málefni, sem safnið varða.

Var tillaga þessi samþykkt í einu hljóði af öllum þeim nefndarmönnum, sem á fundi mættu, en þeir voru fjórir (af sjö). [P. P., J. P., Kr. J., B. S.].

Svo róttæka tillögu, sem »gerbreytti stefnu frumvarpsins«, gat þingnefndin ekki aðhýlt, en leit svo á, »að hagræði gæti verið í því, að til væri áfram nefnd manna við safnið, sem væri bókaverði til aðstoðar í bókavalinu og við kaup handrita og mat á verði þeirra, sem oft er all-vandasamt« og með því að nefndinni var kunnugt um, að kennarar prestaskólans og læknaskólans höfðu í hyggju að fá bókasöfn þeirra sameinuð Landsbókasafninu, eftir flutning þess í nýju bókhöðuna, þá vildi nefndin taka til greina óskir stjórnarnefndar safnsins á þann hátt, að skipað skyldi 5 manna nefnd af kennurum embættaskólanna og hins almenna mentaskóla að sjálfkjörnum fimta mannum, landskjalaverði, og töldu nefndarmenn nefnd »með því sniði« mundu verða »fremur til bóta«. Tillaga nefndarinnar var samþykkt í neðri deild með 15 atkv. og frumvarpið í heild sinni samþykkt með 15 atkv. og fór þannig aftur til efri deildar með viðbætti nýrri grein, (sem varð 4. gr.), er var þannig orðuð:

»Skipa skal 5 manna nefnd landsbókaverði til ráðaneytis við kaup bóka og handrita, og sitja í þeirri nefnd kjörnir menn af kennurum embættaskólanna og hins almenna mentaskóla, einn maður frá hverjum skóla, og landsskjalavörður hinn fimti«.

Nefndin í neðri deild hafði einnig klotnað, sem nefndin í efri deild, en ágreiningurinn var nú einkum um launaatriðið. Vildi minniblutinn (Sk. Thoroddsen) hafa laun landsbókavardar ákveðin 2400 og 1. bókavardar 1200 kr., en þær tillögur voru feldar í deildinni með 13 atkv. gegn 7.

Þegar frumvarpið kom aftur til efri deildar, var orðið mjög áliðið þingtimans, svo að jafnvel var hætt við, að það mundi daga uppi, ef það færi á hrakning milli deilda; þess vegna réð nefndin til, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, þótt það væri einróma álit hennar, að breyting neðri deildar væri ekki til bóta. Var svo frumvarpið samþykkt í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi, en síðan staðfest af konungi 22. dag nóvemberm. s. á.

Með lögum þessum og lögnum nr. 29, 20. d. október 1905 voru stigin tvö drjúgustu sporin á lífsleið safnsins, þar sem bæði var leyst úr hús-næðisvandræðum þess með sérstöku, veglegu húsi fyrir sjálft það og úrelt stjórnarfyrríkomulag þess afnumið, bættur hagur starfsmanna þess¹⁾ og vinnuafli þess aukið. Var hvorttveggja verkið hið mesta þarfaverk, og þingi og stjórn til mikils sóma.

Á sama þingi bar einnig Jón bókavörður Jacobson fram frumvarp til laga um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. desemberd. 1886, sem var samþykkt óbreytt af báðum deildum alþingis og staðfest af konungi 22. nóvemberdag s. á. Með því að lög þessi snerta svo mjög Landsbókasafnið, skal frumvarpið tekið hér upp orðrétt.

1. gr.

»Allar prentsmiðjur þær, er nú eru, eða síðar kunna stofnaðar að verða hér á landi, eru skyldar að láta Landsbókasafni Íslands og hinna konunglegu bókhöfðu í Kaupmannahöfn ókeypis í té 2 eintök hvoru af hverju því, sem prentað er í þeim, stóru og smáu, sem og endur- og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír. — Amtsbókasöfnin á Akureyri, Stykkishólmi og Seyðisfirði og háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn skulu einnig fá ókeypis hjá öllum prentsmiðjum landsins 1 eintak hvert af öllu því prentmáli, sem í þeim er prentað. Prentsmiðja sendi tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuði, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, alt það prentmál, sem henni ber að standa áður nefndum söfnum skil á, ásamt skrá yfir það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til hlutaðeigandi safna. Slikt hið sama gildir um afhending blaða, er Landsskjalasafnið á lögum samkvæmt að fá. Vanskil á prentmáli varða sektum frá 5—500 kr., ef eigi er bætt úr vanræktinni, þegar ámint er um það. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda bókaverði Landsbókasafnsins skrá yfir alt það, stórt og smátt, sem prentað hefur í þeim verið á árinu.

2. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. laga um prentsmiðjur, 4. desember 1886, úr gildi numin.

Á nefndarfundum 21. janúardag 1907, þegar samþykktar voru þær tillögur til launahækkunar og fjölgunar starfsmanna við safnið, sem áður er getið,

1) Laun bókavardar voru 1897 hækkuð úr 1000 kr. upp í 1500 kr. og 1903 upp í 1800 kr., aðstoðarmanns 1897 úr 700 í 900 kr.

var einnig samþykkt að sækja um, að veittar yrðu á næstu fjárlögum 2000 1907 kr. til bókbandsverkfæra í hina fyrirhuguðu bókbandsverkstofu Landsbóka- og Landsskjalasafnsins og var sú upphæð veitt í fjárlögunum um árið 1908. Þá voru einnig veittar í sömu fjárlögum 2000 kr. til flutnings á Landsbókasafninu úr þinghúsinu upp í nýju bókhöðuna, til skápa og innanstokksmuna í hinu nýja húsi 38 þús. krónur, til að launa landsbókavörð og 1. og 2. bókavörð voru veittar fyrra árið 2400 kr., 1200 kr. og 500 kr. en síðara árið, samkvæmt hinum nýju lögum um stjórn safnsins, 3000 kr., 1500 kr. og 1000 kr.; til bókakaupa og handrita voru veittar 5000 kr. hvort árið, til bókbands 1000 kr., til samningar spjaldskrár (eftir reikningi) 1200 kr., til afskrifta (eftir reikningi) 800 kr., til ritaukaskrár 200 kr., til brunaábyrgðargjalds 360 kr. — hvort árið, og að síðustu til eldiviðar og áhalda m. m. 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið, með tilliti til að safnið myndi þá komið í hinn nýja bústað sinn með miðstöðvarhitun, en sú upphæð reyndist auðvitað allsendis ónóg til hitunar og lýsingar svo stóru húsi.

Handrit voru ýms keypt á þessu ári fyrir 67 krónur og samþykkt kaup á mörgum fleirum. Svo voru og bæði keypt og samþykkt kaup á allmörgum prentritum, svo sem ýmsum Amerikublöðum (fyrir 157 kr. 50), læknisfræðilegum ritum (fyrir 73 kr.) o. fl. og auk þess samþykkt af nefndinni að fá Eirík meistara Magnússon í Cambridge til að útvega afskrift af latínukveðskap Jóns biskups Vidalíns, sem þar er geymdur í handritum, svo var og samþykkt að hraða afritunarlokum á bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Þá var og á nefndarfundum 9. febrúard. þ. á. því hreyft af formanni, að safnið hefði síðustu árin verið að víða að sér með afskriftum ritum Jóns Skálholtsrektors Þorkelssonar og lagði til að »réttum hlutaðeigendum væri bent til þessa, og því skotið til þeirra, hvort ekki myndi heppilegt, að Thorchilliisjóðsstjórnin gerði ráðstafanir til þess, að æfisaga þessa manns yrði gefin út sem fyrst, t. a. m. 1909 á 150 ára afmæli sjóðsins. Sýndist nefndinni, að formaður og skrifari nefndarinnar hreyfðu þessu efni við prófastinn í Kjalarnesþingi«. Rituðu þeir síðan prófastinum langt og ítarlegt erindi um þetta efni, er hafði þann árangur, sem kunnugt er, að mikið ritverk var um hann samið.

1907 Loks var á fundi nefndarinnar, 6. júnídag, tilkynt að Runólfi bókbindara Guðjónssyni (sbr. 193.—194. bls.) hefði af stjórnarráðinu verið veittur 300 kr. styrkur til að nema viðgerð og innbinding á gömlum bókum og handritum. Var styrkur sá veittur af fé því, sem veitt var í fjárlögum til utanfara iðnaðarmanna, svo að söfnin losuðust þannig við að leggja neitt frá sjálfum sér til utanfarar hans.

1908 Síðasta fund sinn hélt stjórnarnefnd safnsins 3. janúard. 1908, og voru þá liðin meira en 81 ár frá því er Hoppe stiftamtmaður kvaddi þá Steingrím biskup, Jón landlækni og Ebbesen kaupmann í stjórn safnsins með sér; er fyrsta fundargerð safnsins dagsett 5. dag ágúst. 1826, en hin síðasta 3. dag janúarm. 1908; var safnið á þessu árabili vaxið úr tæpum 2 þúsundum binda upp í frek 70 þúsund, fastasjóður þess, sem í upphafi var enginn, orðinn 7800 kr. Handritasafn þess, sem þá var ekki heldur til, orðið 6200 bindi, þá fékk það engan eyri af opinberu fé, nú var tillag til þess úr landsjóði (1907) 11, 760 kr., þá hirðist það í lélegum húsakynnum, lesstofulaust, uppi á lofti í dómkirkjunni, nú var í smíðum handa því veglegt hús með fegursta sal landsins að lesstofu; þá voru lántakendur bóka einungis örfáir menn og lesendur í safninu engir, nú voru lántakar orðnir 297 á árinu 1907 að 2732 bindum og lesendur í lestrarsal 2005, en lánuð bindi í salinn 5946 og svo má lengi upp telja dæmi þess, hve mjög safnið hafði fært út kviarnar á þessum átta áratugum, enda höfðu nefnd þessa setið margir æðstu og ágætustu menn landsins um þann tíma. Elztur nefndarmanna, þeirra er síðast áttu sæti í henni, var Eiríkur prófessor Briem, hafði hann þá verið gjaldkeri hennar, þóknunarlaust sem aðrir, í 21 ár, frá því er Magnús Stephensen varð landshöfðingi árið 1886 og gekk úr nefndinni.

Síðasta verk nefndarinnar á áðurnefndum fundi hennar var að samþykkja kaup á bréfasafni miklu til Davíðs prófasts Guðmundssonar og nokkurum handritum af Guðmundi hreppstjóra syni hans fyrir 130 kr. Þá var og lagður fram á fundinum reikningur frá Eiríki meistara Magnússyni í Cambridge upp á £ 12 fyrir afskrift af kvæðum Jóns Vídalíns, sem áður er getið, eftir Additamentis í British Museum 11,198 4to., og var samþykkt að greiða þann reikning.

Í ársbyrjun 1908, 4. janúardag, setti ráðherra Hannes Hafstein Jón 1908
bókavörð Jacobson til þess fyrst um sinn að gegna landsbókavarðarsýslan-
inni frá 1. s. m. og samdegis þá dr. phil. Björn Bjarnason og cand. phil.
Jón Jónsson til þess fyrst um sinn, frá sama tíma að telja, að gegna fyrri
og síðari bókavarðarsýslaninni, og voru allar þessar stöður auglýstar lausar
í Lögbirtingablaðinu 9. dag janúarmán. s. á. með umsóknarfresti til 5. dags
aprílm. þ. á. Þann 15. d. júním. s. á. skipaði svo ráðherrann Jón Jacobson
landsbókavörð við safnið frá 1. júlíd. næstk. og 17. s. m. cand. phil. Jón
sagnfræðing Jónsson fyrri bókavörð við það frá 1. októberdegi næstk.,
en sama dag var dr. phil. Björn Bjarnason skipaður 2. kennari við kenn-
araskólann í Reykjavík. Þann 13. júlídag s. á. var fyrsta kennara við gagn-
fræðaskólann á Akureyri, Hallóri Briem, veitt lausn í náð með eftirlaun-
um frá 1. októberd. þ. á. að telja, en 26. d. septembermánaðar s. á. var
hann af ráðherranum skipaður síðari bókavörður við safnið frá 1. d. októ-
bermánaðar þ. á.

Í bréfi, dags. 28. janúard. 1908, tilkynti ráðherra landsbókaverði, að sam-
kvæmt 4. gr. laga nr. 56 frá 22. nóvemberd. 1907 um stjórn Landsbóka-
safnsins hafi verið skipaðir í nefnd landsbókaverði til ráðuneytis við bóka-
kaup og handrita, samkvæmt tilnefningu kennaranna við prestaskólann,
læknaskólann og mentaskólann, þeir Þórhallur prófessor Bjarnarson, Guð-
mundur læknaskólakennari Magnússon, Bjarni adjunkt Sæmundsson og til
bráðabirgða settur af stjórnarráðinu sýslumaður Lárus H. Bjarnason, með
því að lagaskólinn var þá ekki enn á stofn kominn, og loks, sjálfkjörinn að
að lögum, landskjalavörður Jón Þorkelsson til ráðuneytis við handritakaup.
En brátt urðu þau mannaskifti, að í stað Þórhalls, er 19. septemberd. var
skipaður biskup yfir Íslandi, kom í nefndina eftirmaður hans í forstöðu-
mannsembættinu við prestaskólann, Jón Helgason. Formaður nefndarinnar
varð Guðmundur Magnússon, en ritari Jón Þorkelsson.

Alþingi 1907 hafði veitt í fjárlögum 2000 kr. til flutnings safnsins í hina
nýju bókhöfðu, en þegar leið á sumarið 1908 var bókhöfðusmiðin svo langt
á veg komin, að farið var að undirbúa flutninginn. Landsbókavörður mældi
nákvæmlega upp alt hillurúm safnsins í gamla og nýja bústaðnum, svo að

1906 vísu var að ganga með staðinn fyrir hverja deild bóka, þegar upp í nýja bústaðinn kom, svo vann hann og að hreinsun bóka niðri í þinghúsinu fyrir flutninginn og var þá í fyrsta sinn notuð rykdæla (Stövsuger) við hreinsun bóka í safninu, sem hann hafði fengið frá Höfn til safnsins og snúið var með handafli. En áður höfðu bækur, gamlar og óhreinar, sem ekki höfðu verið hreyfðar mörgum árum saman, verið hreinsaðar og sópaðar í safninu með klútum og burstum í svo miklu ryki, að stórháski var að fyrir líf og heilsu. Gekk flutningur safnsins vel og greiðlega; var undirbúningsvinnu undir hann lokið í septembermánuði og í októbermánuði var alt safnið flutt á nokkurum dögum. Varð akstursreikningurinn einar 50 kr. og kaup 6 verkamanna við flutninginn 186 kr. Lengstan tímann tók auðvitað að raða upp í hillur og var til þess tekinn einn maður aukreitis til aðstoðar frá 7. nóvemberd. 1908 til 19. janúard. 1909 og honum goldnar 145 kr. fyrir vinnu sína af flutningskostnaðarfénu. Allur flutningskostnaður varð samtals 531 kr. 34 a. og þannig óeytt af áætluðu landsjóðstillagi 1468 kr. 66 a. Aftur á móti fór kostnaður við kaup, flutning og uppsetning bókbandsáhalda 43 kr. fram úr hinu áætlaða 2000 kr. tillagi, en verkið við flutning og uppsetning bókbandsvélanna og annars útbúnaðar í bókbandsstofu safnsins í suðausturenda hússins í stofubygðinni fór fram um sama leyti og flutningur safnsins, svo að bókbandsstofan var að öllu leyti tilbúin undir bókbandsstörf í árslok 1908.

Í húsgerðarnefndinni hafði það meðal annars verið ákveðið í samráði við ráðherra, að lettra skyldi nöfn ýmissa islenskra bókmentaskörunga utan á hliðar og gafla bókasafnshússins og voru sett nöfn þeirra Ara Þorgilssonar, Snorra Sturlusonar, Guðbrands Þorlákssonar og Hallgríms Péturssonar á suðurhlið, Jóns Halldórssonar á austurgafi, Eggerts Ólafssonar og Jóns Espólíns á norðurhlið, Sveinbjarnar Egilssonar á vesturgafi með fæðingar- og dánarárum þeirra undir nöfnunum; svo var það og ákveðið, að lóð sú, er húsið fengi, skyldi takmarkast af Hverfisgötu að sunnan, framlengdu Ingólfstræti að vestan, af framlenging Lindargötu að norðan og girðing þeirri, sem sett var til bráðabirgða að austan milli húss þá verandi bæjarfógeta Jóns Magnússonar og bókhöðunnar, með það fyrir augum, að álmur yrðu síðar gerðar frá aðalhúsinu við Hverfisgötu niður undir

Lindargötu, þegar þrengjast tæki í safninu, en þar tæki svo við að síðustu 1908
forhliðarhús við Lindargötu, er sameina skyldi báðar álmurnar.

Þegar hingað var komið sögunni, voru liðin frek tvö ár frá því, er hornsteininn var lagður að bókhlöðunni, en sú athöfn fór fram sunnudaginn 23. d septemberm. 1906, á ártíðardegi Snorra Sturlusonar. Athöfnin hófst kl. 4 síðd. að við stöddu miklu fjölmenni. Stór pallur var reistur þar, sem nú er fordyri hússins, og voru þar ráðherrann og frú hans, landritari, forsetar alþingis, húsgerðarnefndin og húsgerðarmeistarinn, en fólkið skipaði sér flest á götuna framan við húsið. Þar var úthlutað nýju kvæði eftir Þorstein Erlingsson, sem prentað er hér aftan við ritið (fskj. XXIV.), og það sungið af söngflokki undir stjórn Brynjólfs Þorlákssonar. Síðan tók ráðherra H. Hafstein til máls og er þetta upphaf ræðu hans:

»Háttvirta samkoma!

»Hálfnað er verk þá hafið er«, segir gamalt máltæki. Það er svo jafnan um öll nauðsynjamál og góð fyrirtæki, að aðalerfiðleikarnir eru í byrjuninni, enda »varðar mest til allra orða, að undirstaðan rétt sé fundin«. En sé undirstaðan fundin og hyrningarsteininn lagður í fullri meðvitund um tilgang og takmark, í einlægum vilja og einbeittri trú á málefnið, þá lánast að jafnaði að ljúka því, sem eftir er. —

Í dag eigum vér að leggja hyrningarstein að mikilsvarðandi og merkilegu húsi, stórhýsi, er á að geyma fjársjóðu, sem vér vonum, að eigi fyrir sér að vaxa með vaxandi viðgangi og menning þessarar þjóðar, eins og safn það, sem þetta hús sérstaklega er ætlað til að varðveita, hefur eflst og aukist með vaxandi mannrænu, sjálfsdád og sjálfstæði þjóðar vorrar á öldinni sem leið.

Því næst sagði ráðherra sögu safnsins í örfám orðum og gat þess, hve bryn þörf orðin væri á þessu húsi og hvað til bragðs hefði verið tekið á alþingi 1905 til að reyna að koma henni upp án aukinna álagna: að selja til bygginga Arnarhólstúnið og stofna byggingarsjóð af andvirði þess, og síðan mælti hann svo sem hér segir:

»Samkvæmt gamalli venju verður lögð niður í grundvöll hússins stutt skýrsla um bygging þess. Hún er rituð á bókfell, sem ásamt gildandi bankaseðlum og póstmerkjum verður sett í loftþjett blýhylki, og hljóðar skýrslan þannig:

Hús þetta er byggt handa landsbókasafni og landsskjalasafni Íslands samkvæmt lögum um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga, staðfestum 20. dag októberm. 1905 og er hyrningarsteininn lagður á dánarafuæli Snorra Sturlusonar 23. septemberm. 1906, á fyrsta ríkisstjórnarári

Frederiks konungs hins VIII.

Ráðherra: Hannes Hafstein.

Landritari: Klemens Jónsson.

Forsetar alþingis: Eiríkur Briem, Julius Havsteen, Magnús Stephensen.

Byggingarnefnd, kosin af alþingi: Guðmundur Björnsson, Jón Jakobsson, Tryggvi Gunnarsson,

Teikning gerð af: Magdahl Nielsen byggingameistara.

Verkið framkvæmt af: Félaginu »Völundur«.

Umsjónarmaður við bygginguna: F. Kiörboe byggingameistari.

Bókavörður landsbókasafnsins settur: Jón Jakobsson.

Skjalavörður landsskjalasafnsins: Dr. Jón Porkelsson.

Ætlast er til, að aukið sé við bygginguna eftir þörfum síðar.

Ment er máttur.

Síðustu einkunnarorðin: *Ment er máttur*, verða höggvin inn í grunnsteininn, sem verður þannig fyrir komið, að hann sést að innan úr kjallaranum. Á steininn verður og höggvið, að hann sé lagður á ártíðardag Snorra Sturlusonar, snillingsins snjalla, sem eins og kunnugt er, lést aðfaranótt þessa dags fyrir 665 árum.

Nelndinni, sem aðstoðar stjórnina við bygginguna, þótti vel til fallið, að þessi athöfn færi fram einmitt þennan dag, því að vissulega er lífsstarf Snorra grundvöllur og hyrningarsteinn undir mentafrægd og orðstír Íslands, sem er þess fegursta fjöður enn fram á þennan dag, og vonin um, að sú stofnun, sem sérstaklega er helguð fortíðar-, nútíðar- og framtíðarmentun þessa lands, megi koma að tilætluðu gagni með tilætluðu magni, er óaðgreinanlega sameinuð minning hans. Því fátt sannar öllu ápreifanlegar, hvílikur máttur fylgir mentinni en það hverja þýðingu þær mentir, sem Snorri Sturluson er fulltrúi fyrir og frömuður að, hafa haft fyrir hina íslensku þjóð, líf hennar og viðhald, álit og alla þróun. Tími og veður bannar að rökstyðja þetta ýtarlega hér en þeir, sem þekkja sögu Íslands, vita, að þetta er satt.

Bókasöfnin hafa tvenskonar ætlunarverk. Í fyrsta lagi geyma þau bókmentir og sögu þjóðarinnar og eru þannig varð-kastali og forðabúr þjóðernistilfinningarinnar, sem aftur er skilyrði fyrir samheldni, vilja og krafti til þess að efla og hefja þjóðina sem þjóð. Jeg vona, að þessi bygging, sem hér á að rísa, verði trúr og tryggur geymslustaður fyrir allt gott í íslenskum bókmentum að fornu og nýju, örugt vígi fyrir minningu þeirra manna, sem auka og efla mentir og þar með mátt þessa lands. Vona ég, að í þessu húsi verði sýnilegur staður, þar sem nöfn slíkra manna verða höggvin í stein að þeim látnum, þeim til lofs og öðrum til eftirbreytni. —

En bókasöfnin hafa einnig annað ætlunarverk, og það er að vopna hinn lifandi lýð í framsóknarbaráttunni á hverjum tíma, með því að fá inn í landið jafnóðum hinar

beztu bækur og rit í öllum vísindagreinum, svo að þeir, sem mentir stunda, geti fylgst með í þeim framförum þekkingarinnar, sem fleygja menningunni áfram. Hvervetna og í öllu er það nútímans reynsla, að þekkingin er það, sem sigrinum ræður. Það er þekkingin og vísindin, sem finna upp vopnin og áhöldin til varnar og sóknar í lífsbaráttunni, baráttunni fram á við og upp á við til meira ljóss, meira frelsis, meira manngildis, sem er tímans krafa. Það er gamalt spakmæli, að blindur sé bóklaus maður. En blindur maður getur ekki beitt vopnunum, hann er vopnlaus, máttlaus, ófær í baráttunni, og er því *ment máttur*, sem ekki má án vera.

Einnig þetta síðarnefnda ætlunarverk vona ég að verði leyst af hendi eftir föngum og af góðum vilja í hinu nýja húsi, sem hér á að reisa, húsinu, sem ætlast er til að stækki eins og skelin með skelfiskinum, eftir því sem árin líða. —

Jeg veit eigi aðra betri ósk, er ég get bundið við þessa athöfn en þá, að æskulýður Íslands festi sér í huga þann sannleik, að *ment er máttur* og að *mentaleysi er máttleysi*. Hver sem eykur mentun sína, eykur mátt sinn, og þar með mátt þess lands, sem á hann.

Um leið og ég bið alsvaldanda guð að blessa þessa mentabygging, sem hér á að standa, legg ég í nafni þings og stjórnar þessa lands hyrningarsteininn ásamt menjum þeim, er ég áður hef frá skýrt.

Blessist og varðveitist *bókmentir, tunga og þjóðerni Íslands*.

Áður en ráðherrann mælti þessu síðustu orð í ræðu sinni, gekk hann niður af pallinum og bjó um blýhyllið, lagði yfir þrjá steina og limdi með þrem steinlimsspöðum.

Mannfjöldinn tók undir ósk hans með niföldu húr-ra-hrópi. Síðan söng söngflokkurinn »Eldgamla Ísafold« og var svo athöfninni lokið.

Þegar bókhlöðusmiðin var svo langt á veg komin, sumarið 1908, að fyrirsjáanlegt var, að safnið myndi verða flutt í hinn nýja bústað sinn þá um haustið, ritaði landsbókavörður 20. júlídag stjórnarráðinu bréf og bar fram tillögur sínar um, að skipaður yrði dyravörður við húsið með 12—1500 kr. árslaunum auk ókeypis bústaðar í húsinu og að staða sú yrði auglýst með umsóknarfresti til 20. eða 25. dags ágúst. þ. á. Var dyravarðarsýslanin síðan auglýst, 22 umsóknir komu um sýslanina og loks tilkynnti ráðherra í bréfi 9. októberd. landsbókaverði, að Helgi Árnason væri ráðinn dyravörður frá 1. d. októberm. þ. á. með 800 kr. ársþóknun, sem á alþingi 1909 var hækkuð, samkvæmt umsókn dyravarðar, upp í 1400 kr. á ári, enda var þá marga örðugra en nú er orðið, vatnsburður talsverður og staut við ónot-

1908 hæfa (Kitchen-) lampa, með því að vatnsleiðsla og gasleiðsla voru þá enn ókomnar í húsið.

Samkvæmt ósk stjórnarráðsins ritaði landsbókavörður því 19. septemberdag 1908 tillögur sínar um þær breytingar á fjárupphæðum til safnsins í fjárlögum fyrir árin 1910 og 1911, sem hann taldi nauðsynlegar, og fór fram á, að liðurinn til bókakaupa og handrita yrði hækkaður úr 5000 kr. upp í 6000 kr. á ári, því að fjárhagur safnsins var mjög örðugur, er stjórnarnefndin skilaði af sér í ársbyrjun 1908, einkum sakir mikilla handritakaupa fyrir farandi ár, sem nefndin hafði sýnt lofsverðan áhuga á að afla safninu með hinn ótrauða safnara, landsskjalavörðinn, í broddi fylkingar. Helmingur árstillagsins, eða 2500 kr. á ári, gekk þannig til hlutgreiðslna á handritaskuldum safnsins, auk þess sem safnið var í allmiklum öðrum skuldum, svo sem fyrir bókakaup og bókband yfir 800 kr. og til fastasjóðsins 500 kr., svo að ekki var, að greiddum ársskuldum, meira fé eftir til bókakaupa og handrita og bókbands árið 1908 en tæpar 2200 kr. Þá lagði landsbókavörður einnig til, að tillag til bókbands yrði hækkað úr 1000 kr. upp í 1400 kr. með sérstöku tilliti til þess, að fenginn væri unglingur bóbindara til aðstoðar og náms við bókband, enn fremur að spjaldskrár tillagið yrði hækkað úr 1200 kr. á ári upp í 1500 kr. með sérstöku tilliti til þess, að fjárveitingin hafði verið ónotuð undan farin ár og safnið því orðið af fénu, en nú átti landsbókavörður kost á ötulum manni til þess starfa, cand. Páli E. Ólasyni.

Allar þessar tillögur tók alþingi góðfúslega til greina og veitti allar sömu upphæðirnar í fjárlögum um 1910 og 1911, sem upp á var stungið.

Haustið 1908 gerði Hallgrímur biskup Sveinsson fyrirspurn til landsbókavardar um, hvað bezt myndi gert við bækur nokkurar, sem að líkindum voru úr hinu »Möllerska bókasafni« og geymdar voru við Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. Réð landsbókavörður biskupi til að bjóða bækur þessar bókasafninu á Ísafirði, með því að flutningur væri stýltur þangað og aðgangur að bókunum hægastur þangað fyrir sýslubúa Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem bækurnar munu upphaflega hafa verið ætlaðar.

Handrit voru enn sem fyr þetta ár lánuð milli safnanna hér og í Kaupmannahöfn, en beiðni frá Þýzkalandi um lán á blöðunum »Ísafold«, »Þjóðólfi«


og »Norðurlandi«, árgöngunum 1884—1907, í þarfir hagfræðilegs rits um 1908 Ísland, var neitað af góðum og gildum ástæðum.


Í lok þessa árs var fastasjóður safnsins 8300 kr. Lánuð voru fram í lestrarsal á árinu (frá janúarbyrjun þar til í septembermánuði, er flutningur safnsins byrjaði) 5268 bindi 2029 lesendum, en lánuð út úr safninu 2187 bindi 262 lántakendum. Handrit voru keypt 22, en 9 gefin. Ritauki safnsins var þetta ár meiri en nokkuru sinni áður, eða samtals 6014 prentuð eintök, því að nú bættust því bókasafn prestaskólans (2546 bindi) og bókasafn læknaskólans (489 bindi), er safninu voru afhent til eignar með því skilyrði, að kennarar og nemendur þessara skóla skyldu hafa forgangsrétt fyrir öllum öðrum til afnota þessara bóka og annara rita, er frá þessum skólum kynnu síðar að bætast safninu, bæði til útláns og í lestrarsal. Nú var einnig fyrst tekin upp úr kössum hin ágæta dánargjöf próf. W. Fiske, sem áður er um getið, en það hafði áður verið ókleyft sakir rúmleysis í alþingishúsinu. Gjöf þessi var alls 2468 bindi, eða því nær jafnstór að bindatölu sem bókasafn prestaskólans. Voru þar meðal annars ýms ágæt bókfræðileg rit, alrit og orðabækur, sem nú prýða lestrarsal safnsins, fjöldi skáldsagna og ljóðabóka á ensku máli, sægur af landfræðilegum ritum og sagnaritum o. s. frv. Frá prestaskólanum komu einnig allmörg ágæt rit, ekki einungis guðfræðilegs efnis, heldur og ýms góð rit og ritsöfn í öðrum fræðigreinum, frá læknaskólanum komu aftur á móti því nær eingöngu læknisfræðileg rit. — Þann 8. d. nóvembermánaðar 1908 byrjaði landsbókavörður að innrita allar þessar gjafir í innritunarbækur safnsins og merkja gjafabækurnar tölumerkjum; hafði hann lokið því verki fyrir nýár, en bókaverðirnir tóku við af honum og röðuðu bókunum upp í hillur safnsins.

Með þenna mikla ársviðauka flutti safnið sig búferlum úr alþingishúsinu í hinn nýja eignarbústað sinn á Arnarhólstúni. Hafði það þá í 90 ár þegið húsaskjól að öðrum og þau reynzt misjafnlega, svo sem oft vill verða um það, sem þegið er af náð eða að láni. Vistin á dómkirkjuloftinu var oft og tíðum aumleg og ekki bættu sífeldir hrakningar þaðan úr skák, þegar kirkjan þurfti viðgerða. Að visu breyttist hagur þess mjög til batnaðar, þegar það fluttist haustið 1881 inn í stofubygð alþingishússins, en sá var þó gallinn á þeirri vist, að húsið, einkum austurendi þess, var alls ekki laust


1908 við raka, sem ekki var heldur von, þar sem það var gert úr íslenzkum, gljúpum grásteini, óvörðum að utan, og því hafði auk þess verið dembt með lágrí undirstöðu og kjallaralausni niður í alt foraðið fyrir norðan »Tjörnina«, enda kom það í ljós, þegar á leið, að dýrasta fjársjóði safnsins, handritasafninu, var háski búinn af raka þar sem það var sett, í norðaustur-enda hússins, svo að bækur þær, sem næstar voru gólfinu við útvegg handritaherbergisins mygluðu af raka. — En nú fluttist það í stórt, veglegt og vandað hús með tvöföldum veggjum, sem reyndist algerlega rakalaust, þótt það væri tekið til afnota, þegar er smíðinni var lokið.

Það er gleðilegt íhugunarefni, hve samtvinnnaður vöxtur og gengi Landsbókasafnsins hefur jafnan verið vaxandi sjálfstæði og batnandi hag hinnar íslenzku þjóðar. Þegar alþingi hafði fengið fjárforæði og Íslendingar fengið stjórnarskrá, kemst safnið í fjárlög þess, þótt útlátin væri af skornum skamti; þegar alþingi eignast hús yfir höfuðið á sér, kemst safnið undir sama þakið, og þegar stjórnin er loks orðin alinnlend, er því reist veglegt hús á landsjóðs kostnað.





Bohlagan



Landsbókasafn.

III. kafli.

Í Landsbókasafnshúsinu.

(1908—1918).

Fyrstu tvo mánuði ársins 1909 var unnið að uppsetning hillna, upp- 1909
setning og röðun bóka og öðrum nauðsynlegum undirbúningi til að gera
sáfníð not hæft fyrir almenning. En með því að enn stóð á ýmsum hús-
gögnum í lestrarsalinn, þá varð hann ekki að fullu búinn til afnota fyrir en
í lok marz mánaðar, en þá voru og þangað komin: Landsskjalasafnið, sem
húsið var einnig að lögum ætlað, og auk þess Náttúrugripasafnið í stofu-
bygðinni og Fornminjasafnið í efstu bygð, bæði til bráðabirgða, meðan
húsrúm leyfði.

Þá var það, að landsbókavörður bauð embættismönnum, alþingismönnum,
mentamönnum bæjarins, o. fl. alls um 150 manns, að koma saman í
hinu nýja húsi til að skoða það og safnið sunnudaginn þ. 28. dag marz m.
kl. 1^{1/2} síðdegis. Söfnuðust menn fyrst saman í lestrarsalnum. Var þá sung-
inn fyrri helmingur kvæðis þess eftir Þorstein ritstjóra Gíslason, sem prent-
að er á öðrum stað í ritinu (fskj. XXV), af söngflokki, er Sigfús organisti
Einarsson stýrði, undir nýju lagi eftir sjálfan hann. Þá tók Jón landsbóka-
vörður Jacobson til máls og mælti svo, er hér segir:

»Háttvirta samkoma!

Nú, þegar sú langþráða stund loks er upp runnin, að hús þetta má kalla fullgert
og að því er komið, að Landsbókasafn Íslands getur opnað lestrarsal sinn til afnota
fyrir almenning, þykir mér hlýða að fara nokkurum orðum bæði um húsið og stofnun
þá, sem aðallega á að njóta þess, þar sem ég annars vegar hef þann heiður að vera

1909 forstöðumaður þessarar stofnunar og er hins vegar einn þeirra 3 manna, er alþingi 1905 valdi í byggingarnefnd þá, er skipuð var til aðstoðar landsstjórninni.

Ég skal þá í örfáum orðum minnst á *tíldrög* þessarar byggingar og *sögu hennar*.

Þegar Stiftisbókasafnið árið 1881 skifti um nafn og verustað og fluttist af dómkirkju-loftinu í hið nýreista alþingishús, var það vist einróma álit manna, að þá hefði Landsbókasafni Íslands hlotnast svo mikið húsrúm, að nægja myndi svo mannsöldrum skifti.

En bókasöfn vaxa fljótt. Og hver varð raunin á? Sú, að safnið hafði sprengt af sér umbúðirnar áður en 20 ár voru liðin frá þeim tíma. Þrengslin voru þegar orðin nokkur, er ég kom að safninu árið 1895, enda var nokkuru áður farið að hreyfa því meðal þingmanna, að þörf myndi vera á sjerstakri byggingu handa söfnum landsins, og var það eitt af áhugamálum Ben. sál. Sveinssonar á hans síðustu þingum, þótt honum auðnaðist eigi að sjá framgang þess máls. Þegar kom fram yfir aldamót, voru þrengslin orðin svo mikil, að til stór-vandræða horfði. Þannig varð t. d. hin höfðinglega og ágæta dánargjöf próf. W. Fiskes († 17. sept. 1904) að liggja í kössum, óupptekin í 4 ár, þar til nú í vetur, að hún loks varð tekin inn í safnið. Þegar hér var komið, hreyfir stjórnarnefnd safnsins á fundi sínum 22. nóv. 1904 þessu máli, og er það einhuga álit hennar »að vinda þurfi bráðan bug að því, að koma upp húsi handa safninu, nægilega stóru til frambúðar«. Þá er það, að hin nýja innlenda stjórn vor tekur málið í sína hönd og leiðir það til farsællegra lykta. Á alþingi 1905 ber ráðherra Hannes Hafstein fram frumvarp til laga um stofnun byggingarsjóds og bygging opinberra bygginga; 6. gr. þess frv. heimilar stjórninni að byggja bókasafnsbygging úr steini fyrir 160 þús. kr., svo stóra, er nægi Landsbókasafninu og Landsskjalasafninu í 50–60 ár, en hýsi jafnframt hin önnur söfn landsins, meðan húsrúm leyfir. Alþingi 1905 tók málinu vel, samþykkti lög um þetta efni, er öðluðust kgl. staðfestingu 22. okt. 1905, og kaus í sameinuðu þingi báða páverandi þingmenn Reykjavíkur, bankastjóra Tr. Gunnarsson, landlækni Guðmund Björnsson, og páverandi 2. pm. Húnvetninga í byggingarnefnd, til aðstoðar landstjórninni, svo sem gert hafði verið, þegar alþingishúsið var bygt. Hjer skal fljótt yfir sögu farið og þess að eins getið, að byggingin var auglýst og tókst að lokum að ná samningum við trésmiðafélagið »Völund«, er tók alt verkið að sér (bæði stein- og trésmiði) fyrir 160 þús. kr. með vissum skilyrðum, er samningur þess við stjórnarráðið ber með sér. — Í utanför sinni réð svo ráðherra arkitekt Magdahl Nielsen fyrir yfirmeistara að byggingunni og sendi hann seinna arkitekt Fr. Kiörboe hingað til að hafa yfirumsjón með verkinu fyrir sína hönd. Ráðning hr. Magdahl Nielsens var mjög heppileg, því að hann hefur sérstaka æfing og þekkingu í bygging bókasafna um fram aðra menn þjóðar sinnar, og þótt oss hæfi stundum þótt biðin löng með ýmislegt frá hans hendi, þá er hins að gæta, að alt hefur verið að lokum snildarlega af hendi leyst, enda mun húsið sjálft, útlit þess og stíll, bezt »lofa meistarann«.

Framan af miðaði byggingu þessari seint sökum snjóþýngsla og frosta fyrsta veturinn, sem starfað var að steinsmiðinu. Síðar kom og ýmislegt fyrir, sem olli töfum, vöntun á ýmsum teikningum, þegar til átti að taka, mikill dráttur á sending bókaskápa frá útlendum verksmiðjum, og að síðustu sein skil á innanstokksmunum, sem hindrað hafa afnot þessa sals um tvo mánuði, eftir að öðru var lokið.

Umboðsmaður »Völundar« við bygginguna hafði falið hr. trésmiðameistara Guðm. Jakobssyni að vera umboðsmaður sinn við bygginguna, en fyrir steinsmiðinu stóð hr. Guðjón Gamalielsson, fyrir trésmiðinu hr. Helgi snikkari Thordersen og járnsmiðið annaðist hr. Páll Magnússon. Innanstokksmuni flesta, svo sem borð og stóla o. s. frv., tók hr. Jón snikkari Halldórsson að sér, en tréskurð hefur annað tréskeri Stefán Eiríksson. Öllum þessum mönnum, ásamt umboðsmanni arkitektsins, Kiörboe, kann ég hinar bestu þakkir fyrir góða samvinnu og trausta og vel af hendi leysta vinnu.

Bygging og tilhögun. Veggir eru tvöfaldir, ytri veggir úr grástein, 16" á pykt, innri veggir 9" á pykt, úr Steinars-stein (sandstein), en milli þeirra autt bil, 3 pml. Járnbítar eru í loftinu með Monier-útbúnaði í millibilum.

Salur þessi, sem vér nú erum í, er 27 ál. á lengd og 15 ál. á breidd. Sökum hinnar miklu breiddar er yfir honum loft úr steinsteypu með sérstakri gerð, er nefnist *Hennebique-gerðin*, og hefur hún á voru landi einungis verið notuð hér og í verksmiðjunni »Íðunni«. Stigar allir eru steinsteyptir og tröppurnar múraðar á aðra hlið 8" inn í múrveggina. Alt er húsið frá kjallaragólfi upp að efra lofti algerlega eldtraust, 19–20 ál. á hæð. Miðstöðvarhitun er í húsinu, svo nefnt »Recks Patent«, með hitaleiðslu í öllum herbergjum í sambandi við hitaklefa-kerfi í kjallaranum, er leiðir heitt loft inn í lestrar-salinn, útlánsstofu og skrifstofu, en dregur hins vegar út óhreina loftið. Alt er húsið 56×30 álnir eða 1680 ferálnir að stærð.

Hillulengd safnsins er samtals 3800 ál. = ca. 95 þús. binda rúm (tæpur puml. pr. bindi). Í safninu var áætlað 1905 um 60 þús. bindi. Verður því enn rúm fyrir um 35 þús. bindi, eða fyrir árlegum 1500 binda vexti í 23 ár.

Náttúrugripasafnið hefur nú fyrst um sinn til afnota stofusalinn, sem er jafnstór lestrarsalnum. Þegar hann verður tekinn til notkunar fyrir bókasafnið, verður hillulengd hans 1800 ál., er rúmar 45 þús. bindi, með sama reikningi og áður. Með 1500 binda vexti á ári yrði safnið 30 ár að fylla hann. Á 53 árum ætti þannig bókasafnið að fylla allt sitt húsrúm og innihalda 5600 álna hillulengd og 140 þús. bindi.

En hér við er það að athuga, að safnið er nú orðið um 70 þús. bindi. Á síðastl. ári hafa bætt við það 3000 bindi frá prestaskólanum, frá læknaskólanum liðlega 500 bindi og dánargjöf Fiskes 2500 bindi, samtals yfir 6000 bindi, (ég hef enn eigi haft tíma til að innfæra og merkja leifarnar sökum flutnings og röðunar). Með ársviðbótinni 1906 og 1907 mun því láta nærri, að safnið hafi nú að geyma um 70 þús. bindi og því rétt-

1909 ara að áætla að eins 15—20 ár, þar til Náttúrugripasafnið verður að vikja, og þar af leiðandi 45—50 ár, þar til allt húsrúmið er fyllt.

Kostnaður. Samkvæmt upplýsingum, sem hr. arkitekt Kiörboe hefur góðfúslega látið mér í té, hefur húsið sjálft kostað 184,600 kr. Til innanstokksmuna hafa gengið þær 38 þús. kr., sem alþingi 1907 veitti í þessu skyni. Samtals er það 222,600 kr. eða 24,600 kr. yfir hina upphaflegu áætluðu upphæð, en í aðra hönd: kjallari undir öllu húsinu, granit í tröppum og portal, Hennebique-loft og tvöfaldir veggir.

Tvær aðrar fjárveitingar, sem alþingi 1907 veitti Landsbókasafninu, voru kr. 2000 til flutnings á safninu úr þinghúsinu í bókasafnsbygginguna og 2000 kr. til bókbandsáhalda. Af hium fyrri 2000 kr hefur safnið einungis notað liðugan $\frac{1}{4}$, eða kr. 531,34, en bókbandsáhaldakostnaðurinn hefur aftur á móti farið 43 kr. 57 a. fram úr veitingu, sem stafar af hinn stórkostlegu verðhækkun á öllum bókbandsáhöldum síðastliðið ár (20%). Að öðrum kosti hefðu einnig nokkur hundruð sparast á þessum lið.

Vatnsveita, þvottastaður. Þess skal getið, að þar sem vatnsveita Reykjavíkurbæjar er enn ókomin, þá vantar einnig enn allan útbúnað til þvotta og ræstingar m. m. inn af fordyrinu hér niðri, en sá kostnaður er óumflýjanlegur vegna þeirra, er lestrarsalinn sækja.

Garður og girðing. Annan galla skal einnig nefna, sem bráðlega þarf að verða bót á ráðin. Flestum, sem hingað koma, mun verða starsýnt á, hvernig hér er umhorfs úti fyrir. Engir, sem ráð hafa á að kaupa dýrindis gimstein, telja eftir sér að verja nokkuru fé til umgerðar um hann. Hús þetta er gimsteinn, en umgerðarlaus enn sem komið er. Girðing fyrir framan húsið er bráðnaudsýnleg, helst með litlum garði, svo að húsið geti notið sín. Auk þess liggur hér umhverfis stór og dýr landsjóðslóð, sem sjálfsagt er að verja fyrir auðn og ágangi.

Hús þetta er dýrt — þó eigi dýrara en svo, að verð þess mun fyllilega þola samjöfnuð við aðrar opinberar byggingar og það verða ódýrara en þær (Ísl. banki um 6 kr. ten.al.; alþingishúsið um kr. 5,81 ten.al.; Landsbankinn kr. 5,15 ten.al., eftir því sem ég kemst næst, en bókasafnsbyggingin kr. 4,80 ten.al.), og þótt allur kostnaður við það o. fl. því til heyrandi færi upp í 240 þús. kr. eða 3 kr. á hvert mannsbarn á landinu, þá er það líka í sérstökum skilningi *þjóðarinnar* hús framar öllum öðrum byggingum, jafnopið háum sem lágum, ríkum sem fátækum, hverju mannsbarni á landinu, sem fræðslu vill þar leita og getur það.

Að síðustu skal ég taka það fram, að bygging þessi markar nýtt tímabil í byggingarsögu Íslands; gleðilegt að geta sagt það, að veglegasta og vandaðasta steinhús þessa lands er byggt eingöngu af Íslendingum, undir forstjórn ísl. manna; því nær hvert handtak er íslenzkt á húsi og munum. — Vonandi, að landsjóður hætti að byggja nokkura opinbera byggingu úr tré.

Stjórnarnefnd Landsbókasafnsins. Því nær samtímis vistaskiptum þeim, sem þetta safn hafði, varð önnur mjög þýðingarmikil breyting á fyrirkomulagi þess, er alþingi

samþykkti lagafrumvarp það, er ráðherra vor lagði fyrir það um stjórn safnsins (lög 1909 frá 22. nóvemberd. 1907). Við ársbyrjun 1908 fluttist starf það, er stjórnarnefndin hafði frá byrjun haft, yfir í hendur landsbókavörðar. Við þetta tækifæri finn ég mér skylt, í nafni þessarar stofnunar, að þakka þeim mönnum, lífs og liðnum, sem átt hafa sæti í þessari nefnd, fyrir öll þau mörgu og þörfu verk, sem þeir hafa unnið — ætíð endurgjaldslaust — í þarfir safnsins; nægir að tilnefna af núlifandi mönnum Magnús landshöfðingja Stephensen, er í nefndinni sat í 15 ár (1871—1886) og er nú einn á lífi sinna samnefndarmanna, prestaskólakennara Eirík Briem, sem var meðlimur og gjaldkeri nefndarinnar frá 1886 og til ársbyrjunar 1908, er ég tók við fjárhag safnsins, eða í meir en 20 ár, og adjunkt Pálma Pálsson, sem um því nær 20 ár hefur verið við safnið riðinn, fyrst aðstodarbókavörður (til ársloka 1905) og síðan meðlimur stjórnarnefndarinnar og formaður hennar.

Þá vil ég leyfa mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir nýmæli þau, sem hann hefur fram borið á þingunum 1905 og 1907 safninu í hag, svo og öll afskifti hans af þessari stofnun frá því er hann varð æðsti valdsmaður vors lands. Sömuleiðis undanförunum þingum fyrir riflegri útlát til safnsins en áður hafa verið, og nú síðast háttvirtri neðri deild, að hún hefur samþykkt tillögur mínar, er stjórnin tók upp í fjárlögin, um 6000 kr. á ári á næsta fjárhagstímabili til bóka og handritakaupa (einungis fyrir þau 2 ár) og hækkun á spjaldskrártillaginu um 300 kr. á ári sem sárabætur fyrir það, að safnið hefur eigi getað hagnýtt sér hinn veitta styrk um nokkur undanfarin ár. Ef ég væri ekki hræddur um, að á mér kynni að sannast, að »leiðir verða langþurfamennirnir«, þá myndi ég sterklega leggja til, að alþingi veitti nú, helst í fjáráukalögum, 5—700 kr. til útvegunar á svo nefndu »Card Cabinet« eða spjaldskáp, svo að hægt væri að raða spjöldum þeim og nota þau, sem þegar eru skráð, í stað þess að geyma þau í pökkum og pappa-öskjum, eins og nú á sér stað. Góð skrásetning *margfaldar notagildi* hverrar bókar; óskrásettar bækur eru sem hulinn fjársjóður. Ég fór í fyrra fram á að fá nokkura upphæð af óeyddu spjaldskrárfé frá 1907 til kaups á þessari hirzlu, en það þótti eigi heimilt, með því að í fjárlögunum var upphæðin veitt til *samningar* spjaldskrár. Ég myndi reyna að greiða þetta fé af áhaldatillagi safnsins, ef hægt væri, en sé það eigi fært, því að fyrst af öllu er að reyna að rétta svo við fjárhag safnsins, að það vadi eigi skulda-elginn, sem ég tel jafnóhólt fyrir *stofnanir* þjóðfélagsins sem fyrir *einstaklinga* þess.

Útlánsstofa verður opin framvegis sem hingað til kl. 1—3 *stóðdegis*. Nemendur og kennarar prestaskóla og læknaskóla hafa forgangsrétt í útlánsstofu og lestrarsal að bókum þeim, sem eru komnar hingað frá þessum stofnunum.

Úllán (o: út úr safninu) á skáldsögum og öðrum svo nefndum »belletristiskum« bókum, verður eigi framvegis veitt, nema í sérstökum tilfellum og tilgangi; það er og eigi heldur síður í öðrum þjóðsögnum, enda lestrasalurinn nú orðinn svo úr garði gerður,

1909 að öllum er vorkunnarlaust að sitja þar við lestur. Skemdir á slíkum bókum gera þessa breytingu nauðsynlega.

Lestrarsalur. Lestiminn er lengdur um 1 stund (frá 12—3 og 5—8 sídd.). Eigi fong á meira með þeim vinnukrafti, sem safnið hefur til umráða. — *Handbókasafn* er hér allgott — þrískíft (1. evrópískt, 2. skandinavískt, 3. íslenskt) og í því bókfræðileg rit, alfræðirit og orðabækur á flestum Norðurlöfumálum. Einnig timarit í Íslandsdeildinni (ritin um eða undir 2000).

Um hina miklu þýðing þjóðbóka- eða landsbókasafna þarf ég eigi að fara mörgum orðum; hún er svo viðurkend um allan heim, enda keppast allar menningarþjóðir nú á tímum við að gera þau sem best úr garði og sýna þeim jafnmikla rækt og sóma sem háskólum sínum, vitandi, að þau eru *grundvöllurinn undir mentalífi* þjóðanna, bæði í *þrengri* og *viðtækari* skilningi. Fyrir vísindamenn og námsmenn í sérstökum fræðigreinum eru það ómetanleg hlunnindi að eiga aðgang að fjölda rita, sem einstaklingnum er gersamlega um megn að kaupa, og í *viðtækari* skilningi er þýðing þeirra eigi síður stórmerkileg. Góð söfn eru sem sé eitt hið bezta og um leið ódýrasta fræðslumeðal fyrir almenning.

Í sambandi við þetta skal ég taka það fram, að ég vænti og óska hinnar beztu samvinnu milli safnsins og allra mentastofnana vorra. Hvorttveggja eru limir á sama meiði og stefna að sama takmarki — útbreiðslu þekkingarinnar meðal barna fósturjarðar vorrar. *Vanþekkingin er rót alls ills*, þegar alt er krufið til mergjar. Í skjóli hennar og heimskunnar þróast hrokinn, hjartakuldinn, eigingirnin og ofstækið, en það, að skilja alt, er að fyrirgefa alt (*«tout comprendre est tout pardonner»*). Einna greiðasta leiðin til að gera menn betri er að gera þá vitrari, vísari og auðgari að þekkingu.

Veit ég það vel, að efni vor eru af skörnum skamti til fullnægingar andlegum þörfum og óskum, en sigursæll er góður vilji og alt stendur til bóta. Aðalatriðið er að fara vel með lítil efni. Vænti ég í því atriði hinnar beztu aðstoðar hjá nefnd þeirri, sem kosin hefur verið samkvæmt áður nefndum lögum um stjórn Landsbókasafnsins, með því að ég veit, að hún er skipuð dugandi, fróðum og vitrum mönnum.

Eigi síður væntum vér og óskum, samverkamenn mínir og ég, góðrar samvinnu almennings. Vér vonum, að *þessi salur verði óskabarn hans og augasteinninn*. Ósk vor er sú, að okkur lánist að fullnægja öllum sanngjörnum kröfum og almenningur hins vegar hlýði fúslega þeim reglum, sem settar verða og óumflýjanlegar eru til verndar safninu og hagsmunum þess.

Svo opna ég þá þessa lestrarsal og þetta safn — hér á Arnarhólstúni, vöggustöðvum hins íslenska þjóðernis — opna það til fullra afnota fyrir almenning með þeirri innilegu ósk og von, að það nái þeim tilgangi að verða gróðrarstöð vísindalegrar og alþýðlegrar þekkingar á þessu landi og að hér megi jafnan þróast sú

gleðin, sem telja má hreinasta allra lífsins unaðssemða — þekkingarinnar og skynjun- 1909
arinnar gleði.

»Hér sé guð«.

Svo hljóðar gömul og góð islenzk gluggakveðja, þegar sól er af himni horfin.

Hér sé og verði guð — þekkingarinnar og ljóssins guð!»

Er landsbókavörður hafði lokið máli sínu, voru sungin tvö síðari erindi kvæðisins og síðan var húsið sýnt gestunum bæði hátt og lágt og söfnin þrjú: Landsbókasafnið, Fornminjasafnið og Náttúrugripasafnið. Fanst mönnum einkum mikið til um lestrarsalinn, enda var munurinn mikill á lestrarherbergi því, er safnið hafði orðið að notast við í stofubygð alþingishússins í norðvesturenda þess, sem einungis var 11 álnir á lengd og $5\frac{3}{8}$ alin ábreidd (sjá mynd) og hinum háa, stóra og veglega lestrarsal í bókasafnshúsinu.

Með því að nú var fenginn rúmgóður og þægilegur lestrarsalur með miðstöðvarhitun, þótti landsbókaverði rétt, að lengdur væri lestrarsalstíminn um 1 stund daglega. Lengra varð ekki farið með hinu takmarkaða vinnuafli, sem safnið átti yfir að ráða, einkum þar eð nú var komin sérstök útlánsstofa og við hana bundinn sérstakur maður 2 stundir dag hvern eftir tillögum landsbókavardar. Þá var og nauðsynlegt að ákveða eitthvert aldurstakmark fyrir notendur lestrarsalsins, svo að börn og unglingar gerðu ekki fullorðnu fólki óvært þar fyrir þrengslum. Svo var og nauðsynlegt, fyrir tryggingarsakir, að koma á nýju fyrirkomulagi í salnum með afhending bóka gegn sedlakvittunum. Þá var og ákvæði gömlu reglnanna um rétt húseigenda til lánsbóka úrelt orðið og ótrygt. Þess vegna gerði landsbókavörður uppkast að nýjum reglum um afnot safnsins og sendi stjórnarráðinu 7. apríldag. Voru þær samþykktar, því nær óbreyttar, af stjórnarráðinu og síðan undirritaði ráðherra Björn Jónsson 21. apríldag þessar

»REGLUR

um afnot Landsbókasafns Íslands.

A. Um afnot bóka og handrita í lestrarsalnum.

1. grein

Lestrarsalurinn er opinn hvern virkan dag í 6 klukkustundir, frá kl. 12—3 og 5—8 síðdegis.

2. grein

Hverjum manni, sem er fullra 15 ára eða aldri, þokkalega til fara og hreinn, er heimilt að nota bækur og handrit Landsbókasafnsins í lestrarsalnum, hvort heldur til að lesa í þeim eða rita eftir þeim. Skal hann gefa salsverðinum skriflega kvittun fyrir bókum þeim og handritum, er hann fær til afnota. Kvittunin afhendist honum aftur um leið og hann skilar bók þeirri eða handriti óskemdu, er hann hefur fengið til lesturs. Eigi má rita neitt né strika í bækur eða handrit safnsins, óhreinka þau né brjóta blöð í þeim.

3. grein

Í lestrarsalnum skulu menn hafa hljótt um sig og eru allar samræður í heyranda hljóði þar stranglega bannaðar.

4. grein

Í lestrarsal skulu geymdar orðabækur safnsins, handbækur, helzlu alfræðirit og aðrar þær bækur, sem hentugar eru til að fletta upp í, svo og bókaskrár og ritaukskrár þess; blek, pennar og þerriblöð verða þar einnig til afnota fyrir lesendur.

B. Um lán bóka úr bókasafninu.

5. grein

Útlánsstofa safnsins er opin hvern virkan dag kl. 1—3 stöðegis. Þaðan má fá bækur að láni út úr safninu. Lætur stofuvörðurinn bækurnar úti og tekur við þeim aftur, er þeim er skilað.

6. grein

Allir embættismenn í Reykjavík og þeir menn aðrir þar búsettir, er landsbókavörður tekur gilda og góða, geta fengið bækur að láni úr safninu. Aðrir bæjarbúar því að eins, að þeir sýni ábyrgðarskirteini frá skilríkum manni, búsettum í bænum, er landsbókavörður tekur gildan. Utanbæjarmenn geta eigi fengið bækur að láni, nema með sérstöku leyfi landsbókavardar; skulu þeir þá vísa á áreiðanlegan mann innanbæjar, sem tekur á móti bókunum fyrir þeirra hönd, skilar þeim og ábyrgist þær.

7. grein

Hverja þá bók, sem út er lánuð, skal stofuvörður skrásetja á þar til gerð eyðublöð með greinilegum titli, brotstærð, prentstað, prentári og bindatölu, ef bókin er fleiri en eitt bindi; á eyðublað þetta skrifar svo lántakandi nafn sitt, stöðu, heimili og lántökudag.

Enginn má halda bók, sem hann hefur fengið að láni, lengur en 4 vikur, né heldur hafa fleiri bækur að láni í senn en 5 bindi; þó má lengja lánsfrestinn, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og enginn annar hefur beðið um sömu bók, áður en fresturinn var útrunninn.

Nú skilar lántakandi eigi bók í tæka tíð, og skal þá senda heim til hans að sækja bókina, en lántakandi skal greiða sendimanni 25 auru í hvert skifti, sem sendimaður kemur til hans í þeim erindum. Ítrekuð vanskil varða missi lántökréttar, eftir úrskurði landsbókavörðar.

9. grein

Lántakandi ábyrgist bækur þær, sem hann fær að láni, og skemdir á þeim (sbr. 2. gr.). Nú týnist bók eða skemmist hjá lántakanda og skal þá þegar útvega nýja bók í hennar stað á kostnað lántakanda; hinni skemdu bók heldur safnið, þar til ný er fengin, síðan tekur lántakandi hana aftur sem sína eign. — Greiði lántakandi eigi safninu fult andvirði týndrar eða skemdrar bókar, hefur hann fyrirgert öllum rétti til útlána á bókum þess framvegis.

10. grein

Þessar bækur fást eigi að láni út úr bókasafninu:

- a. handrit;
- b. myndir og myndasöfn, landabréf, dýrmætar og fágætar bækur, sem erfitt væri að bæta, ef glötuðust;
- c. orðabækur, handbækur og fræðisöfn, yngri en 2 ára;¹⁾
- d. skólabækur;
- e. skáldsögur og aðrar skemtibækur, yngri en 2 ára;²⁾

11. grein

Einu sinni á ári, 1.—14. dag maímánaðar, skal skila aftur öllum þeim bókum, sem þá eru í láni af bókasafninu, og fást engar bækur til láns þann hálfan mánuðinn. Eftir það fær enginn bók að láni, fyr en hann hefur skilað öllum þeim bókum, sem hann þá hafði.

Verkum meðal starfsmanna safnsins skifti landsbókavörður þannig niður, að 2. bókavörður var lestrarsalsvörður, 1. bókavörður annaðist útlán, bók-

1) viðbót ráðherra: yngri en 2 ára.

2) sömuleiðis.

1909 band, innritun keyptra og gefinna handrita í handritaskrá safnsins o. fl., en sjálfur hafði hann sem áður á hendi yfirumsjón safnsins, reikningshald þess, innritun árlegs ritauka í innritunarbók, samning ritaukaskrár og öll bréfa- viðskifti við útlönd og innanlands.

Sá galli var enn á bókasafnshúsinu, að enn vantaði vatnsleiðslu í það og lokræsi frá því, svo að salerni komu að engum notum, og því var það, að landsbókavörður ritaði stjórnarráðinu í októbermánuði og lagði til, að verkfræðingur væri hið fyrsta látinn rannsaka, hvernig hentugast myndi að koma fyrir vatnsleiðslu og lokræsi að og frá húsinu, og gefa áætlun um, hvað verkið myndi kosta. En engar urðu framkvæmdir á því máli í ráðherratið Bjarnar Jónssonar né heldur í tíð eftirmanns hans í ráðherrasessi og var fyrst bót á þeim vandkvæðum ráðin, er Hannes Hafstein, sem mestan og beztan hafði átt þáttinn í smíð bókhlöðunnar, var aftur orðinn ráðherra.

Á þessu ári varð breyting á skipun ráðuneytisnefndarinnar. Þórhallur Bjarnarson varð biskup eftir Hallgrím Sveinsson og vék því úr sæti í nefndinni, en 1. marzdag s. á. tilkynti stjórnarráðið landsbókaverði, að í hans stað væri af kennurum prestaskólans kosinn í nefndina Jón Helgason lektor.

Handritalán fóru enn fram milli safnanna hér og í Kaupmannahöfn, og enn fremur var handrit lánað úr Landsbókasafninu til bæjarbókhlöðunnar í Gautaborg. Sendar voru safninu frá Cornell-háskólasafninu 14 krossbands-sendingar (39 bindi), er voru leifar þeirra bóka, sem Fiske prófessor hafði ánafnað safninu í erfðaskrá sinni. Þá sendi og Henri de Rothschild barún í Parísarborg ritsafn eitt í 18 bindum (Cahiers de la Quinzaine) safninu að gjöf og hélt því fram um nokkur ár og frá barúnsfrú Engelhardt Pabst kom söguljóð hennar um Gunnar á Hlíðarenda. Meðal handrita, sem keypt voru á árinu, má nefna eiginhandarrit eftir Bólu-Hjálmar og Niels Jónsson skálda.

Ritauki safnsins á árinu var 1728 bindi, þar af 312 viðbót við fyrri árs gjöf frá læknaskólanum. Handrit voru alls gefin 11, en gefendur voru 8, keypt voru 147 handrit. Út úr safninu voru lánuð 3885 bd., lántakendur voru 301 að tölu. Lánuð voru 16237 bindi út í lestrarsal, en lesendur voru 6874.

Þessi gífurlegi vöxtur í útlánum og aðsókn að lestrarsalnum á þrem árs- 1909
fjórðungum, frá því er safnið var opnað til fullra afnota, 29. ágústdag, til
ársloka, sýnir bezt, hver þörf var orðin á nýju húsi fyrir safnið, svo að það
gæti notið sín og orðið að tilætluðum notum, og hinsvegar það, sem allir
reyndar vissu áður, hve lesfúsir Íslendingar eru. Aðsóknin að lestrarsalnum
og notkun bóka þar hafði á þrem ársfjórðungum orðið þrefalt meiri en
hún var all árið 1907.

En þessi mikla aðsókn leiddi einnig í ljós, að einn salsvörður var alls 1910
ónógur, að minsta kosti frá haustnóttum til vordaga, til að annast útlán í
salinn og umsjón hans; bæði varð afgreiðsla of sein á bókum þeim, sem
sækja þurfti handa 25—70 manns úr bókaherbergjunum inn í lestrarsal og
svo var enginn þar á meðan til gæzlu og varnar og afleiðing þess varð sú,
að bækur fóru að hverfa úr handbókasafni lestrasalsins, og þær sumar ekki
af lakari endanum. Þegar svo var komið, skrifaði landsbókavörður stjórnar-
ráðinu 15. janúardag 1909, kvartaði undan vöntun á mannafla til að ann-
ast bæði útlán og lestrarsal með þeirri aðsókn, sem raun var á orðin, og
óskaði að fá aðstoðarmann í lestrarsal og til annara þarfa. Kvað duga
mundu í bráð ókaupdýran ungling og áætlaði 5 til 6 hundruð krónur
handa honum og taldi nauðsynlegt að undinn yrði bráður bugur að þeirri
fjárveitingu upp á væntanlegt samþykki alþingis. Ráðherra svaraði í bréfi
27. s. m. og spurðist fyrir um, hvort ekki myndi auðið með þeim starfsafla,
sem bókasafnið hefði á að skipa, að koma því svo fyrir, að ætíð gætu verið
2 menn í einu í lestrarsalnum, eða hvort ekki myndi tiltækilegt að gera
aðrar ódýrari ráðstafanir til að hindra stuld bóka af lestrarsal en landsbóka-
vörður hafði stungið upp á, svo sem að taka íslenzku bækurnar út af lestr-
arsalnum eða merkja bækurnar sérstöku merki einhverstaðar í meginmáli
bóka. Þessu svaraði landsbókavörður neitandi í löngu og allrækilegu bréfi
26. janúardag, sýndi fram á, að mannaflinn við safnið væri af svo skornum
skamti í samanburði við alt, sem þar væri að gera og upp var talið í bréfinu,
að hann þyldi alls engin meiri framlög til lestrarsals, en lagði að síðustu til,
ef sérstakur aðstoðarmaður ekki fengist í salinn um vetrarmánuðina, að
fengnar væru til reynslu glerhurðir fyrir skápa þá, sem geymdu íslenzku
bækurnar í salnum, með því að þaðan var hætta mest við hvarfi bóka,

1910 þótt það hins vegar tefði fyrir afgreiðslu í salnum, sem þegar væri ónóg. Voru því næst settar glerhurðir fyrir skápana og við það sat um hrið.

Í sama mánuði fékk landsbókavörður bréf frá Þórhalli biskupi um gjafabækur dr. Guðbrands Vigfússonar í Oxford til Þingeyrakirkju í Húnavatnssýslu, gefnar kirkjunni í minningu Ásgeirs bónda Einarssonar á Þingeyrum. Bækur þessar voru 44 að tölu (57 bindi), góð ritverk, en öll rituð á enska, latneska og gríska tungu, nema 4 íslenzk, svo að kirkjunni og sóknarmönnum var minni eign í en skyldi, og þess vegna vildi fyrverandi eigandi kirkjunnar, þá verandi spítalaráðsmaður Hermann Jónasson, sem hafði samið skrá yfir bækurnar og flutt þær með sér frá Þingeyrum suður að Lauganesi, láta selja bækurnar, með því að þær væru kirkjunni óþörf eign. Segir biskup í bréfi sínu, að hann sé í samráði við hlutaðeigendur að leitast við að koma bókum þessum í verð og »fá fyrir sæmilegan og varanlegan grip handa Þingeyrakirkju, er borið gæli nafn þess, er gaf, og þess, er heiðra átti. Allir á það sáttir, að eigi hlýði, að jafndýrar bækur grotni niður alveg ónotaðar á Þingeyrum, því mjög er óvist, að þeir, sem áfram eiga Þingeyrar, verði jafnhirðusamir að varðveita þær og fyrverandi eigandi«. Óskaði biskup, að bókasafnið keypti erlendu ritin einhverju sæmilegu verði, en íslenzku ritin væru auðseld og mættu vera fyrir utan kaupin. Keypti safnið síðan öll erlendu ritin og auk þess Corpus poeticum og Sturlungu Guðbrands fyrir 150 kr. alt saman.

Um sama leyti barst landsbókaverði bréf frá bæjarfógetanum á Akureyri ásamt handritasafni Stefáns alþingismanns Jónssonar á Steinstöðum, sem safnið keypti fyrir 150 kr. og greiddi þær í ársbyrjun 1911. Þetta ár voru einnig Magnúsi bónda í Tjaldanesi greiddar 200 kr. eftirstöðvar frá fyrra ári fyrir handrit hans, þau er eldurinn hafði eirt, þegar brann hjá honum. Alls voru goldnar 250 kr. fyrir það safn.

Þann 19. apríldag s. á. ritaði landsbókavörður forseta Hafnardeildar Bókmentafélagsins, próf. dr. Þorvaldi Thoroddsen, fyrirspurn um, hvort ekki myndi hafa orðið eftir í fórum deildarinnar, er hún skilaði af sér handritasafni félagsins til Landsbókasafnsins, sýslu og sóknalýsing Mýrasýslu, sem vantaði í nr. 20 fol., sem þá var verið að afrita fyrir herforingjaráðið danska til afnota við landmælingarnar íslenzku. Svo kvað hann og vanta

frá deildinni nr. 24—31 (þríhyrningmælingar), nr. 50 fol. (safn af bréfum), 1910
nr. 59—60 fol. (1. Örnefni, 2. Dagbók yfir grunnlinumælingar), nr. 62 fol.
(Sögubók: Knytlingasögu o. fl.); nr. 34 4^o (þríhyrningamælingar), nr. 97
4^o (jurtabók eftir Simon Paulli), nr. 243—244 4^o (hirðstjóratal og samtín-
ing); nr. 11 8^o (dagbók Scheels 1812—1813), nr. 150 8^o (kvæðasafn). Nr.
24—31 kvað hann vera mundu hjá »Sökortarkivet«, en um hitt vissi hann
ekki, hvar vera myndi niður komið.

Forseti Hafnardeildarinnar svaraði um hæl (2. maiddag), kvaðst hafa
leitað nákvæmlega í herbergjum og hirzlum Bókmentafélagsins í Amalien-
borg og ekki fundið neitt af því, sem vantaði. Rit Scheels sagðist hann hafa
notað í »Sökortarkivet« við samning 3. bindis Landfræðissögunnar, enda
mundu þau í raun rétttri vera eign þess skjalasafns, þótt þau hefðu um
tíma lent hjá Bókmentafélaginu, líklega þegar verið var að gefa út Upp-
drátt Íslands, en síðan gleymt að skila þeim. Um hin handritin vissi hann
ekki neitt og sagði, eins og satt var, að Hafnardeildin gæti ekki borið neina
ábyrgð á þeim, enda var frá hlið félagsins sleginn varnagli við, að ekki
yrði látið varða sök, þótt eitthvað litilfjörlegt kynni að vanta af því, er á
skrá stæði, við afhendinguna.

Þann 28. dag júnímánaðar bárust landsbókaverði þrjú bréf frá stjórnar-
ráðinu, öll dagsett samdegis og undirrituð af Birni ráðherra Jónssyni.

Fyrsta bréfið hljóðar svo:

»Að gefnu tilefni óskar stjórnarráðið að fá frá yður, herra landsbókavörður, eftir-
rit af gjörðabók þeirri, er það gengur að vísu um að haldin muni hafa verið um ráð-
stefnur landsbókavardar og ráðuneytis hans við bókakaup og handrita handa safninu
samkvæmt 4. gr. laga 22. nóv. 1907«.

Auðvitað átti stjórnarráðið í þessu efni að snúa sér til formanns eða
ritara ráðuneytisnefndarinnar, því að ritari nefndarinnar hélt bók þessa, svo
sem siður er til. En með því að bókin var enn í vörzlum landsbókavardar,
tók hann afrit af henni þá þegar og sendi stjórnarráðinu það degi síðar.

Annað bréfið var þannig:

»Stjórnarráðinu þykir hlýða að setja landsbókaverðinum og öðrum starfsmönnum
við Landsbókasafnið nokkurn veginn ítarlegar reglur eða erindisbréf um starf þeirra
hvers um sig, eftir því sem við verður komið, um vinnutíma þeirra, niðurskipun á

1910 störfum þeirra hvers um sig, og annað það, er verða mætti fyrir þeirra tilstuðlun safn-
inu til viðgangs og þrifa, og skorar því hérmeð á yður, herra landsbókavörður, að semja
og senda hingað svo fljótt sem yður er hægt frumvarp til slíkra erindisbréfa.

Þann 1. júlídag sendi svo landsbókavörður stjórnarráðinu eftirfarandi
tillögur sínar um

»REGLUR

fyrir landsbókavörð og bókaverði við Landsbókasafn Íslands.

A. Landsbókavörður.

Landsbókavörður hefur eftirlit og yfirumsjón með allri vinnu í þarfr Landsbóka-
safnsins.

Hann annast öll viðskifti safnsins út á við og hefur á hendi öll bréfaviðskifti þess
utan lands og innan.

Hann heldur alla reikninga safnsins og semur við hver árslok nákvæman ársreikn-
ing yfir allar tekjur þess og útgjöld og sendir hann síðan stjórnarráðinu með fylgi-
skjölum. Einn fremur annast hann um hinn fasta sjóð safnsins og ber ábyrgð á honum.

Hann gerir út um öll kaup á bókum, tímaritum og handritum í samráði við nefnd
þá, er sett er honum til ráðuneytis í þeim efnum, og pantar allar þær bækur og tíma-
rit, er safnið kaupir, og veitir yfir höfuð öllu prentmáli þess viðtöku; rita skal hann
bækur allar og tímarit inn í viðtökubók, stimpla þau og tölumerkja.

Hann skal, auk viðtöku bókar, halda bæði nákvæma kassabók yfir innborganir all-
ar og úthorganir í þágu safnsins, pantanabók yfir bækur og tímarit og bréfabók yfir
bréf þau, er hann ritar fyrir safnið.

Hann semur hina árlegu ritaukaskrá, er safnið gefur út.¹⁾

Vinnutími landsbókavardar í þarfr safnsins hvern virkan dag er ²⁾ 6 stundir, ³⁾ en
heimil er honum háls mánaðar vinnuhvöld á ári með því skilyrði, að óhjákvæmilegum
daglegum störfum verði gegnt í fjarveru hans safninu að kostnaðarlausu.

B. 1. bókavörður.

Hann hefur á hendi útlán bóka, 2 stundir hvern virkan dag, og sér um skil á þeim;
enn fremur annast hann bókband safnsins, afhendir bókbindaranum bækur og handrit

Viðbætur ráðherra: 1) og undirbýr hana jafnóðum og ritin eru merkt og skráð
í aðfangabók, þann veg, að gerður er miði fyrir hverja bók með titil hennar og flokks-
merki. Ritinu fylgi örstutt skýrsla um hag og störf safnsins umliðið ár. 2) minnst.
3) — lengur þegar á liggur; og er honum sérstaklega skylt að vera að forfallalausum
viðstaddur í safninu kl. 12–3.

til bands ásamt skráum yfir þau og sér um góð skil á þeim aftur úr hans höndum, 1910
Hann skal og hafa umsjón með handritasafninu og annast framhalds-skrásetning þess.¹⁾
Um önnur störf hans í þarfir safnsins, svo sem röðun o. fl., fer eftir þörfum og ástæðum og eftir fyrirsögn landsbókavardar.

Vinnutími 1. bókavardar í þarfir safnsins er²⁾ 6 stundir hvern virkan dag,³⁾ en heimil er honum hálf mánaðar vinnuhvöld á ári, með því skilyrði, að óhjákvæmilegum daglegum störfum verði gegnt í fjarveru hans safninu að kostnaðarlausu.

C. 2. bókavörður.

Annar bókavörður sé lestrarsalsvörður. Hefur hann umsjón alla í salnum, bæði yfir handbókasafni hans og bókum þeim, er lánaðar eru þangað innan úr bókasafninu til lesturs.⁴⁾ Skal hann vandlega gæta þess,⁵⁾ að bækur glattist eigi af salnum né skemmist. Enn fremur skal hann, einu sinni eða tvisvar í hverri viku, bera saman bækur lestrarsalsins við hilluskrá þá, sem nú er fullsamin yfir þær, og breyta skránni, þegar gamlar bækur eru teknar út af salnum eða nýjar bækur bætast við. Um aðra vinnu hans, að svo miklu leyti sem um hana getur verið að ræða⁶⁾ (t. d. um sumartímann, þegar aðsókn að lestrarsalnum er mjög lítil), fer eftir þörfum og ástæðum og eftir fyrirsögn landsbókavardar.

Vinnutími 2. bókavardar í þarfir safnsins er⁷⁾ o. s. frv. (sbr. síðustu málsg. við B og sömu viðauka neðanmáls).

Þriðja bréf ráðherra var um spjaldskrársamninguna, er Jón rithöfundur Ólafsson hafði á hendi, og hljóðaði svo:

»Með því að stjórnarráðinu hafa borist fregnir af því, að ekki sé unnið að samning spjaldskrár eftir fjárlögum 9. júlí 15. gr. 1. f. öðruvísi en á hlaupum, sem kallað er, eða að eins við og við, með all-löngu millibili á stundum, en að því virðist safninu og þeim, sem það nota, hljóta að vera mikið óhagræði, þá skorar stjórnarráðið á yður að skýra frá, hvernig starf þetta er rekið og hvað því líður, og gera jafnframt tillögur um þau ráð, er við meg hlíta til að fá því hrundið í lag, er áfátt kynni að vera í þessu efni«.

Bréfi þessu svaraði landsbókavörður 6. júlí. á þann hátt, er hér segir:

»— — — Um vinnu spjaldarkrársemjanda hingað til skal ég taka það fram, að fyrir nokkurum árum var vinna þessi allstopul, svo að jafnvel heilar ársfjárveitingar

Viðbætur og breytingar ráðherra: 1) jafnóðum og handritin berast safninu. 2) minnst 3) — lengur ef á liggur. 4) Hann hefur þess nákvæmar gætur, að eigi verði vanskil á útlendum tímaritum, er í lestrarsalinn koma, og gerir þegar í stað viðvart um, ef eitthvað vantar. 5) Hann gætir þess vandlega 6) tefla.

1910 voru stundum látnar ónotaðar, en síðan ég tók við forstöðu safnsins af fyrverandi stjórnarnefnd þess, hefur spjaldskrársemjandi unnið fyrir alt það fé, er veitt hefur verið í fjárlögum til skrásetningar; árið 1908 var vinnu hans lokið og féð protið í októberm., árið 1909 var vinnunni lokið í byrjun ágústmánaðar, enda fjárveitingin protin þá þegar. Í ár byrjaði hann (víst mestmegnis fyrir sjúkleika sakir) eigi á starfinu fyr en í byrjun maímánaðar, hefur hann unnið að því síðan að jafnaði 2—3 stundir á dag og mun gera, að sjálfs hans sögn, meðan féð endist.

Af deildum safnsins á útlendum málum má nú telja þessar skrásettar: sögu og landafræði, fagrar bókmentir, fagrar listir og að miklu leyti nytsamar listir og náttúrufræði; alls munu nú vera skrásettir eftir lauslegri ágizkun minni um $\frac{3}{8}$ hlutar safnsins eða freklega það. Af islenzkum bókmentum er enn eigi skrásett svo teljandi sé, nema islenzk tímarit fram um síðustu aldamót.

Frá því er stjórnarnefnd Landsbókasafnsins þann 5. febrúardag árið 1900 fyrst réð mann til spjaldskrársamningar, hefur vinna þessi verið »accords«-vinna eða ákvæðisverk, þannig að goldnir hafa verið 8 aurar fyrir hvert spjald (skráning) og $4\frac{1}{2}$ eyrir fyrir flokkmörkun og deildmörkun, eða $12\frac{1}{2}$ eyrir alls fyrir spjaldið. Sá mikli kostur fylgir þeirri vinnuaðferð, að eigi er goldið meira fé fyrir verkið en vinnuveitandi telur hæfilegt eða sættir sig við, en gallar hennar eru hins vegar auðsærir og til þess að reyna að bæta úr ýmsum þeim annmörkum við hið núverandi fyrirkomulag, sem ég hef rekið mig á, leyfi ég mér að bera fram þessar tillögur um

REGLUR

fyrir spjaldskrársemjanda við Landsbókasafn Íslands.

Spjaldskrársemjandi vinnur undir yfirumsjón og eftirliti landsbókavardar að samning spjaldskrár og er honum skylt að hlýða fyrirráðum hans í öllum greinum, er þar að lúta.

Hann skal við lok hvers árs hafa unnið fyrir öllu því fé, sem árlega er veitt í fjárlögunum til þessa starfa.

Um þær greinar safnsins, sem enn eru óskráðar, fer eftir fyrirráðum landsbókavardar, í hverri röð þær skuli teknar; en allar nýjar bækur og tímarit, er safninu bætast árlega, skal hann skrá jafnóðum sem þau berast safninu eða hvenær sem landsbókavörður krefst þess.

Hann skal flokka allar bækur, blöð og tímarit eftir kerfi því, sem kent er við Melvil Dewey, flokkmarka þau og deildmarka. Skrásetja skal hann bækur, blöð og tímarit safnsins í tvennu lagi, bæði eftir stafrófsröð og efnisskipan. Skila skal hann landsbókverði spjaldaskránni í hverri grein fyrir sig í góðri reglu eftir stafrófsröð, án sérstaks endurgjalds fyrir þá röðun.

Pegar landsbókavörður æskir þess, skal skrásemjandi með landsbókaverði eða 1910
öðrum hvorum bókaverðinum bera spjöld hvers flokk, að lokinni skrásetning hans,
saman við bækurnar í hillum bókasafnsins og hillumarku þau; fær hann þá vinnu end-
urgoldna sérstaklega eftir stundatali, og greiðist það gjald af fé því, sem veitt er til
spjaldskrársamningar.

Skrásemjandi skal fara vel með bækur safnsins og gæta þess vandlega, að þær
óhreinast eigi, meðan þær eru í hans vörzlum, né skemmist á annan hátt. Allar undir-
strikanir eða krot á titilblöðum eða inni í bókum eru með öllu bönnuð. Flokkmarka og
nafnmarka skal bundnar bækur á kili, meðan pykt bókar leyfir (ella utan á hlið), en ó-
bundnar bækur á kápu eða saurblaði.

Spjöld öll skulu vélrituð með nákvæmni og samkvæmni í setning; skulu þau vera
hrein, er þeim er skilað, og laus við ústrikanir og leiðréttingar.

Nú reynast spjöld við samanburð eða yfirsýn ranglega skráð eða merkt, eða illa
frá þeim gengið að einhverju leyti, og skal þá skrásemjandi bæta þá galla safninu að
kostnaðarlausu.

Reglur þessar staðfesti ráðherra með öllu óbreyttar 9. dag júlímánaðar
og sendi landsbókaverði til birtingar skrásetjara og samdegis var einnig
frumvarp landsbókavarðar til reglna fyrir hann og bókaverðina undirritað
af ráðherra sem erindisbréf fyrir þá og sent landsbókaverði með þeim ein-
um breytingum, sem prentaðar eru neðanmáls við frumvarpið hér að fram-
an (230.—231. bls.).

Um breytingar sínar talar svo ráðherra í meðfylgjandi bréfi til lands-
bókavarðar, nefnir þær »litolsháttar afbrigði frá eða viðauka við frumvarp«
landsbókavarðar, sem satt var, og rökstyður þær, t. d. nærveru landsbóka-
varðar í safninu 12—3 með því, að þá eigi hinir bókaverðirnir hægra með
að leita úrskurðar hans um, hverjir skuli teknir gildir sem lántakar eða
ábyrgðarmenn, hvort lána megir eftir atvikum sérstakar bækur, undan þegn-
ar útlánum, þegar sérstaklega stendur á, hvort kaupa skuli þau eða þau
handrit m. m., en með því að útlánstíminn var ákveðinn frá 1—3 og að-
sókn var vanalega mjög lítil að safninu frá 12—1 virtist nærvera landsbóka-
varðar ónauðsynlegri á þeim tíma en á kvöldum, þegar aðsóknin var mest.
Og um ritaukaskrána er það að segja, að nýmæli ráðherra þar að lúlandi
hefði tafið en ekki flýtt fyrir samning skrárinnar, þar sem nauðsynlegt hefði
orðið að tvífara yfir alla bókaseðlahrugu hvers árs sökum gefendaskrárinn-

1910 ar framan við og oftlega vantandi flokksmörkunar, sem annar maður hafði á hendi. Auk þess fremur óviðkunnanlegt í erindisbréfi að setja landsbókaverði lífsreglur um, hvernig hann ætti að fara að búa til skrár. Þá hefði og hagskýrsla framan við skrána gert hana dýrari — en við því mátti safnið ekki, því að tillagið til skrárinnar hefur jafnaðarlega ekki hrokkið fyrir útgjöldum til hennar.

Þá skrifaði landsbókavörður enn þ. 8. júlíð. þ. á. stjórnarráðinu og bar fram þær tvær breytingar- og viðaukatillögur við reglur um afnot Landsbókafnsins 21. aprílð. 1909 (sbr. 223–225. bls.), að bætt yrði aftan við 6. gr.: »Lántakendum eru bönnuð öll endurlán til annara manna« og í öðru lagi, að orðin »yngri en 2 ára« skyldu feld burt eða *til vara*, að í stað orðanna »yngri en 2 ára« kæmu »íslenzkar«. Honum hafði ekki árinu áður tekið að forða öllum skáldsögum og öðrum skemtibókum frá útlánnum, eins og hann hafði óskað og taldi nauðsynlegt með 14 ára reynslu fyrir augum, og því gerði hann nú aftur tilraun til að forða að minsta kosti *íslenzku* skemtibókunum frá glötun og eyðileggingu. Varð það úr, að stjórnarráðið samþykkti viðaukatillöguna um bann gegn endurlánnum og varatillöguna um, að skáldsögur og aðrar skemtibækur íslenzkar skyldu undan þegnar útlánnum. Með þessum viðauka og breytingu voru svo reglur um afnot Landsbókafnsins prentaðar og festar upp í lestrarsal og útlánsherbergi safnsins.

Í byrjun septembermánaðar þess árs sendi landsbókavörður stjórnarráðinu tillögur þær til breytinga, sem hann óskaði að gerðar væru á næsta þingi á fjárupphæðum þeim, sem bókasafninu voru veittar í fjárlögum um 1910 og 1911. Fór hann fram á 2000 kr. hækkun hvort árið til bókakaupa og handrita, með því að safnið væri í miklum handritaskuldum, sem hyggju stórt skarð í hið tiltölulega litla tillag, en þarfirnar og kröfurnar hins vegar miklar, sem eðlilegt væri, þar sem safnið væri þjóðbókasafn alls landsins og blyti að gera úrlausn svo margháttuðum óskum og þörfum bæði lærðra og leikra í landi og bæ, þar sem hvorki væru til háskólasafn, bæjarsafn eða félagasöfn, svo að teljandi væri. Þá lagði hann enn fremur til, að bókbandsféð yrði hækkað úr 1400 kr. hvort árið upp í 1700 kr. fyrra árið og 1800 kr. síðara árið, til þess að bókbindari gæti tekið lærling sér til aðstoðar og fyrir auknu bókbandsefni, sem af því leiddi, þegar meira yrði unnið; var

þetta mjög mikilvægt atriði, því að einn bókbindari gerði lítið betur en 1911
að koma vanalegum ársritaukum í band og hvergi nærri það þau árin, sem
allstórar gjafir bárust safninu, auk þess var fjöldi bóka og handrita enn
óbundinn í safninu, svo sem handritasafn Bókmentafélagsins, sem því nær
alt þurfti viðgerð og innbinding eftir margra ára vanhirðu og vond húsa-
kynni í Kaupmannahöfn. Loks lagði landsbókavörður til, að bætt væri nýjum
árlegum lið við í fjárlögunum, 250 kr. hvort árið, til ýmislegra útgjalda,
svo sem ritfanga, auglýsinga, talsíma o. fl., í stað hins gamla liðar: »til eldi-
viðar og áhalda m. m.«, sem fallinn var burt við flutning safnsins í bók-
hlöðuna, með því að þetta fé varð hvergi réttilega tekið af öðrum útgjalda-
liðum safnsins.

Fyrstu tillöguna (hækkun til bókakaupa og handrita), sem þó var fram-
borin samkvæmt einróma áliti ráðuneytisnefndarinnar, tók hvorki stjórn né
þing til greina, en hinar voru báðar uppfyltar á alþingi 1911.

Pegar safnið fluttist í bóekhlöðuna, hafði landsbókavörður fyrir tilmæli
stjórnarráðsins tekið að sér til bráðabirgða umsjón og fjárhald hennar og
með því að hann hafði það starf enn á hendi og margt þarfnaðist þar lag-
færingar, þá ritaði hann 21. septemberdag stjórnarráðinu ítarlegt bréf og fór
fram á, að sett yrði 165 álna löng girðing með fram Hverfisgötu fyrir framan
bóekhlöðuna til varnar lóðinni, enn fremur áréttaði hann hið fyrra erindi
sitt um vatnsleiðslu og framræslu; þá lagði hann og til, að settur væri eld-
ingavari á húsið til tryggingar öllu því mikla verðmæti, sem hús þetta hefur
að geyma og loks fór hann fram á endurbætur gólfa, málun þaks og kölkun
veggja, en þessu var því miður fæstu sint.

Ritauki safnsins var þetta ár 1609 prentuð eintök og voru í því frá
læknaskólanum 638 bindi (þar með talin bóekagjöf Kristjáns sál. Jónsson-
ar í Clinton í Iowa til skólans, 521 bindi, og bóekagjöf Guðmundar land-
læknis Björnssonar, 13 bd.). Gefin voru safninu 17 handrit, en keypt 30.
Út úr safninu voru lánuð á árinu 3127 bindi, en lántakar voru 252. Út í
lestrarsal voru lánuð 24365 bindi en lesendur voru 12894.

Um mörg ár hafði það valdið óánægju og þótt kenna misréttis, að islenzku 1911
prentsmiðjurnar voru skyldar til að afhenda 2 eintök til konungl. bóekasafnsins
og til háskólabóekasafnsins í Kaupmh. af öllum ritum, sem þær prentuðu, án

1911 þess að nokkuð kæmi í móti frá hálfu dönsku prentsmiðjanna. Að visu var til gamalt loforð um afgang-eintök frá konungl. bókasafninu og fyr á dögum höfðu bókasafninu íslenzka bætt þaðan mörg og góð rit, en þeim gjöfum var nú lokið og það, sem afgang varð, var látið ganga til annara bókasafna í Danmörku. Ýmsir danskir menn, einkum þeir prófessorarnir Matzen og Goos, höfðu gert tilraun til að bæta úr þessu misræmi, en ekki tekizt, og munu þær tilraunir hafa strandað á bóksalafélaginu danska, sem ekki vildi láta lögbinda sig til slíkra útláta. — Á alþingi var mál þetta til umræðu og lauk því svo, að samþykkt var í efri deild, og síðar í neðri deild, *tillaga til þingsályktunar um gagnskifti á dönskum og íslenskum bókum*, er þeir Valtýr Guðmundsson og Jón Jacobson fluttu, þannig orðuð: »Alþingi skorar á stjórnina að leita samninga við stjórn Dana um, að hún hlutist til um, að Landsbókasafninu verði látið ókeypis í té 1 eintak af helztu bókum og timaritum, sem prentuð eru árlega í Danmörku, til upphóta fyrir þau 3 eintök af öllum íslenskum bókum og blöðum, sem íslenskar prentsmiðjur eru skyldar til að láta af hendi handa hinna konunglegu bókhlöðu og háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn«.

Leið nú og beið, þar til er J. C. L. Appel, kirkju- og kenslumálaráðherra, tók mál þetta að sér og bar gæfu til að leiða það til farsællegra lykta með frjálsum samningum við bóksalafélagið danska. Þann 21. marzd. 1911 reit hann íslenzka stjórnarráðinu bréf og skýrði því frá, að bóksalafélagið danska hefði tilkynnt, »að það hefði lagt til (»henstillet«) við þá bókaútgefendur, er voru meðlimir félagsins, að verða svo framarlega sem unt væri við óskum íslenzka bókasafnsins, er það æskti einhverrar bókar sér afhentar, og hefði félagið bætt því við, að heppilegt virtist að koma þessu þannig fyrir, að sendur yrði listi í lok hvers almanaksárs til útgefendanna yfir þær bækur, sem bókasafnið óskaði að fá«, og kvaðst ráðuneytið algerlega fallast á þá tilhögun.

Afrit af þessu bréfi sendi stjórnarráð Íslands landsbókaverði, en hann sneri sér til Finns prófessors Jónssonar í Kaupmannahöfn, og fyrir hans milligöngu var það afraðið, að landsbókavörður sendi árlega lista yfir allar þær forlagsbækur innan bóksalafélagsins, er safnið óskaði að eignast, stílaðan til formanns bóksalafélagsins, en útgefendur sendu bækur sínar til

islenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, sem svo kæmi þeim 1911 á framfæri.

Var þetta hið mesta happ fyrir safnið að geta þannig framvegis árlega valið úr dönskum bókum, hundruðum saman, það sem eigulegast er, og því ánægjulegra, sem hr. Appel hafði lánast að koma því fram í bróðerni, án allrar lagapvingunar.

En »sjaldan er ein báran stök«, hvorki í meðlæti né mótlæti, því að samsumars barst kirkju- og kenslumálaráðuneytinu danska bréf frá hinu merka forlagi H. Aschehoug & Co. (W. Nygaard), dags. 14. d. júlím. 1911. Í bréfi þessu bauðst það til að senda Landsbókasafninu að gjöf 1 eintak af öllum þeim bókum þess, sem safnið kynni að vilja eignast, og lét fylgja bókaskrár.

Eftirrit af bréfi þessu sendi svo stjórnarráðið í Reykjavík landsbókaverði ásamt bókaskránum þ. 21. ágústd. og skrifaði samdegis firmanu þakkarbréf fyrir þessa höfðinglegu gjöf, en landsbókavörður sendi skrárnar síðar firmanu, er merkt hafði verið í þeim við allar þær bækur, að fyrirlagi þess, er safnið óskaði að eignast. Var þessi gjöf hin ágætasta, en hið heiðraða firma hefur ekki látið þar við sitja, heldur hefur það síðan á hverju ári sent safninu nýjar forlagsbækur sínar alt til þessa dags.

Á þessu ári var einnig farið að senda Landsbókasafninu að gjöf frá Þýzkalandi tímaritið »Die Friedenswarte« til afnota fyrir almenning í lestrarsal safnsins, því að Nobelverðlaunanefnd norska Stórpingsins hafði gert að skilyrði fyrir styrkveitingu til þess fyrirtækis, að ritið yrði sent öllum norrænum háskólum (Hochschulen) ókeypis, en lestrarsalur safnsins mun hafa þótt bezt fallinn til að geyma það svo, að það kæmi fyrir almennings sjónir.

Því hafði áður verið breyft í nefndinni (sbr. 190. bls.), að heppilegt væri, að ýmsar af bókunum í bókasafni Mentaskólans væru teknar þaðan og afhentar Landsbókasafninu, svo að þær bæði yrðu fleirum að notum og kæmust í betri húsakynni. En ekki komst reksþölur á það mál fyr en á þessu ári, þegar stjórnarráðið í bréfi dags. 27. septemberdag tilkynti landsbókaverði, hverjar bækur það hefði, samkvæmt tillögum rektors, samþykkt að flytja mætti úr bókhöfðu Mentaskólans og afhenda Landsbókasafninu. Ritin voru þessi: fágæt islenzk rit eða rit um Ísland og islenzka menn eða

1911 háttu, öll guðfræðileg rit ónotuð við kenslu í skólanum, öll lögfræði- og læknifræðileg rit útlend, öll dýr og fágæt erlend rit, sem ekki voru notuð við skólann og ekki stóðu í neinu sambandi við námsgreinir hans og loks öll þau rit, sem í vantaði, en skólinn hafði ekki efni á að fylla, þótt þau væru þess verð.

Úr bókum skólans völdu þeir svo síðar Geir rektor Zoëga og einkum Pálmi yfirk. Pálsson fyrir skólans hönd og landsbókavörður fyrir safnsins hönd. Bættist Landsbókasafninu þar fjöldi bóka og meðal þeirra ýms skrautrit og merkisrit, sem sjá má af bókaskrá Landsbókasafnsins um árin 1914–17.

Þann 19. septemberdag 1911 hafði ráðherra skipað 1. bókavörð cand. phil. Jón Jónsson dósent í sögu Íslands við hinn nýstofnaða háskóla landsins og í hans stað var cand. phil. Árni Pálsson 27. s. m. settur til þess fyrst um sinn að gegna hinni fyrri bókavarðarsýslan við safnið, en 20. nóvemberdag s. á. var dr. phil. Guðmundur Finnbogason skipaður fyrri bókavörður safnsins frá 1. desemberd. þ. á. að telja.

Með því að aðsókn að lestrarsal safnsins fór sívaxandi, var salvarzlan á kvöldin orðin salverði einum gersamlega ókleyft verk; endurnýjaði þá landsbókavörður ósk sína um aðstoðarmann í lestrarsalinn í 4–5 mánuði og veitti stjórnarráðið þá í bréfi, dags. 9. desemberd., leyfi til að *verja allt* að 400 kr. til aðstoðar við salgæzluna veturinn 1911–1912 upp á væntanlega aukafjárveiting. Fékk landsbókavörður cand. phil. Árna Pálsson salverði til aðstoðar þann vetur og greiddi honum á 4. hundrað krónur fyrir starfið úr aukasjóði Landsbókasafnsins til bráðabirgða, því að nú var fjárhagur safnsins orðinn skárri en áður. — Ritauki safnsins var þetta ár 1964 prentuð eintök, (þar af frá dönskum bóksölum á 4. hundrað binda; frá Nordisk Forlag einu 154 bd.). Gefendur voru 110 og flestir erlendir. Frá prestaskólanum bættust safninu enn 302 bd. Handrit gáfust safninu 20 frá 7 gefendum, en keypt voru alls 181 handrit. Út úr safninu voru alls lánuð 2622 bindi, en lántakar voru 240. Tala lesenda í lestrarsal var 15288 og bindi lánuð fram í salinn 23364.

1912 Árið 1912 var, eftir beiðni landsbókavarðar, lagt gas til lýsingar í fordyri, göng, lestrarsal, útlánsstofu og vinnuherbergi landsbókavarðar í Landsbókasafninu, af því að lýsingartæki þau, sem fyrst höfðu verið notuð í hús-

inu — Kitchen- og Lux-lampar — höfðu reynzt dýr, óhentug, rokgjörn og 1912 svikul, en árið áður hafði gas verið leitt inn í dyravarðar íbúðina í kjallara hússins. Þá var og gerð ræsla frá húsinu og vatn leitt inn í það.

Viðskifti urðu enn sem fyr þessi árin í handritalánunum milli safnsins og Norðurlanda. Þannig fékk safnið lánað handrit frá háskólabókasafninu í Kristianíu (nokkur bréf og ritgerð eftir Jón Sigurðsson), en mest voru skiftin sem að undanförunu við háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn. En með því að landsbókavörður hafði ekki getað fengið bréf Þormóðs Torfasonar til afritunar, sem þá var verið að nota í Kaupmannahöfn, og ekki heldur orðabók Jóns Ólafssonar, sem mönnum lék hugur á að fá hingað til afritunar, en hins vegar talsvert afritunarfé óeytt, þá réð landsbókavörður af að senda cand. Pál E. Ólason út, sem boðist hafði til fararinnar, til að afrita handrit þar syðra, og var þetta byrjun þess, að farið var að afrita orðabók Jóns, en það er mikið verk, sem enn er ólokið.

Á þessu ári bárust safninu frá »Udvalget for Folkeoplysnings Fremme« gjafabækur, gefnar út af því með tilboði um hin eldri rit þess og það, sem það gæfi út framvegis. Var þessu tilboði um hin góðu alþýðlegu rit þess mjög þakksamlega tekið. Þá barst safninu og bréf frá bóksala Eugen Diedrichs í Jena með 1. bindi af ritsafninu »Thule« og hefur hann síðan góðfúslega haldið áfram að senda safninu þetta merka ritsafn af þýzkum þýðingum á Íslendingasögum. Svo hélt og hið heiðraða forlag H. Aschehoug & Co. í Kristianíu fram uppteknum hætti með áframhald af árssendingum af forlagsbókum þess.

Þetta ár barst landsbókaverði bréf frá frú Willy Heydweiller í München, dóttur Konráðs próf. Maurers. Sagði hún í því lát móður sinnar og bað um í nafni móður sinnar og barna hennar, að brjóstmynd þeirri (höggmynd) af K. Maurer, sem bréfinu fylgdi, yrði valinn heiðursstaður í Landsbókasafninu eða Háskólanum. Varð það að samkomulagi milli þáverandi háskólarektors, Guðmundar prófessors Magnússonar, og landsbókavarðar, að myndin var látin ganga til safnsins. Þrýðir nú þessi ágæti Íslandsvinur og merki visindamaður lestrarsal Íslands.

Síðast á þessu ári fékk bókasafnið opinbera áskorun frá sýningarnefndinni (bókasafnadeildinni) í Leipzig um að taka þátt í allsherjarbókasýningu

1912 í Leipzig sumarið 1914 í minningu 150 ára afmælis hins konungl. »Akademie für graphische Künste und Buchgewerbe«. En sem betur fór varð ekki úr hluttöku safnsins í þessari sýningu. Hún lenti, sem kunnugt er, í byrjun ófriðarins mikla og olli vandræðum og áhyggjum fyrir þá, sem sent höfðu þangað sýningarmuni.

Í lok septembermánaðar það ár réð landsbókavörður með samþykki ráðherra cand. phil. Árna Pálsson til aðstoðarstarfa í lestrarsal, samkvæmt umsókn hans í bréfi dags. 17. þ. m.

Þann 13. dag nóvemberm. sendi landsbókavörður stjórnarráðinu tillögur sínar til breytinga á fjárveitingum til safnsins í fjárlögum um árin 1914 og 1915 og fór fram á, að tillag til bókbands yrði hækkað úr 1700 og 1800 kr. hvort árið upp í 3240 og 3300 kr., með því að bókakaup færu vaxandi og auk þess hefðu árlegar gjafir óbundinna bóka aukizt stórkostlega (danska bóksalagjöfin, Aschehougsgjöfin o. fl.) og því lagði landsbókavörður til, að bætt væri einum bókbandssveini við í bókbandsstofuna. Þá fór hann og fram á, að tillagið til afritunar handrita væri hækkað úr 800 kr. hvort árið upp í 1000 kr., meðfram með tilliti til þess, að gerðar væru byrjunartilraunir með að taka ljósmyndir af helztu skinnbókum islenzkum í söfnunum í Kaupmannahöfn. Tillagið til ýmislegra útgjalda lagði hann til að hækkað væri upp í 300 kr. á ári og til aðstoðar á lestrarsal o. fl. 800 kr. hvort árið; loks segir svo í bréfinu:

Að síðustu skal ég geta þess, að brátt nálgast sá tími, að Landsbókasafn Íslands verði 100 ára gamalt, með því að það er talið stofnað árið 1818. Það mun óhætt að fullyrða, að engin stofnun hér á landi hefur um langan aldur verið meira ónbogabarn fjárveitingavaldsins en Landsbókasafnið, þótt það í eðli sínu sé og hljóti jafnan að verða hið sama fyrir Íslendinga sem þjóðbókasöfn eru fyrir aðrar þjóðir í heiminum, hyrningarsteinn visindalegs lífs og bóklegar menningar. Mestan hluta 19. aldarinnar hafa launakjör bókavarda verið svo fráleit, að enginn gat að safninu starfað, nema í hjáverkum, og enn eru þau slík, að starfsmenn þess hröklast frá því, hve nær sem þeim býðst eitthvað lífvænlegra. Afleiðingar þessa hafa orðið hinar verstu fyrir safnið. Kunnugir menn safninu hafa farið frá því hver eftir annan og í þeirra stað komið nýir, óvanir menn, en tíð mannaskifti munu óviða óhentugri en við bókasöfn. Mannfæðin og mannskiftin eru ein aðalástæða þess, hve hér er margt óunnið, sem þarf að vinna, ef safnið á að verða að fullum notum, bæði í röðun bóka o. fl. En tilfinnanlegust af öllu er þó vöntunin á visindalegri skrá (systematisk Katalog) yfir handritasafnið, þessari

gullkistu fyrir íslenzkan sagnafróðleik, kveðskap o. fl., sem enn er hálfhulian fjársjóður 1912 þeim, sem nota vilja. Kærkomnari afmælisgjöf gæti því safnið ekki fengið en þá, að þingið nú veitti sérstakt fé í fjárlögum til þessa starfa, að minsta kosti 1500 kr. á ári, og héldi því fram þar til starfinu væri lokið.

Árangur þessara tillagna varð sá, að alþingi hækkaði 1913 í fjárlögum (1914 og 1915) afritanaféð, eins og um var beðið, upp í 1000 kr. og bókbands-tillagið upp í 3000 kr. hvort árið, og gerði þá úrlausn um handritaskrána að veita 2000 kr. á ári til hennar og spjaldskrárinnar í sameiningu. Til aðstoðar í lestrarsal veitti það 1000 kr. hvort árið og til ýmislegra útgjalda 400 kr. — Þetta ár var ritað safnsins alls 2903 prentuð eintök, þar af gefin 1838 eintök af 133 gefendum (á 4. hundrað frá 35 dönskum bóksölum, 370 bd. frá Asche-houg & Co., 171 frá próf. H. Krabbe í Kaupmannahöfn, Udvalget for Folke-opplysnings Fremme 131, Læknaskólanum 130, d. norske meteorolog. Insti-tut 105, próf. Þorv. Thoroddsen 72, d. statistiske Centralbyrå i Kristiania 64 o. s. frv.). Handrit gáfust safninu 11 af 4 gefendum, en keypt voru 81. Les-endur í lestrarsal voru 16222, en lánuð bindi til lesturs í salnum 22508.

Þann 7. febrúardag 1913 skrifaði landsbókavörður stjórnarráðinu langt 1913 bréf um launakjör starfsmanna við safnið, sem prentað er í alþingistiðind-um 1913. A. Þingskjöl. 118. — 120. bls. Í bréfi þessu fór hann fram á, að stjórnin legði fyrir næsta þing frumvarp til launalaga fyrir starfsmenn safns-ins þess efnis, að landsbókavarðarstaðan verði framvegis launuð með 3600 kr. og hækki launin 3. hvert ár um 300 kr. upp í 4800 kr.; laun 1. bóka-varðar verði 2400 kr. og hækki 3. hvert ár um 200 kr. upp í 3600.; laun 2. bókavarðar verði 2000 kr. og hækki um 200 kr. 3. hvert ár upp í 3000 kr. Í frumvarpi því »til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. nóvemberd. 1907, um stjórn landsbókasafnsins«, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1913, fór hún eftir tillögum bréfsins um laun 1. og 2. bókavarðar, en lét laun landsbóka-varðar að eins hækka úr 3600 kr. byrjunarlaunum um 200 kr. 3. hvert ár upp í 4200 kr. Þegar til þingsins kasta kom, var frumvarpið felt, en 1. og 2. bókaverði voru veittar 300 kr. og 200 kr. persónulegar launaviðbætur á ári við þá verandi laun þeirra (1500 og 1000 kr.).

Þá ritaði landsbókavörður einnig fjárlaganefnd neðri deildar 6. ágústd. sama ár svo hljóðandi bréf:

»Háttvirtri fjárlaganefnd neðri deildar — eða að minsta kosti ýmsum nefndarmönnum — mun eflaust kunnugt um, að ég reit 13. dag marzmánaðar 1911 þá verandi fjárlaganefnd bréf um ýms atriði, er ég áleit þurfa lagfæringar við; hún þagði þau öll í hel, nema eitt, sem hún tók til greina.

Þrátt fyrir þenna lélega árangur leyfi ég mér enn á ný að snúa mér að sama stað, ef vera mætti, að eitthvað yrði lagfært af því, sem ég enn tel ábótavant við Landsbókasafnsbygginguna.

Í ræðu minni 28. marzdag 1909, þegar lestrarsalur safnsins var opnaður til afnota, gat ég þess meðal annars, hve nauðsynlegt væri, að girðing kæmi umhverfis bókhlöðuna, henni og lóðinni til varnar og þrýði, svo og að blómreitir yrðu síðar gerðir fyrir framan húsið. Í bréfi mínu til stjórnarráðsins, dags. 21. dag septembermánaðar 1910, viðvikjandi ýmsum mistellum á byggingunni, sem þyrftu bráðra endurbóta við, er girðingin fyrsta atriðið, sem tekið er fram. . . . Þetta bréf hafði engan árangur og því leyfi ég mér enn í þriðja skifti að hreyfa þessu máli og sný mér í þetta sinn beint til háttvirtrar nefndar í von um, að á þessu þingi fáiist að minsta kosti fjárveiting fyrir sómasamlegri girðingu fyrir framan húsið. Læt ég fylgja áætlun frá steinsmiðameistara Guðjóni Gamalielssyni og vil eindregið ráða til, að hærri upphæðin, 2000 kr., verði samþykkt, því að stöplar með járngrindum á milli mundu verða miklu ánægjulegri girðing en samfeld steinsteypa, þegar blómgarður væri kominn fyrir innan hana.

Þá var eldingavari fyrir húsið eitt af þeim atriðum, er ég óskaði í nefndu bréfi mínu til stjórnarráðsins, því að ég áleit að ekki mætti án hans vera á þessu húsi, sem hefur svo ákaflega mikið verðmæti að geyma. Áætlun um kostnað fékk ég hjá Th. Krabbe verkfræðingi og mun hún vera geymd hjá stjórnarráðinu.

Fjórða atriðið í nefndu erindi mínu var um endurbætur gólfa og leyfi ég mér að vitna til þess og skal því einungis taka hér fram, að ég álit að minsta kosti óumflýjanlegt nú þegar að endurbæta gólfid í fordyri hússins, og hef ég fengið áætlun frá hr. Guðjóni Gamalielssyni um, hvað nauðsynlegasta flisalagning í fordyrinu myndi kosta (sbr. meðf. áætlun).

Þá skal ég loks taka það fram, að ég sé engan möguleika til, að söfn þau, sem eru hér í Landsbókasafnsbyggingunni að eins um stundarsakir, samkv. lögum 20. októberd. 1905, Fornminjasafnið og Náttúrugripasafnið, geti verið hér bæði í húsinu til næsta fjárlagapings; svo eru þrengslin nú orðin mikil sakir hinnar gífurlegu aukningar safnsins á síðustu árum. Hins vegar sé ég, hve mikill kostnaðarauki það verður fyrir landsjóð að þurfa nú þegar að fara að leigja nýjan bústað handa öðru hvoru safninu fyrir 1—2000 kr. á ári. Mér hefur því komið til hugar ráð, sem ýms söfn nota erlendis, þegar að þeim kreppir: að taka úreltustu bækurnar út úr safninu, raða þeim upp í vissri, aðgengilegri röð, svo að greiður aðgangur sé að þeim, þegar á þarf að halda, og koma þeim fyrir á hentugum og tryggum stað. Það vill nú svo vel til, að hið vandaða stein-

hýsi bæjarfógeta Jóns Magnússonar er næsta hús við bókasafnið, og þar hygg ég að 1913
megi fá eitt eða tvö herbergi til leigu. Vil ég því leggja til, að þessi leið verði farin og
ætlað verði í fjárlögum hæfilegt fé fyrir leiguherbergi.

Að síðustu skal þess getið, að ég hef nú í því nær fimm ár haft á hendi fyrir
landsjód endurgjaldslaust umsjón og fjárhald Landsbókasafnshússins. Verkið er mér ó-
viðkomandi og mun ég brátt skila því af mér, verði mér eigi launað það með minst
200 kr. á ári — eins og umsjónin með Mentaskólahúsinu kostar landsjód — en það var
sú upphæð, sem ég fór fram á í erindi mínu til fjárlaganefndar árið 1911.

Af tillögum þessum voru einungis tvær teknar til greina þannig, að í fjár-
lögum um 1914 voru veittar 2550 kr. »upp í girðingarkostnað um Lands-
bókasafnshúsið og til þess að flisleggja gólf í fordyri hússins«; en með því
að landsbókaverði þótti fullreynt, að engin leiðrétting fengist um endur-
gjald fyrir umsjón og fjárhald hússins, skilaði hann því starfi af sér í
hendur stjórnarráðsins 2. janúardag 1914 ásamt reikningum hússins um
1913, og hefur dyravörður síðan haft það á hendi undir yfirumsjón stjórn-
arráðsins.

Nú var í óefni komið. Þingið hafði látið aðvörunarorð landsbókavardar
um *húsprengrin* sem vind um eyrun þjóta, en bækur bárust sífellt að frá
bóksalafélaginu danska, bókhlöðu Mentaskólans o. fl., svo að sýnilegt var,
að ritaukinn komst ekki fyrir. Þá skrifar landsbókavörður stjórnarráðinu
30. septemberd. 1913, sér ekki annað ráð en það, sem áður er um getið, að
koma allmörgum úreltum bókum safnsins fyrir utanhúss og býðst til að
leggja fram til bráðabirgða af aukasjóði safnsins, sem hann hafði safnað og
ætlaði bókasafninu til óvænta útgjalda, ef einhver happakaup byðust í bók-
um eða öðru, er safnið vanhagaði um, fé fyrir geymsluherbergi og skápa
í húsi bæjarfógetans, en gat þess um leið, að fé þetta væri látið af hendi »í
fullu trausti þess, að safninu verði það síðar endurgoldið, þegar stjórnin
hefur lagt alla málavexti fram fyrir næsta fjárlagaþing«. Stjórnarráðið gaf í
bréfi, dags. 8. októberd., samþykki sitt til, að »lagt yrði út til bráðabirgða
af aukasjóði safnsins kostnaður við að leigja geymsluherbergi undir úrelt-
ustu bækur í safninu og til að láta smíða nauðsynlega skápa fyrir bæk-
urnar«.

Árið 1913 var ritauki safnsins 2273 eintök, þar af gefins 800 eintök frá
110 gefendum. Handritaaukinn var alls 36 eintök, þar af 12 gefins frá 9

1913 gefendum. Lestrarsal sóttu á árinu 16868 lesendur, en lánuð bindi fram í salinn voru 24461. Út úr safninu voru lánuð 3645 bindi, en lántakar voru 305.

1914 Árið 1914 barst safninu frá stjórnarráðinu myndasafn Benedikts skálds Sveinbjarnarsonar Gröndals af íslenskum dýrum, en hann hafði á efri árum sínum notið árlegs 600 kr. styrks úr landsjóði um allmörg ár til að búa til myndasafn af íslenskum dýrum og til að semja þjóðmenningarsögu Íslands, og haldið þeim styrk til dánardægurs (2. ágústd. 1907) með því skilyrði, að verkið yrði eign landsjóðs eftir hans dag.

Á þessu ári kom umkvörtun til stjórnarráðs út af vanskilum á yfirhöfnum, skóhlífum og höfuðfötum, sem ýmsir gestir safnanna höfðu orðið fyrir, sem geymd áttu plögg sín í óvörðum fataklefum niðri í fordyri safnsins. Svo var og kvartað yfir miklum þrengslum í lestrarsal sakir afar mikils aðstreymis frá æskulýð bæjarins. Ur vanskilunum var bætt með aukinni gæzlu til aðstoðar dyraverði í fordyrinu, er greidd var af fé því, sem ætlað var bókasafnshúsinu. En út af þrengslunum var ákveðið, að þeir, sem salinn sæktu í visindalegum tilgangi eða til lesturs fræðiriti, skyldu hafa forgangsrétt að þeim 4 lesborðum salsins, sem næst eru salsverði. Þá var og í bréfi stjórnarráðsins landsbókaverði heimilað að banna heimsækjendum safnsins að koma með bækur í lestrarsalinn, þótt sú regla gæti auðvitað ekki orðið undantekningarlaus.

Í byrjun ágústmánaðar þ. á. skall á, flestum að óvörum — sem steypi-regn með þrumum og eldingum úr heiðskíru lofti — heimsstyrjöldin mikla með öllum sínum ófögnuði. Hafnbannið og kafbátahernaðurinn kom ekki síður hart niður á Landsbókasafninu en öðru viðskiftalífi hér á landi. Safnið hafði í meira en hálfa öld staðið í viðskiftasambandi við hið merka bóksölufirma Brockhaus í Leipzig, þaðan höfðu því einnig, svo sem áður er um getið, komið ágætar bókagjafir á 19. öld, og svo hafði landsbókavörður að jafnaði fengið þaðan, ekki einungis þýzkar bækur og tímarit, heldur einnig enskar og franskar. Nú var loku fyrir það skotið, og því tilkynti landsbókavörður í bréfi, dags. 14. desemberdag, hr. Brockhaus, að hann hlyti styrjaldarinnar vegna að snúa sér beint til Englands á næsta ný-ári með pantanir enskra bóka og tímarita, ef friður yrði þá ekki á kominn.

Í lok þessa árs sendi landsbókavörður stjórnarráðinu tillögur sínar til 1914 breytinga á fjárupphæðum til Landsbókasafnsins í frumvarpi til fjárlaga um árin 1916 og 1917 og voru þær þessar:

1) að tillagið til bókbands yrði hækkað úr 3000 upp í 3300 kr. hvort árið, sökum verðhækkunar á bókbandsleðri, enda tillagið ónógt áður.

2) að til ritaukaskrár yrði lagt 280 kr. hvort árið í stað 200 kr., með því að síðustu 4 ára meðalkostnaður við skrána hafði orðið 288 kr. á ári.

3) að til samningar og undirbúnings 100 ára minningarrits Landsbókasafnsins veittist alt að 1500 kr. (síðara fjárhagsárið) eftir reikningi. Þörfin á þessu riti væri því meiri, sem ekkert minningarrit hefði verið út gefið, þegar safnið varð fímtugt (1868), en hins vegar þurfi langan undirbúning til að tina saman úr reikningum, bréfabókum, fundabókum, blöðum, tímaritum og bókum í tildrög og sögu safnsins, útvega myndir í ritið o. s. frv. Sjálfur útgáfukostnaðurinn megi að sjálfsögðu biða næsta fjárlagaþings, enda verði ekki unt að gefa nema lauslega áætlun yfir hann.

4) Gengið að því vísu, að greiddur kostnaður safnsins fyrir leiguherbergi handa úreltum bóknm í húsi bæjarfógeta Jóns Magnússonar um árið 1914 og væntanlega um 1915, samtals 360 kr. (o. 2 ára leiga) að viðbættum útbúnaðarkostnaði, 552 kr. 50 aur., samtals 912 kr. 50 aur., verði safninu endurgoldinn á næsta fjárlagatímabili.

5) Um launakjör starfsmanna safnsins bar landsbókavörður enga sérstaka tillögu fram, þótt hann enn sem fyr teldi þau ósanngjörn, ranglát og óviðunanleg, heldur vitnaði til fyrri bréfa sinna um það efni, einkum þess, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1913.

6) Lagt til, að keypt yrði bókasafn Jóns sál. Borgfirðings og vitnað til samþykktar ráðuneytisnefndarinnar við bókakaup og handrita á fundi 26. októberd. þ. á. Að vísu kvað landsbókavörður mjög margt vera í safni þessu, sem Landsbókasafnið ætti og ekki vanhagaði um, en taldi víst, að margt af því myndi góður fengur fyrir amtsbókasöfnin. Svo væri og víða í blöðum og þésum athugasemdir með hendi eigandans, sem afar æskilegt væri að eignast frá hendi svo bókfróðs manns.

Ritauki safnsins á þessu ári var 2250 prentuð eintök keypt og gefin og voru 612 þeirra frá Mentaskólanum, 226 frá læknadeild Háskólans, 112 frá

1914 Nordisk Forlag í Kaupmannahöfn. Gefendur voru 97 að tölu, mestmegnis erlendir menn og stofnanir, en nokkuru færri en áður, enda var nú styrjöldin mikla byrjuð. Handritaauki safnsins var 166 eintök, þar af 8 gefin af 7 gefendum. Lántakendur voru 316, en lánuð bindi út úr safninu 3601 bindi. Lestrarsalinn sóttu 14026 manns, en bindi þangað lánuð 21976.

1915 Árið 1915 sneri landsbókavörður sér beint til Englands með pöntun allra bóka og tímarita á enska tungu og átti safnið þar og á enn sízt betri kjörum að fagna, en það hafði búið við um langan aldur hjá Brockhaus í Leipzig, þótt í öðru landi væri. En er leið á árið, harðnaði æ meir á ófriðarhöftunum og svo fór að lokum, að F. A. Brockhaus í bréfi dags. 2. nóvemberdag þ. á., tilkynti safninu, að herstjórnin þýzka hefði bannað útlutning allra læknifræðilegra og skyldra rita og ennfremur, að hann sæi sér ekki sært að taka á sig ábyrgð á nokkurri bókasendingu til safnsins. Þannig voru þá í lok þessa árs safninu lokaðar að mestu leyti allar leiðir til þessarar miklu mentaþjóðar. Sambandið við England og Norðurlönd hélzt enn um hrið, en eftir það er kafbátahernaðurinn byrjaði, fór það einnig síversnandi.

Þann 8. nóvemberdag þ. á. tilkynti stjórnarráðið landsbókaverði, að það hefði veitt dr. phil. Guðmundi Finnbogasyni 1. bókaverði orlof um 2 ára tíma, frá 1. janúardegi 1916 til 1. janúardags 1918, og falið cand. phil. Árna Pálssyni að gegna bókavarðarsýslaninni fyrri frá 1. janúard. 1916 og ráðið Benedikt alþingismann Sveinsson til þess fyrst um sinn frá sama tíma að hafa á hendi gæzlu í lestrarsalnum. En til síðari starfans hafði landsbókavörður nokkuru áður gefið cand. phil. Boga kennara Ólafssyni beztu meðmæli sín, með því að hann var honum kunnur að samvirkusemi, iðni og athygli við störf þau, sem honum höfðu áður verið falin í safninu í fjarveru annara starfsmanna þess.

Tillögur landsbókavarðar til breytinga í fjárlögum á tillagi til safnsins (sbr. 245. bls.) tók alþingi allar góðfúslega til greina, þótt tregt ætlaði að ganga með þá sjálfsögðustu (912 kr. 50 a. endurgreiðsluna), sem ekki komst inn í fjárlög fyr en síðla þings í efri deild. Breyting á launakjörum bókavarda varð einungis sú, að 1. bókavörður fékk 1800 kr. árslau (í stað 1500 kr. og 300 kr. persónulegrar launaviðbótar). Til aðstoðar í lestrarsal

voru veittar 1000 kr. Tillagið til bókakaupa og handrita var hækkað um 1915
1000 kr. hvort árið (upp í 7000 kr.) með tilliti til þess, að samþykkt var að
kaupa bókasafn Jóns Borgfirðings fyrir 5500 kr. með 1000 kr. árlegri hlut-
greiðslu. Til bókbands voru veittar 3300 kr., til samningar handritaskrár og
til framhalds spjaldskrár 2400 kr., til ritaukaskrár 280 kr. — hvort árið,
til að semja og gefa út minningarrit safnsins á 100 ára afmæli þess eftir
reikningi, alt að 1500 kr. síðara árið, til endurgreiðslu fyrir keypta bóka-
skápa og goldna húsaleigu um árin 1914 og 1915 912 kr. 50 aur. fyrra
árið og fyrir húsaleigu 180 kr. hvort árið. Enn fremur til ýmislegra út-
gjalda 400 kr. hvort árið.

Ritauki safnsins var 1905 prentuð eintök, þar af voru 187 bindi frá
Mentaskólanum, 116 frá læknadeild Háskólans, 152 frá Nordisk Forlag í
Kaupmannahöfn og svo framvegis. Gefendur voru 119, mestmegnis erlendir
menn og stofnanir. Handritasafninu bættust 55 eintök, þrjú þeirra að
gjöf frá þrem gefendum. Lánuð voru út úr safninu á árinu 3721 bindi,
en lántakar voru 345. Lestrarsalinn sóttu 12647 manns og þangað lánuð
23749 bindi.

Þann 12. janúardag 1916 sendi stjórnarráð Íslands landsbókaverði til 1916
geymslu í safninu arfleiðsluskrá Ragnars ritstjóra Lundborgs í Stokkhólmi,
sem Íslendingum var áður að góðu kunnur, að ýmsum bókum, blöðum,
pésúms og blaðaúrklippum, er snerta ríkisréttar og þjóðréttarstöðu Íslands,
sem hann ánaðnaði safninu eftir sinn dag, bæði það, sem hann þá þegar
hafði safnað og síðar safna kynni. Sendi landsbókavörður stjórnarráðinu
samdegis viðurkenningu fyrir móttöku skrárinnar.

Þann 7. febrúardag barst safninu einnig bréf frá prófessor Jóni Krist-
jánssyni fyrir hönd lagadeildar Háskólans með beiðni um, að safnið láni
deildinni helztu lögfræðirit sín til notkunar og geymslu þar. Landsbóka-
vörður gat ekki orðið við þessum tilmaelum, með því að honum var alls-
endis óheimilt að lána bækur út úr safninu til geymslu eða notkunar um
óákveðinn tíma; auk þess ýmsar lagabækur safnsins þess eðlis, að þær
væru ekki síður þarfar málfræðingum og sagnfræðingum en lögfræðingum
og því rangt að lána þær burt úr þeim stað, sem allir eiga aðgang að,
yfir á annan, þar sem notkun þeirra yrði miklu takmarkaðri. Hins vegar

1916 hét landsbókavörður að gera deildinni svo létt fyrir sem unt væri um útlán lögfræðilegra bóka.

Þá barst safninu enn bréf, dagsett 4. marzdag, frá yfirbókaverðinum við bókasafn Cornell-háskólans þess efnis, að hann hefði fyrir nokkurum mánuðum orðið þess áskynja, að prófessor W. Fiske hefði ætlað Landsbókasafninu tvítökin úr hinu mikla Dante-safni sínu, sem hann gaf Cornell-bókasafninu; voru þau um 200 bindi og pésar og voru send safninu skömmu síðar, en landsbókavörður þakkaði gjöfina í bréfi dags. 28. apríld.

Á þessu ári gerði landsbókavörður itrekaðar tilraunir að fá framhald þýzkra tímarita, en það kom fyrir ekki. Skiftavinur safnsins í Þýzkalandi gerði það sem, hann gat, og sendi pósthögla með tímaritum áleiðis til Íslands, en þeir voru gerðir alturrækir og endursendir honum; og svo ramt kvað að um viðskiftahöftin, að safninu var neitað um gamlar bækur frá Kaupmannahöfn, þantaðar eftir antikvariskum bókaskrá, ef þær að eins voru þýzkar að uppruna.

Þann 30. októberdag reit landsbókavörður stjórnarráðinu og bar fram nokkurar tillögur til breytinga á fjárupphæðum til safnsins í gildandi fjárlögum. Tillögur gerði hann í þetta sinn engar um launakjör starfsmanna, með því að launamálanefndin hafði þá lokið starfi sínu og hann gekk að því vísu, að launamálið yrði alt tekið fyrir á alþingi 1917. Lét hann því nægja að geta þess, að laun þau, sem þar var farið fram á til landsbókavörðar og bókavörða, væru hið minsta viðunanlega og boðlega launa-lágmark fyrir þau störf. Um tillagið til bókbands lagði hann til, að það hyrfi inn í liðinn til bókakaupa og handrita, þannig að sá liður yrði að eins einn liður með 3 undirliðum í reikningum safnsins, svo að sjá mætti, hve miklu væri varið árlega til hvers út af fyrir sig, bókakaupa, handritakaupa og til bókbands, en hins vegar þá ekki lengur hægt að finna að, þótt meira eða minna yrði eftir atvikum varið til hvors um sig, bókakaupa og handrita og bókbands það og það árið, enda hvorttveggja náskýlt, því að óbundnar bækur væru ónothæfar og engin frambúðareign. Þá beiddist landsbókavörður einnig 400 kr. dýrtíðaruppbótar fyrir yfirbókbindarann og 2—300 kr. uppbótar fyrir undirbókbindarann, eða alls 700 kr. hækkunar á liðnum, með því að bókbandsefnið fór einnig síhækkandi í verði. Loks var þess getið í erindinu, að

herbergi það, sem safnið hefði á leigu í húsi bæjarfógeta Jóns Magnússon- 1916
ar, væri nú fult orðið af bókum og ekki sjáanlegt, hvar komið yrði fyrir
ritauka safnsins framvegis, ef Náttúrugripasafnið og Þjóðminjasafnið — ann-
aðhvort eða bæði — yrðu ekki *bráðlega* látin hverfa úr bókhöðunni.

Þá sendu og bókaverðir og landsbókavörður 23. nóvemberdag s. á. bréf
til stjórnarráðsins um dýrtíðar launabót um árin 1915 og 1916, sem fleiri
starfsmenn landsjóðs, »miðaða við verðhækkun þá á öllum lífsnauðsynjum,
sem orðið hefur hér á landi síðan styrjöldin hófst«.

Á þessu ári bættust safninu 3400 bækur og ritlingar; af þeim voru 2264
fengin að gjöf frá 91 gefanda (þar af 1467 eintök frá bókasafni Reykjavíkur
lærða skóla, 161 frá Nordisk Forlag í Kaupmannahöfn, 96 frá læknadeild
Háskólans, 42 frá Aschehoug & Co. í Kristianíu o. s. frv.). Handritaaúkinn
var 18 eintök, þar af gefins 2 frá 2 gefendum. Lánúð voru út úr safninu
3574 bd., en lántakar voru 332. Lestrarsalinn sóttu 15527 manns og þangað
voru lánúð 28746 bindi.

Árið 1917 barst landsbókaverði erindi, dags. 23. febrúardag, frá Guð- 1917
mundi prófessor Hannessyni, sem var orðinn meðlimur ráðuneytisnefndar-
innar í stað Guðmundar prófessors Magnússonar, þess efnis, að læknadeild
Háskólans hefði á fundi 16. desemberdag 1916 samþykkt að afhenda Lands-
bókasafninu til fullrar eignar framvegis bækur sínar og tímarit, ef háskóla-
ráð og stjórnarráð féllist á þá ráðstöfun, með þeim skilyrðum:

»1. Að kennarar háskólans og nemendur hafi forgangsrétt fyrir öllum öðrum að
nota bækur þessar og tímarit.

2. Að háskólakennurum sé heimilt að halda úrvali af nauðsynlegum bókum í hand-
bókasafni, sem geymt er á háskólanum.

3. Að bókasafnið skuldbindi sig til að taka ábyrgð á bókum þessum og tímaritum,
einnig þeim, sem framvegis bætast við, að binda þær og varðveita á sama hátt og
aðrar bækur sem safnið eignast. Bækur og tímarit skulu í ábyrgð safnsins frá þeim
tíma, sem þær eru afhentar því. Þær bækur sem fást bundnar erlendis munu jafnaðar-
lega verða keyptar í bandi. Þá er gengið að því visu, að kennarar háskólans hafi leyfi
til að velja sér bækur í bókaherbergjum safnsins, ef þeim þykir þess þörf«.

Þá var þess og getið í bréfinu, að stjórnarráðið hefði í bréfi, dags. 21.
febrúardag 1917, fallið á þessa ráðstöfun, er það hafði leitað umsagnar há-
skólaráðsins. Að síðustu var landsbókavörður spurður, hvort hann fyrir

1917 safnsins hönd vildi ganga að þessum skilmálum og taka við öllum bókum og timaritum læknadeildarinnar, sem þá væru í vörzlum safnsins.

Boði þessu tók landsbókavörður með þökkum fyrir safnsins hönd, en gat þess jafnframt út af athugasemdinni aftan við 3. lið, að hann hefði árið 1916 látið prenta auglýsing, sem fest væri upp bæði í útlánssal og lestrar-sal, þess efnis, að öllum nema starfsmönnum safnsins væri óheimill aðgangur að bókaherbergjum þess. Hefði hann nýlega itrekað þá skipun við alla starfsmenn safnsins, og myndi hún sízt hér eftir verða nokkurum að meini, með því að spjaldskráning safnsins væri nú því nær að fullu lokið, svo að öllum gerðist greiður aðgangur að bókatitlum þess í spjaldskrárhirzlunni inni í lestrarsalnum.

Nú voru þrengslin orðin svo mikil í safninu, að ekki var lengur við unandi. Hin árlega bóksalagjöf frá Danmörku, afhending í mörgum þúsundum binda frá prestaskóla og læknaskóla (síðar guðfræðis- og læknisdeild Háskólans) og Mentaskólanum hafði hleypt árlegum vexti safnsins langt fram úr áætluðum bindafjölda, og gefendum hafði fjölgað um meira en helming í tíð landsbókavarðar, úr 46 árið 1907 upp í og yfir 100 manns, en Þjóðminjasafnið og Náttúrugripasafnið voru enn kyr í húsinu og fylltu alla efstu bygð þess og mikinn hluta stofubygðarinnar. Við svo búið mátti ekki standa og því gerði landsbókavörður enn nýja tilraun að losna við söfnin, annaðhvort eða bæði, og reit 27. marzdag bæði þjóðminjaverði og náttúrugripaverði tvö samhljóða bréf, svo sem hér segir:

»Með bréfi þessu læt ég yður vita, að ég sé mér alsendis ómögulegt að uppfylla lengur þau bráðabirgðaskilyrði, sem um ræðir í lögum »um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga«, nr. 29, 20. októberdag 1905.

Ég hef um nokkur ár, til stórtjóns fyrir vinnu og reglu hér í safninu, hykað við að neyta þess tvímælalausar réttar, sem heimilaður er með nefndum lögum (sbr. »eftir því sem húsrúm leyfir«) og þessu til sönnunar er það, er nú skal greina:

1. Ég hafði fyrir 5 árum bent stjórnarráði og alþingi á, að húsrúm væri þá þegar orðið af svo skornum skamti, með Þjóðminjasafnið og Náttúrugripasafnið í eftirdragi, að þrot væru á næstu grösum, og þessi ummæli mín hef ég síðan margitrekað.

2. Protin hafa komið óðfluga, sem eðlilegt verður, þegar menn athuga sívaxandi ritauka safnsins í gjöfum og kaupum, og nú er svo komið, að 4 höfuðdeildir safnsins

hafa troðfyllt þau herbergi, er þeim voru upphaflega ætluð, og enginn staður hugsan- 1917
legur handa þeim í því húsnæði, sem nú eru tók á.

3. Að mér sé þetta nauðungarmál, sést bezt á því, að ég hef fyrir góðvild þá verandi
bæjarfógeta, Jóns Magnússonar, fengið að láni herbergi á næsta leiti fyrir þær bækur, er
ég hugði að sízt mundi verða um beðið fyrir aldurs sakir og bókmentalegs gildis. Þó
hefur það ekki lánast sem bezt, heldur orðið til tafar og trafala fyrir fyrri bókavörð.
— Ég hef enga von um að geta fengið rýmra húsnæði utan Landsbókasafnsbyggingar-
innar, enda tel ég það ganga óhæfu næst, að löglegur eigandi sé hrakinn af eign sinni
fyrir leiguliða sakir.

4. Síðast en ekki sízt leyfi ég mér að taka fram, að sífeldur hrakningur á bókum
milli herbergja veldur því vinnutjóni og óreglu, að ég kenni mig ekki lengur hafa leyfi
til að strita við það, og skil vel, að þeim mönnum, sem eyða tíma og kröftum í að
flytja bækur úr réttum stað i rangan, leiðist það til lengdar.

Að fengnu þessu bréfi tilkyntu þjóðminjavörður og náttúrugripavörður
stjórninni bréflaga, hvernig ástætt væri fyrir söfnunum og hve brýn nauð-
syn væri, að gangskör yrði sem fyrst gerð að því að útvega söfnum þeim,
sem þeir veittu forstöðu, nýtt húsnæði. En styrjöldin og margir aðrir örð-
ugleikar hafa hamlað öllum framkvæmdum í þessu efni fram á þenna dag.

Þá skrifaði landsbókavörður einnig fjárlaganefnd neðri deildar alþingis
bréf, dags. 2. ágústdag þ. á., og fór fram á, að veittar yrðu í fjárlögum
árið 1918 2500 kr. til útgáfukostnaðar við minningarrit safnsins og 1200 kr.
til byrjunar á útgáfu handritaskrár þess, svo að 1. hefti 1. bindis gæti verið
komið út á aldarafmæli safnsins. Tók alþingi báðar þessar tillögur góð-
fúslega til greina, og með því að alþingi 1917 var hið síðasta fjárlagaþing,
sem háð var fyrir aldarafmæli Landsbókasafnsins, þykir hlýða að setja hér
fjárupphæðir þær, sem það veitti safninu um árið 1918:

Laun landsbókavarðar 3000 kr., 1. bókavarðar 2000 kr., 2. bókavarðar
1200 kr. (200 kr. persónuleg launaviðbót), laun skrásetjara handritasafns
Landsbókasafnsins og spjaldskrár 2400 kr., til aðstoðar í lestrarsal í 7 mán-
uði 1000 kr., til að kaupa bækur og handrit og til bókbands 11300 kr. (þar
af 1000 kr. sem 1. greiðsla af andvirði söngfræðasafns Jónasar heit. Jóns-
sonar háskóladyravarðar), til að gefa út handritaskrá safnsins 1200 kr., fyrir
afskriftir (eftir reikningi) 1000 kr., til að prenta ritaukaskrá 280 kr., bruna-
ábyrgðargjald fyrir safnið 360 kr., húsaleiga 180 kr., ýmisleg gjöld 400

1917 kr., til þess að semja og gefa út minningarrit safnsins 2500 kr. Samtals 26820 kr.

Veturinn 1917—1918 voru frosthörkur miklar, en eldsneyti í afarverði og hætta á, að það gengi til þurðar. Var því horfið frá að nota miðstöðvarhitun landsbókasafnshússins og lestrarsal lokað, en notaðir olíuofnar og »magasin«-ofnar til að ylja upp bókbandsstofu og vinnuherbergi landsbóka- varðar og skrásetjara. Að útlánum var unnið í útlánsstofu 1—2 stundir á dag að jafnaði, þótt illgerlegt væri, meðan hörkurnar voru mestar. Af þessu leiddi, að notkun lestrarsals varð miklu minni árið 1917 og 1918 en fyrir- farandi ár, og hins vegar varð sambandið við útlönd æ torsóttara, eftir því sem kalbátahernaðurinn magnaðist, svo að safninu bættust miklu færri gjafaeintök frá útlöndum en ella. — Ritauki safnsins árið 1917 var 3887 eintök, þar af 1768 eintök úr hinu keypta bókasafni Jóns Borgfirðings og 900 eintök af bókasafni Jónasar Jónssonar háskóladyravarðar; af ritauka ársins voru 699 eintök fengin að gjöf frá 56 gefendum. Lesendur í lestrar- sal voru 7408, en lánuð bindi út í salinn 12607. Lánuð voru út úr safninu 3913 bindi, lántakar voru 371. Handritaauki safnsins var 37 bindi, þar af gefin 4 bindi frá 4 gefendum.

1918 Í ársbyrjun 1918 lét Benidikt alþingismaður Sveinsson af aðstoðarbóka- varðarstörfum, en með því að lestrarsalurinn var lokaður allan veturinn, var enginn aðstoðarmaður ráðinn í hans stað, þar til vora tók, er cand. phil. Bogi skólakennari Ólafsson var fenginn til að gegna aðstoðarstörfum um hrið í stundavinnu við safnið í bókaherbergjum þess við röðun o. fl., því að þar hafði ekki verið unt að hafast neitt að um veturinn í hörkunum.

Safnið var nú orðið 100 þúsund bindi og spjaldskrá komin yfir það, vélrituð í tvennu lagi, til afnota í lestrarsal fyrir almenning og í útlánsstof- unni fyrir starfsmenn safnsins. Handritasafnið var alls orðið 7268 bindi í 3 aðaldeildum: handritasafn Landsbókasafnsins 364 tvíblöðungar, 1821 fjór- blöðungar, 2002 áttblöðungar; handritasafn Jóns Sigurðssonar 171 tvíbl., 650 fjórbl., 520 áttbl.; handritasafn Bókmentafélagsins (Hafnardeildar) 87 tvíbl., 478 fjórbl., 874 áttbl., (Reykjavíkurdeildar) 301 handrit.

Fastasjóður safnsins var á þessu ári orðinn 10500 kr. og skuldafargan- 1918
inu, sem um margra ára skeið hafði á safninu legið, var af því létt að mestu leyti, með því að hlutgreiðslukvöðum var ýmist að fullu lokið eða því nær lokið, og í þess stað kominn nokkur varasjóður. Þá var og loks út komið 1. hefti af handritaskrá Landsbókasafnsins, þessu nauðsynlega riti, sem safnið og notendur þess hafði svo tilfinnanlega og lengi vantað, lyklinum að öllum þeim fjársjóði, sem handritasöfn þess hafa að geyma. Í lestrarsal, sem ekki var til í safninu um meira en hálfa öld af æfi þess, voru nú árlega bækur lesnar í tugum þúsunda og útlán, sem áður voru talin í hundruðum binda, skiftu nú árlega þúsundum.

Áður hafði safnið um langan aldur verið á hrakningi eða á annara vegum, fyrst hjá kirkjunni, á dómkirkjuloftinu, síðan hjá ríkinu, í alþingishúsinu. Nú átti það veglegt hús og hafði til bráðabirgða getað skotið skjóls-
húsi yfir tvö önnur söfn, sem ekkert hæli áttu. Munurinn var mikill og svo »mjór« var í upphafi »mikils vísir«, að jafnvel tvöfaldur fæðingardagur safnsins hafði verið öllum hulinn, þangað til að landsbókavörður loks gróf hann upp úr gömlum skjölum, þegar það var næstum orðið tíræður öldungur. En tvöfaldur fæðingardagur safnsins — eða afmælisdagur í tvennum skilningi — má 28. ágústdagur með nokkurum rétti nefnast, því að þann dag er hið merkilega bréf Fr. Schlichtegrolls til Münters Sjálandsbiskups dagsett árið 1817 (sbr. 3. bls. og fskj. I) og samdegis, ári síðar, ritar Geir biskup Vídalín þakklætisbréf sitt, fyrir hönd sína og landa sinna, fyrir bókatilboð Rafns (sbr. 11. bls. og fskj. V).

Alls þessa og fleira var vert að minnast nú við aldamótin í sögu safnsins, og því var það, að landsbókavörður fann sér skylt að gangast fyrir minningarhátíð í safninu á aldarafmæli þess miðvikudaginn þ. 28. d. ágústmánaðar 1918 og var safninu lokað um nokkura daga, meðan á undirbúningi hátíðarinnar stóð. Hafði landsbókavörður fengið sér til aðstoðar Þorvald veggfóðrara Sigurðsson til að skreyta lestrarsalinn og bókhlöðuna, en dyravörður annaðist flutning húsgagna, fána o. fl. Þorsteinn ritstjóri Gíslason hafði fyrir tilmæli landsbókavárðar ort fagran, þrískiftan ljóðaflokk (fskj.

1918 XXV), sem var sunginn af söngfélaginu »17. júní« undir stjórn Sigfúss organleikara Einarssonar. Lestrarsalurinn var allur fánum skreyttur, yfir ræðustólnum hékk olíumynd af C. C. Rafni og sitt hvorum megin hennar myndir af Jóni bókaverði Árnasyni og próf. Willard Fiske.

Minningarhátíðina sóttu om 300 manns, karlar og konur, sem landsbókavörður hafði boðið, og mundu fleiri komið hafa, ef veður hefði verið skaplegt, en það var hið versta. Þegar menn voru gengnir í sæti, byrjaði minningarathöfnin á því, að söngflokkurinn söng 1. kafla minningarljóðanna. Því næst sté landsbókavörður í ræðustólinn og hélt fyrri hluta ræðu sinnar: um Rafn og verk hans í þarfir safnsins. Síðan var sunginn 2. kafli ljóðaflokksins; stóðu þá allir boðsgestir upp úr sætum sínum og sungu með söngflokknum einróma þrjú fyrstu erindin, sem skáldið hafði helgað minningu Rafns. — Þá flutti landsbókavörður síðari hluta tölu sinnar, en ræða hans hljóðar svo sem hér segir:

Háttvirtu áheyrendur!

Margir yðar, sem hér prýða hóp vorn, munu minnast nokkurra stunda veru í þingsal neðri deildar alþingis Íslendinga fyrir frekum tveim árum, þ. 15. d. ágústmánaðar 1916, á aldarafmæli hins íslenska Bókmentafélags. Nú er sú stund upp runnin, er önnur menningarstofnun þessa lands — Landsbókasafn Íslands — heldur 100 ára afmælisdag sinn hátíðlegan, og leyfi ég mér fyrir safnsins hönd að þakka öllum þeim, sem þenna sal sótt hafa á þessu minningarríka augnabliki á þessu örlagaþrungna sumri, þegar verið er að gera út um stærsta mál þjóðar vorrar og leiða það — að vonum — til giftusamlegra lykta.

Ef oss Íslendingum ætti að vera nokkur hluti Danmerkur sérstaklega kær öðrum fremur utan Kaupmannahafnar, háskólabæjar vors og æðstu menningarstöðvar um hundruð ára, þá hlyti það að vera Fjón, eyjan iðgræna milli beltanna bláu, því að þaðan eru oss komnir vorir mætustu dönsku vinir og menningarfrömuðir á 19. öld — þeir Rasmus Christian Rask, frumkvöðull og annar aðalstofnandi Bókmentafélagsins, og Carl Christian Rafn, faðir og fóstri Landsbókasafns Íslands. Þeir komu báðir sem kallaðir væru, sem ljósberar og vorboðar nýrra menningarstrauma og þekkingar fyrir land og lýð, þegar sem dapurlegast var hér um að litast. — Að vísu voru bókmentir sízt aldaða í byrjun 19. aldar á Íslandi, eyjunni sagnauðgu og ljóðelsku: konferenzráðið í Víðey var enn að leiðbeina, hvetja og fræða, Jón Espólin var byrjaður á sínu Grettis-taki að rita Árbækur Íslands um 570 ár á fögru máli, Sveinbjörn Egilsson, snillingur íslenzkrar tungu, var að gagnrýna fornrit vor, hreinsa og faga mál vort, og þeir Jón

Þorláksson og Bjarni Thorarensen slógu hörpu vors lands, svo að ég nefni nokkura af 1918
þá verandi andlegum forvígismönnum þjóðarinnar. En ástandið var þó engu að síður
ískyggilegt. Alþingi var »horfið á braut«, biskupsstólarnir á Hólum og í Skálholti, þessi
gömlu menningarhæli liðinna alda, voru niður lagðir. Lærdómslistafélagið var því nær
aldauda og Landsuppfræðingarfélagið var að visna upp í höndunum á þjóðfrömuðinum
Magnúsi konferenzráði, sem bæði hafði tíðarandann og atvikin við að berjast. Og mann-
fólkið var, eftir fyrir farandi óáran, eldgos, drepsóttir, styrjaldir, siglingateppu og hall-
æri orðið færra en það var um 1700 (1703: 50.444, 1800: 46.757, sbr. »Eftirm. 18. aldar«,
41–46 bls.). Fáfróð stjórn um landshagi vora, í fjarlægu landi, gat lítið bætt úr böli
voru, jafnt fjárhagslega sem andlega. Einveran, fjarlægðin, fátæktin, félagsleysið — alt
hrópaði á einhverja nýja andlega miðstöð í landinu sjálfu, og hún kom frá þeim tveim
ágætismönnum, sem ég þegar hef nefnt, fyrst með Bókmentafélaginu, eldra systkininu
og bráðproksaðra og síðan með Stiftisbókasafninu — því að svo var þetta safn nefnt
fyrstu 60 árin.

Ég finn mér skylt að minnst hér nokkurum orðum á helztu æfi-atríði þessa föður og
velgerðamanns safnsins, ekki sízt vegna þess, að þar sem nafn Rasks er að makleikum
á vörum og vitund flest-allra Íslendinga, þeirra sem komnir eru til vits og ára, þá mun
nafn Rafns og verk hans vera lítt kunnug hér á landi öðrum en fræðimönnum vorum.

Carl Christian Rafn er fæddur í Brahesborg á Fjöni 16. dag janúarmánaðar 1795
— frekum sjö árum eftir Rask (f. 22. nóvemberd. 1787) — og lézt í Kaupmannahöfn 20.
dag októbermánaðar 1864 á 70. aldursári. Faðir hans og afi höfðu báðir verið Hol-
lendingar í Brahesborg, en svo nefndust leiguliðar á gózunum, sem höfðu búpeninginn
á leigu gegn ákveðnu árlegu afgjaldi. Fjórtán vetra var Rafn settur í Kathedralskólann
í Odense og útskrifaðist þaðan 4 árum síðar í október 1814 til háskólans; þar tók hann
svo í aprilmánuði 1815 examen philologico-philosophicum og lauk lögfræðisprófi með
beztu einkunn í aprilmánuði 1816, eftir 1½ árs nám. En lögin urðu þó ekki lífstarf hans.
Í lok sama árs tók hann herforingjapróf með ágætiseinkunn og varð síðar kennari um
nokkur ár við Landcadet-Academiet (liðsforingjaefnaskólann) í latneskri tungu og al-
mennri málfræði. Honum fór sem Rask, að hann hneigðist þegar á latinuskólaárunum
að fornum fræðum íslenzkum og hélt íslenzkunámi sínu áfram í háskólanum, en þar
við bættist og, að árin 1821 til 1823 var hann við riðinn háskólabókasafnið í Kaupmanna-
höfn og framkvæmdi þar endurskoðun á hinu merka handritasafni Árna Magnússonar.
Svo sem vænta mátti hlóðust virðingarmerki, titlar og trúnaðarstörf á þenna vinnuvík-
ing, sem öllu virtist geta afkastað og aldrei þreyttist, þótt stundum ætti við vanheilsu
að búa, en það er einkennilegt, að hann gegndi aldrei nokkuru opinberu embætti, að
undanteknu þessu fárra ára kenslustarfi við liðsforingjaskólann, sem ég þegar hef nefnt.
Hans sistarfandi andi hefur að líkindum ekki þolað svo markaðan bás sem opinber em-
bætti ofllega eru. Hann varð dr. philos. 1825, heiðurs-prófessor 1826, dr. utriusque juris

1918 1830 (frá Koenigsberg-háskóla), sama ár meðlimur hinnar konunglegu nefndar til varð-veizlu fornminja og enn sama ár meðlimur Árna Magnússonar nefndarinnar. Virkilegt etazráð varð hann 1839 og konferenzráð 1859, og orðum rigndi yfir hann úr öllum áttum, dönskum, sænskum, rússneskum, prússneskum, hollenzkum og grískum. Auk þess var hann meðlimur margra vísindafélaga í Norðurláfu og Vesturheimi, þar á meðal, sem nærri má geta, einnig hins ísl. Bókmentafélags.

Hér skal svo stuttlega dregið á helztu ritverk og útgáfur, sem frá honum komu: Nordiske Kæmpehistorier (norrænar hetjusögur) gefnar út í Kaupmannahöfn 1821—1826, í 3 bindum, danskar þýðingar á ýmsum norrænum fornsögum, svo sem Hrólfs sögu Kraka, Völsungasögu, Ragnars sögu Loðbrókar o. s. frv. Þá má nefna Jónsvíkingasögu. Kaupmannahöfn 1824. Fornmannasögur í 12 bindum, Kaupmannahöfn 1825—1837, Krákumál, Kaupmannahöfn 1826, Fornaldarsögur Norðurlanda í 3 bindum, Kaupmannahöfn 1829—1830, Færeyinga saga, Kaupmannahöfn 1832, Oldnordiske Fortidssagaer, er Fornritafélagið gaf út í danski þýðingu, eru að nokkru þýddar af honum (p. e. 1.—3. og 11. bd.). Þá skal nefna skrautrit hans: Antiquitates Americanae eða um Ameríkufund Íslendinga og afskipti Norðurlandabúa af henni frá 10. til 14. aldar, Kaupmannahöfn 1837, og Antiquités russes í 2 bd. Kaupmannahöfn 1850—1852, um ferðir Norðurlandabúa til Rússlands til forna. Þá átti hann og með próf. Finni Magnússyni mestan og beztan þáttinn í öllum 3 bindunum af hinu ágæta safnríti um Grænland: Grönlands historiske Mindesmærker, Kaupmannahöfn 1838—1845.

Á annan í nýári 1824 hittir Rafn dr. Gísla Brynjólfsson (síðar prest að Hólum í Reyðarfirði) að máli og ráða þeir með sér að stofna félag í sambandi við aðjúnkt Sveinbjörn Egilsson á Bessastöðum til að skýra og gefa út íslensk fornrit, og mánuði síðar, 2. febrúardag, ákváðu þeir, að Rafn yrði fastur skrifari félagsins og gjaldkeri um næstu þrjú ár (sbr. auglýsingu um félagið í »Nyeste Skilderie af København« 6. nóvemberdag 1824, undirskrifaða af Rafni, Gísla Brynjólfssyni og Sv. Egilssyni). Síðar bættust þeir við í hópin Gunnlaugur Oddsen, síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík, og Þorgeir Guðmundsson síðar prestur í Glólundi (Gloslunde og Græshauge á Lálendi). Þetta eru fyrstu tildrögin til hins stórmerka Norræna fornfræðafélags. Fæðingardag opinberan fékk þó félag þetta ekki fyr en 1825 og þá eftir fæðingardegi konungsins þá verandi, Friðreks VI, 28. janúardag og nokkuru síðar, 9. maídag 1828, nafnið: »Det kongelige nordiske Oldskriftselskab« eða: Hið konunglega norræna Fornritafélag, og þar með konunga Danmerkur að verndurum.

Ég hygg, að ég mæli tæplega of mikið, þótt ég segi, að aldrei hafi nokkurt vísindafélag á Norðurlöndum eignast öflugri og ötulli skrifara eða gjaldkera en Rafn reyndist því; hann var skrifari þess til dauðadags og var um 40 ára skeið sistarfandi, siskrifandi fyrir það út um heiminn, að safna meðlimum og fæ handa því og lífið og sálin og framkvæmdaraflíð í vísindalegri starfsemi þess; sjóður þess, sem með konunglegri stað-

festri stofnskrá 30. októberdag 1834 var trygður fyrir fult og alt og óskerðanlegur, var 1918 við æfilok hans (1863) orðinn 77 þúsundir ríkisdala.

Í sambandi við starfsemi Rafns í þarfir Fornritafélagsins skal ég taka það fram, að hann var frumkvöðull að »Nordisk Tidsskrift for Oldkyndighed« (Norrænt timarit fyrir fornfræði) I.—III., Kaupmannahöfn 1832—1836, er síðar breyttist í »Annaler for nordisk Oldkyndighed og Historie«, og því næst í »Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie«, sem Fornritafélagið gefur út enn í dag.

Á bókasöfnum hafði konferenzráð Rafn hinn mesta áhuga alla æfi. Á unga aldri hafði hann í Odense stofnað bókasafn fyrir liðsforingjaefnin, og vera hans í bókasafni háskólans á árunum 1821—1823 hefur auðvitað tendrað þann áhuga enn meir, enda varð hann meðstofnandi að Amtsbókasafninu í Þórshöfn í Færeyjum 1827 og stofnaði einnig annað bókasafn í Godthaab á Grænlandi árið 1829. En auk þess var hann áður, árið 1818, orðinn faðir þeirrar stofnunar, sem nú heldur í dag hátíðlegan 100 ára afmælisdag sinn, Landsbókasafns Íslands, og skal þá nú vikið að upphafi og tildrögum til þessarar stofnunar og samtímis getið þess, að það hefur fallið í mitt hlutskifti að neyðast til að ákveða sjálfur afmælisdag hennar, og hefi ég valið þenna dag af þeim ástæðum, er nú skal greina:

Á efri árum Jóns bókavardar Árnasonar (árið 1883) fær hann bréf frá Péttri biskup Péturssyni með ýmsum fyrirspurnum um Landsbókasafnið og þar á meðal, hvenær það sé stofnað. Hann svarar í bréfi 17. febrúard. 1883 með því að vitna í ritling Rafns: Beretning om det islandske Stiftsbibliothek, Kaupmhöfn 1826, og formálann fyrir fyrstu bókaskrá safnsins, útg. í Kaupmannahöfn 1828, og kveðst eigi vita meira um stofnun þessa en þar sé skráð; og í ritlingnum »Mimir, the Icelandic Institutions with Adresses«, sem hinn góðkunni Íslandsvinur og velgjörðamaður safnsins, próf. Willard Fiske, gaf út í Kaupmannahöfn árið 1903, tilgreinir hann einungis í grein sinni um safnið, að próf. Carl Christian Rafn hafi stofnað það árið 1818, en nefnir engan mánaðardag, og svo er og um önnur rit og alfræðilegar orðabækur, þar sem stofnunar Landsbókasafnsins er getið, að árið (1818) er einungis tilgreint, en ekki stofnunardagurinn. Jafnvel hefir leikið efni á, hver fyrstur hafi átt hugmyndina að stofnun safnsins. Jón forseti Sigurðsson segir svo í ræðu þeirri, er hann hélt á fimtíu ára afmæli Bókmentafélagsins (sbr. Minningarrit Bókmentafélagsins, Kaupmannahöfn 1866, 30—31 bls.): »Auk þess kostnaðar, sem félagið þurfti að hafa fyrir sjálft sig styrkti það einnig stiftsbókasafnið á Íslandi töluvert við stofnun þess. Það var fyrst á ársfundi 30. marz 1818, að páverandi lieutenant Karl Kristján Rafn stakk upp á hér í vorri deild, að kjósa skyldi nefnd til að hugleiða, hvernig hentugast væri að stofna bókasafn á Íslandi og sendi skýrslu um bækur, sem ýmsir höfðu lofað að gefa til slíks bókasafns. Deildin lét höfundinum í ljósi þakklæti sitt fyrir þessa uppástungu, og lofaði að rita um hana til deildarinnar á Íslandi. Um sama leyti eða nokkru síðar (26. febrúar 1819) kom fram til félagsins uppástunga frá

1918 Schlichtegroll, aðalritara við hið konunglega vísindaakademi í München, um að stofna bókasafn á Íslandi. Félagið auglýsti, að það vildi fúslega taka á móti bókum, sem góðfúsir styrktarmenn slíks bókasafns kynni að vilja gefa. Þar eftir söfnuðust og til félagsins töluverðar bókgjafir, og annaðist félagið geymslu á þeim og sendingar, borgaði band á bókum fyrir stiftsbókasafnið, sömuleiðis prentun á bókaregistri þess, 11 örkum að stærð, og bókastimpil handa því (1827). Hélt félagið þessu áfram þar til 1828, að styrkja stiftsbókasafnið, og sendi því bækur meðan það var að komast á fastan stofn, svo það á töluverðan þátt í stofnun þessa bókasafns í fyrstu.

Jón Sigurðsson hefir þannig verið þeirrar skoðunar, að Rafn hafi verið fyrsti hvatamaður til bókasafnsstofnunarinnar, en það mun þó naumast vera fullkomlega rétt, því að til er hér í Landsbókasafninu í handritasafni því, er til þess var keypt 1901 af Hafnardeild hins íslenska Bókmentafélags, tvö bréf, sem virðast benda á, að hugsun þessi hafi fyrst kviknað í þýzkum heila (Í. B. nr. 41, 2.). Annað þeirra er mjög langt bréf frá Friedrich Schlichtegroll í München, dags. 28. ágústd. 1817, til Dr. Münters Sjálandsbiskups, þar sem hann leggur til, að stofnuð verði 2 félög, annað í Kaupmannahöfn, hitt á Íslandi, og markmið þeggrja eigi að vera að gefa út fræðirit og auka bókakost og koma á fót vísindalegum söfnum hér á landi, þar á meðal öflugum safni útlendra bóka.

En hvað sem svo hér má um segja, þá er eitt víst, að hugmynd Rafns var skýrari og ákveðnari og hann, þessi hagsýni, mikli verknaðarmaður fór með hana þegar í stað »boðleið rétta« til greiðustu framkvæmda. Þann 29. d. marzm. 1818 ritar hann Bókmentafélaginu bréf (sbr. Breve til og fra C. C. Rafn. Kaupmannahöfn 1869) og stingur upp á, að félagið kjósi nefnd úr sínum flokki til að undirbúa »stofnun stiftsbókasafns Íslands« (til et Islands Stiftsbibliotheks Oprettelse), þannig að það efni til samskota, veiti þeim móttöku o. s. frv. Sjálfur kveðst hann eigi geta mikið af mörkum látið í fyrirtækið, með því að hann hafi nýlega látið talsvert af hendi rakna til annars opinbers bókasafns, en lætur samt fylgja gjafalista frá sér upp á 20 bækur og lofar að senda fleiri smátt og smátt frá sjálfum sér og öðrum. Kveðst hafa góðar vonir um tillög frá ýmsum mönnum á Fjöni og í Kaupmannahöfn. Bókmentafélagið brást drengilega og rúsklega við erindi þessu. Hinn ötuli formaður Hafnardeildarinnar, Bjarni Thorsteinsson (síðar amtmaður) og skrifari hennar, próf. Finnur Magnússon, svara þegar þann 31. marzd., tjá Rafni innilegustu þakkir fyrir göfuga viðleitni, uppástunguna og tilboðið, og tilkynna honum, að deildin hafi á félagsfundi samþykkt að rita aðaldeildinni á Íslandi um málið og fela henni að ráðgast við stiftisýfirvöldin íslensku, hvernig bókasafninu yrði bezt fyrir komið o. s. frv. Þann 17. júlídag s. á. skrifar svo Hafnardeildin Reykjavíkurdeildinni hingað heim um málið, en það bréf virðist vera glatað og uppkastið að því líklega farizt í brunanum 24.—25. septemberd. 1847 í Kaupmhöfn, því að þar fórust »bækur félagsins og handrit, bréfabækur deildarinnar, dagbækur og skjöl« (sbr. Minningarrit Bókmentafélagsins 1816—1866), en til er bréf í Landsskjalasafninu, dags. í Breiðholti 18. ágústd., frá

Árna Helgasyni þá verandi dómkirkjupresti og forseta Reykjavíkurdeildarinnar til Geirs 1918
biskups Vidalíns, þar sem hann »tekur sér þau friheit, í nafni Bókmentafélagsins deildar í
Reykjavík, að spyrjast fyrir, hvort ei mundi ráð til að bókmentunum yrði móttaka veitt
og sú ráðstöfun gerð sem tilhlýðileg er, bæði í tilliti til bókanna geymslu og líka brúk-
unar«. Þessu bréfi svarar Geir biskup Vidalín á þenna hátt:

»Til dómkirkjuprests séra Árna Helgasonar, forseta þess íslenska bókmentafélags
deildar í Reykjavík, 28. aug. 1818.

Yðar velæruverðugheita kæra bréf af 18da næstumliðins mánaðar hef ég meðtekið.
— Í þessu bréfi aðspyrjið þér, hvort ei mundi vegur til, að notið yrði þess velgjörn-
ings, sem hr. lautenant Rafn hefur boðist að auðsýna landi voru, sem í því er innifal-
inn: að hann vill safna bókum í Danmörku og senda hingað, eður afhenda félögum
vorum í Kaupinhavn, í þeim tilgangi, að hér við stiftið yrði grundvöllur lagður til við-
líka bókasafns, sem er við hvert annað stifti í Danaveldi, samt að hann í þessu skyni
allareíðu hafi safnað töluverðu, sem félagar vorir í Kaupmannahöfn hafa tekið við, og
þénar því til andsvars: að ég kann þessum landsvini vorum því hjartanlegra þakklæti
fyrir þennan sinn heiðursverða velgjörning, sem þess konar bókasafn er dýrmætara í
einu landi hvar ekkert almennilegt bókasafn er til, og hvar kjörum embættismanna er
svo háttað, að þeir lítið eða ekki eiga afgangss frá nauðsynlegu uppeldi, til bókakaupa;
hvert innilega þakklæti mitt ég fel yðar velæruverðugheitum á höndur að gefa í mínu
umboði, mín og landsmanna mínna vegna, velnefndum lautenant Rafn til kynna, ásamt
bókmentafélagsdeildinni í Kaupmannahöfn; eins og ég í dag hefi tilskrifað því konungl.
d. cansellie og beiðst af því samþykkis og nauðsynlegs peningastyrks til að hentugur
karmur yrði tilbúinn á Reykjavíkur dómkirkjulofti, þessu bókasafni til varðveislu, og
geri ég mér bestu von um bænheyrslu hér um«.

Bréfið er dagsett 28. dag ágústm. 1818 og í registrinu (eða efnisyfirlitinu) framan
við bréfabókina stendur (á dönsku eftir þeirrar tíðar venju): »Stiftsbibliotheket funderet
[þ. e. stofnað] bls. 262«. Og þenna dag verð ég að telja stofnunardag safnsins, þegar bisk-
up landsins tók á móti gjöfinni og pakkaði hana í bréfi til Bókmentafélagsins.

Það er eitthvað hugljúft við þetta atvik, að barnunginn tvævetri, eldra systkinið,
tók hvítvoðunginn sér í fang og hélt honum undir skírn hjá »Geir biskup góða«. Þótt Geir
biskup einn skrifi undir, en ekki bæði stiftisyfirvöldin, þá er það ekkert tiltökumál, því
að bæði var verkahringur biskupanna og vald meira þá en síðar varð, og svo bar þetta
atvik upp á þann tíma, þegar Castenschiöld stiftamtmaður var fjarverandi embætti sínu.

Hingað til hafði alt gengið að óskum, dugnaður Rafns, röskleiki Bókmentafélags-
stjórnarinnar og ágætar undirtektir biskups höfðu á tiltölulega mjög skömmum tíma
hrundið hugmyndinni á flot og út í lífið. En þegar svo til frekari framkvæmda kemur,
þá lendir alt í 2—3 ára vafstri. Stjórnarvöld þykja enn í dag yfirleitt þung í snúningum
og seinvirk, en þó má kalla, að alt svífi nú með flughræða, einnig yfirvöldin og opin-

1918 berar framkvæmdir, í samanburði við seintætið og umsvifin fyrir 100 árum og langt fram á 19. öld. Kanselli, rentukammer, endalausar ihuganir, skrifflenska og stakir samgönguörðugleikar voru þesskildir á vegi og þrándar í götu þessa fyrirtækis, sem svo margs annars, og þess valdandi, að bækurnar til safnsins eru fyrst sendar frá Kaupmannahöfn í maímánuði 1820, voru »af vangá skipherrans«, eins og Geir Vídalín kemst að orði, fluttar til Keflavíkur og komu ekki til Reykjavíkur fyr en á áliðnu sumri og bráðabirgða húsrúm fyrir þær í stiftamtmannhúsinu þá þó ekki tilbúið fyrir en nokkurum vikum síðar og ekki var safnið opnað fyrir almenning fyrir en í nóvembermánuði 1825, þótt konungleg staðfesting stofnunarinnar væri þegar fengin þann 11. dag apríl. 1821, ásamt 840 rd. gjöf frá konungi til lagfæringar húsrúmi handa því, skápa o. fl. á dómkirkjuloftinu hér í Reykjavík; en þótt aðrir svæfu, þá vakti Rafn og hélt í sífellu áfram að safna gjöfum í útlöndum handa safninu, bæði í fé og bókum, þannig meðal annars allmikilli og góðri gjöf úr handbókasafni konungs, og frá hans rötum mun og runnið kansellibréf, dags. 2. októberd. 1834, sem hét framvegis bókasafninu að gjöf tvítökum úr hinu stóra konungl. bókasafni. Og hann lét ekki við bókaþjálfrinnar og bókasöfnunina eina lenda, heldur lét hann sig allan hag safnsins og framkvæmdir jafnmiklu varða. Þannig endurskoðaði hann og leiðrétti hina fyrstu bókaskrá safnsins, sem fyrsti bókavörður þess, stiftamtmaður Peder Fieldsted Hoppe, hafði skráð, og leiðrétti hana svo rækilega, að stiftamtmaður býður honum, að hann telji sig höfund hennar, sem Rafn auðvitað ekki gerði, því að hæversku hans var jafnan við brugðið. Auk þess gerði hann reglur eða leiðbeiningar fyrir samning bókaskráa handa forstöðunefndinni, þegar bókaskráin síðari 1842 var útgefin, sem nefndin hafði gefið út og sent Rafni nokkur eintök af til úthýtingar meðal vina og velgjörðamanna safnsins erlendis, þessi sama skrá, sem Jón Sigurðsson forseti róðst svo heiftarlega á í 4. árg. Félagsritanna 1844, að útreiðin, sem bæklingur þessi fékk, er sízt betri en hin, sem Tistrams rímur fengu hjá Jónasi Hallgrímssyni. Rafn stakk kveri þessu undir stól, til að spilla eigi vinsældum og álit þessa unga safnavisis í útlöndum, en tók hitt ráðið að koma í veg fyrir samkynja óhapp með því að leiðbeina stjórnarnefndinni og fræða hana.

Þá er ekki minna um vert afskifti Rafns af fastasjóði safnsins. Hann myndaði hann af fégjöfum frá vinum sínum í útlöndum og lagði einnig nokkuð sjálfur til, þó aðallega af gjöfum enskra manna, er hann átti tíð bréfskifti við, svo sem þeirra Hudson Gurney Esq., Sir Nikolai Carlisle o. fl., og voru gjafir þessar sendar stjórn bókasafnsins á árunum 1829, 1830 og 1831. Sjóðurinn var settur í ríkisskuldabréf og óx smám saman, en Rafn óskaði tryggingar fyrir vexti en ekki eyðslu þess sjóðs, og var því ekki í rónni fyrir en hann hafði samið »Statútur«, eða stofnunarsamþykkt, fyrir hann og fengið þær staðfestar af konungi 10. dag júlímánaðar 1866. Er aðalákvæði þeirra það, að af ársvöxtunum, sem að öðru leyti sé varið í þarfir safnsins, skuli árlega bæta 50 rd. við sjóðinn (eða 100 rd. annað hvort ár), og að aldrei megi með neinni ákvörðun skerða fé það,

sem sjóðnum þannig bætist smátt og smátt, og hefir það ákvæði að jafnaði verið haldið, 1918
þrátt fyrir gífurlegar fjárkröggur, sem safnið, oftast nær óstult um langan aldur af opin-
beru fé, átti við að stríða. Sjóður þessi var árið 1856 2343 rd., 7500 kr. í árslok 1907, er
ég tók við fjárhaldi safnsins, og er nú 10500 krónnr. Ég hef reynt að auka hann riflegar
þessi síðustu 10 árin, bæði til þess að vilja Rafns og ákvæðum Statútanna yrði full-
nægt á 100 ára afmæli safnsins, og svo ekki síður vegna þess, að ég tel, sem hann, á-
kjósanlegast, að þetta safn gæli í framtíðinni staðið á eiginfótum, og þyrfti ekki að
eiga að öllu tilveru sína og framtíðarvonir undir boðaföllum og bylgjugangi stjórnmál-
anna; en hyggilegast og æskilegast í alla staði væri að leyfa yfirbókavörðum safnsins um
næstu 100 ár að leggja alla vexti fastasjóðsins við höfuðstólinn, því að landssjóð munar
littlu, hvort árlegt tillag til safnsins er nokkurum hundruðum króna meira eða minna, en
safnið miklu, hvort vaxtarafli sjóðsins er hnekt eða ekki. Og hér kom fram sem oftár
hyggjuvit Rafns og hinir stórmiklu praktisku hæfileikar hans og stjórnsemi, sem auð-
vitað hafa skerpzt við laganám hans og herfræðinám á æskuárunum.

En skýrast og aðdánlegast kemur þrautseigja hans, viljaprek og starfsþol fram
í hinni sívakandi umhyggju hans í smáu og stóru fyrir safninu til dánardægurs. For-
stöðunefnd safnsins átti þar allt sitt traust, sem hann var, honum sendi hún árlega afrit-
un af reikningum safnsins og hann spurði hún ráða, hann beiddi hún hjálpar um
alt það, er hún gat ekki klofið fram úr, þegar svo bar við, sem sjaldan varð, að hann
hafði ekki orðið fyrri til að leiðbeina og hjálpa. — »Í guðs bænum yfirgefið oss ekki«,
segir Krieger stiftamtmaður í bréfi, dags. 10. apríld. 1833, þegar Rask-deilan leiða hafði,
að því er virðist, kælt áhuga hans á safnsins málum um lítið skeið, »því að vér erum
enn ekki færir um að ganga óstuddir á eiginfótum«.

Við Rafn ráðfærir Jón bókavörður Árnason sig, frá því er hann verður bókavörður
fyrir miðja 19. öldina, og sendir honum bækling sinn »Um Stiptisbókasafnið«. Og til
hans er síðasta bréfið, sem ég hef orðið var við, að Rafn hafi skrifað safninu viðkom-
andi, og einnig viðvíkjandi þýðingu Sv. Egilssonar á Odysseifskviðu, sem hann vill
koma á prent, dags. 27. dag ágúst. 1864, eða fáum vikum fyrir dauða hans. Ég þykist
því ekki hafa ofmælt, þótt ég segi, að konferenzráð Rafn hafi verið lifið og sálin í þess-
ari stofnun frá upphafi hennar og til dánardægurs hins. »Ó, hve alt Ísland má blessa
þig fyrir stiftsbókasafnið«, segir Gunnl. dómkirkjuprestur Oddsen í bréfi til Rafns (9.
marzd. 1828). — Ég leyfi mér að taka undir þessi orð og biðja yður, háttvirtu áheyr-
endur, að standa upp fyrir minningu þess manns, sem Landsbókasafn Íslands, þessi að-
algeymir islenzkra fræða og bókmenta að fornu og nýju, á svo mikið að þakka. — Og
vil ég stinga upp á, að sem flestir taki undir kvæði það, sem nú verður sungið um hann.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkurum orðum um stjórnarnefnd og bókaverði Stift-
isbókasafnsins og Landsbókasafnsins.

Eins og ég áður drap á, atvikaðist það svo, að stiftamtmaður Peder Fieldsted Hoppe, sem í móðurætt var af íslenskum bergi brotinn og virðist hafa borið hlýjan hug til móðurfrænda sinna, Íslendinga, tók að sér bókavarðarstöðuna við safnið árið 1826, raðaði bókum þess og samdi skrá yfir það, þá er ég áður nefndi og prentuð var á kostnað Bókmentafélagsins í Kaupmannahöfn árið 1828. Einnig fékk hann þá Steingrím biskup Jónsson, Jón Thorsteinsen landlækni og C. W. Ebbesen kaupmann í Reykjavík til að mynda forstöðunefnd eða stjórnarnefnd fyrir safnið. Við brottför hans héðan af landi, árið 1829, tók svo eftirmaður hans Lorens Angel Krieger stiftamtmaður við bókavardarstörfunum, eftir hann Karl Emil Bardenfleth og loks Torkil Abraham Hoppe. Fjórir fyrstu bókaverðir safnsins um 22 ár voru þannig einnig stiftamtmenn landsins (1825—1847). Auðvitað var það engin virðingarstaða fyrir þá, heldur gustukaverk við fátæka stofnun, sem engu hafði úr að spila, og flestir munu þeir hafa látið skrifstofuþjóna sína vinna mikinn hluta verksins, en sæti höfðu þeir í forstöðunefndinni með biskupi og skrifuðu undir gerðir hennar. En árið 1847 verður Mathias Hans Rosenörn stiftamtmaður hér og þá er það ári síðar, 16. dag nóvembermán. 1848, að stiftisýfirvöldin, hann og Helgi biskup Thordersen, rita forstöðunefndinni bréf, kveðast aldrei hafa tekið sæti í þeirri nefnd, og telja það, þrátt fyrir áhuga sinn á safninu, miður samrýmlegt («mindre foreneligt») við stöðu sína og skyldur við safnið samkvæmt stofnskrá þess 15. nóv. 1826, sem feli þeim [yfir]umsjón safnsins og skipa þeir því þá dr. (síðar biskup) Pétur Pétursson og skólakennara (síðar yfirkennara) Halldór Kr. Friðriksson í sinn stað í nefndina, en hana máttu aldrei sitja færri en fjórir menn. Úr var þá genginn C. W. Ebbesen kaupmaður, auk Steingríms biskups, sem þá var látinn fyrir þrem árum, og í hans stað kominn Þórður (síðar háysfirdómari) Jónassen, er í nefndinni sat með landlækni J. Thorsteinsen einum. Árið 1855, 15. febrúardag, deyr landlæknirinn, en í hans stað kom Vilhjálmur (síðar hæstaréttardómari) Finsen.

Nú var í óefni komið, er enginn fékst lengur til að gegna bókavardarstörfunum þóknunarlaust, og lenti í bréfaskriftum milli stiftisýfirvalda, sem stungu upp á launuðum bókaverði og gjaldkera, einkum með tilliti til fyrirsjáanlegs aukins starfa við flutning bókasafnsins og samningar handritaskrár, og stjórnarnefndar hins vegar, sem óttaðist fjárskort og það neyðarúrræði, að skerða þyrfti að mun hinn fasta sjóð safnsins. Svo lyktaði þó þessu máli, að Jón stúdent Árnason var ráðinn bókavörður við safnið árið 1848 og var það síðan um 39 ár, eða þar til árið áður en hann lézt (4. sept. 1888).

Launakjör þessa þarfa manns við þetta safn sem annarstaðar bregða skörpu en óþægilegu ljósi yfir ástandið eins og það var hér í ýmsum opinberum greinum um miðbik 19. aldar. Reyndar mun þjóð vor um það leyti átt hafa bæði í einkaefnum og opinberum eitthvert bezta mannval, sem hér hefur verið á síðari öldum, og hagur þjóðar vorrar var tiltölulega góður. Mér eru enn frá barnæskuárunum í björtu minni karlarnir og konurnar frá byrjun aldarinnar með frjálsmannleikann í framkomunni, styrkleikann

í líkamanum og trúna á guð sinn í hjartanu. Öfgar lýðmenskunnar og jafnaðarmenskunnar, hinnar fornu og nýju, sem vilja klippa ofan af öllum hæstu öxunum, svo að alt geti orðið jafnauvirðilegt, voru þá ekki til hér, og þjóðinni leið tiltölulega vel, bæði efnalega og andlega, því að hún hafði enn bjargfasta trú á, að »hollast« væri »heima hvat«, hafði ekki lært að verzla burt hollum og nauðsynlegum landsafurðum gegn erlendu glingri og óheilnæmi, og eigingirnir og metorðagirnir voru of vanmáttugar til að teffa eða tvístra fylgd þjóðarinnar við forystumann hennar, forsetann ótrauda, Jón Sigurðsson. En opinbert stjórnarfar var þó með öllu ópolandi. Ólgusjór stjórnmalanna gerði býrókratiska stjórn og ófróða um hagi lands vors að ónýtari og staðari í þeim efnum, sem eru steinlim þjóðfélagsins, og fjárhagsóreiðan milli Íslands og Danmerkur var sífeldur ásteytingarsteinn, sem allar framfarir flöskuðu á. Þar við bættist stundum einhvers konar smámunasemi, misskilin ábyrgðartilfinning eða úrræðaleysi, svo sem þegar safnið eða forstöðunefnd þess biður um bókaskápa, sem latinuskólanum voru orðnir óþarfir eftir það er hann hafði fengið sína eiginbókhöfu (Kelsallsgjöfina), til láns eða helzt að gjöf. Skáparnir voru virtir á rífa 10 ríkisdali, svo að hér var sízt um mikla fjárupphæð að ræða, en engu að síður urðu út úr þessum smámunum allmiklar flækjur og bréfaskriftir milli forstöðunefndarinnar, rektors og stiftisýfirvalda, og loks var málið sent Íslandsráðherranum í Kaupmannahöfn til endanlegra úrslita, því að hér heima treysti enginn sér úr að skera! Það má nærri geta, hvernig þetta þunglamalega stjórnarfar átti við eljumann og framkvæmdar, en auk þess voru kjör þau, sem Jón Árnason átti við að búa, algerlega ósæmleg. Safnið átti ekki neitt, nema þann litla sjóð, sem Rafn hafði útvegað því, það var óstutt af opinberu fé og þjóðin skildi eigi gildi þess. Bókavörð þurfti að fá, en ekkert fé til að launa honum; því tók nefndin það ráð að hækka leseyrinn, það ársgjald, er lántakendur guldu fyrir að fá lánaðar bækur úr safninu, úr 48 sk. upp í 96 skilðinga eða 1 ríkisdal (2 kr.) og láta hann vera þóknun handa bókaverði. Þetta fé varð hann svo að heimta saman, eins og prestarnir launin sín. En svo fór um það hér sem þar, að það vildu verða Hálfðanarheimtur á eyrinum. Þóknun Jóns Árnasonar varð á þenna hátt 30 rd. á ári, síðar 40 rd. og loks varð hún 50 rd. fóst ársþóknun og við það sat um mörg ár. En smám saman fer þing og stjórn að skilja betur nauðsynina og þörfina á bókasafninu, og er það mjög um líkt skeið sem fjárhagur Íslands og Danmerkur er að skilinn. Árið 1875 eru veittar 400 kr. til safnsins og árið 1881 2050 kr., upphæðin ríflig, því að bæði var þar í falin umsjón með alþingishúsinu og þá sluttist einnig stiftisbókasafnið í hið nýbygða alþingishús og fékk þá um leið það nafn, sem það enn heldur, en að líkindum mun ekki lengi halda úr þessu, og þá er það, að þeir stjórnarnefndarmennirnir, Magnús Stephensen (síðar landshöfðingi) og Halldór yfirkennari Friðriksson, raða safninu í nýja bústaðnum með Jóni Árnasyni eftir allan glundroðann við slutninginn ofan af kirkjulofti niður í alþingishúsið, haustið 1881. En í fjárlögum um 1882 og 1883 eru laun bókavardar komin upp í

1918 1000 kr. á ári, og sýnir þetta með öðru fleira, að tímarnir eru að breytast, meiri rækt lögð við safnið en áður. En þá var líf Jóns og kraftar að þrotum komið. Þann 1. októberd. 1887 fær hann lausn frá bókavardarstörfunum með fullum launum, þá er hann hafði verið bókavörður í 39 ár, »með öllu farinn og ófær til vinnu«, svo sem hann sjálfur segir í lausnarbeiðni sinni, en launin þurfti landsjóður ekki lengi að gjalda honum óverkfærum, því að hann andaðist áður en fyrsta hvíldarár hans var á enda, 4. dag septembermánaðar árið 1888. Líf þessa manns var þarft og þjóðnýtt með afbrigðum. »Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri«, sem mun vera ein besta bók 19. aldarinnar íslenzk, og best fyrir það, að hann var nógu smekkvís til að láta þjóðina sjálfa tala sitt hreina alþýðumál, þessi bók, sem hann varð að fá þýzka menn til að koma á framfæri og fyrir almenningssjónir, hún mun verða minnisvarði hans, meðan íslensk tunga er lesin. En Landsbókasafninu vann hann einnig af alhuga með elju sinni og samvirkusemi. Hann hafði samið bókaskrár fyrir safnið um alllangan tíma, en sökum fjárskorts varð skrá yfir erlendu bækurnar ekki prentuð, heldur einungis »Skrá yfir prentaðar íslenzkar bækur og handrit í Stíptisbókasafninu í Reykjavík« og sömuleiðis »Skýrsla um bækur þær, sem gefnar hafa verið Stíptisbókasafninu á Íslandi í minningu Þjóðhátíðar Íslands 1874«; báðar prentaðar hér í Reykjavík árið 1874. Enn fremur ritaði hann örlitinn bækling, sem ég áður hef nefnt: »Um Stíptisbókasafnið« (Rv. 1862), var það skýrsla um hag safnsins og fleira því viðvíkjandi og hvöt til Íslendinga um að styrkja það.

Eftir Jón Árnason verður Hallgrímur Melsteð bókavörður þ. 23. d. septemberm. 1887, hann hafði áður um nokkur ár aðstoðað Jón Árnason í safninu, fyrst kauplaust, síðan fyrir nokkura þóknun. Í þau 19 ár, sem hann var landsbókavörður, bættist safninu fjöldi bóka og handrita, svo að bindatala safnsins í bókum, sem 1880 var talin 20 þús., var um aldamótin síðustu orðin um 50 til 60 þús. bindi, auk þess sem handritasafn þess hafði aukizt drjúgum. Frá 1887 til 1895 var yfirkennari Pálmi Pálsson aðstoðarmaður við safnið og síðan ég frá desemberbyrjun 1895, þar til er Hallgrímur andaðist 8. dag septembermánaðar 1906. Báðir vorum við eitt sinn forngripaverðir við Forngripasafn Íslands, sem nú nefnist Þjóðminjasafn. Fyrir hvorn tveggja starfann samanlagðan höfðum við 1100 til 1200 krónur í laun á ári. Ég minnst þessara smánarkjara, ekki vegna óvirðingar þeirrar, sem sýnd hefur verið starfsmönnum þjóðfélagsins hér á landi með sultarlaunum, heldur einungis til að benda á, hvað hér er í húfi, hinn gifurlega háska, sem af þessu getur stafað, og vex með hverju árinu, sem líður. Ég átti því láni að fagna að verða eftirmaður yfirkennarans við bæði söfnin og verð hrein-skilnislega að játa, að vart mun geta þrýðilegri viðskilnað en hans við alt, sem hann hafði þar um fjallað. Hans haga hönd, reglusemi, nákvæmni og elja gerðu hann að ágætis safnverði, en hann kaus að lokum konunglegt embætti, þótt rýrt sé, með eftirlaunum, heldur en að hirast við sultarlaun þessi og með tryggingarlausa ellidaga í vændum. Þessi saga endurtekur sig bæði við söfnin og aðrar opinberar stöður og mun

gera því örur, sem tímar liða fram. Þannig hef ég í landsbókavardarstöðu minni orðið 1918 á bak að sjá tveim samverkamönnum mínum, þeim dósent Jóni Aðils og próf. Guðmundi Finnbogasyni, og enn er á ný einn horfinn eftir stutta dvöl hér í safninu, alþingismaður Benedikt Sveinsson, til annars arðvænlegra starfa. Þetta er því hörmulegra sem tíð mannskifti munu óviða koma sér ver en í bókasöfnum. En alvarlegust er þó sú hugsun, að laukrétt og óumflýjanleg afleiðing af þessu ástandi, ef helzt, verður sú, að á endanum fást ekki aðrir en lélegustu og liðléttustu menn þjóðfélagsins í embættisstöður landsins og opinberar sýslanir, því að þeir, sem mest táp og próttur er í ungra manna, munu skjótt læra að leita þangað í lífinu, sem loðnara er til lífsbeitarinnar.

Þá skal ég í örfáum orðum skýra frá helztu framfarasporum, sem safnið hefur stigið á síðustu áratugum.

Ég nefndi skrár þær, sem Jón Árnason samdi og út voru gefnar þjóðhátíðarárið 1874. Stjórnarnefnd safnsins hvarf síðar aftur að því ráði að fara að láta prenta bóka-skrár fyrir safnið, en nú urðu skrár þess árlegar ritaukaskrár (accessionskatalogar) yfir alt prentmál, jafnt erlent sem íslenzkt. Ná þær frá árinu 1887 til þessa dags, að kalla má, því að ég hef nú því nær fullbúið til prentunar handrit um árin 1916 og 1917; fann hentugra að taka bæði árin í einu til að geta rýrt að nokkuru hinn mikla pappírs-kostnað og prentunar. En nú hygg ég ráðlegast að hætta að semja og prenta skrár þessar, því að rélt um síðustu aldamót var byrjað á að semja spjaldskrá yfir allar bækur safnsins, íslenzkar og útlendar. Til þess verks var ráðinn Jón rithöfundur Ólafsson, og hafði hann það með höndum um nokkur ár, en síðar tók við þeim starfa cand. jur. Páll E. Ólason, og hefur hann nú lokið honum, og árleg viðbót verður jafnóðum spjaldskráð hér eftir, svo að það má heita tvíverknaður að halda gömlu skránni áfram, einkum þar sem hún nær ekki yfir nema brot úr æfi safnsins.

Þá skal ég stuttlega minnst á handritasafn Landsbókasafnsins. Stofninn undir því er hið merka handritasafn Steingríms biskups Jónssonar, sem konungur gaf því 1845. Árið 1880 jókst það stórum, er því bættist handritasafn Jóns Sigurðssonar, yfir 1000 bindi; þá var annar stór viðbætur, sem því hlotnaðist 1901, er þingið veitti 22 þúsundir króna til kaupa á handritasafni Bókmentafélagsins, enn fremur má nefna hið fjölskrúðuga handritasafn þjóðskjalavardar Jóns Þorkelssonar, handritasafn Flateyjar-framfarastofnunarinnar o. fl. Nú er handritasafnið orðið yfir 7000 bindi, og það er gleðilegt að geta tilkynnt, að nú er byrjað að prenta hina margþráðu skrá yfir safnið, lykilinn að þessum fjársjóði fyrir sögu og bókmentir lands vors. Kann ég fyrir safnsins hönd stjórn og þingi hinar beztu þakkir fyrir fjárveitinguna til þessa verks — og vona að því geti orðið haldið áfram af alefli framvegis.

Um hið mesta happ, sem þetta safn hefur hlotið í minni landsbókavardartíð, þetta fagra og þarfa hús, skal ég ekkert segja í þetta sinn, með því að ég hef við sýn-

1918 ing landsbókasafnshússins árið 1909 gert grein fyrir henni og þakkað bæði stjórn og þingi fyrir hana og þá verandi ráðherra Hannesi Hafstein, sem mestan og beztan þáttinn átti í því, að hún varð til. En þegar ég nú lít yfir liðna æfi þessarar stofnunar, þá hvarflar hugurinn til þeirra manna, bæði látinna og lifanda, islenzkra og útlendra, sem hafa unnið kauplaust fyrir þetta safn af ást til þjóðar vorrar, islenzkra fræða og islenzkrar tungu og gefið því gjafir. Hér skulu nefnd nokkur nöfn úr stjórnarnefndum safnsins og af yfirumsjónarmönnum þess: Jón Thorsteinsen landlæknir, Steingrímur biskup Jónsson, Þórður háyfirdómari Jónassen, Ólafur dómkirkjuprestur Pálsson, Helgi biskup Thordersen, þeir bræðurnir Pétur biskup og Jón háyfirdómari Péturssynir, Vilbjálmur Finsen hæstaréttardómari, Hilmar Finsen landshöfðingi, Jón rektor Þorkelsson, yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson, Magnús landshöfðingi Stephensen, Júlíus Havsteen amtmaður, Hallgrímur biskup Sveinsson, Þórhallur biskup Bjarnarson, Kristján dómstjóri Jónsson, Björn adjunkt Jensson, Eiríkur prófessor Briem, gjaldkeri safnsins um 21 ár, yfirkennari Pálmi Pálsson, Guðm. próf. Magnússon og Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, hinn ötuli aðstoðarmaður nefndarinnar og safnsins við handritakaup þess. Í einu orði sagt: allt einvalalið. — Þá skal getið nokkurra gefenda, svo sem Jóns Sigurðssonar forseta Bókmentafélagsins, Sveins læknis Pálssonar og Hallgríms yfirkennara Schevings, að ógleymdum Páli stúdent Pálssyni, sem mörgum árum saman vann kauplaust að innbindingu handrita safnsins, og af erlendum stofnunum og mönnum skulu að eins nefnd nokkur nöfn af mörgum, svo sem Rafn, Brockhaus í Leipzig, Eug. Diederichs, bóksali í Jena, yfirbókavörður Rydqvist í Stokkhólmi o. fl., sem gáfu safninu á 2 árum á 6. hundrað ágættra sænskra ritverka, konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn, sem samkvæmt gefnu fyrirheiti gaf safninu svo þúsundum skifti af tvítökum frá sér, enn fremur handbókasafn konungs, Friðriksháskólinn í Kristíaníu, norska stjórnin, ýmsir enskir, skozkir og franskir menn, hæstaréttarassessor A. F. Krieger, sem um langan aldur gaf safninu bækur svo þúsundum skifti. Þá verð ég sérstaklega að nefna bóksala W. Nygaard í Kristíaníu, eiganda hinnar góðkunnu bókaverzlunar Aschehoug & Co., sem hefur sýnt safninu þá stöku rausn að gefa því forlagsbækur sínar nú í mörg ár og enn heldur uppteknum hætti, og einnig hið danska bóksalafélag, sem gefur safninu þær forlagsbækur sínar á ári hverju, sem það óskar að fá, og síðast en ekki sízt Íslandsvininn góða, Ameríkumanninn próf. Willard Fiske, sem gaf safninu hið mikla skákritasafn sitt í 1200 bindum, auk ágætrar dánargjafar. Fyrir allar þessar gjafir þakka ég innilega fyrir safnsins hönd og bið erlenda hér verandi ræðismenn að meðtaka þessar þakkir mínar fyrir hönd þjóða sinna.

Þá skal ég að síðustu þakka ráðuneytisnefnd þeirri um bókakaup og handrita, sem sett var með lögum um stjórn Landsbókasafnsins 1907, fyrir alla mér veitta aðstoð, svo og fyr verandi og nú verandi samverkamönnum mínum við dagleg störf safnsins.

Það eru nú brátt 23 ár, síðan ég kom að þessu safni, og gleður mig það, að á 1918 þessum árum hefur safnið tvöfaldast að bindatölu og er nú yfir 100 þús. bindi — líklega stærsta þjóðbókasafn álfunnar í hlutfalli við fólksfjöldann, þótt lítið sé — enda fer vel á því um þessa smáþjóð, sem í meir en 1000 ár hefur barizt við einstæðingskap, eld og ís, fátækt, stundum örbirgð og volæði og verið þrásinnis dauða nær af ósamlyndi, drepsóttum og hallæri og þó aldrei með öllu mist þennann úr hendinni né fróðleiksfýstina úr sálinni. — Þá hefir safnið á þessum tíma eignast hús yfir sig, er það nú *verður* að eiga út af fyrir sig, *verður* að segja upp leigjendum sínum sem allra fyrst, því að undir því er komið, að spjaldskráin, þriðja framfarasporið, komi að haldi. Þá hafa enn á þessu tímabili margfaldast útlán bóka bæði í lestrarsal og út úr húsinu. Og að síðustu hafa launakjör starfsmanna þess skánað, þótt enn séu þau óhæfileg.

Það er einn maður, sem á afmælisdag í dag, Johann Wolfgang Goethe, einn af mestu snillingum 18. og 19. aldar. Mér koma nú í hug tvær setningar eftir hann. Önnur er sú, að takmörkun sé alt. Hún er reyndar alls ekki ný, setningin sú, hún er bæði ný og gömul og þarf eillíflega að endurtakast, setningin: *μηδὲν ἄγαν*, ekkert um of, eða latnesku orðin: *aurea mediocritas*, hóf er bezt í hverjum hlut. Hin setning Goethes er sú, að Grikki hafi dreymt fegurst lífsins draum. Hvernig hefur oss Íslendingum tekizt takmörkunin og hvernig hefur oss dreymt lífsins draum um þúsund ár? Oss fór sem Forn-Grikkjum, gáfudustu þjóð veraldarinnar, sem einnig var smáþjóð, þótt stærri væri en vér; takmörkunin, hófið varð vandratæð og vanstilling og síðleysi einstaklinganna tókst að lokum að kollvarpa frelsi þjóðarheildarinnar á 13. öld; en oss hefur einnig sem Grikki dreymt fagurlega vordrauma lífs vors, því að vísindalegar og skáldlegar hugsanir munu jafnan fagrar taldar, þótt fleira sé *holl* í lífinu en þær. Sá draumur varð viðlíka gamall og frelsi vort. Svo sofnuðum vér »viðjum reyrdör« og sváfum sex aldir. Ekki þó draumlaust með öllu, því að oftast var einhver Íslendingur uppi á þessu tímabili, sem dreymdi vel og fjörkippirnir í þjóðlíkamanum við og við sýndu, að þjóðin var ekki algerlega sofnuð svefninum langa. Á 19. öld fór aftur að birta og nú virðist vera að renna upp svo heiðskir frelsisdagur fyrir þjóðina, að hún hafi aldrei frjálsari verið. En minnumst þá frelsis vors til forna og látum víti þess oss að varnaði verða. Minnumst þess, að frelsi er tvieggjað sverð, þar sem önnur egginn veit að sverðberanum sjálfum, að frelsið er í höndum fáfræðinnar, heimskunnar, eigingirninnar og vonzkunnar sem vopn í höndum óðs manns og að frelsið á engan verri óvin en sínar eiginöfgar. Trúum á guð, því að trúin er von, sem nærir og glæðir, en alt visnar í vonleysinu; elskum þekkingu, því að hún greiðir sannleikanum götu, en sannleikurinn mun gera oss frjálsa.

Og svo að síðustu: Þú, drottinn minn og guð minn, þú, sem hefur sólina fyrir boðbera í myrkum mannheimum, sem glóir í hverjum daggardropa, glitrar í hverju tári og skin í hverri fagurri hugsun, þér fel ég þessa dýrustu stofnun lands vors — ég segi

1918 dýrustu, því að bækur lifa, þótt menn deyi, því miður einnig þær, sem hafa að geyma verstu hugsanir vondra manna — þér fel ég hana um næstu 100 ár og óbornar aldir og óska og vona, að hún megí blómgast landi og lýð til ævaxandi blessunar og ununar».

Sama dag og á sömu stundu dags, 28. ágústd., kl. 1 síðdegis, sem minningarhátíð safnsins byrjaði í lestrarsalnum, lagði Finnur prófessor Jónsson eftir beiðni landsbókavarðar veglegan blómsveig, sem hann hafði útvegað, á leiði Rafns konferenzráðs í Kaupmannahöfn í viðurvist sonar hans, Hjálmarar rektors Rafns, fjölskyldu hans og nokkurra annara. Sveigurinn var með tveim böndum, rauðhvítu og bláhvítu, og þar á letrað með stórum gyltum stöfum:

»Með innilegu þakklæti frá Landsbókasafni Íslands 1818—1918«.

Talaði Finnur prófessor þá nokkur orð á dönsku um stofnun safnsins, sagði í stuttu máli sögu þess og skýrði frá húsnæði þess á kirkjuloftinu, í þinghúsinu og landsbókasafnshúsinu og sýndi myndir af. Og svo lauk hann máli sínu með þessum orðum:

»Det hedder om os Islændere, at vi husker så udmærket godt alt det onde, man gennem tiderne har gjort os. Men denne krans skulde vise, at vi, idetmindste lejlighedsvis, også husker det gode, man har vist os. Det er mig særlig kært, at De, hr. rektor Rafn, er tilstede her i dag. Når jeg nu tager Dem i hånden, er det mig som om jeg også tog Deres faders hånd og kunde bringe ham en hjertelig tak for alt, hvad han har gjort for Island og islandsk oplysning«.

Þá svaraði Rafn rektor með þessum hlýju orðum:

»Jeg takker Dem, Hr. Professor Jónsson, for de gode Ord, De udtalte om min Fader, og takker Landsbibliothekar Jón Jacobson for den smukke Maade, paa hvilken han har hædret min Faders Minde paa Landsbibliothekets Hundredaarsdag. Jeg vil ønske, at Bibliotheket maa trives til Gavn og Glæde for det islandske Folk. Naar man i Tankerne danner sig et Billede af et Folks Karakter, faar dette Billede naturligt Træk efter de betydelige Mænd i Folket, man har lært at kende. Jeg har haft den store Lykke i min Barndom og tidligste Ungdom at have en trofast, faderlig Ven i en af de ypperste Islændere, Jón Sigurðsson. Det er i Tanken om ham, at jeg har lært at højagte Islænderne, og det er i Tanken om ham, at jeg ønsker det islandske Folk Fremgang og Lykke i Tiderne«.

Að af staðinni hátíðinni í lestrarsalnum bárust landsbókaverði heilla- 1918
skeyti til safnsins frá hinu íslenska Bókmentafélagi og Stúdentafélaginu á
Akureyri, en frá útlöndum komu engin heillaskeyti fyr en 14. dag septem-
berm., er minningarhátíðin var löngu um garð gengin, af því að sæsiminn
var um þetta leyti slitinn milli Íslands og útlanda. Þessar erlendar stofnanir
sendu safninu heillaóskir: Konungl. bókasafnið í Kaupmannahöfn, háskóla-
bókasöfnin í Kaupmannahöfn, Kristíaníu, Uppsölum og Lundi; enn fremur
sendi bókavörður Sigfús Blöndal í Kaupmannahöfn safninu heillaósk. Þess-
um heillaóskaskeytum svaraði landsbókavörður bréflaga með þakklæti fyrir
hluttekninguna.

Stutt æfiágrip

yfirbókavarða Landsbókasafnsins.

1. Jón Árnason. Fæddur á Hofi á Skagaströnd 17. dag ágústmánaðar 1819. Foreldrar: Árni prestur Illhugason og síðasta kona hans Steinunn Ólafsdóttir. Gekk í Bessastaðaskóla vorið 1837 og útskrifaðist þaðan í maímánuði 1843. Réðst til dr. Sveinbjarnar Egilssonar að Eyvindarstöðum þá um vorið og kendi börnum hans og nokkurum öðrum barnalærdóm og önnur almenn fræði, og enn fremur nokkurum piltum undir skóla, en starfaði að búi hans á sumrum. Fluttist með Sveinbirni Egilssyni til Reykjavíkur, er skólinn var fluttur þangað 1846, og var heimiliskennari hjá honum, þar til er hann andaðist (1852) og síðan hjá ekkju hans, þar til er hún lézt (1855). Árið 1852 kom út eftir hann *Ágrip af æfisögu* dr. Marteins Lúters og ári síðar *Karlamagnús saga*. Þá átti hann og frumkvæði að og aðalþátt í útgáfu rita Sveinbjarnar Egilssonar (Rv. 1855 og 1856) og ritaði æfisögu hans framan við síðara bindið. Var frumkvöðull að útgáfu *Örvar-Odds drápu* eftir Benedikt Gröndal (Rv. 1851). Varð bókavörður við Stiftisbókasafnið 1848, er síðar nefndist Landsbókasafn, til 1887. Bókavörður Reykjavíkurdeildar íslenska Bókmentafélagsins 1848—1854, varabókavörður hennar 1859—1870 og varagjaldkeri 1873—1875; kosinn í ritstjórnarnefnd Tímarits Bókmentafélagsins 1879. Biskupsskrifari 1856—1867. Umsjónarmaður við latinuskólann 1867—1879. Útgefandi með Magnúsi Grimssyni að *Íslenskum æfintýrum* (Rv. 1852). Safnaði og bjó út til prentunar *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* í 2 bindum (Leipzig 1862, 1864). Að *Íslenskum gátum, pulum og skemtunum* safnaði hann um mörg ár og gaf sjálfur út *Gátarnar* (Rv. 1887). Þátt átti hann og í stofnun Forngripasafns Íslands (1863), var umsjónarmaður þess með aðalstofnandanum, Sigurði málara Guðmundssyni, þar til Sigurður andaðist (1874), síðan hafði hann einn umsjón þess á hendi til ársins 1881. Árið 1866, 25. ágústdag, kvæntist Jón Árnason Katrínu Þorvaldsdóttur frá Hrappsey og eignuðust þau hjón einn son mannvænlegan, Þorvald að nafni, sem þau mistu, er hann var 15 vetra († 25. septemberd. 1883). Jón Árnason andaðist 4. dag septembermánaðar 1888.


(Sjá æfisögu Jóns Árnasonar í 17. árg. Andvara eftir Pálma Pálsson).


